Bændablaðið

19. tölublað 2026 • Fimmtudagur 22. október • Blað nr. 712 • 32 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: www.bbl.is



Álftin étur korn bænda
Álftir herjar á akra og valda kornbændum tjóni ár hvert.
8

Velsældarhagkerfi
Hættulegt að einblína á of einfalda mælikvarða, segir Ásgeir Brynjar Torfason.
28 og 30



Óðinn og Ásta á Vattarnesi
Tókust á við afleiðingar ofsaveðurs í Reyðarfirði.
32–33





LANDELDI Í ÖRUM VEXTI Gunnar Páll Hálfdánarson framleiðslu- og markaðsstjóri og Ólöf Maren Bjarnadóttir, verkstjóri í sláturhúsi Laxeyjar í Vestmannaeyjum, sýna ljósmyndara nýslátraðan lax sem alinn er í nýrri og fullkominni aðstöðu fyrirtækisins í Viðlagafjöru. Mikill uppgangur er í landeldi á Íslandi og eru hérlend fyrirtæki meðal þeirra stærstu á heimsvísu. – *Nánar er fjallað um Laxey á miðopnu.* Mynd / Ástvaldur Lárusson

Gróðurvin í borginni

Hjörtur Þorbjörnsson, forstöðumaður Grasagarðsins, segir samstarf gott við fjölmarga innan lands og utan, svo sem skóla og stofnanir. Garðurinn teygir anga sína því langt út fyrir höfuðborgina.

Í honum eru átta safndeildir; flóra Íslands, fjölærar jurtir, rósir, lyngrósir, skógarbotnsplöntur, trjásafn, steinhæð og nytjajurtagarður, sem birta gestum þá miklu fjölbreytni gróðurs sem vex í norðlæga tempraða beltinu. Um 200 þúsund gestir koma árlega.

Uppruni grasagarða eins og þeir þekkjast í dag er í háskólum en Grasagarðurinn í Reykjavík hefur dafnað vel í umsjá borgarinnar. Í garðinum standa nú yfir tilraunir á ræktun á plöntum fyrir nýendurbyggða hólma Tjarnarinnar í miðbænum. Ræktun á gulstörum gengur sérlega vel og vonir standa til að fleiri stör, hófsóley og engjarósir muni bætast í flóruna.

Aðgengi er gott í garðinum á öllum árstíðum, vel er mokað og sandað þegar snjóar og áhersla er lögð á að gestir njóti kyrrðar. „Við þurfum að standa vörð um þessa helgi," segir Hjörtur. Plönturnar hafa nú flestar undirbúið sig fyrir vetrardvala en mikil fegurð er einnig í sofandi safnkosti.

/eks

– Sjá nánar á síðum 38–39

Áburður framleiddur í Vestmannaeyjum

Fyrirtækið Laxey, sem er með landeldi á laxi í Vestmannaeyjum, er komið langt á veg í fullvinnslu á seyru sem fellur til við framleiðsluna. Afurðin er áburður ríkur af köfnunarefni og fosfór.

Rík skylda er á landeldisfyrirtæki að finna farveg fyrir úrgang sem fellur til við framleiðsluna. Laxey hefur að undanförnu þróað aðferð til þess að þurrka affallsvatn úr fiskeldistönkunum úr 0,5 prósent þurrefni upp í 93 prósent. Með því verður þurrkaða seyran meðfærilegri í flutningum og raunhæfari kostur sem áburður á tún.

Aðferðin byggist á því að við affall tankanna eru síur sem taka við seyru, fóðurleifum og öðrum úrgangi sem fellur til við fiskeldið. Þegar síurnar eru hreinsaðar er skolvatnið sett í forskiljukerfi sem nær þurrefninu upp í átta prósent. Þaðan er efnið sett í skilvindu sem losar enn meiri vökva og fer hlutfall þurrefnis upp í þrjátíu prósent. Þá tekur við þurrkari sem Laxey hefur þróað í samvinnu við fyrirtækið Héðinn og byggir á sömu tækni og spanhellur. Í fyrstu prófunum hefur sýnt sig að þurrkarinn skilar af sér fínu mjöli sem er með 93 prósent þurrefni. Þar með er búið að gera afurðina mun meðfærilegri í flutningum og er búið að kæfa alla vatnsvirkni sem þýðir að duftið er nánast lyktarlaust og með gott geymsluþol.

Stjórnendur Laxeyjar kalla eftir skýrari lagaumgjörð varðandi notkun á seyru úr landeldi. Þeir segja að með þurrkuninni sé búið að óvirkja öll smitefni með því að hita efnið upp í 100 gráður í meira en klukkutíma. Seyran sé því gerilsneydd og ætti að teljast örugg sem áburður á ræktarlönd. Illa hefur gengið að fá endanleg svör frá MAST um hvort áburðurinn uppfylli staðla, en Laxey bindur vonir um að málið leysist í vetur.

Í efnaprófunum hefur sýnt sig að áburðurinn sem verður til í fiskeldinu sé ríkur af köfnunarefni og fosfór, sem eru tvö af mikilvægustu áburðarefnunum í túnáburði. Það sem upp á vantar er kalíum, en það efni er í ríkum mæli í húsdýraáburði. Með notkun á fiskeldismykju og lífrænum áburði geti bændur því minnkað þörfina á innkaupum á tilbúnum áburði til muna, sem er einn veigamesti kostnaðarliðurinn í rekstri búa.

Stjórnendur Laxeyjar segjast hafa verið í sambandi við bændur á Suðurlandi sem bíði spenntir eftir að prufa áburðinn frá þeim. Ekki sé hægt að afhenda áburðinn fyrr en hið opinbera staðfestir að hann sé öruggur í notkun. Til vara hefur fyrirtækið skoðað lífgasverksmiðjur í Evrópu sem geta tekið við úrganginum. */ál*

– Sjá nánar á síðum 20–21.





Sólskins-garðyrkjubóndinn Halla Sif Svansdóttir Hölludóttir tók á móti viðurkenningu sem ein af 100 kvenhetjum heims í landbúnaði og byggðaþróun úr hendi QU Dongyu, forstjóra Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna. „Starf svo stórrar alþjóðastofnunar snýst mikið um stefnumótun og samstarf ríkja, svo það var áhrifamikið að sjá athyglinni beint að konunum sem vinna við landbúnað dagsdaglega," sagði Halla að afhendingunni lokinni. /eks

Mynd / ©FAO/Pier Paolo Cito



Frá Stöðvarfirði.

Mynd / Wikipedia, Eysteinn G. Guðnason

Fjarðabyggð:

Sýknuð vegna ágangs sauðfjár

Héraðsdómur Austurlands hefur sýknað Fjarðabyggð af kröfu Hrefnu Dagbjartar Arnardóttur, eiganda jarðarinnar Óseyrar í Stöðvarfirði, um viðurkenningu á skaðabótaábyrgð sveitarfélagsins vegna ágangs búfjár á jörðina. Málskostnaður féll niður.

Hrefna krafðist þess að viðurkennd yrði bótaábyrgð Fjarðabyggðar vegna tjóns sem orðið hefði frá 11. júní 2023 til 30. júní 2025. Hún og eiginmaður hennar hafa stundað skógrækt á Óseyri frá árinu 2007. Ekki er haldið búfé á jörðinni.

Óumdeilt var fyrir dómi að Hrefna hefði orðið fyrir tjóni á gróðri vegna beitar sauðfjár. Ágreiningurinn laut hins vegar meðal annars að því hvort sveitarfélaginu hefði borið að láta smala fénu samkvæmt 33. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Hrefna byggði á því að féð hefði gengið úr öðrum heimalöndum inn á Óseyri og sveitarfélaginu því borið að láta smala því. Fjarðabyggð taldi hins vegar að féð hefði komið úr afrétti eða sumarbeitilöndum þar sem það gekk laust.

Dómurinn taldi gögn málsins sýna að beitilönd einstakra jarða í sveitarfélaginu væru notuð með líkum hætti og afréttir. Fram kom að fé væri rekið úr heimalöndum til sumarbeitar á fjalllendi, þar sem girðingar milli eignarlanda væru víða ekki fyrir hendi, og síðan smalað að hausti samkvæmt gangnaboðum.

Ekki lá fyrir hvaðan sauðféð sem varð tilefni beiðna Hrefnu um smölun árin 2023 og 2024 hafði komið. Að mati dómsins var því ekki sýnt fram á að um ágang búfjár úr einu heimalandi í annað hefði verið að ræða og þar með ekki sýnt fram á skyldu Fjarðabyggðar til smölunar á þeim lagagrundvelli sem málsóknin byggðist á.

Dómurinn tók jafnframt fram að innviðaráðuneytið hefði áður talið málsmeðferð Fjarðabyggðar vegna beiðni um smölun árið 2024 ekki samræmast stjórnsýslulögum og synjun sveitarfélagsins því ólögmæta. Það breytti þó ekki niðurstöðu dómsins um skaðabótaábyrgðina.

Dómurinn var kveðinn upp þann 15. október.

/ph



Bændasamtökin:

Vilja fella tollabreytingar úr frumvarpi

Bændasamtök Íslands gera verulegar athugasemdir við frumvarpsdrög fjármála- og efnahagsráðuneytisins um breytingar á sköttum og gjöldum og skora á ráðherra að falla frá ákvæðum um breytta tollflokkun pitsuosts og framlengingu tollaundanþága fyrir tiltekið útiræktað grænmeti. Samtökin telja áhrifamat ófullnægjandi og að ekki hafi verið sýnt fram á lagalega nauðsyn breytinganna.

Í umsögn Bændasamtakanna segir að fyrirhuguð breyting á tollflokkun pitsuosts myndi leiða til þess að vara sem inniheldur 82,5% mozzarellaost og 11–12% pálmaolíu yrði flokkuð sem tollfrjáls vara í stað mjólkurosts sem ber tolla.

Samtökin mótmæla því að um sé að ræða einfalda skýringu á gildandi reglum. Þvert á móti sé um efnislega breytingu að ræða á réttarstöðu sem íslensk stjórnvöld og dómstólar hafi ítrekað staðfest. Þau telja jafnframt að ekki hafi verið sýnt fram á að álit samskrárnefndar Alþjóðatollastofnunarinnar eða afstaða ESA skapi lagalega skyldu til breytingarinnar.

Áhrif á mjólkurframleiðslu

Bændasamtökin leggja mikla áherslu á möguleg áhrif á íslenska mjólkurframleiðslu. Samkvæmt umsögninni fara rúmlega 18,5 milljónir lítra mjólkur, eða rúm 12% allrar mjólkur sem framleidd er hér á landi, árlega í framleiðslu á rifnum osti fyrir innanlandsmarkað. Það jafngildi mjólkurframleiðslu 49 meðalkúabúa og skili kúabændum um 2,7 milljörðum króna í beinar afurðatekjur árlega.

Samtökin benda jafnframt á að framleiðsla rifins osts tengist vinnslu á Egilsstöðum og Sauðárkróki og telja að ekki hafi verið lagt mat á möguleg áhrif breytingarinnar á atvinnu, byggðaþróun og verðmætasköpun.

Innlent framboð á grænmeti nægilegt

Þá gagnrýna Bændasamtökin fyrirhugaða eins árs framlengingu lægri innflutningstolla á tiltekið útiræktað grænmeti. Samkvæmt upplýsingum sem samtökin vísa til sé innlent framboð nægilegt og kartöflugeymslur fullar. Uppskera flestra kartöflubænda í ár sé með allra besta móti að magni og gæðum og birgðir tryggi framboð fram á næsta sumar.

Samtökin benda einnig á að sala á íslensku blómkáli hafi dregist saman um rúm 45% þegar opnað var fyrir innflutning á blómkáli með tollaundanþágu.

Bændasamtökin skora því á stjórnvöld að fella 18. og 20. gr. úr frumvarpsdrögunum. Þau telja hvorki hafa verið sýnt fram á nauðsyn breytinganna né lagalegar forsendur þeirra og að fullnægjandi mat á áhrifum þeirra á íslenskan landbúnað, fæðuöryggi og innlenda matvælaframleiðslu liggi ekki fyrir.

/ph

Bændasamtök Evrópu:

Ákall um að verja landbúnaðarstefnuna

Stokkhólmsyfirlýsing evrópskra bænda er afdráttarlaus og hvetur ráðamenn ríkja Evrópusambandsins til að styrkja grunnstoðir landbúnaðarins.

Yfirlýsingin er í sex liðum. Þar er kallað eftir að lágmarki óbreyttum uppreiknuðum fjárframlögum til landbúnaðarstefnunnar og því að landbúnaður verði viðurkenndur sem stefnumótandi atvinnuvegur fyrir samkeppnishæfni, seiglu og öryggi Evrópu.

Harma lítið samráð

Regnhlífarsamtök evrópskra bænda og samvinnufélaga í landbúnaði, Copa og Cogeca, gáfu Stokkhólmsyfirlýsinguna út í kjölfar þings samtakanna í Stokkhólmi á dögunum. Henni er ætlað að undirstrika alvarleika þeirrar stöðu sem nú er uppi og er ákall til ráðamanna ríkja sambandsins, sem funda í Brussel.

Leiðtogar samtakanna kveðast meðvitaðir um geó-pólitískar, efnahagslegar og umhverfisáskoranir í Evrópu, áhyggjufullir yfir hækkandi kostnaði við aðföng, uggandi yfir fækkun og lífskjörum bænda, meðvitaðir um matvælaverð og minnugir þess að samkvæmt síðustu mælingu Eurobarometer finnst 95% af Evrópubúum landbúnaður og dreifbýli mikilvægt fyrir framtíðina.

Þeir harma lítið samráð framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um breytingar á sameiginlegu landbúnaðarstefnunni (CAP) sem á að gilda fyrir árin 2028–2034; þær hafi verið án valkosta og án mats á áhrifum.

Landbúnaður í fremstu varnarlínu

Veðurfar í sumar gerði bændum í Evrópu erfitt fyrir og afhjúpaði enn og aftur viðkvæmni landbúnaðar í álfunni. Stríð og togstreita í viðskiptum og óstöðugleiki í alþjóðamálum juku enn á óróleika á alþjóðamörkuðum,ýttu undir verðbólgu og þrýsting á landbúnaðarframleiðslu.

Í fréttatilkynningu kemur fram að núverandi áætlanir um fjármögnun landbúnaðarstefnunnar veiki hana og fyrirsjáanleika vanti. Leiðtogar samtakanna vara við að landbúnaður í Evrópu nálgist þolmörk.

Í yfirlýsingunni er kallað eftir því að landbúnaður verði viðurkenndur sem grunnstoð í varnar-, viðbúnaðar- og öryggismálum; matvælaframleiðendur séu í fremstu varnarlínu álfunnar.

Stefnan haldist almenn

Kallað er eftir að landbúnaðarstefnan haldist almenn (Common Agricultural Policy), það sé grunnurinn að innri markaðnum, en að hún verði ekki árangursmiðaðri eins og nú er stefnt að. Það er talið munu valda óróleika á innri markaðnum og auka samkeppni aðildarríkja, svæða og hagaðila um aðföng. „Í húfi er ekkert minna en afdráttarlaust brotthvarf frá hluta af sögulegri stefnu ESB og skýr pólitísk skilaboð um aukna þjóðaráherslu og sundrungu."

Fjárframlög til landbúnaðarstefnunnar verða að lágmarki að haldast óskert og uppreiknast samkvæmt verðlagi samkvæmt yfirlýsingunni. Þau þurfi að haldast aðgreind frá öðru fjármagni og markmiðum, svo sem um nýtingu 10% fjármagns úr lands- og svæðisbundnum áætlunum til sérstakra áskorana á landsbyggðinni.

Þá er kallað eftir einföldun regluverksins og auknum fyrirsjáanleika. Fjölbreytileiki í landbúnaði er mikill og breytingarnar taldar þrengja að honum, stuðningur þurfi að vera í boði fyrir alla bændur.

Bændasamtök Íslands eru samstarfsaðili Copa og Cogeca. */eks*

Terraforming LIFE á leið í umhverfismat

– Tilraunastofa fyrir lífgasrannsóknir sett upp

Áburðar- og lífgasverksmiðja Terraforming LIFE, sem fyrirhugað er að reisa í Þorlákshöfn, er á leið í umhverfismat.

Verkefnið gengur út á að þróa nýja aðferð hér á Íslandi við áburðar- og lífgasframleiðslu úr lífrænum úrgangi, sem fellur til við fiskeldi á landi og í landbúnaði. Í áætlunum hefur verið gert ráð fyrir að verksmiðjan verði risin á næsta ári og framleiðsla hafin. Ef allar áætlanir ganga eftir, er gert ráð fyrir að verksmiðjan geti skilað þúsundum tonna af 90% þurri meltu og hafi næringarhlutfall sem henti sem áburður.



Sigurður Trausti Karvelsson.

Um samstarfsverkefni er að ræða og eru Bændasamtök Íslands, First Water, Orkídea, Ölfus Cluster og færeyska ráðgjafarfyrirtækið SMJ aðilar að því.

Vonast eftir áliti HMS í vor

Að sögn Gyðu Pétursdóttur, verkefnastjóra Terraforming LIFE og tengiliðar landeldisdeildar hjá Bændasamtökum Íslands, hefur matsáætlun fyrir umhverfismat Terraforming LIFE verið skilað inn til Húsnæðis-, mannvirkja- og skiplagsstofnunar (HMS). „Matsáætlunin hefur verið unnin af EFLU fyrir hönd verkefnisins og lýsir því hvernig staðið verður að mati á umhverfisáhrifum verkefnisins.

Næstu mánuði tekur við lögbundið kynningar- og umsagnarferli. Gert er ráð fyrir að matsáætlunin verði auglýst opinberlega og að almenningur, hagaðilar og aðrir sem málið varðar fái tækifæri til að kynna sér áætlunina og koma á framfæri athugasemdum.

Að því loknu verður unnið að gerð umhverfismatsskýrslu í byrjun næsta árs sem einnig fer í lögbundið umsagnarferli áður en álit HMS liggur fyrir, sem við vonumst eftir að verði í vor," segir Gyða um ferlið fram undan.

Tilraunastofa um lífgasnýtni

Terraforming LIFE hefur sett upp tilraunaaðstöðu fyrir lífgasrannsóknir sem gerir mögulegt að rannsaka og meta mögulega nýtingarmöguleika á lífgasi miðað við ólíka lífræna hliðarstrauma, en það er aukaafurð úr áburðarframleiðsluferlinu. Að sögn Sigurðar Trausta Karvelssonar, yfirumsjónaraðila Terraforming LIFE og verkefnastjóra rannsókna og þróunar hjá First Water, er tilraunastofunni ætlað að styðja við rannsóknir á nýtingu fiskeldismykju úr landeldi til lífgasframleiðslu og auka þekkingu á því hvernig fiskeldismykja í bland við aðra hliðarstrauma getur stuðlað að framleiðslu endurnýjanlegrar orku og endurvinnslu næringarefna.

„Markmið rannsóknanna er að afla gagna um lífgasnýtni mismunandi hráefna og bæta skilning á því hvernig best megi nýta þau sem auðlind. Niðurstöðurnar munu nýtast við þróun framtíðarlausna fyrir lífgasframleiðslu á Íslandi og styðja við markmið um aukna hringrás lífrænna efna og næringarefna.

Sambærileg aðstaða hefur ekki verið fyrir hendi á Íslandi hingað til og því verður nú hægt að meta hvernig fiskeldismykja í bland við aðra hliðarstrauma, til dæmis svínamykju, nýtist til lífgasframleiðslu. Sú þekking mun styðja við frekari uppbyggingu lífgaslausna á Íslandi og er mikilvægt skref fyrir Terraforming LIFE-verkefnið," segir Sigurður Trausti. */smh*

Volkswagen
Atvinnubílar

Eigum úrval atvinnubíla á lager - allt frá Caddy til Crafter

Erum flutt í Þorraholt 2, Garðabæ - velkomin!



ID. Buzz People
Tilboðsverð m. styrk frá:
8.490.000 kr.
Verð með styrk: 8.990.000 kr.*
Fullt verð: 9.990.000 kr.



Transporter
Verð frá: 7.990.000 kr.

Fáanlegur rafdrifinn



ID. Buzz Cargo
Verð með styrk: 8.990.000 kr.*
Fullt verð: 9.490.000 kr.



Crafter
Verð frá: 9.990.000 kr.



Amarok 4Motion
Verð frá: 14.690.000 kr.



Caddy Cargo
Verð frá: 5.290.000 kr.

*Hægt er að sækja um 500.000 kr. Orkustyrk - nánar á uos.is

Hekla

Þorraholt 2, 210 Garðabær ⁀ Sími 590 5000 ⁀ www.hekla.is
Höldur Akureyri ⁀ Bílasala Selfoss ⁀ Bílakjarninn Reykjanesbæ



Til vinstri er brauð án léttbyggs og til hægri með 10% léttbyggi. Fínmala þyrfti léttbyggið til matargerðar. Mynd / Matís

Kornrækt:

Óþroskað bygg nefnt léttbygg

Léttbygg má nota í fóður og sem trefjagjafa í bakstur segir í nýrri skýrslu sem Eiríkur Blöndal vann í samstarfi við Matís. Heitið léttbygg er nýyrði um óþroskað bygg. Hugtökin léttkorn og létthafrar eru kynnt sem systurhugtök.

Markmið rannsóknarinnar var að kanna nýtileika óþroskaðs byggs, sporna við sóun og tryggja að bændur fái einhverjar tekjur af ræktuninni, jafnvel þótt á móti blási. Í skýrslu um hana segir að mögulegt sé að léttbygg geti skipt máli fyrir fæðuöryggi Íslands.

Einfaldar aðferðir

Árferði og ræktunarskilyrði ráða miklu um þann þroska sem korn í ræktun nær og kemur fyrir að það nái ekki fullum þroska. Eiríkur Blöndal vann nýlega rannsókn í samstarfi við Matís þar sem hann leitaðist við að svara þeirri spurningu hvort hægt sé að gera verðmæti úr slíku óþroskuðu korni.

Eiríkur er bóndi og landbúnaðarverkfræðingur á Jaðri í Borgarfirði og stundar sjálfur kornrækt. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að með einföldum aðferðum sé hægt að nota slíkt korn með öðru fóðri fyrir mjólkurkýr en einnig að hægt sé að nýta það í bakstur. Óþroskaða bygginu var gefið heitið léttbygg og bent á að nota megi hugtakið léttkorn og létthafrar eftir atvikum.

Efnamælingar og nýting til baksturs

Efnamælingar á léttbyggi voru á höndum Matís ásamt því að leggja til sérfræðiþekkingu á notkun byggs í matvælaiðnaði. Athuganir voru gerðar á léttbyggi, efnainnihald greint og bökunareiginleikar kannaðir.

Nái korn ekki fullum þroska, verður hlutfall sterkju í því lágt. Það er hins vegar trefjaríkt og inniheldur fleiri næringarefni eins og prótein og sykurtegundir. Eiríkur og meðhöfundur hans að skýrslunni, Ólafur Reykdal, verkefnastjóri á sviði lífefna hjá Matís, segja næringarinnihaldið geta „opnað möguleika á merkingunni „trefjaríkt“ á umbúðum matvæla“. Gerð var prófun á notkun léttbyggs í bakstur og borið saman hveitibrauð og brauð með 10% léttbyggi. Brauðgerðin þótti gefa gott bragð og góða lyftingu og rakaheldni, en hýðið sitja eftir á tönnunum. Sú ályktun er dregin að fínmala þurfi léttbygg til að nýtast til baksturs og að markaður yrði helst fyrir það ef harðnar í ári. Markaður sé aftur á móti mjög líklegur meðal kúabænda.

Áhrif á mjólkurframleiðslu

Á bænum Helgavatni gerði Pétur Diðriksson tilraunir með blöndun léttbyggs í fóður og mat áhrifin, en hann er með kvörn til heilmölunar á korni sem var forsenda fyrir slíkri notkun. Innfluttu byggi var skipt út fyrir léttbygg og fylgst var með magni og efnainnihaldi mjólkur frá hjörð Péturs.

Samkvæmt niðurstöðu olli breytt fóður ekki skyndilegri breytingu á þróun dagsafurða fyrir kýrnar. Sveppaeiturefni voru ekki mælanleg í sýnum af léttbygginu. Skýrsluhöfundar meta það jákvætt fyrir notkun þess í fóður og matvæli.

Kornrækt gengur vel

Í skýrslunni segir að kornrækt gangi almennt vel, sérstaklega á Suðurlandi. Þar segir það auka fýsileika kornræktar almennt ef hægt sé að nýta léttbygg.

Kornrækt fer vaxandi á Íslandi í tengslum við kornræktarátak stjórnvalda sem þáverandi matvæla- ráðherra, Svandís Svavarsdóttir, ýtti úr vör. Átakið stendur til ársins 2028. Stjórnvöld áætla að verja til þess tveimur milljörðum króna í formi fjárfestingar- og framleiðslustuðnings. Framleiðslustuðningurinn byggir á lágmarksþyngd þurrkaðs korns. Í skýrslunni er dregin sú ályktun að æskilegt sé að skilgreina sérstakar kröfur um rúmþyngd léttbyggs.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2027 verður framlag til kornræktarátaksins þó lægra en gert var ráð fyrir. Verkefnið hlaut styrk úr Matvælasjóði. */eks*



Samtök sveitarfélaga í landbúnaði stofnuð

– Varðstaða um hagsmuni í landbúnaðarmálum

Formaður stjórnar SLS var kjörinn Jón Björn Hákonarson, sveitarstjóri í Eyjafjarðarsveit. Hann segir að stofnfundurinn hafi gengið mjög vel, 26 sveitarfélög séu stofnaðilar samtakanna og fulltrúar fjögurra annarra áttu áheyrnarfulltrúa á stofnfundinum.

„Sveitarfélögin hafa til áramóta til að staðfesta aðild á sveitarstjórnarfundi og við gerum því ráð fyrir að stofnaðilar verði líklega 26–30 sveitarfélög og sýnir sá fjöldi vel að eftirspurn er eftir vettvangi sem þessum meðal sveitarfélaganna,“ segir Jón Björn.



Eyfirskar kýr. Mynd / Bbl

Þátttaka í umræðu og mótun stefnu

Í samþykktum segir að sveitarfélögin innan SLS hafi beinna hagsmuna að gæta af landbúnaði, matvælaframleiðslu, landnýtingu og byggðaþróun. Þar segir einnig að tilgangurinn sé að standa vörð um hagsmuni aðildarsveitarfélaga og íbúa þeirra í öllum málum sem tengjast landbúnaði, matvælaframleiðslu, nýtingu lands og annarra náttúruauðlinda, sem og atvinnuuppbyggingu í dreifbýli.



Jón Björn Hákonarson.

Tilgangurinn er einnig samkvæmt samþykktum að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum aðildarsveitarfélaga, svo sem við mótun laga, reglugerða og opinberrar stefnu sem varðar landbúnað, landnýtingu, umhverfismál, matvælaframleiðslu og byggðaþróun, auk þess að stuðla að fræðslu og kynningu á þeim málaflokkum.

SLS er ætlað að taka þátt í umræðu og mótun opinberrar stefnu um rekstrarskilyrði landbúnaðar, nýtingu náttúruauðlinda, innviðamál í dreifbýli, byggðaþróun og aðra þætti sem hafa áhrif á afkomu og framtíð aðildarsveitarfélaga. Einnig að efla samstarf, upplýsingamiðlun og miðlun reynslu meðal aðildarsveitarfélaga um málefni landbúnaðar, byggðaþróunar og sjálfbærrar nýtingar lands og auðlinda. Þá mun SLS stuðla að öflugri matvælaframleiðslu, verðmætasköpun og atvinnuuppbyggingu til hagsbóta fyrir aðildarsveitarfélög og íbúa þeirra.

Áhyggjur af tollflokkun á osti

Jón Björn segir að önnur helstu áherslumál verði í samræmi við tilgang samtakanna og muni stjórn vinna að þeim í framhaldi af stofnfundi. En mikilvægt sé í ljósi þjóðhagslegs mikilvægis landbúnaðar að sveitarfélögin taki þátt í umræðunni um stöðu hans, hvort sem litið er til atvinnulífs eða fæðuöryggis þjóðarinnar. Ekki síst sé mikilvægt að fara að umgangast fæðuöryggið og vinna að útfærslu þess en ekki bara ræða það.

Á stofnfundinum var samþykkt eftirfarandi ályktun: „Stofnfundur Samtaka landbúnaðarsveitarfélaga lýsir yfir miklum áhyggjum af fyrirhuguðum breytingum á tollflokkun osts með viðbættri jurtaolíu. Samtökin telja óeðlilegt að málið sé enn á ný tekið upp enda hefur það verið til umfjöllunar hjá stjórnvöldum og á dómstólum um árabil og gildandi framkvæmd verið við lýði þann tíma.

Samtökin leggja áherslu á að breytingin snúist ekki einungis um tollflokkun einstakrar vöru heldur geti haft víðtæk áhrif á samkeppnisstöðu innlendrar mjólkurframleiðslu og þá virðiskeðju sem byggir á störfum bænda, afurðavinnslu, flutningum og fjölbreyttri þjónustustarfsemi um land allt. Verulegur hluti íslenskrar mjólkurframleiðslu fer til ostagerðar og geta breytingarnar því haft áhrif langt út fyrir einstök bú og náð til fjölmargra sveitarfélaga þar sem landbúnaður er ein helsta undirstaða atvinnulífs. Að ógleymdu því að bændur hafa farið í miklar fjárfestingar í sinni framleiðslu á síðustu árum til að efla samkeppnishæfni sína og áðurnefndar breytingar geta því haft mikil áhrif á rekstrarhæfni þeirra búa. Rétt er að hafa í huga að um 12% af mjólkurframleiðslu hérlendis fara í framleiðslu á rifnum osti og mjólkursamlag á Egilsstöðum hefur sérhæft sig í framleiðslu á mozzarellaosti eingöngu þannig að um er að ræða mikil áhrif einnig á störf víða um land.

Samtökin minna jafnframt á að öflug innlend matvælaframleiðsla er ein af grunnforsendum fæðuöryggis þjóðarinnar. Á tímum aukinnar óvissu í alþjóðamálum er mikilvægt að stjórnvöld taki ákvarðanir sem styðja við innlenda framleiðslugetu og tryggja að landið búi áfram yfir sterkum innviðum til matvælaframleiðslu.

„Stofnfundur Samtaka landbúnaðarsveitarfélaga skorar því á Alþingi og ríkisstjórn að falla frá fyrirhuguðum breytingum og tryggja að við mat á málinu verði tekið fullt tillit til áhrifa þess á fæðuöryggi, verðmætasköpun í landbúnaði og byggðafestu í landinu,“ segir í ályktuninni.

Ásamt Jóni Birni eru í aðalstjórn SLS þau Anton Kári Halldórsson, Rangárþingi eystra, Dagmar Ýr Stefánsdóttir, Múlaþingi, Högni Elfar Gylfason, Skagafirði og Unnur Brá Konráðsdóttir, Borgarbyggð.

/smh

Skotveiðar:

Hertar reglur um blý í skotfærum

Frestur til að gera athugasemdir við herta löggjöf Evrópusambandsins um blý í skotfærum er liðinn og hún tekur því senn gildi. Löggjöfin tók talsverðum breytingum í umsagnarferli.

Lykilbreytingar sem gerðar voru eru að aðlögunartími er lengdur í sjö ár og bannið tekur aðeins til blýhagla. Ástæður hertrar löggjafar eru af náttúru- og dýraverndarástæðum en staða varnarmála hefur áhrif á breytingar frá upphaflegri tillögu.



Blýhögl bönnuð

Löggjöfin tekur gildi 20 dögum eftir birtingu í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, en lokameðferð í Evrópuþinginu lauk 8. október. Hún hefur enn ekki verið birt.

Helstu breytingar sem gerðar voru eftir að hún var fyrst lögð fram eru að aðlögunartími var lengdur úr þremur árum í sjö fyrir notkun blýhagla, sem verða bönnuð. Að þeim tíma loknum verður óheimilt að selja haglaskot sem innihalda 1% eða meira af blýi til veiða. Blýkúlur í riffilskot eru ekki hluti nýrra laga eins og í upphaflegri tillögu.

Bann við notkun blýhagla í og við votlendi hefur verið í gildi frá árinu 2023. Nýja löggjöfin tekur til almenns banns við notkun þeirra og leysir eldri löggjöfina því af hólmi.

Staða varnarmála hefur áhrif

Hvatinn að lagabreytingunum kemur frá Evrópsku efnastofnuninni (ECHA) sem Ísland er aðili að.

Ekki verður af banni við blýkúlum í riffilskot, sem notuð eru til veiða á stærri bráð, eins og upphaflega var ritað um í drögum að nýrri löggjöf. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins færir þau rök fyrir breytingunni að nauðsyn sé að viðhalda framleiðslu- og birgðagetu á grundvelli breytinga í öryggis- og varnarmálum Evrópu.

Meðlimir Evrópusamtaka skotveiðifélaga (FACE) tóku virkan þátt í umsagnarferli lagasetningarinnar. Skotveiðifélag Íslands (SKOTVÍS) á aðild að samtökunum.

/eks

ÞÚ FINNUR FRELSIÐ Á

SPORTSMAN®



Sportsman 600 EPS
Verð frá: 1.516.129 kr. án vsk.
Verð frá: 1.880.000 kr. með vsk.

Sportsman 6x6 600 EPS
Verð frá: 2.564.516 kr. án vsk.
Verð frá: 3.180.000 kr. með vsk.

Ranger DIESEL HD
Verð frá: 3.056.452 kr. án vsk.
Verð frá: 3.790.000 kr. með vsk.

Sportsman XP 1000 S LE
Verð frá: 2.411.290 kr. án vsk.
Verð frá: 2.990.000 kr. með vsk.

FORSÖLUTILBOÐ


Á 2027 ÁRGERÐINNI

Vertu klár í smalamennskuna á öflugum Polaris. Þessi fjölhæfu ökutæki bjóða upp á óviðjafnanlegt frelsi í göngum í íslensku landslagi.
Á Polaris geturðu farið hvert sem er.

100.000 KR. AFSLÁTTUR

OG FYRSTA ÞJÓNUSTA OG OLÍUSKIPTI FYLGJA Í KAUPBÆTI

Tilboðið gildir út október



POLARIS

Kletthális 15 Reykjavík / Óseyri 4 - Akureyri
www.stormur.is / Sími: 577 1717

STORMUR

Bændablaðið

Ritstjóri: Þröstur Helgason (ábm.) throstur@bondi.is **Sími:** 563 0300
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is **Sími:** 866 3855
Blaðamenn: Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Edda Kristín Sigurjónsdóttir edda@bondi.is
Karólína Rós Ólafsdóttir karolina@bondi.is – Katrín Lilja Jónsdóttir katrinlilja@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is

Vefur blaðsins: www.bbl.is – **Netfang blaðsins:** bbl@bondi.is
Frágangur fyrir prentun: Sigrún Pétursdóttir – **Prentun:** Landsprent ehf.
Upplag: 33.000 **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Úrræðin eru heima á bæ

Nýsköpun í landbúnaði þarf ekki alltaf að felast í stórum tæknistökkum eða nýjum búgreinum. Stundum felst hún einfaldlega í því að horfa öðrum augum á það sem fyrir er, nýta betur eigin auðlindir og finna leiðir til að tengja framleiðandann betur við neytandann.

Þrjár sögur í Bændablaðinu að þessu sinni eru ágætt dæmi um það.

Í Reykjahlíð á Skeiðum hafa Ingvar Hersir Sveinsson og Melissa Boehme valið sér skýra sérstöðu í uxaeldi. Þau leggja áherslu á heimafengið fóður, nota hvorki eitur- né varnarefni við fóðuröflun og hafa fundið leiðir til að koma kjötinu sérmerktu til neytenda. Fyrst seldu þau beint frá býli en þegar eftirspurnin jókst varð sú leið tímafrek. Nú fer salan meðal annars í gegnum Matland og Sólskinsbúðina á Flúðum.

Þarna fara saman hugmyndir um ræktun, búfjárhald og markaðssetningu. Uxarnir eru lengi úti, fá að mestu gras og hey eftir sex mánaða aldur og fyrir slátrun meðal annars heimaræktað bygg. Þótt uxarnir vaxi hægar og fallþunginn sé minni en hjá nautum segja bændurnir útiveruna hjálpa til við að halda eldiskostnaði niðri.

Í Bæjarsveit í Borgarfirði hefur Jón Björn Blöndal farið aðra leið. Þar kemur neytandinn sjálfur út á akur og sækir matinn. Sjálftínsla grænmetis, sem hófst í smærri stíl, hefur vaxið hratt. Um 300 manns skráðu sig á fimm sjálftínsluviðburði í ár og á einum þeirra voru 140 skráðir en Jón Björn áætlar að alls hafi 300 til 400 manns komið þann dag.

Hugmyndin snýst ekki aðeins um að selja grænmeti milliliðalaust. Sjálftínslan hefur orðið að fjölskylduafþreyingu og á sama tíma leið fyrir börn til að kynnast uppruna matvæla. Jón Björn sér jafnframt tækifæri í því að láta grænmetis- og kornrækt styðja hvor aðra með sáðskiptum og byggja fleiri stoðir undir búrekstrinn.

Á Lýsuhóli á Snæfellsnesi birtist enn ein hlið nýsköpunarinnar. Þar hafa Jóhanna Ásgeirsdóttir og Agnar Gestsson sett 340 sólarsellur á þak reiðhallarinnar. Tilefnið var meðal annars hár rafmagnskostnaður í rekstri sem nær bæði til hrossahalds og ferðaþjónustu. Fjárfestingin er áætluð um 30 milljónir króna og gert er ráð fyrir að hún borgi sig upp á sex til sjö árum.

Sameiginlegi þráðurinn er sterkur. Á þessum þremur bæjum er ekki beðið eftir því að tækifærin komi af sjálfu sér. Þau eru búin til.

Það er kannski einmitt ein mikilvægasta auðlind íslensks landbúnaðar: úrræðagóðir bændur sem þekkja landið sitt, reksturinn og framleiðsluna og eru óhræddir við að prófa nýjar leiðir. Í því felast fjölmörg tækifæri.


Þröstur Helgason



Kolefnismarkaðir:

Kolefniseiningar úr endurheimt votlendis og nýskógrækt

Fréttaljós | Sigurður Már Harðarson
smht@bondi.is



Kolefnismarkaðir eru af tvennum toga; lögbundnir og valkvæðir. Á lögbundnum mörkuðum, svo sem í viðskiptakerfi Evrópusambandsins með losunarheimildir (ETS), eru stunduð viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda. Á valkvæðum mörkuðum ganga hins vegar kolefniseiningar kaupum og sölum sem verða til vegna loftslagsaðgerðaverkefna, svo sem endurheimtar votlendis og skógræktar.

Land og skógur vinnur nú að því að fá Mýrkol aðferðafræðina alþjóðlega vottaða, en með því skapast forsendur fyrir því að gefa út vottaðar kolefniseiningar úr endurheimt votlendis til sölu á valkvæðum kolefnismörkuðum.

Mýrkol-aðferðafræði við endurheimt votlendis

Land og skógur hefur þróað Mýrkol aðferðafræðina fyrir endurheimt votlendis í samstarfi við International Carbon Registry (ICR) og KPMG. Hún tekur mið af íslenskum aðstæðum og byggir á verklagi og rannsóknum Lands og skógar. Búist er við að vottunarferlinu ljúki á árinu 2027.

Samkvæmt upplýsingum frá Landi og skógi verður með Mýrkols-vottuninni unnt að staðfesta árangur endurheimtar votlendis og gefa út kolefniseiningar fyrir þann samdrátt í losun sem verkefnið skilar.

Hver kolefniseining samsvarar einu tonni af CO_2-ígildum sem komið er í veg fyrir að losni. Einingarnar eru þá reiknaðar út frá mældri hækkun á grunnvatnshæð eftir endurheimt en bæði erlendar og innlendar rannsóknir hafa sýnt fram á marktækt samband á milli grunnvatnsstöðu og koltvísýringslosunar frá lífrænum jarðvegi. Hjá Landi og skógi er einmitt unnið að útreikningum á því sambandi úr eigin gagnasafni.

Takist endurheimtin vel – og verkefnið uppfylli settar kröfur – geta tekjur skapast af kolefniseiningum í allt að 40 ár fyrir landeiganda. Hversu miklar tekjurnar verða fer eftir framboði og eftirspurn eftir slíkum kolefniseiningum á frjálsum markaði.

Árangurinn staðfestur

Til að tryggja að árangurinn sé raunverulegur og mælanlegur þarf að skrá stöðu svæðisins fyrir endurheimt og fylgjast með því eftir framkvæmd. Einnig þarf að sýna fram á að samdráttur í losun hefði ekki orðið án verkefnisins, að verkefnið hafi ekki skaðleg áhrif á umhverfið og stangist ekki á við gildandi lög og reglur.

Faggild vottunarstofa metur hvort verkefnið uppfylli kröfurnar. Að því loknu eru kolefniseiningarnar vottaðar, gefnar út og skráðar hjá loftslagsskrá ICR, sem heldur utan um skráningu vottaðra eininga til að tryggja gagnsæi og koma í veg fyrir að sömu einingarnar séu nýttar oftar en einu sinni.

Land og skógur þróar aðferðafræðina og óháðar vottunarstofur annast vottun verkefna. Viðskipti með þær fara fram á frjálsum kolefnismarkaði.

Skógarkolefni fyrir nýskógrækt

Land og skógur er með sambærilega aðferðafræði fyrir nýskógrækt sem kallast Skógarkolefni. Þar eru kolefniseiningar búnar til úr nýskógræktarverkefnum sem uppfylla kröfur. Skógarkolefni hefur þó ekki farið í gegnum jafn ítarlegt vottunarferli hjá óháðum þriðja aðila og nú stendur yfir vegna Mýrkols.

Skógarkolefni stuðlar að aukinni bindingu koltvísýrings í skógi og Mýrkol stuðlar að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda með endurheimt votlendis.

Skógarkolefni myndar ramma fyrir undirbúning, framkvæmdir, vöktun og vottun nýskógræktarverkefna. Kolefnisbindingaráætlun verkefnis er staðfest af vottunaraðila og síðan endurskoðuð reglulega. Hvati verkefnanna er framleiðsla og sala kolefniseininga, sem drifin er áfram af þörf atvinnulífsins og samfélagsins fyrir kolefnisjöfnun á valkvæðum kolefnismarkaði.

Kolefniseiningarnar sem myndast eru sömuleiðis skráðar í loftslagsskrá ICR og eru nú á þriðja tug Skógarkolefnisverkefna á Íslandi skráð hjá ICR – og svipaður fjöldi verkefna er í undirbúningi. Verkefnin ná til þúsunda hektara lands.

Mýrkol tilbúið á árinu 2027

Gangi vonir Lands og skógar eftir verður Mýrkol aðferðafræðin tilbúin á árinu 2027.

Til að fá vottun á verkefni, hvort sem er í skógrækt eða við endurheimt votlendis, verða landeigendur að undirgangast strangar kröfur um skráningu, utanumhald, eftirfylgni og aðkomu sérfræðinga. Því verklagi fylgir ákveðinn viðbótarkostnaður sem leggst ofan á kostnað við sjálfa vottunina.

Við endurheimt votlendis þarf fyrst að kortleggja svæðið sem á að endurheimta votlendi á, með tilliti til vistgerða eins og þær eru skilgreindar af Náttúrufræðistofnun.

Síritandi grunnvatnshæðarmælum er komið fyrir á svæðinu í samræmi við vistgerðakortlagninguna. Vatnshæðargögnum er safnað yfir að minnsta kosti tvö vaxtartímabil áður en endurheimtin á sér stað og áfram er fylgst með vatnshæð allt verkefnatímabilið. Mismunurinn á meðalvatnshæð fyrir endurheimt og hvers árs eftir endurheimt er notaður til þess að reikna út kolefniseiningar.

Til að halda utan um vottunarferlið getur verið æskilegt að hafa verkefnastjóra eða umsjónaraðila. Faggild vottunarstofa metur síðan hvort verkefnið uppfylli kröfurnar samkvæmt Mýrkol-aðferðafræðinni og eftir það er hægt að gefa út kolefniseiningar.

Hættan á grænþvotti

Valkvæðum kolefnismörkuðum fylgir hætta á grænþvotti þegar aðilar nýta keyptar kolefniseiningar til að gefa villandi mynd af árangri í að draga úr loftslagsáhrifum starfsemi sinnar. Það að kaupa kolefniseiningar til að lýsa yfir kolefnishlutleysi, án þess að draga úr eigin losun, getur verið dæmi um slíkt. Talið er mikilvægt að fyrirtæki, stofnanir og aðrir aðilar leitist við að draga eins mikið úr sinni losun og hægt er, áður en farið er í kaup á kolefniseiningum á valkvæðum kolefnismarkaði.

Árangurinn ræðst meðal annars af því hvort kaupendur eininganna draga jafnframt úr eigin losun eða nýta kaupin til að fresta slíkum aðgerðum.

Viðskipti með kolefniseiningar leiða því ekki sjálfkrafa til þess loftslagsávinnings sem þeim er ætlað að standa fyrir.

Mikilvægt er að um fullgildar „gæðakolefniseiningar“ sé að ræða til að raunverulegur ávinningur náist, en það eru einingar sem standa fyrir raunverulegum, mælanlegum loftslagsávinningi sem hefði ekki orðið til án hvata frá sölu einninganna.

Gera verður greinarmun á annars vegar kolefniseiningum í bið og hins vegar fullgildum kolefniseiningum þar sem binding eða samdráttur hefur orðið. Í Skógarkolefni er leyfilegt að selja allt að helming áætlaðra eininga sem einingar í bið en þær má ekki nýta til kolefnisjöfnunar fyrr en þær hafa raungerst og verið vottaðar af til þess bærum vottunaraðila. Í Mýrkol aðferðarfræðinni verða einungis til fullgildar kolefniseiningar.

Sala gæðakolefniseininga á valkvæðum kolefnismörkuðum getur fjármagnað loftslagsaðgerðir sem annars hefðu ekki orðið að veruleika, flýtt fyrir samdrætti í losun og stutt við loftslagsmarkmið ríkja.

Bæði Skógarkolefni og Mýrkol eiga að stuðla að sjálfbærri landnýtingu og færa Ísland nær lögfestum markmiðum í loftslagsmálum.

Ekki liggur enn fyrir hversu margar kolefniseiningar á hektara á ári geta orðið til við endurheimt votlendis á Íslandi. Fjöldinn mun ráðast meðal annars af eðli verkefna, árangri endurheimtar og gæðum mæligagna. Nánari upplýsingar um það munu liggja fyrir þegar vottunarferlinu er lokið og tilraunaverkefni komin vel á veg.

Ekki liggur heldur fyrir hvert mögulegt verð gæti orðið fyrir íslensku kolefniseiningarnar. Samkvæmt yfirliti Peatland Programme um valkvæðan kolefnismarkað í Bretlandi var meðalverð kolefniseininga úr endurheimt votlendis rúm 39 pund á síðasta ári (um 6.400 krónur) samanborið við rúm 25 pund árið áður. Meðalverð eininga úr nýskógrækt var rúm 28 pund (um 4.600 krónur) árið 2025, en var í tæpum 27 pundum fyrir 2024.

Þessar tölur miðast nær eingöngu við einingar sem byggjast á áætluðum framtíðarávinningi.

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Upplýsingar um dreifingarstaði: www.bbl.is Áskrifendur fá blaðið sent heim gegn greiðslu burðargjalds sem er kr. 19.800 m/vsk á ári. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 15.500 m/vsk.
Heimilisfang: Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík. **Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279 – **Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.



Kristrún Frostadóttir forsætisráðherra gaf sér tíma til að ávarpa gesti á málþingi sem haldið var í tilefni af degi landbúnaðarins þann 8. október. Að skilnaði fékk hún derhúfu og blómvönd frá Trausta Hjálmarssyni, formanni Bændasamtaka Íslands. Mynd / ál

Tryggjum raunverulegt fæðuöryggi

Vinkill | Kári Gautason
kari@rekon.is

Nýverið greip ég nýútkomna bók eftir bandaríska höfundinn Annie Jacobsen, en sú bók heitir „Sýklahernaður – sviðsmynd“. Ástæðan fyrir áhuganum á þessu annars leiða viðfangsefni var frétt um það að rannsakandi við rússneska stofnun sem fæst við varnir gegn smitsjúkdómum dó úr „óþekktri lungnabólgu“, sem að sögn var að völdum bakteríunnar *Yersinia pestis*, en sjúkdómurinn sem hún getur valdið er einnig þekkt sem plágan, eða svartidauði. Það virðist hafa sloppið fyrir horn og engin þeirra 200 sem settir voru í einangrun hafa fengið pestina (með þeim fyrirvara að líklega segja Rússar ósatt um margt í þessu). Án þess að rekja þessa litlu bók þá byrjar hún illa og endar verr, en það sem hefur setið í mér eftir lesturinn er hugtakið fæðuöryggi og hvernig þróunin hefur verið á Íslandi síðastliðin ár. Það eru nefnilega ekki mörg ár síðan að landið lokaðist nær alveg af og það mun gerast aftur. Vonandi verður það ekki erfðabreyttur sýkill sem sleppur af rannsóknarstofnun en drepsóttir munu koma aftur og þá er vonandi að við höfum lært af faraldri kórónaveiru. Þar nefnilega stöðvuðust ekki aðfangakeðjur þótt þær hafi hökt. Í alvarlegri faraldri t.a.m. og þyrfti ekki dómsdagsatburð líkt og lýst er í fyrrnefndri bók.

Það er alveg ljóst að fæðuöryggi er meira uppi á borðum nú en í langan tíma. Stríð geisar í Evrópu og það hefur breytt meiru heldur en við höfum mörg hver gert okkur grein fyrir. Frændur okkar Svíar fengu dreifildi fyrir nokkru sem heitir „Om krisen eller kriget kommer“ frá almannavörnum þar í landi. Í dreifildinu er á þrjátíu blaðsíðum farið yfir ýmislegt sem sænsk yfirvöld ætlast til af borgurum sínum ef almannavarnaástand eða stríðsástand raungerist. Þar á meðal er að heimili séu byrg af matvælum sem dugi þeim í nokkra daga. Þar eru líka leiðbeiningar um hvernig á að hegða sér verði loftárásir gerðar á Svíþjóð og margt fleira.

Frá því að þjóðaröryggisstefna var sett árið 2016 hefur verið áhersla á fæðuöryggi. Því miður hefur það ekki verið tekið nægjanlega föstum tökum. Sumt hefur verið gert og er það vel, búið er að vinna ýmiss konar kortlagningarvinnu við það að greina hvar tunnustafirnir eru lægstir en það þarf líka að berja í brestina sem uppgötvast. Stór skref í auknu fæðuöryggi hafa verið tekin nú þegar kornþurrkstöðvar og síló eru tekin að rísa víða um land vegna áherslna stjórnvalda á aukna kornrækt. Bændur tryggja fæðuöryggi svo lengi sem þeir geta framleitt mat en til þess þurfa þeir tiltekin aðföng og þá þarf að dreifa matvælum.

Of hægt hefur gengið í því að tryggja það sem mestu máli skiptir. Það er að tryggja lágmarksbirgðir af því sem nauðsynlegt er að hafa. Alvarlegust er staðan þegar kemur að birgðum af eldsneyti, lyfjum og kornvöru. Nokkurra vikna birgðir eru til af þessum aðföngum á hverjum tíma. Þar einfaldlega verður að krefjast þess að betur sé gert. Vissulega kostar fæðuöryggi líkt og allt annað öryggi. Vonandi þarf aldrei að nota birgðir af þessu tagi en mikið óskaplega verður gott að eiga þær ef *„krisen eller kriget kommer“*.

Höfundur er ráðgjafi.

Jarmað, hneggjað, baulað ...

Frumvarp Loga Einarssonar til breytinga á lögum um Ríkisútvarpið vekur hörð viðbrögð eins og við mátti búast. Í því er ekki að finna neinar raunverulegar lausnir á starfsumhverfi einkarekinna fjölmiðla í landinu. Og varla er blakað við fílnum í stofunni, Ríkisútvarpinu, sem fær áfram að vera á auglýsingamarkaði. Tekjuþak á auglýsingasölu RÚV upp á 2,8 milljarða er varla að fara að hafa veruleg áhrif á fyrirferð ríkisfjölmiðilsins á auglýsingamarkaði og sú hugmynd að tíu prósent auglýsingateknanna eigi að renna til einkafjölmiðla er fjarstæðukennd eins og farið hefur verið yfir hér í blaðinu áður. Einkamiðlar geta selt sínar auglýsingar sjálfir og óska einungis eftir því að ríkið viki af markaðnum.

Flestir virðast ganga út frá því að ekki sé pólitískur vilji fyrir því að RÚV víki af auglýsingamarkaði. Enginn þarf að vera hissa á því vegna þess að umræðan er að mörgu leyti skökk. Í umsögn Sýnar um frumvarpið er samanburður á rekstrarfyrirkomulagi RÚV og norrænna almannaútvarpa til dæmis leiðréttur. Hann er sem stendur ekki réttur í frumvarpinu og hefur lengi verið farið rangt með í þeim efnum í umræðunni hér. RÚV sker sig nefnilega frá norrænu ríkismiðlunum, sem sagt DR, NRK, SVT, SR og YLE, að því leyti að það fær að selja auglýsingar. TV2 í Danmörku er ekki ríkisfjölmiðill í sama skilningi. TV2 er almannamiðill sem nýtur ekki beins ríkisframlags eða almenns skattfjár samhliða auglýsingatekjum sínum.

En hvers vegna ekki að krefjast þess að RÚV víki af auglýsingamarkaði? Er ekki kominn tími til að ríkið taki fulla ábyrgð á rekstri síns miðils og veiti þar með einkamiðlum það svigrúm sem þeir þurfa til að þrífast betur? Að öllum líkindum þyrfti raunar meira til eins og staðan er orðin. En það væri mikilvægt skref að taka RÚV af auglýsingamarkaði, ekki bara fyrir fjölmiðlamarkaðinn heldur einnig Ríkisútvarpið sjálft, einkum innra starf þess, samsetningu dagskrár, dagskrárgerðina sjálfa, þróun miðlaframboðsins og þannig mætti áfram telja.

Það þarf að gefa RÚV tækifæri til þess að sinna kjarnahlutverkum sínum sem snúa umfram allt að fréttum og menningu. Fréttastofa RÚV er stærsta og mikilvægasta fréttastofa landsins og hana þarf enn að styrkja og efla. RÚV er sömuleiðis mikilvægasti menningarmiðill landsins en sem slíkur stendur hann æ veikar. Í Ríkissjónvarpinu eru til dæmis aðeins tveir menningarblaðamenn starfandi, Egill Helgason og Guðrún Sóley Gestsdóttir. Það eru engar menningarfréttir í Ríkissjónvarpinu og enginn menningarþáttur, ef frá er talin Kiljan. Menningarumfjöllun í einkareknum fjölmiðlum hefur dregist verulega saman á undanförnum árum og því hefði verið æskilegt að RÚV yki sína umfjöllun.

Logi Einarsson segir ekki koma til greina að veikja Ríkisútvarpið. En með því að endurskoða fjármögnun þess og skerpa á hlutverkinu væri RÚV ekki veikt heldur styrkt. RÚV yrði markvissara og betra.

Ráðherra vísar til þess að blönduð fjármögnun með ríkisfé og auglýsingatekjum sé algengasta fyrirkomulag ríkisfjölmiðla í Evrópu. Þetta er að hluta til rétt. En sé skýrsla EBU frá því fyrr á þessu ári um fjármögnun almannaútvarpa skoðuð kemur í ljós að RÚV er mun háðara beinni auglýsingasölu en almannaþjónustumiðlar Evrópu að meðaltali. Skora er á ráðherra að finna annan almannamiðil í Evrópu sem aflaði tæplega 28% rekstrartekna árið 2025 með auglýsingasölu.

Pistill formanns | Trausti Hjálmarsson
trausti@bondi.is

Lausnin er landbúnaður

Haustið mætti aldeilis með látum á dögunum og minnti okkur á að við búum á Íslandi. Sem betur fer hafa engar fréttir borist af tjóni á búfénaði og almennt varð minna tjón nú en stundum áður. Það má þakka fyrir það.

Veðrátta skiptir alla bændur máli, hvar í heiminum sem þeir eru, því allur landbúnaður er háður úrkomu, vindum og loftslagi almennt. Fyrir íslenska bændur eru áskoranirnar einstakar um margt og setja landbúnaði hér skorður.

Með elju og útsjónarsemi hefur íslenskum bændum hins vegar tekist að brjótast út úr þessum ramma sem loftslagið sló utan um forfeður okkar og -mæður. Í upphituðum og raflýstum gróðurhúsum ræktum við tegundir sem fólk þekkti ekki einu sinni nöfnin á fyrir hundrað árum. Kynbætur hafa gert kornrækt fýsilega og ábatasama og öflug skógrækt byggir á áratuga rannsóknum og kynbótum sömuleiðis.

Hefðbundin stórgripabúskapur hefur einnig tekið stakkaskiptum í gegnum kynbætur og tæknivæðingu. Dilkar eru þyngri og betri að gæðum en áður, nyt mjólkurkúa eykst ár frá ári og svo mætti lengi telja.

Við erum líka duglegri við að koma afurðum okkar í verð en áður og það er afskaplega ánægjulegt að sjá flóruna í landbúnaðarafurðum sem framleiddar eru úti um allt land, af fyrirtækjum stórum og smáum, af einstaklingum og bændunum sjálfum.

Það er nefnilega svo að í íslenskum bændum býr ótrúlegur kraftur til framleiðslu og sköpunar. Þeir vilja framleiða afurðir og vörur sem neytendur vilja kaupa og sást það greinilega á landbúnaðarsýningunni á dögunum, en svæðið þar sem smærri framleiðendur kynntu vörur sínar var alltaf smekkfullt af fólki. Neytendur hafa sama áhuga á hágæða landbúnaðarafurðum og bændur.

Fólk í öllum flokkum talar stundum eins og málefni landbúnaðarins séu flókin og erfið. Jú, þegar farið er ofan í smáatriðin þá verður allt flókið – líka landbúnaður.

En stóra myndin er ekki flókin. Bændur vilja framleiða heilnæmar afurðir í hæsta gæðaflokki og neytendur vilja geta keypt þessar sömu vörur. Við getum haldið áfram og nefnt það að í landbúnaði er hægt að finna lausnir við mörgum þeim vandamálum sem við samfélaginu blasa. Öflugur landbúnaður styður við byggðafestu, styrkir atvinnulíf, eykur kolefnisbindingu og minnkar losun. Öflugur landbúnaður styður við markmið stjórnvalda í þjóðaröryggismálum og vinnur gegn verðbólgu. Þegar rétt er á málum haldið er hægt að finna lausnina við mörgum málum í landbúnaði.

Þá á eftir að minnast á menningarsögulegt gildi landbúnaðar og mikilvægi hans fyrir byggð í landinu, aðra atvinnuvegi og fæðuöryggi þjóðarinnar. Þess vegna skiptir svo miklu máli að starfsumhverfi bænda styðji við bændur og framleiðslu þeirra, en vinni ekki gegn þeim.

Viðræður við stjórnvöld um starfsskilyrði bænda eru hafnar og vonandi munu þær skila okkur niðurstöðu sem styður við bændur, sem og uppbyggingu og nýliðun í landbúnaði. Það er að minnsta kosti markmið okkar í bændaforystunni.

Á næstu vikum förum við í Bændasamtökunum í árlega fundaferð okkar um landið og verður fyrsti fundurinn þann 2. nóvember kl. 12.00 í Félagslundi í Flóa. Yfirskrift fundaferðarinnar er „Lausnin er landbúnaður“, sem vísar í margþætt jákvæð áhrif landbúnaðar á samfélag og náttúru. Nánari upplýsingar um fundarstaði og tímasetningar má finna á vefsíðu Bændasamtakanna. Á fundunum munum við fara yfir þá vinnu sem unnin hefur verið og þá vinnu sem fram undan er. Mikilvægt er að sem flestir bændur mæti á fundina, því með því móti fáum við sem skýrasta mynd af þeim málum sem brenna á bændum.

Ég hlakka því til að sjá ykkur sem flest.

Höfundur er formaður Bændasamtaka Íslands.

Vegasamgöngur:

Gjaldheimta eykst á meðan fjárveitingar dragast saman

Ný greining Samtaka iðnaðarins (SI) bendir til þess að sífellt stærra bil sé að myndast milli þess sem ríkið innheimtir af ökutækjum, eldsneyti og akstri annars vegar og þess sem varið er til vegasamgangna hins vegar. Samkvæmt greiningunni mun gjaldheimtan aukast verulega á næstu tveimur árum á sama tíma og heildarframlög til vegasamgangna dragast saman að raunvirði.

Á árunum 2019 til 2025 innheimti ríkið alls 338,1 milljarð króna með beinum gjöldum af ökutækjum, eldsneyti og akstri. Á sama tímabili námu heildarútgjöld til vegasamgangna 255,2 milljörðum króna. Mismunurinn nam því 82,9 milljörðum króna.

Þegar eingöngu er horft til þeirra fjármuna sem fóru í viðhald og nýframkvæmdir á vegakerfinu verður bilið enn meira. Samtals fóru 180,7 milljarðar króna til slíkra verkefna á tímabilinu. Það þýðir að fyrir hverjar 100 krónur sem ríkið innheimti af umferðinni fóru að jafnaði aðeins um 53 krónur til viðhalds og uppbyggingar vega.

Bilið stækkar ár frá ári

Samkvæmt greiningu SI hefur munurinn á gjaldheimtu og útgjöldum aukist hratt frá árinu 2022. Þá nam munurinn 7,8 milljörðum króna en hækkaði í 17,2 milljarða árið 2023, 18,8 milljarða árið 2024 og 21 milljarð árið 2025.

Árið 2026 er áætlað að bilið verði 23,1 milljarður króna og samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2027 muni það aukast enn frekar. Þá er gert ráð fyrir að ríkið innheimti 83,9 milljarða króna af ökutækjum, eldsneyti og akstri en verji aðeins 50 milljörðum króna til vegasamgangna. Munurinn verður því 33,9 milljarðar króna.

Það jafngildir því að ríkið verji aðeins um 60 krónum til vegasamgangna fyrir hverjar 100 krónur sem það innheimtir af umferðinni. Sé eingöngu horft til viðhalds og nýframkvæmda á vegakerfinu lækkar hlutfallið í um 39 krónur af hverjum 100 krónum.

Gjaldheimta hækkar en framkvæmdir dragast saman

Í greiningunni er sérstaklega bent á að tekjurnar fari vaxandi á sama tíma og fjárveitingar til vegakerfisins dragast saman.

Bein gjaldheimta á að hækka úr 64,9 milljörðum króna árið 2025 í 83,9 milljarða árið 2027. Það jafngildir 29% hækkun að nafnvirði og 18% hækkun að raunvirði.

Á sama tíma lækka heildarútgjöld til vegasamgangna úr 53,9 milljörðum króna árið 2026 í 50 milljarða árið 2027. Að raunvirði nemur samdrátturinn 11%.

Þótt fjárveiting til viðhalds hækki úr 17,5 milljörðum króna í 20 milljarða króna á milli áranna 2026 og 2027 dugar það ekki til að vega upp á móti samdrætti í nýframkvæmdum. Heildarfjármunir til framkvæmda á vegakerfinu lækka úr 34,3 milljörðum króna í 32,5 milljarða og dragast saman um rúmlega 9% að raunvirði.

Vegir í slæmu ástandi

Niðurstöðurnar koma fram á sama tíma og stjórnvöld hafa sjálf bent á verulega uppsafnaða viðhaldsþörf í vegakerfinu.

Í fjármálaáætlun 2027–2031 kemur fram að um 40% þjóðvega séu í slæmu eða mjög slæmu ástandi og að um 30% vegakerfisins hafi slakt burðarlag.

Í innviðaskýrslu SI og Félags ráðgjafarverkfræðinga frá 2025 fékk vegakerfið einkunnina 2 af 5. Þar var uppsöfnuð viðhaldsskuld metin á bilinu 265 til 290 milljarðar króna.

SI segir að aukin umferð og þyngri ökutæki hafi aukið álag á vegina á sama tíma og fjárfestingar hafi ekki fylgt eftir.

Kílómetragjaldið verður stærsti tekjustofninn

Með breytingum sem tóku gildi í byrjun árs 2026 voru hefðbundin eldsneytisgjöld afnumin og kílómetragjald tekið upp í þeirra stað.

Samkvæmt áætlunum mun kílómetragjaldið skila 37,1 milljarði króna árið 2026 og 43,4 milljörðum árið 2027. Í fjárlagafrumvarpi næsta árs er gert ráð fyrir 15,9% hækkun gjaldsins.

SI bendir á að þrátt fyrir breytinguna á kerfinu muni heildargjaldheimta ríkisins af ökutækjum, eldsneyti og akstri aukast verulega.

Kalla eftir því að tekjurnar renni til vegakerfisins

Samtök iðnaðarins telja að tryggja þurfi með skýrari hætti að þeir fjármunir sem innheimtir eru af umferð renni til uppbyggingar og viðhalds samgönguinnviða.

Að mati samtakanna sýna fyrirliggjandi áætlanir að aukin gjaldheimta leiði ekki sjálfkrafa til aukinna fjárfestinga í vegakerfinu. Þvert á móti sé útlit fyrir að bilið milli tekna ríkisins af umferð og útgjalda til vegasamgangna muni halda áfram að breikka á næstu árum, þrátt fyrir vaxandi innviðaskuld og versnandi ástand hluta vegakerfisins. /ph



Kornbændur:

Álftir valda tjóni árlega



Karólína Rós Ólafsdóttir
karolina@bondi.is

Álftir herjar á akra og valda kornbændum tjóni ár hvert. Bændur segja ástandið versna með vaxandi álftastofni og að fuglinn fælist illa með hefðbundnum leiðum.

Álftin hefur verið friðuð frá árinu 1913 og er því með öllu ólöglegt að skjóta fuglinn á Íslandi. Samkvæmt Náttúrufræðistofnun benda nýjustu tölur til þess að álftastofninn telji rúmlega 40 þúsund fugla. Sumir bændur kalla eftir því að undanþágur verði veittar svo hægt sé að skjóta álftina staðbundið og á afmörkuðu tímabili líkt og gæsir en hefur sú afstaða verið umdeild í umræðunni.

Álftin örugg með sig

Hermann Ingi Gunnarsson er bóndi á Klauf í Eyjafirði. „Þetta er nánast í veldisvexti hérna fyrir norðan. Við erum búnir að vera á útopnu að reyna að verja alla akra og nýræktir á vorin fyrir þessum vargi en það gengur bara ekkert. Álftin er ótrúlega örugg með sig, hún veit að það er ekkert gert við hana," segir Hermann. „Margir í umræðunni segja bændum að vera duglegri að reka þær í burtu og nota bara hunda en ég er búinn að prófa þetta allt og það skiptir ekki máli. Við keyrum inn á akrana og hún flýgur kannski upp en kemur strax aftur. Menn hér hafa líka prófað að nota fuglahræður sem hreyfast og eru með glingri eða hljóðum, og gasbyssur til að reyna að fæla þær upp, en þeim er slétt sama," segir Hermann. Hann hefur tapað 5 hekturum vegna álfta á þessu ári en er það 10% af ökrum Hermanns. „Samt hef ég verið með fólk í vinnu að hjálpa mér að fæla fuglinn. Ég hef þó sloppið vel miðað við marga. Ég held það verði ekkert gert í þessu fyrr en fólk finni fyrir álftinni í Reykjavík."



Þarf að huga að álftinni í öllu ferlinu

Björgvin Þór Harðarson er bóndi í Laxárdal, hann er með akra í Gunnarsholti á Rangárvöllum þar sem er mikð af álft. „Maður þarf að vera að hugsa um álftina frá upphafi ræktunar. Við erum að gera allt sem við getum, við erum að sá út í alla kanta eins og hægt er og reynum að lágmarka lendingarsvæði og aðgengi að ökrunum með skjólbeltum og það virkar mjög vel en er ekki hægt alls staðar."

Björgvin segir bændur á svæðinu hafa prófað flest. „Við erum með flugdreka sem fæla fugla frá og fuglahræður en álftirnar eru ekki hræddar við þær. Svo er verið að skjóta gæsir á svæðinu en engu að síður kemur álftin. Svo erum við að keyra meðfram ökrunum og fæla þannig. Ég er með um 350 hektara af korni og við erum búnir að tapa á milli 10–20 hekturum en það eru fleiri bændur á sama svæði og samtals tjón hjá okkur öllum eru um 50 hektarar."

Hann segir stofninn augljóslega hafa tekið stökk á síðustu 5 árum. „Ég vil að það yrði hægt að fá að skjóta fuglinn bara þar sem hann veldur tjóni, ekki almennt veiðileyfi. Ef það mætti skjóta álftarunga myndi það létta veiðiálagið á grágæsina líka." Hann bendir á að bæði í Svíþjóð og í Þýskalandi sé leyfilegt að veiða álft sem er að valda tjóni.

Fórnaði heilum akri

Brynjólfur Þór Jóhannsson, bóndi á Kolholtshelli í Flóahreppi, segir að um 20 hektarar af hans 75 hafi orðið fyrir tjóni vegna álftarinnar. Daginn áður en blaðamaður hafði samband hafði Brynjólfur verið í einn og hálfan tíma að reka álft af einum akri. „Þetta hefur magnast mikið síðustu þrjú árin, þær eru orðnar aðgangsharðar. Mér finnst alveg ljóst að það þurfi að fækka þeim etthvað," segir Brynjólfur og bætir við að þau hafi fórnað heilum akri til álftarinnar í þeirri von um að önnur uppskera fengi að vera í friði. Hann bendir á að álftin sé ekki einungis að éta kornið heldur traðki hún niður plönturnar í leiðinni, enda stórir og þungir fuglar. „Mér finnst gleymast í umræðunni að þetta er að valda fjárhagslegu tjóni. Ég er að framleiða mat og það er fugl sem er að taka skatt af framleiðslunni. Þetta er orðið mjög íþyngjandi."

Skurðir og girðingar hjálpa

Ólafur Eggertsson, bóndi á Þorvaldseyri undir Eyjafjöllum, segir álftina ekki valda sér tjóni. „Þetta fylgir aðeins landfræðilegum aðstæðum. Hún kemst ekki í akra hjá okkur því það eru skurðir og girðingar og svo erum við búnir að taka allt kornið, við reynum að vera snemma í því að þreskja til að vera á undan veðrinu hér undir fjöllunum," segir Þorvaldur. „Í Gunnarsholti eru svo miklar víðáttur að hún er búin að merkja sig heim þar. Auðvitað er hún úti um allt og er að reyna að ná sér í korn einhvers staðar. En þetta er svona hjá mér, þetta eru ekki svo stórir blettir og allt afmarkað af skurðum og girðingum. Við rekum hana upp þegar hún kemur og hún þreytist þegar við erum búnir að gera það nokkrum sinnum."

Ólafur segir það mjög alvarlegt fyrir þá bændur þar sem álftin kemur í stórum hópum. „Þegar menn lenda í þessu ár eftir ár, verða fyrir tjóni og fá engar bætur, þá þýðir það bara eitt, menn draga saman kornræktina. Menn geta ekki staðið í þessu endalaust að fá ekki að verja sig," segir Ólafur. „Hver sem lausnin er þá verður að setjast yfir þetta mál og finna eitthvað. Lausnin er ekki sú að menn sái korni og fái svo bætur, við viljum langvarandi lausnir."

Rannsóknir nauðsynlegar

„Grundvallarafstaða Náttúrufræðistofnunar er sú að áður en tillögur um breytingar á veiðifyrirkomulagi einstakra tegunda eru samþykktar þurfa að liggja fyrir vel ígrundaðar og faglega unnar stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir þær tegundir sem um ræðir, byggðar á bestu þekkingu um stöðu stofna og áhrif einstakra aðgerða á þá. Í þeim áætlunum má fjalla um ýmis álitamál, t.a.m. fyrirkomulag við mat á tjóni á túnum og ökrum, mat á árangri fæliaðgerða, hugmyndir um að beita svokölluðum tjónaveiðum til að viðhalda tiltekinni stofnstærð fyrir einstakar tegundir líkt og þekkist með gæsategundir sums staðar í Evrópu," segir í svari til blaðsins. „Einnig þarf við endurskoðun laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum að festa í sessi hlutverk stjórnunar- og verndaráætlana tegunda en þær eru ekki í núgildandi löggjöf. Mikilvægt er að fara í endurskoðun laganna sem fyrst."

Í svarinu er lögð áhersla á að styrkja þurfi rannsóknir og vöktun á álftum og vinna stofnþróunarlíkön fyrir þá stofna þar sem slíkt liggi ekki fyrir. Þær upplýsingar séu nauðsynlegar til að leggja mat á ásættanlegar lágmarksstofnstærðir fugla. Auk þess þarf að auka kerfisbundnar rannsóknir á því tjóni sem álftir valda og gera greiningu á því hvaða aðgerðir séu heppilegar til að draga úr vandanum en staðbundnar aðstæður geta haft mikið um að segja hvaða aðgerðir henta hverju sinni. Þar sé lykilatriði að tryggja bæði mannauð og fjármagn fyrir þær rannsóknir.

Náttúrufræðistofnun bendir á að Ísland sé aðili að Bernarsamningnum um verndun villtra plantna og dýra í Evrópu. „Álft er alfriðuð í Evrópu og veiðar alfarið bannaðar í nær öllum Evrópulöndum. Ljóst er að ef Ísland hygðist aflétta friðun á álft þyrfti að ræða það á vettvangi Bernarsamningsins þar sem álftin er meðal tegunda á sérstökum viðauka um tegundir sem ber að vernda. Afléttun á friðun á álft utan varptíma væri lykilstefnubreyting sem skoða þarf vandlega með tilliti til ýmissa sjónarmiða og í alþjóðlegu samhengi. Fyrst og fremst þyrfti slík ákvörðun að byggja á greinargóðu vísindalegu mati á áhrifum hennar á stöðu íslenska álftastofnsins. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir um breytingar á friðunarstöðu eða veiðitíma einstakra fuglategunda þurfa að byggja á góðum rökstuðningi og þekkingu á hvaða áhrif þær munu hafa á stöðu tegundanna.".

Fjármagn sett í stjórnunar- og verndaráætlun

Bæði fjölgun í álftastofninum og aukin kornrækt hefur leitt til aukinnar umræðu um tjón af völdum þeirra á ræktarlandi. Í svari umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins til blaðsins um málið kemur fram að ráðuneytið fundaði nýlega með Samtökum ungra bænda sem lýstu stöðunni sem margir bændur eru í vegna ágangs álfta.

„Á fundinum kom m.a. fram að ráðherra samþykkti fyrr á þessu ári að setja fjármagn í gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir álft, þar sem skoðað verði hvernig verjast megi slíku tjóni en tryggja jafnframt áframhaldandi vernd álftarinnar. Náttúruverndarstofnun, sem hefur umsjón með og stjórn á aðgerðum sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra, hefur þegar hafið undirbúningsvinnu vegna þessara áforma og hefur ráðherra lagt áherslu á að leitað verði leiða til þess að bregðast skjótt við stöðunni, en þó þannig að gætt sé fyllstu varúðar."

TÍMAVERA

Segjum NEI við tímasóun

Tímaskráningarkerfi fyrir verktaka, iðnaðarmenn og auðvitað bændur!

- Hættu að nota penna og blað og komdu yfir í Tímaveru
- Einfalt og þægilegt í notkun
- Þú getur strax byrjað að nota appið
- Kostar ekkert að prófa



SKANNAÐUR KÓÐANN
TIL AÐ PRÓFA TÍMAVERU

Frí 14 daga prufa
timavera.is

Hvanneyrartorfan:

Áform um matvælakjarna og votlendissetur

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Tölvuteiknuð mynd af Halldórsfjósi, sem nú hýsir Landbúnaðarsafnið. Myndir / Ivan Kalc

Hjá Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) er í undirbúningi verkefni sem felst í að innrétta hluta af húsakosti Hvanneyrartorfunnar undir matvælakjarna og fræðslusetur um votlendi.

Að sögn Ragnheiðar I. Þórarinsdóttur, rektors LbhÍ, var Hvanneyrartorfan friðlýst í heild sinni 11. júlí 2015. Hún segir mikla og brýna viðhaldsþörf vera til staðar, meðal annars vegna friðlýsingarinnar, og nú sé unnið með hugmyndir um að nýta fjármagn sem fengist hefur fyrir verkefni tengd matvælakjarna og votlendissetri til að halda við húsakostinum og finna húsunum í leiðinni ný hlutverk. „Tækifæri hafa opnast, því heimilt er að nýta hluta þessara styrkja til viðhaldsframkvæmda á húsnæðinu vegna fyrirhugaðrar starfsemi. LbhÍ hefur fengið styrkveitingar að fjárhæð 18 milljónir króna til að koma upp matvælakjarna á Hvanneyri og á sjötta tug milljóna króna til uppbyggingar fræðsluseturs um votlendi," útskýrir Ragnheiður.



Ragnheiður I. Þórarinsdóttir.



Tölvuteiknuð mynd af hluta mögulegs votlendisseturs.



Tölvuteiknuð mynd af hluta mögulegs votlendisseturs.

Afurðir þróaðar úr íslensku hráefni

Ragnheiður segir að hugmyndin með matvælakjarnanum sé að skapa aðstöðu þar sem bændur, smáframleiðendur, nemendur og rannsakendur geti þróað afurðir úr íslensku hráefni. „Aðgangur að búnaði og þekkingu getur hjálpað góðri hugmynd að verða að vöru og aukið verðmæti landbúnaðarframleiðslunnar. Slík starfsemi fellur vel að hlutverki Hvanneyrar, þar sem búskapur, kennsla og rannsóknir hafa lengi farið saman.

Fræðslusetrið tengist Peatland LIFEline-verkefni sem Landbúnaðarháskólinn leiðir með stuðningi LIFE-áætlunar Evrópusambandsins og stendur yfir frá 2025 til 2031. Þar er unnið að endurheimt votlendis og miðlun þekkingar, auk undirbúnings göngustíga á Hvanneyri. Friðlýst búsvæði fugla í Andakíl, sem er jafnframt Ramsar-svæði, býður upp á einstök tækifæri til fræðslu og náttúruskoðunar. Fræðslusetrið getur tengt rannsóknir og reynslu af endurheimt við það sem gestir sjá úti í náttúrunni."

Hvanneyrartorfan skipar sérstakan sess

Friðlýsing Hvanneyrartorfunnar nær til níu húsa, ásýndar staðarins og fjölbreyttra minja um búskap og mannlíf. Ragnheiður telur hana skipa sérstakan sess í sögu íslensks landbúnaðar og búnaðarmenntunar. Þar beri húsin og umhverfi þeirra vitni um starf kynslóðanna sem byggðu upp skólann og tóku þátt í að móta íslenskan landbúnað. „Skemman, elsta húsið, er frá árinu 1896. Meðal bygginganna eru verk fyrstu menntuðu húsameistara landsins, Rögnvaldar Ólafssonar, Einars Erlendssonar og Guðjóns Samúelssonar. Halldórsfjós og hlaðan við það voru reist á árunum 1928–1929 eftir teikningum Guðjóns. Þessi hús hafa mikið gildi hvert fyrir sig, en samspil þeirra og landslagsins gerir Gömlu Torfuna að heild sem okkur ber að varðveita.

Friðlýsingin var mikilvæg viðurkenning á menningarverðmætum staðarins. Henni þarf þó að fylgja raunhæfur fjárhagslegur grundvöllur til að sinna húsunum. Þegar samfélagið ákveður að varðveita byggingar vegna sameiginlegs menningararfs þarf jafnframt að tryggja að hægt sé að viðhalda þeim og nýta. Fjármagn þarf að fylgja friðlýsingu og vera nægilega fyrirsjáanlegt til þess að unnt sé að skipuleggja starfið til lengri tíma," heldur Ragnheiður áfram.

Hún bætir við að LbhÍ hafi í samstarfi við Framkvæmdasýsluna – Ríkiseignir (FSRE) og með stuðningi Húsafriðunarsjóðs gert sitt besta til að viðhalda byggingunum. „Samstarfið hefur skipt miklu máli. Viðhaldsþörfin er þó meiri en núverandi fjármagn ræður við og er frekari stuðningur nauðsynlegur til að koma húsunum í viðunandi horf.

Það er dýrt að fresta viðhaldi. Smærri viðgerðir sem ekki er ráðist í tímanlega geta leitt til umfangsmikilla og kostnaðarsamra framkvæmda. Við stöndum nú frammi fyrir slíkri stöðu í Gömlu Torfunni. Reglubundið viðhald er því bæði forsenda varðveislu og skynsamleg ráðstöfun fjármuna. Jafnframt skiptir máli að finna húsunum hlutverk sem hæfir sögu þeirra og stuðlar að áframhaldandi notkun þeirra. Þannig getur fjármögnun nýrra verkefna jafnframt hjálpað okkur að varðveita gömlu húsin."

Fræðslusetur og fjölnota salur í hlöðunni

Hjá LbhÍ er nú unnið að því að greina tækifærin og áætla kostnað við nauðsynlegar framkvæmdir. Sú vinna verður lögð fyrir FSRE til að móta í sameiningu fyrstu skrefin að betra ástandi húsanna og aukinni nýtingu þeirra. Ragnheiður segir mikilvægt að forgangsraða þannig að þeir fjármunir sem þegar hafa fengist nýtist sem best og að hver áfangi styðji við heildaruppbygginguna.

„Fyrir nokkru kom félagi minn, Ivan Kalc, arkitekt frá Serbíu, í heimsókn á Hvanneyri. Hann teiknaði hugmyndir að fræðslusetri og fjölnota sal í hlöðu Halldórsfjóss, með veitingastað í öðrum enda hennar. Teikningarnar gefa skemmtilega sýn á hvernig hægt væri að nýta rýmið og færa nýja starfsemi inn í hús sem á sér merka sögu. Þær eru innlegg í þá hugmyndavinnu sem nú stendur yfir, en jafnframt er horft til möguleikanna í Hjartarfjósi.

Hér getur orðið til áhugaverð tenging í framtíðinni milli matvælakjarnans og veitingastaðar þar sem íslenskar afurðir fá að njóta sín. Gestir gætu kynnst hráefninu og framleiðendum þess yfir góðri máltíð, sótt fræðslu um votlendi og fuglalíf og gengið um svæðið eftir stígum sem leiða þá um náttúruna af nærgætni. Fjölnota salur gæti jafnframt nýst til námskeiða, funda og viðburða og þannig aukið notkun húsanna yfir árið.

Framtíðarsýnin er sú að veitingastaðurinn verði svo eftirsóttur að panta þurfi borð með löngum fyrirvara og færri komist að en vilja. Slík sýn byggir á trú á gæði íslensks landbúnaðar og möguleikum okkar til að auka virði afurðanna með vöruþróun, matargerð og góðri miðlun á uppruna þeirra."



Tölvuteiknuð mynd af því hvernig innrétta mætti hlöðu Halldórsfjóss sem veitingastað.

Kallað eftir samstarfsaðilum

Ragnheiður kallar eftir fleiri samstarfsaðilum til að hjálpa við að hrinda þessum áformum í framkvæmd. „Landbúnaðarháskólinn hefur sótt fjármagn, þróað verkefni og leitað leiða til að tengja varðveislu húsanna við starfsemi sem getur skapað ný verðmæti. Til að ráðast í umfangsmeiri viðgerðir þurfum við fleiri með okkur. Við leitum eftir samstarfi við stjórnvöld og fjárhagslega öfluga aðila, þar á meðal fyrirtæki og sjóði sem vilja styðja við íslenskan landbúnað og menningararf hans. Fyrirsjáanlegt fé til viðhalds og þátttaka í einstökum áföngum gætu komið þessari uppbyggingu verulega áleiðis," segir hún.

Spurð um áætlanir varðandi framkvæmdatímann, segir Ragnheiður að þær liggi ekki fyrir en unnið sé að því að taka þær ákvarðanir sem þarf varðandi húsnæði. „Til dæmis að byrja mögulega í Hjartarfjósinu sem er minna í sniðum. Við þurfum að vinna þetta eins hratt og við mögulega getum, því LIFE-verkefnið er til fimm og hálfs árs og fyrsta árinu er þegar lokið."



Berðu saman verðin
áður en þú festir kaup annars staðar.
Það á eftir að koma þér skemmtilega á óvart!

Fast Parts ehf.
Sími: 788 8893
Email: pantanir@fastparts.is
www.shop.fastparts.is

FAST PARTS

can-am®

OUTLANDER 1000R LIMITED

250.000kr afsláttur og 250.000kr aukahlutapakki
fylgir Limited hjólum í október

TVEIR INNBYGGÐIR
FARANGURSKASSAR

1.588KG SPIL
STÁL STUÐARAR



ROTAX 1000 MÓTOR
101 HESTAFL

30 CM FJÖÐRUNARSVIÐ
KYB SNJALLFJÖÐRUN

TIL Á LAGER - TAKMARKAÐ MAGN

ELLINGSEN
Vínlandsleið 1, 113 Reykjavík / 415-8500 / www.brp.is

©2024 Can-Am og BRP merkin eru vörumerki Bombardier Recreational Products eða tengdra félaga þess.


Félagsheimilið Flúðum.

Aldarafmæli kýrinnar Huppu á Kluftum

Þann 3. nóvember næstkomandi verður slegið upp veglegri ráðstefnu í Félagsheimilinu á Flúðum til að fagna aldarafmæli kýrinnar Huppu á Kluftum.

Það eru Nautgriparæktarfélag Hrunamanna, Sveitarfélagið Hrunamannahreppur og Búnaðarsamband Suðurlands sem standa að viðburðinum, en má segja að Huppa hafi lagt hvað mest til framþróunar íslenskrar mjólkurframleiðslu.

Dagskráin er stútfull af fróðleik þar sem starfsumhverfi Huppu á heiðarbýlinu Kluftum, ættartré hennar og fágætum kynbótahæfileikum verður hampað. Í dag rekja allar kýr af íslenskum stofni ættir sínar til hennar og sýna erfðarannsóknir að hlutur hennar í kúastofninum á sér engan líka á heimsvísu.

Á ráðstefnunni munu sérfræðingar og búvísindamenn stíga á svið. Meðal efnis er erindi um hvað nútíma erfðatækni segir okkur um gen Huppu, saga hins glæsilega farand-verðlaunagrips nautgriparæktar á Íslandi, Huppuhornsins, fyrirlestur um erfðir kúalita og skemmtileg umfjöllun um nafngiftir íslenskra nautgripa, svo eitthvað sé nefnt.

Samhliða ráðstefnunni verður kynnt ný og ítarleg bók, Huppa á Kluftum, sem bókaforlagið Skrudda gefur út. Þar er efni ráðstefnunnar gert ítarlegri skil í máli og ríkulegri myndskreytingu. Allt áhugafólk landbúnaðarsögu og nautgriparæktar er eindregið hvatt til að mæta á þessa einstöku hátíðarstund á Flúðum sem fer fram á milli klukkan 11–17. */sp*

– Sjá síðu 44.

Þór hf. hættir með DEUTZ-FAHR dráttarvélar

Þór hf. og SDF hafa komist að sameiginlegri niðurstöðu um að ljúka samstarfi um sölu DEUTZ-FAHR dráttarvéla á Íslandi.

Þór hf. mun áfram veita þjónustu og útvega varahluti fyrir DEUTZ-FAHR dráttarvélar þar til SDF, framleiðandi vélanna, hefur komið nýju fyrirkomulagi á sölu og þjónustu DEUTZ-FAHR á Íslandi.



Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Þór hf.

„Það er sameiginlegt markmið Þórs hf. og SDF að þessar breytingar hafi sem minnst áhrif á eigendur DEUTZ-FAHR dráttarvéla. Fyrirtækin munu vinna saman að því að tryggja góða samfellu í þjónustu á meðan breytingarnar ganga yfir.“ */þh*



Matís:

Samræmdar aðferðir þróaðar við vöktun á rusli í vatni

Matís stýrir stóru evrópsku verkefni sem felst í að þróa samræmdar og hagkvæmar aðferðir við mat og vöktun á rusli í vatni.

Sophie Jensen stýrir verkefninu fyrir hönd Matís sem heitir CLEAR-WATER og aðrir tveir íslenskir starfsmenn eru með henni í teyminu. Hún segir að verkefnið hafi byrjað núna 1. september en gert sé ráð fyrir að því ljúki í ágúst 2030. Afar brýnt sé að hafa góðar og samræmdar aðferðir við vöktun á rusli sem geta gefið okkur heildarmynd af ástandi vatnasvæða á ólíkum svæðum víðs vegar í Evrópu.

Plast er 80% af öllu rusli

Sophie segir að vandamálið sé víða mjög alvarlegt, vötn séu mörg orðin talsvert menguð af rusli. Örplast sé víða sem erfitt sé að meta heildstætt nema með betri og samræmdum aðferðum. „Það eru nú þegar til rannsóknir sem sýna að plast er um 80% af öllu rusli sem finnst í náttúrunni og hefur því mikil áhersla verið á plast og plastrannsóknir. Rusl í vatnsumhverfi finnst víðs vegar um Evrópu – í grunnvatni, ám, vötnum, við strendur og úti á hafi – en það er hvorki mælt, greint né skrásett með samræmdum hætti. Þetta leiðir til ósamræmdra gagna sem erfitt er að bera saman, sameina og nýta til að öðlast skilning á því hvar ruslið er að finna, hvernig það berst um og hvaða hættu það veldur.

Það er akkúrat það sem þetta verkefni á að leiða af sér, nefnilega samræmingu í aðferðum og skráningum.

Þegar verkefninu lýkur verður á grundvelli okkar verkefnis bæði auðveldara að finna staði þar sem vandamálið er hvað mest, þar sem safnast mest af rusli, og fara í markvissar hreinsunaraðgerðir. En þær eru ekki hluti af okkar verkefni.“

Vatnsumhverfi allrar Evrópu

Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu með sex milljóna evra heildarframlagi en það er unnið í samvinnu við 19 samstarfsaðila frá 13 löndum. Þar af renna 600 þúsund evrur til íslenska hluta verkefnisins. „Þetta er mjög umfangsmikið heildarverkefni og nær bæði yfir að þróa aðferðir við samræmingu á vöktun og eftirliti – og beinar aðferðir við mælingar á rusli og mat í vatnsumhverfi,“ útskýrir Sophie enn fremur.

„Verkefnið byggir á núverandi vöktunaráætlunum og skilgreinir sameiginlegan viðmiðunargrundvöll sem lönd og svæði geta nýtt sér, um leið og skapaðar eru skýrar leiðir til að bæta aðferðir og samanburðarhæfni gagna með tímanum.

Kjarninn í CLEAR-WATER felst í því að sameina staðfestar aðferðir, gögn, líkön, upplýsingar um vistfræðilega áhættu og leiðbeiningar um stjórnun í eitt sameiginlegt evrópskt rammaskipulag (CLEARMAP), þar sem hagnýtar nálganir mæta leiðum að þróaðri vöktun. CLEARMAP er aðalútkoma verkefnisins og er heildstætt evrópskt rammaskipulag fyrir samræmda vöktun og mat á rusli í vatnsumhverfi.“



Sophie Jensen stýrir verkefninu sem felst í því að þróa heildstætt evrópskt rammaskipulag fyrir samræmda vöktun og mat á rusli í vatni. Mynd / smh

Mælikvarðar til að meta heilbrigði vatna

„En innan rammans á líka að þróa og staðfesta samræmdar aðferðir og tækni varðandi mat á rusli í öllum stærðarflokkum – allt frá stóru rusli niður í ör- og nanóplast. Þetta felur í sér staðlaðar verklagsreglur fyrir sýnatöku og greiningu, viðmiðunarefni og staðla, gæðatryggingu og gæðaeftirlit, samanburð milli rannsóknastofa og nýjar lausnir á borð við sjálfvirka sýnatöku, fjarvöktun, drónaeftirlit og greiningu með gervigreind,“ heldur Sophie áfram.

Hún segir að ýmsir mælikvarðar verði notaðir til að meta hvort vatnasvæði séu heilbrigð. „Einn slíkur er ástand vistkerfa, til dæmis hvort nægt súrefni sé í vatni eða hvort eiturefni mælist, en þar undir er líka ruslmagn.

Umfangið er gríðarlega mikið þegar kemur að rusli því það þarf að vakta svo ólíkar tegundir af rusli sem er svo misjafnt að stærð. Til marks um það má nefna að minnsta mælanlega rusleiningin er tveimur milljón sinnum minni en stærsta ruslið sem mælikvarðar okkar ná yfir.“ */smh*

Lýsuhóll:

Sjálfbær þróun með sólarorku

Eins og frá var greint í síðasta tölublaði Bændablaðsins er stærsta birtuorkuver landsins að finna á þaki reiðhallarinnar á Lýsuhóli á Snæfellsnesi. Ábúendur ákváðu að fara þessa leið og afla endurnýjanlegrar orku í gegnum 340 sólarsellur þar sem rafmagnsreikningurinn var orðinn mjög hár í búrekstrinum.

Jóhanna Ásgeirsdóttir og Agnar Gestsson búa á Lýsuhóli, sem er í Staðarsveit, ásamt börnum, en þau tóku við búinu af foreldrum Jóhönnu árið 1993.

Tilvonandi tengdasonur orkuverkfræðingur

„Á þessum rúmu þrjátíu árum höfum við byggt upp starfsemina og stækkað ferðaþjónustuna mikið. Í dag eru um 130 hross á Lýsuhóli, auk þess sem við rekum hótel með 12 herbergjum og nokkrum sumarbústöðum. Lýsuhóll er fjölskyldufyrirtæki, Halla, dóttir okkar, Jóhann, tilvonandi tengdasonur okkar, og börnin þeirra taka virkan þátt í rekstrinum. Jóhann er menntaður orkuverkfræðingur frá Þýskalandi, svo við búum yfir góðri þekkingu á orkumálum innan fjölskyldunnar,“ útskýrir Agnar.


Agnar Gestsson og Jóhanna Ásgeirsdóttir búa á Lýsuhóli og reikna með að orkuverið á þaki reiðhallarinnar borgi sig upp á sex til sjö árum.

Hann segir að eftir því sem starfsemin hafi stækkað í gegnum árin hafi rafmagnsnotkunin einnig aukist.

Vilja þróast á sjálfbæran hátt

„Rafmagnsreikningurinn var orðinn mjög hár og það var ein af ástæðum þess að við fórum að skoða sólarorku. Við vorum búin að velta fyrir okkur vindorku og vatnsorku, því okkur finnst verkefnið líka snúast um ábyrgð gagnvart framtíðinni,“ segir Agnar og bætir við að segja megi að þau séu bæði sólar- og vindmegin í lífinu í Staðarsveitinnni.

„Okkur þykir vænt um náttúruna hér á Lýsuhóli og viljum að fjölskyldufyrirtækið þróist á umhverfisvænan og sjálfbæran hátt. Við viljum nýta orkuna betur og gera það sem við getum gert til að reksturinn verði sjálfbærari. Sólarorkan er spennandi skref í þá átt og við erum spennt að sjá hvernig þetta kemur út á ársgrundvelli.“


Orkukerfið á þaki reiðhallarinnar samanstendur af 340 sólarsellum og er tengt við stóra rafhlöðuorkugeymslu. Myndir / Aðsendar

Agnar vonast til að verkefnið geti bæði lækkað rafmagnskostnaðinn og hjálpað þeim við að nýta endurnýjanlega orku í rekstrinum. Kostnaður við verkefnið er áætlaður um 30 milljónir króna og þau reikni með að fjárfestingin borgi sig upp á sex til sjö árum. */smh*

Tryggðu öruggt start!

Starttæki, hleðslutæki og rafgeymar í miklu úrvali



Kemi ehf | Tunguhálsi 10 | Sími 415 4000 | kemi@kemi.is | www.kemi.is

Kemi

NÁKVÆMNI Í HVERT VERK

15% AFSLÁTTUR AF SPECTRA LASERUM

SPECTRA PRECISION LASER

Fyrir jarðvinnu, steypuvinnu, uppstillingar og innanhússfrágang



HV1305C

Listaverð 299.956 kr.

TILBOÐ 254.963 kr.



LL1505C

Listaverð 235.538 kr.

TILBOÐ 200.207 kr.



GL1425C

Listaverð 499.695 kr.

TILBOÐ 424.741 kr.



LT360G

Listaverð 103.292 kr.

TILBOÐ 87.798 kr.



LT20XG

Listaverð 39.990 kr.

TILBOÐ 33.991 kr.

Fálkinn ehf I Dalvegi 10-14 I 201 Kópavogur

Sími: 510 5100 I falkinn.is

FÁLKINN



Jarðvegsvini er hægt að dreifa með hefðbundnum áburðardreifara. Mynd / eks

Áburðarmál:

Verðhækkun um 2,5% tryggð

Bændur huga brátt að áburðarmálum næsta ræktunartímabils. Í rúmlega 10 ár hefur verið fluttur inn lífrænt vottaður áburður sem hentar einnig í hefðbundnum landbúnaði.

Hjörtur Grétarsson er einn eigenda Vege, sem flytur inn lífrænt vottaðan áburð. Hann segir birgjana hafa staðfest að lágmarks verðhækkun verði gerð á milli ára, 2,5%. Hann segir góða reynslu af notkun áburðarins á Íslandi.

Lekur ekki út í náttúruna

„Við erum þekkt innan lífræna geirans. En það eru bændur utan hans líka sem nota áburðinn frá okkur," segir Hjörtur.

„Okkar niðurstaða er að þetta tvennt gengur best fyrir íslenskar aðstæður," segir hann um svokallaðan Plöntunæri og Jarðvegsvin, kyrnisáburði sem þau flytja inn, „og vökvinn í ylræktina."

„Þetta hefur verið prófað talsvert á Íslandi, til dæmis þegar verið er að brjóta tún og endurrækta," segir Hjörtur um Jarðvegsvininn. Hann er bættur með steinefnum og vaxtarhvetjandi efnum og er unninn úr vínberjahrati.

„Plöntunærir er þægilegur fyrir bændur. Hann losar um 50% af næringarefnunum á sex vikum, svo hann er niturgjafi mest allt sumarið. Hann lekur ekki út í náttúruna og í grunnvatnið," segir Hjörtur. Hann bendir á að slíkur áburður sé ákjósanlegur á stöðum svo sem við viðkvæm vötn.

Hentar í hefðbundnum búskap

Fyrirtækið selur nokkrar vörur sem henta bæði til ræktunar túna, í útiræktun grænmetis, kornrækt eða í ylrækt, bæði í föstu og fljótandi formi.

Áburðinn er hægt að bera á með hefðbundnum áburðardreifara og því ekki þörf á sérstökum tækjum.

Einnig er í boði áburður sem hægt er að úða á vaxtartímabilinu. Hjörtur segir áskorun að koma slíkum áburði á markað á Íslandi, en hann sé mikið notaður í Evrópu. Hann geti hentað í kartöfluræktun og útiræktun grænmetis og ekkert sé því til fyrirstöðu að nota hann í tún- eða kornrækt til að bæta uppskeruna. Til þess gætu nýst drónar sem verða æ algengari í landbúnaði.

„Í Evrópu er sala af þessum áburði um 70% til bænda sem eru ekki í lífrænni ræktun," segir Hjörtur. „Það er mikið til vegna aukinna krafna um minnkaða mengun frá tilbúnum áburði."

Hjörtur segir erlendar efnarannsóknir hafa sýnt fram á að við notkun á áburðinum mælist hærra próteininnihald í grasi, samanborið við þar sem tilbúinn áburður er notaður.

Góð reynsla í Neðri-Hálsi

Kristján Oddsson er bóndi á Neðri-Hálsi í Kjós og einn stofnenda Biobús. Hann segist hafa notað áburðinn frá Vege með góðum árangri. Hann segir að í túnrækt sé mælt með að nota 270 kg á hektara ef enginn annar áburður er notaður. Í Neðri-Hálsi er hlutfallið um 15-20% af heildaráburðarnotkun á móti öðrum lífrænum áburðargjöfum, búfjáráburði, kjötmjöli og heimagerðri moltu. „Við notum þennan áburð líka á tún sem notuð eru til beitar eftir fyrsta slátt í júní og þá er notaður hálfur skammtur. Hann snerpir á sprettunni."

Hann segir góðan kost við þennan áburð að hann endist vel og skolast ekki auðveldlega út. Best sé að bera hann á sem fyrst á gróðurtímabilinu.

/eks



Byggðastofnun:

Aukin fjárframlög verða til þróunar verkefnisins Brothættar byggðir

Stjórn Byggðastofnunar hefur ákveðið að auka fjárframlög til verkefnisins Brothættar byggðir um 80 milljónir króna á ári næstu fimm árin. Þessi fjárhagslegi stuðningur markar ákveðin tímamót og gerir það að verkum að hægt er að stækka og þróa verkefnið enn frekar.

Vegna þessarar aukningar hefur starfsfólk Byggðastofnunar sett saman nýja áætlun með það fyrir augum að geta brugðist við ákalli um þátttöku fleiri byggðarlaga þó þau skori ekki endilega hæst á mælikvörðum um brothættu. Samhliða hefur þriggja ára tilraunaverkefnið Brothættar byggðir II verið fest í sessi, en það hefur verið í gangi undanfarin tvö ár í tveimur samfélögum sem áður tóku þátt í grunnverkefninu.


Þrískipt skipulag frá og með 2027

Frá byrjun árs 2027 verður verkefninu Brothættar byggðir skipt upp í þrjár ólíkar þátttökuleiðir. Þær byggja allar á hugmyndafræði upphaflega verkefnisins og lagt er upp með að verkefnið rúmi ákveðinn fjölda samfélaga í einu. Meginmarkmið allra verkefnanna þriggja er eftirfarandi: Að valdefla og virkja frumkvæði íbúa, treysta stoðir dreifðra byggða og að styrkja byggðafestu.

Lýsing og áherslur

Brothættar byggðir I
Grunnverkefnið sem miðar að stuðningi við brothættustu byggðirnar.
• Unnið með 4 til 5 byggðarlög, með allt að 800 íbúum • Fimm ára verkefni.
• Verkefnisstjórnun að stærstum hluta fjármögnuð af Byggðastofnun.
• Frumkvæðisstyrkir taka mið af íbúafjölda og koma frá verkefninu/ Byggðastofnun.

Brothættar byggðir II
Framhaldsverkefni sem byggir á reynslu síðustu tveggja ára.



Mynd / Kristján Þ. Halldórsson

• Unnið með 2 byggðarlög.
• Fyrrum þátttökubyggðarlög Bb.
• Þriggja ára verkefni. • Verkefnisstjórnun fjármögnuð af viðkomandi sveitarfélagi í samstarfi við landshlutasamtökin. • Frumkvæðisstyrkir taka mið af íbúafjölda og koma frá verkefninu/Byggðastofnun.

Sterkari byggðir
Nýtt verkefni sem víkkar út hóp þeirra byggðarlaga sem geta fengið stuðning.
• Unnið með 2 byggðarlög, með allt að 1400 íbúum. • Fimm ára verkefni.
• Í verkefninu er gert ráð fyrir að Byggðastofnun greiði helming þess framlags sem greitt er í Brothættum byggðum upp í kostnað við starf verkefnisstjóra. Sveitarfélag beri kostnað sem út af stendur.
• Frumkvæðisstyrkir taka mið af íbúafjölda og koma frá verkefninu/ Byggðastofnun. • Ólíkt grunnverkefni Brothættra byggða einskorðast þátttaka ekki við byggðarlög sem glímt hafa við langvarandi vanda og hnignun undanfarin ár.

Á næstu misserum skapast nú svigrúm til þátttöku nýrra byggðarlaga sem hafa áhuga á að efla samfélagið með hugmyndafræði Brothættra byggða. Byggðaþróunarverkefnið hófst upphaflega árið 2012.

Síðan þá hafa samtals 17 byggðarlög tekið þátt frá upphafi en um ræðir samstarfsverkefni á milli Byggðastofnunar, viðkomandi sveitarfélags og viðeigandi landshlutasamtaka.

/sp

Styrkveiting á sviði byggðaþróunar

Byggðastofnun hefur frá árinu 2015 veitt styrki til meistaranema sem vinna að lokaverkefnum á sviði byggðaþróunar – og auglýsir nú alls 4 styrki til meistaranema sem vinna að rannsóknartengdum lokaverkefnum á sviði byggðaþróunar.

Kostur er ef þau hafa skírskotun til byggðaáætlunar, en stefnt er að því að veita allt að fjóra styrki. Í umsókn skal koma fram greinargóð lýsing á verkefninu, markmiðum þess og hvernig það styður við byggðaþróun, en til úthlutunar er allt að 1.200.000 kr. Umsækjendur þurfa að stunda meistaranám við viðurkenndan háskóla.

Umsóknarfrestur er til miðnættis 9. nóvember 2026 og frekari upplýsingar veitir Hanna Dóra Björnsdóttir á netfanginu hannadora@byggdastofnun.is

Loftslagsvænn landbúnaður:

Hagrænn ávinningur fyrir búreksturinn

Í sumar var endurnýjaður samningur Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) við atvinnuvegaráðuneytið um framhald verkefnisins Loftslagsvænn landbúnaður, sem gildir út árið 2027.

Í nýjum samningi er ekki gert ráð fyrir þátttökugreiðslum af hálfu stjórnvalda, en Sigurður Torfi Sigurðsson verkefnastjóri telur að það ætti ekki að letja bændur til þátttöku þar sem eftir talsverðu sé enn að slægjast með sérhæfðri ráðgjöf innan verkefnisins frá starfsfólki RML og Landi og skógi til betri búskaparhátta sem skili sér í betri búrekstri.

„Ávinningurinn felst meðal annars í faglegri ráðgjöf, aðgangi að fræðslu og verkfærum og tækifærum til að greina reksturinn og finna raunhæfar leiðir til úrbóta. Avinningurinn er þannig hagrænn þar sem aðgerðir sem draga úr losun geta jafnframt bætt nýtingu aðfanga, aukið hagkvæmni og styrkt búreksturinn til lengri tíma. Það er líka áhugi hjá bændum og mikilvægt fyrir marga að geta tekið þátt í samstarfi og miðlað reynslu með öðrum bændum sem glíma við sambærilegar áskoranir og eru að vinna að álíka markmiðum," útskýrir Sigurður Torfi.

Áætlanir til úrbóta

Verkefnið hófst árið 2020 og síðan hafa 60 bú farið í gegnum ferlið sem snýr aðallega að fræðslu um loftslagsmál og að veita bændum aðstoð við að rýna sín bú og gera aðgerðaáætlun fyrir úrbætur. Sigurður segir að bæði sé þar um að ræða einstaklingsráðgjöf og fundahöld í hópum.

„Það eru skráð 56 bú í verkefninu í dag og þessi bú verða virk í verkefninu áfram. Við veitum þessum þátttakendum áfram aðgengi að fræðsluefni og þeir verða áfram virkir í starfi verkefnisins en hver á sínum forsendum. Við erum með reglulega fræðslu- og spjallfundi bæði á neti og á vettvangi þar sem þessum bændum er boðið að mæta, taka þátt í spjalli og miðla þekkingu og reynslu meðal jafningja.



Sigurður Torfi Sigurðsson.

Nýir þátttakendur sem koma í verkefnið þurfa að vera tilbúnir að taka virkan þátt í verkefninu og tilbúnir að skoða hvernig búrekstur þeirra geti þróast til loftslagsvænni leiða líkt og þátttakendur sem eru í verkefninu í dag hafa gert. Þeir þurfa að vera tilbúnir að rýna búrekstur sinn, gera áætlun til úrbóta og mæta á undirbúningsvinnustofur og fyrirlestra um grunnatriði loftslagsmála."

Aðstoð við endurheimt votlendis

Að sögn Sigurðar Torfa vill RML fá sem flesta inn í verkefnið. „Samkvæmt nýjum samningi er gert ráð fyrir allt að 45 nýjum þátttakendum nú í haust og næsta vor þannig að ef það raungerist verða þetta tæplega 150 þátttakendur.

Í dag eru þetta að mestu sauðfjárbændur og nautgripabændur, bæði í mjólkur- og kjötframleiðslu, en einnig eru nokkur bú í garðyrkju. Hvað varðar nýja þátttakendur þá erum við ekki að horfa á einhverjar sérstakar búgreinar frekar en aðrar. Bændur í öllum búgreinum eru velkomnir."

Spurður um mögulega aðstoð við bændur varðandi aðgerðir við endurheimt votlendis – vegna mögulegra kolefniseininga sem slík verkefni geta leitt af sér – segir Sigurður Torfi að Land og skógur sé samstarfsaðili þeirra í verkefninu og hafi kynnt þátttakendum starf sitt, meðal annars á sviði endurheimtar votlendis. „Við aðstoðum þátttakendur og vísum þeim til réttra tengiliða hjá Landi og skógi svo verkefnin komist í rétta farvegi.

Vottun kolefniseininga vegna endurheimtar votlendis er tiltölulega ný nálgun hér á landi, en við munum fræða bæði núverandi og nýja þátttakendur um þróun og möguleika á því sviði."

/smh

Við fjármögnum landbúnaðartæki



Lykill
Fjármögnun

Kjúklingaafurðir frá Póllandi og Eystrasalti í aukinni sókn

Harpa Ólafsdóttir
harpa@bondi.is




Frá árinu 2017 til 2025 minnkaði framleiðsla á alifuglakjöti úr 27 kg á mann í 22 kg. Aukinni eftirspurnarþörf vegna aukins fjölda íbúa sem og ferðamanna var því mætt með auknum innflutningi. Mesta aukningin undanfarið er á kjúklingakjöti frá Póllandi og Eystrasaltslöndum en einnig hefur verið talsverð aukning á unnu kjúklingakjöti frá ýmsum löndum svo sem Taílandi, Póllandi og Danmörku.


Almennt hefur verið sátt um að styðja við innlendan landbúnað og þá ekki hvað síst með fæðuöryggi landsins í huga, samanber landbúnaðarstefnu íslenskra stjórnvalda sem gildir til ársins 2040.

Stuðningur við íslenskan landbúnað er annars vegar í formi beins stuðnings við bændur og hins vegar í formi markaðsverndar eða tollverndar. Stuðningur við alifuglabændur á Íslandi er fyrst og fremst í formi tollverndar. Tollvernd á alifuglakjöt hefur hins vegar rýrnað á undanförnum árum en nú má flytja inn ríflega eitt þúsund tonn tollfrjálst af alifuglakjöti frá ESB. Þá hefur magntollur, þ.e. fast verð á hvert innflutt kíló, ekki tekið almennum verðlagsbreytingum frá 1995. Þannig hefur minnkandi stuðningur við alifuglabændur leitt til aukins innflutnings, en frá 2017 jókst innflutningur um 52% á sama tíma og framleiðsla minnkaði um 2%.


Undanfarin ár hefur innflutningur á kjúklingi aukist frá Danmörku en minnkað að sama skapi frá Þýskalandi. Þá má vel merkja áhrif þess þegar tollar voru felldir tímabundið af kjúklingi frá Úkraínu árið 2022 og 2023. En árið 2023 voru flutt inn 756 tonn af kjúklingi frá Úkraínu sem nam um 23% af heildarinnflutningi á alifuglakjöti það árið. Þá hafa auknar tollaívilnanir leitt til aukins innflutnings frá Póllandi sem og Litáen. Þannig nam innflutningur á kjúklingi frá Póllandi 923 tonn árið 2024, sem samsvaraði um 30% af heildarinnflutningi alifuglakjöts það árið. Þá jókst innflutningur á alifuglakjöti frá Litáen talsvert árið 2025 þegar flutt voru inn 796 tonn, sem jafngilti um 24% af innflutningi fyrir 2025.




Heimild: Hagstofa Íslands, tekið er tillit til beinahlutfalls




Heimild: Hagstofa Íslands, tekið er tillit til beinahlutfalls



Heimild: Hagstofa Íslands, tekið er tillit til beinahlutfalls



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands

Sé horft til þróunar innflutnings fyrstu átta mánuði ársins 2026 til samanburðar við árið áður má sjá að innflutningur jókst áfram um 15% milli ára. Nú hefur Lettland hins vegar bæst við sem eitt af stærstu innflutningslöndum alifuglakjöts og er þá fyrst og fremst um að ræða frystan úrbeinaðan kjúkling. Minna var flutt inn frá Litáen en árið á undan og eins lækkar Danmörk hlutfall sitt lítillega en innflutningur eykst milli ára frá Póllandi.

En þá er ekki síður áhugavert að sjá þróun innflutnings á unnu alifuglakjöti þar sem innflutningur jókst úr 361 tonni árið 2017 í 678 tonn árið 2025, sem jafngildir um 88% aukningu á tímabilinu. Mest hefur verið flutt inn frá Taílandi en einnig er talsvert flutt inn frá Póllandi.

Þróun innflutnings á unnu alifuglakjöti frá 2025 til 2026 sýnir áframhaldandi vöxt eða aukningu um 13% fyrir tímabilið janúar til ágúst milli ára.

Fyrstu átta mánuði ársins 2026 hefur verið flutt inn alifuglakjöt fyrir ríflega 1,8 milljarða króna án aðflutningsgjalda, sem miðast við svokallað cif verðmæti. Fyrir allt árið 2026 stefnir í að innflutningsverðmætið verði langt yfir þeim fjárhæðum sem flutt var inn árið 2025 þegar cif verðmætið nam tæplega 2,4 milljörðum króna.

Það verður að teljast ákveðin mótsögn við landbúnaðarstefnu stjórnvalda sem styðja á við fæðuöryggi landsins þegar fluttar eru inn kjötafurðir í auknum mæli fyrir milljarða króna ár hvert á sama tíma og stuðningur við bændur fer minnkandi. En samfara ákalli alifuglabænda um að tollverndin haldi gildi sínu hefur verið kallað eftir því að beinn stuðningur í formi fjárfestingastuðnings verði veittur, sem myndi jafnframt auka fyrirsjáanleika í rekstri bænda.





EYLÍF

Active JOINTS





Active **JOINTS** fyrir liði, bein og bandvef. Flýtir endurheimt.

Hrein íslensk gæðahráefni,
framleitt á Grenivík

Active **JOINTS** frá Eylíf fæst í öllum apótekum, Hagkaup, Nettó, Krónunni, Fjarðarkaupum og Heilsuhúsinu.



Mynd / Unsplash, Olivie Strauss

Austurríki:

Endurvekja gömul eplayrki

Spar verlsunarkeðjan og ávaxta- og grænmetisframleiðandinn Frutura vinna í samstarfi að því að rækta tvö gleymd eplayrki og koma þeim aftur í hillur matvöruverslana. Eplayrkin eru Ilzer Rosenapfel, sem þekkist allt frá 1840, og Falchs Gulderling, sem fannst fyrst árið 1870.

Á tilraunakari í Styríu-fylki í Asuturríki eru nú 2.150 eplatré í ræktun. Fyrstu eplin hafa verið tínd og eru á leið í verslanir og skóla í Vínarborg, samkvæmt frétt breska fréttamiðilsins Guardian. Í dag eru aðeins um 10 af þeim 2.000 yrkjum sem eru til sölu í Austurríki í raun austurrísk. Ef tilraunin gengur vel og tekst að framleiða nær gleymdu eplin í matvælaframleiðslu fyrir stórverslanir er stefnan á að selja þau um allt land.

Katrin Hohensinner-Häupl, meðframkvæmdastjóri Frutura, segir verkefnið vera dans á milli nýsköpunar og áralangrar landbúnaðarvitneskju. Að endurvekja gömlu eplayrkin er því bæði að varðveita ræktunarsögu og matarsögu og að stuðla að líffræðilegum fjölbreytileika. Varaforstjóri Spar, Markus Kaser, segir að þetta sé einnig jákvætt fyrir neytendur sem eru símeðvitaðri um uppruna og ræktun matvara.

Elsta eplayrkið sem enn er aðgengilegt er að öllum líkindum Goldparmäne, sem þekkist frá 16. öld frá Normandy í Frakklandi. Yrki hafa bæði horfið vegna loftslagsbreytinga, vegna stríða, við iðnvæðingu landbúnaðar og tilhneigingu markaðsafla til að forgangsraða sætu bragði.

Matgæðingar eru spenntir fyrir því að fá ný bragðtegundir inn á markaðinn. Ilzer Rosenapfel-yrkið er dökkbleikt með ljósgulum eða grænum lit að utan og hvítt safaríkt hold. Ilmur þess er sagður sterkur og kryddaður og bragðið örlítið súrt. Gulderling-yrkið er djúprætt og stærra en hitt. Holdið er safaríkt en stökkt og er bragðinu einnig lýst sem sætu með súrum tón. Hohensinner-Häupl segir einnig að bragðið minni hana á epli úr barnæsku.

/kró

Bretland:

Íbúar uggandi vegna starfsemi efnaverksmiðju

– Hátt hlutfall pfas-efna í blóðsýnum

Nú er komið í ljós að magn pfas-efna, svokallaðra eilífðarefna, hefur greinst í blóði 70% íbúa í bæ í grennd við Blackpool, í því sem talið er háu magni, yfir 20ng/ml.

Efnaverksmiðja sem framleiðir flúorefni til iðnaðar er staðsett í útjaðri bæjarins. Bæjaryfirvöld hyggjast loka tveimur ræktarlöndum í grennd við verksmiðjuna og ráðleggja íbúum að þvo og afhýða það sem þeir rækta sjálfir.

Nýrnakrabbamein algengari

Fjöldi fólks býr í grennd við efnaverksmiðju AGC í bænum Thornton-Cleveleys, norður af Blackpool á Bretlandi. The Guardian greinir frá niðurstöðunum og þar kemur fram að í blóði sonar eins viðmælanda mældist magnið 111 ng/ml.

Mælingar sýndu að nær 70% þeirra sem blóðsýni voru mæld úr reyndust innihalda aukið magn Pfoa, sem tengt er alvarlegum sjúkdómum, sér í lagi nýrnakrabbameini.

Bresk stjórnvöld létu gera rannsókn á svæðinu. Í niðurstöðum hennar komust rannsakendur að þeirri niðurstöðu að á tveimur svæðum í grennd við Blackpool er tíðni nýrnakrabbameina hærri en almennt er. Tíðni annarra krabbameina reyndist ekki hærri en á landsvísu.

Ítarlegri úttekt var gerð og niðurstöður hennar þær að mögulega væri um tilviljanakenndar sveiflur að ræða og ekki tilefni til frekari rannsókna að svo stöddu.

Áhyggjufullir íbúar

Íbúi segist áhyggjufullur og óttast að mikill skaði sé þegar skeður. Annar sem nýlega lét fjarlægja krabbameinsæxli, sem myndast hafði í baki hennar, og hefur glímt við mikil heilsufarsvandamál, spyr hvernig hægt sé að losna við slík efni úr líkamanum. 436 ng/ml mældust í blóði hennar.



Eilífðarefni geta borist úr verksmiðjum og í nærliggjandi umhverfi og safnast þar fyrir.
Mynd / Ivabalk hjá Pixabay

Yfirvöld hafa ráðlagt íbúum í kílómetra radíus við efnaverksmiðjuna að þvo og afhýða það sem þeir rækta í görðunum sínum og neyta ekki eggja úr heimaræktun. Sveitarfélagið hefur áætlanir um að loka tveimur ræktunarsvæðum, þar sem íbúar hafa ræktað grænmeti nálægt verksmiðjunni, af heilsufarsástæðum.

Íbúi sem hefur ræktað í matjurtagörðunum undanfarin fimm ár fékk afhent bréf um að gildi Pfoa-efnis í rauðrófum sem hann ræktaði hefði mælst hæst af öllu því sem var mælt.

Mælingar hafi ekki spádómsgildi

Talsmaður AGC Chemicals Europe segir í viðtali við The Guardian að þau séu meðvituð um blóðrannsóknir íbúanna en niðurstöðum hafi ekki verið deilt með þeim. Hann leggur áherslu á að bresk stjórnvöld segi mælingar á eilífðarefnum með blóðsýnatökum ekki hafa spádómsgildi um framtíðarheilsu og geti stundum valdið óþarfa áhyggjum.

Fyrirtækið framleiðir flúorefni sem eru notuð í bílaiðnaði, flug- og geimferðariðnaði, olíu- og gasiðnaði.

Pfas-efni eru þúsundir tilbúinna efnasambanda, gjarnan kölluð eilífðarefni, þar sem þau brotna hægt eða ekki niður og safnast upp í lífverum og umhverfi. Á Bretlandi eru engin öryggisviðmið um magn Pfas-efna í blóði. Í Bandaríkjunum er viðmiðið 20ng/ml. Hollenska lýðheilsu- og umhverfisstofnunin reiknaði sambærilegt gildi út frá öryggisviðmiðum Matvælaöryggisstofnunar Evrópu. Reiknað viðmið þeirra er 6,9 ng/ml. Mælt gildi yfir hámarksviðmiðum þýðir ekki að viðkomandi verði örugglega veikur. Pfas-efni finnast víðar en í matvælum, svo sem í byggingarefnum, fötum, raftækjum og snyrtivörum. Slík efni mælast í blóði nær allra. Evrópskar rannsóknir hafa þó sýnt að þau fari minnkandi og séu svæðisbundin, svo sem hollensk rannsókn frá 2025. */eks*



Dýragarðar:

Sebrafolald í fóstur hjá hryssu

Sebrahryssa kastaði nýlega folaldi í dýragarðinum í Álaborg. Upp kom óvenjulega staða þegar hryssan drapst daginn eftir og koma þurfti móðurlausu folaldinu í fóstur.

Starfsmenn dýragarðsins settu sig í samband við hestasamfélagið í nágrenninu og folaldið var flutt á hrossaræktarbú. Því heilsast vel.

Átti fyrsta daginn með móðurinni

Sunnudaginn 4. október kastaði sebrahryssa í dýragarðinum í Álaborg folaldi. Fæðingin tók 20 mínútur og folaldinu heilsast vel. Folaldið átti fyrstu klukkustundirnar með móðurinni, drakk og virtist hraust. Móðirin lést aftur á móti daginn eftir. Upp var komin óvenjuleg staða.


Starfsmönnum tókst að mjólka hryssuna og færa folaldinu þannig lífsnauðsynlega næringu úr fyrstu mjólkinni, sem inniheldur mikilvæg efni fyrir ónæmiskerfið.

Þeir brugðu svo á það ráð að leita á náðir hestasamfélagsins á svæðinu og freista þess að finna fóstru fyrir folaldið. Sú leit bar árangur og folaldið var flutt til hryssu sem nýlega hafði kastað á hrossaræktarbúi.

Samkvæmt upplýsingum frá starfsmanni dýragarðsins heilsast sebrafolaldinu vel. Staðan er metin dag frá degi af sérfræðingum dýragarðsins og hrossaræktendunum. Eins og sakir standa er framtíð folaldsins lofandi og starfsmenn krossa fingur. Enn hefur sú litla ekki fengið nafn.

Stærsta hrossategundin

Sebrafolaldið er af tegundinni Grévy (Equus grevyi), sem er stærsta núlifandi villta tegundin í hrossafjölskyldunni, sem einnig hefur að geyma hesta og asna. Tegundin lifir villt í Kenía og Eþíópíu. Af sebrategundum er Grévy sú hávaxnasta, með stór eyru sem minna á asnaeyru og fingerðari rendur en aðrir sebrahestar, áberandi upprétt fax og grannleita snoppu. Grévy-sebrahestar borða gras, belgjurtir og kjamsa stundu á akasíutrjám.



Sebrafolaldið í góðu yfirlæti á hrossabúinu.
Mynd / Dýragarðurinn í Álaborg

Samfélög Grévy-sebrahesta byggja á feðraveldi og sterkum tengslum hryssa og afkvæma þeirra. Grévy-sebrahestar eru á lista yfir dýr í útrýmingarhættu í villtum heimkynnum sínum en ræktunarstarf í dýragörðum hefur gengið vel. Stofninn er talinn vera rúmlega 2.000 dýr.

Ekkert fer til spillis í dýragarðinum og ljónin í dýragarðinum fengu að gæða sér á hryssunni, hringrás lífsins heldur áfram. */eks*

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

steinsmidjaakureyrar.is

Tilboð 1- 698.000

Án blómaramma 590.000



Tilboð 2

210.000

265.000

með lukt



HAUSTTILBOÐ

Innifalin er uppsetning á höfuðborgarsvæði og Norðurlandi.
Sendum frítt um allt land. Geymum steina ef óskað er.

Tilboð 3 - 615.000

Án blómaramma 515.000



Tilboð 4 - 520.000

Án blómaramma 430.000



Rúmar vel tvö nöfn

Minni steinar sem passa líka á duftleiði

Tilboð 5

Demantur 195.000

245.000 með lukt



Blár



Grár



Svartur



Svartur



Paradiso

Tilboð 6

Hjarta 210.000

260.000 með lukt

s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is steinsmidjaakureyrar.is

Verslun Njarðarnes 4, 603 Akureyri

Eitt stærsta landeldi heims í Vestmannaeyjum



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Í Viðlagafjöru í Vestmannaeyjum er fiskeldisfyrirtækið Laxey með mikla uppbyggingu. Aðstæður á Íslandi henta vel til laxeldis á landi, en hreint vatn, mikil orka og mannauður með þekkingu úr iðnaði og sjávarútvegi skiptir höfuðmáli. Ísland er jafnframt vel staðsett varðandi skipaflutninga á stóra markaði í Evrópu og Bandaríkjunum.
Myndir / ál

Uppbygging fiskeldisstöðvarinnar Laxeyjar í Vestmannaeyjum er komin langt á veg, en fyrirtækið er þegar byrjað að selja lax á markaði erlendis og seiði sem önnur fiskeldisfyrirtæki hérlendis ala upp í sláturstærð. Laxey er búin að þróa aðferð til að þurrka seyru og vonast til þess að geta afhent bændum hana sem túnáburð á næsta ári.

„Fiskeldi á landi er í mínum huga áþekkara húsdýrarækt á landi en sjókvíaeldi," segir Hallgrímur Steinsson rekstrarstjóri í samtali. „Fiskeldi í sjó stjórnast mikið af náttúrunni á meðan við erum með stýrðar aðstæður og lokuð kerfi í landeldi.

Ísland er að verða þungamiðjan á heimsvísu í uppbyggingu á fiskeldi á landi. Ef þú raðar upp fimm stærstu landeldisverkefnunum í heiminum þá væru sennilega þrjú af þeim hérna á Íslandi og tvö í Noregi. Eins eru stór landeldisverkefni í uppbyggingu í Japan, Kína og Bandaríkjunum. Ástæðan fyrir þessum árangri Íslendinga eru nokkrir samverkandi þættir. Náttúrulegar aðstæður eru mjög góðar með góðu aðgengi að vatni og orku, en við höfum tryggt okkur raforku til langs tíma með hagstæðum samningi við Landsvirkjun, sem skapar mikilvægan grunn fyrir áframhaldandi uppbyggingu fyrirtækisins. Hérna er góður brunnur af fólki sem hefur reynslu úr sjávarútvegi og iðnaði með kunnáttu og hæfileika sem nýtast vel í landeldi.

Stærstu markaðirnir okkar eru Bretland, meginland Evrópu og Bandaríkin. Við seljum laxinn slægðan með haus og pökkum með ís í frauðkassa. Slægður fiskur þolir flutninga vel en roðið ver holdið fyrir bakteríum og skemmdum. Matvælavinnslur taka við laxinum nær endanlegum neytanda, en hjá okkur er mikill áhugi fyrir því að vinna afurðirnar meira hérna í Eyjum. Hjá okkur er vinna í gangi við að skoða hvaða vöruflokkar koma til greina og hvernig vinnslan gæti litið út. Þetta gæti verið flakavinnsla, en með því fæst sá ávinningur að þú flytur aðeins út þann hluta af fiskinum sem er borðaður og getur breikkað kúnnahópinn.

Stærsti hlutinn er fluttur héðan með skipum og er staðsetning Íslands mikill styrkleiki. Ólíkt Noregi er raunhæft að vera með skipaflutninga héðan til Bandaríkjanna að auki við Evrópu. Kanadískt fiskeldi er í mjög góðri stöðu varðandi flutning til Bandaríkjanna, en á milli þeirra eru tollamál sem við höfum sloppið við. Eins höfum við ákveðið forskot þegar kemur að útflutningi til Kína. Ég tel það skynsamlega ráðstöfun að reyna að ná fótfestu á sem flestum mörkuðum, en við höfum séð undanfarin ár hvernig tollamál eru að breytast og það er ákveðin áhætta að vera að fullu inni á einum markaði."

Lax er góð söluvara

„Ég sé gríðarleg tækifæri í fiskeldi á Íslandi og tel að við getum með því skapað mikil verðmæti, sem eru ákveðin undirstaða okkar lifnaðarhátta," segir Hallgrímur. „Ríkinu ber því skylda til að setja upp sanngjarna og rökstudda lagaumgjörð sem styður þessa atvinnugrein í því að byggjast upp á sjálfbæran hátt. Fiskeldið leiðir af sér atvinnusköpun og tekjurnar skila af sér velmegun.

Það er gríðarlegur markaður fyrir lax og við njótum góðs af áralöngu markaðsstarfi Norðmanna. Fyrir þrjátíu árum var komið á fót opinberu útflutningsráði sem sér um markaðssetningu á norskum laxi. Þeir hafa náð góðum árangri og erum við í kjölsoginu þeirra. Heildarframleiðslan á laxi í heiminum er af gríðarlegu magni og ef Íslendingar ná að framleiða 200.000 tonn á ári eins og allt stefnir í mun það ekki hreyfa nálina.

Lax er á morgunverðarhlaðborðum, á matseðlum veitingastaða í hádegismat og kvöldmat. Seldur reyktur, ferskur, grafinn og eldaður. Því er minni áhætta að framleiða svona vinsæla og fjölhæfa vöru en þær þar sem þú þarft að berjast um að komast inn á matseðilinn. Ég er alveg sannfærður um að þessi mikla uppbygging sem er í landeldi á Íslandi muni ganga upp, og fiskeldi muni verða ein af stóru stoðunum í hagkerfinu."

Svigrúm komið til markaðsstarfs

„Þróunarfélag vegna Laxeyjar var stofnað árið 2019, en við byrjuðum uppbyggingu af fullum þunga árið 2022," segir Hallgrímur. „Seiðastöðin í Friðarhöfn var sett í gang árið 2023 og fyrsta eldið hérna í Viðlagafjöru var sett af stað árið 2024. Fyrstu átta tankarnir voru tilbúnir árið 2025 og næstu átta tankar verða klárir á þessu ári. Þegar þeir verða komnir í gang verðum við komnir með yfir 10.000 tonna framleiðslugetu. Þegar áfangi þrjú kemur verður framleiðslugetan komin vel yfir 15.000 tonn.

Laxey er búin að fjármagna þrjá



Laxey er í fremstu röð við fullvinnslu á úrgangi og vonast til þess að geta selt bændum þurrkaða fiskimykju sem túnáburð á næstu misserum.





Hallgrímur Steinsson, rekstrarstjóri Laxeyjar, áætlar að þrjú af fimm stærstu landeldisverkefnum heimsins séu á Íslandi.



Daði Pálsson, framkvæmdastjóri Laxeyjar. Hann var áður framleiðslustjóri hjá Leo Seafood.



Óskar Jósúason almannatengill bendir á að seiðastöðin hjá Laxey sé vel einangruð, en þar er framleitt ferskvatn úr borholusjó og nánast allt vatn er endurnýtt.

áfanga af sex í uppbyggingunni og er annar áfanginn við það að klárast á meðan það er ríflega ár í að við klárum að byggja áfanga þrjú. Í áfanga tvö eru tveir af átta tönkum komnir með fisk og aðrir tveir verða klárir á allra næstu vikum. Í hina fjóra fer fiskur öðrum hvorum megin við jól.

Á síðustu árum hefur þetta verið gríðarlega mikil framkvæmd og hefur okkur tekist að byggja upp öflugan kjarna af starfsfólki í fiskeldinu og er það komið í nokkuð stöðugan fasa. Uppbygging sölu- og markaðsmála eru efst á baugi núna og erum við að reyna að ná fótfestu á nýjum mörkuðum sem greiða gott verð. Einn hluti af því er að við fengum í heimsókn konu frá Kína sem kallar sig Laxadrottninguna og selur fisk á TikTok.

Á undanförnum tveimur árum hefur verið þrýstingur á verðið á laxi út af gríðarlegri framleiðslu í Noregi. Það er samt með ólíkindum að þegar framleiðslan hefur vaxið um meira en fimmtán prósent á ári í tvö ár hefur verðið á laxi haldist. Neysla vörunnar virðist aukast jöfnum höndum þar sem gæðin eru mjög góð miðað við verðið. Laxey er ekki enn þá farin að skila hagnaði, en það er stutt í það þar sem okkar framleiðslukostnaður er góður í samanburði við iðnaðinn í heild og allt bendir til þess að verð á laxi muni hækka.“

Búa til köfnunarefni og fosfór

„Ég held að það gæti alveg gengið að vera með ein lög um allt fiskeldi, en það þarf að taka tillit til sérstöðu fiskeldis á landi samanborið við sjókvíaeldi,“ segir Hallgrímur. „Ég held að það væri líka þjálla fyrir greinarnar að fá að vaxa sitt í hvoru lagi. Þær eiga það sameiginlegt að snúast um eldi á laxi, en aðstæðurnar eru gjörólíkar og auðvitað ætti lagaumgjörðin að taka tillit til þess.

Lagaumgjörðin varðandi meðhöndlun og ráðstöfun á seyru í landeldi er mjög skammt á veg komin. Þegar við erum búnir að sýna fram á að við þurrkunina sé meðhöndlunin jafngild gerilsneyðingu finnst okkur ekki að það ætti að líta á hana sem hættulegan úrgang. Við erum búnir að óvirkja öll smitefni með því að hita efnið í 100 gráður í meira en klukkutíma og seyran ætti að teljast fullkomlega örugg sem áburður á hvers kyns ræktarlönd.

Við erum búnir að gera efnarannsóknir á þurrkuðu seyrunni sem gefa góða raun. Í sambandi við áburð er alltaf talað um gildi NPK, eða köfnunarefni, fosfór og kalíum. N og P eru í ágætu horfi í seyrunni, en það vantar eitthvað upp á K. Hefðbundinn húsdýraáburður er ríkur af kalíum, sem er það sem bændur eiga sjálfir. Ef við getum skaffað köfnunarefni og fosfór með tiltölulega litlum kostnaði geta bændur verið sjálfum sér nógir með kalíum.

Við erum núna á síðustu dögunum við að koma þurrkaranum upp, en undanfarna tvo mánuði höfum við verið að gera prófanir til þess að komast í gegnum ákveðna barnasjúkdóma. Kerfið virkar þannig að við fiskeldistankana eru síur. Þegar þær eru skolaðar hreinsast í burtu skítur og skolvatn með 0,5 prósent þurrefni. Í forskiljukerfinu náum við þurrefninu upp í átta prósent. Skilvindan, eða svokallaður „decanter“, nær þurrefninu upp í 30 prósent. Þaðan fer þetta í þurrkarann sem hitar efnið upp með svipaðri tækni og er í spanhellum og þaðan kemur seyra með 93 prósent þurrefni samkvæmt fyrstu mælingum. Seyran verður þá eins og þurrt moldarduft og er nánast lyktarlaus.

Við erum þegar í sambandi við bændur hérna hinum megin við álinn sem eru að bíða eftir að fá fyrstu pokana, en fyrst þurfum við að fá endanlegt svar frá MAST um hvort áburðurinn uppfylli staðla um gerilsneyðingu. Opinberi geirinn hefur ekki enn þá treyst sér til þess að svara svona einföldum spurningum, en ég trúi ekki öðru en að þetta leysist í vetur.

Áburðarframleiðslan er mikið framfaramál, ekki bara af því að það gerir okkur kleift að uppfylla okkar skyldur, heldur gagnast þetta bændum með því að minnka þörfina á innflutningi á tilbúnum áburði. Ég vona að það myndist góður farvegur fyrir seyruna hérna innanlands, en til vara erum við líka að skoða lífgasverksmiðjur í Evrópu sem gætu tekið við þessu. Ég tel að Laxey sé í fremstu röð í heiminum við að fullnýta allan úrgang sem kemur frá framleiðslunni.“

> „Ísland er að verða þungamiðjan á heimsvísu í uppbyggingu á fiskeldi á landi ...

Framleiða sitt eigið ferskvatn

„Vestmannaeyjar eru einn af fáum stöðum á landinu þar sem ekki er neitt vatnsból með ferskvatni,“ segir Hallgrímur. „Eyjamenn hafa því lengi reitt sig á vatnslögn ofan af landi, en eins og hefur verið í fréttum hefur hún skemmst. Þegar við vorum að stofna fyrirtækið var skert aðgengi að ferskvatni fyrir seiðaframleiðsluna eitt af áhyggjuefnunum.

Við útbjuggum seiðastöðina á tvennan hátt til þess að bregðast við því. Annars vegar tókum við í notkun bestu tækni sem völ er á í vatnssparnaði til þess að við kæmumst af með eins lítið vatn og hægt er. Hitt er að við gerðum borholu við seiðastöðina og búum til ferskvatn úr borholusjó með svokölluðu „reverse osmosis“ eða RO (þrýstisíun yfir himnu). Við ákváðum að fara þessa leið af því að það er svo mikil fjárfesting í því að leggja vatnslögn ofan af landi.

Í vélinni verður meira en 20 bara þrýstingur sem ýtir saltvatni yfir himnurnar á meðan öll sölt og jónir verða eftir. Það sem úr þessu kemur er annars vegar nánast algjörlega hreint vatn og hins vegar saltpækill. Þú finnur engan mun á bragði vatnsins miðað við kranavatn, það er jafnvel bragðlausara ef eitthvað er. Þegar við uppgötvuðum þessa RO tækni í þróunarferlinu sáum við að við gætum verið með allt fyrirtækið á sama stað. Þannig getum við samþætt alla framleiðsluna, verið með skrifstofuna, seiðaeldið og áframeldið á sama stað,“ segir Hallgrímur.



Fiskeldiskerin í Viðlagafjöru eru alveg lokuð kerfi sem tryggir sóttvarnir.

Vildu vernda störfin

„Hugmyndin að Laxey fæddist árið 2019 í kaffistofuspjalli milli Daða og Halla,“ segir Óskar Jósúason almannatengill í samtali. „Daði Pálsson er framkvæmdastjóri og Hallgrímur Steinsson er rekstrarstjóri og þeir eru stofnendur fyrirtækisins. Daði er tengdasonur Sigurjóns Óskarssonar sem stofnaði útgerðina Ós sem átti skipið Þórunni Sveinsdóttur og fiskvinnsluna Leo Seafood þar sem hann var framkvæmdastjóri. Hallgrímur, eða Halli, er með menntun í vélstjórn og líffræði og hefur unnið lengi með Daða.

Þeir vildu skapa fleiri störf í Vestmannaeyjum og Halli sagði fiskeldi á landi vera frábæra hugmynd. Tengdaforeldrar Daða voru mjög spennt fyrir þessu og þegar tækifæri gafst til þess að selja Vinnslustöð Vestmannaeyja útgerðina, fiskvinnsluna og kvótann með þeim formerkjum að störfin héldist hérna í Eyjum ákváðu þau að stökkva til. Fjármagnið sem fékkst við söluna nýttist til þess að koma Laxey á fót árið 2021. Frá upphafi höfum við fundið fyrir miklum stuðningi frá samfélaginu hér í Vestmannaeyjum sem hefur skipt okkur miklu máli, enda er verkefnið byggt á þeirri hugmynd að skapa ný störf og verðmæti í heimabyggð.“

„Mörgum fannst það galin hugmynd að hefja landeldi hérna í Vestmannaeyjum þar sem aðgengi að fersku vatni er skert,“ heldur Óskar áfram. „Það sem margir töldu veikleika hafa hins vegar orðið styrkleikar. Við erum sjálfbær á ferskvatn sem við framleiðum úr borholusjó fyrir seiðastöðina og hún er hönnuð þannig að vatnið er nánast allt endurnýtt, sem er ólíkt flestum seiðastöðvum sem eru með gegnumflæði úr bæjarlæknum.

Klakstöðin og þrepin þrjú í seiðaeldinu eru með sinn eigin hreinsibúnað. Ef eitthvað gerist á einum stað hefur það því engin áhrif á hitt. Staðsetningin í Vestmannaeyjum hefur líka ákveðna sérstöðu þegar kemur að sóttvörnum. Við erum eina fiskeldisfyrirtækið á Heimaey og nálægð við aðrar fiskeldisstöðvar er því ekki áhættuþáttur. Hreinsibúnaðinum má skipta í þrjá parta, en fyrst eru tromlur sem taka mest allan skítinn, í millistiginu erum við að rækta bakteríur sem nærast á ammóníaki og að lokum tökum við allan koltvísýring úr vatninu.

Úrgangurinn sem verður til hérna í seiðastöðinni er ekki mikill, en hann verður meiri þegar fiskurinn er kominn í áframeldið. Við fylgjumst náið með því hversu mikið fæði við gefum fiskinum til þess að nýta fóðrið sem best. Ef það er ekkert fóður sem endar í úrganginum erum við að gefa of lítið, sem þýðir að við þurfum að bæta aðeins við.“



Unnar kjötvörur:

Skinka úr íslensku svínakjöti

Stjörnugrís er eini framleiðandinn sem framleiðir skinku aðeins úr íslensku svínakjöti. Úrval SS af skinkum er dágott og þrjár af þeim eru úr íslensku kjöti einvörðungu.

Í svörum framleiðenda við fyrirspurn blaðamanns kemur fram að aðflutningsgjöld á svínakjöti þykja of lág og íslenskum svínabændum sé þar með ómögulegt að keppa við innflutning. Kílóverð á skinku Stjörnugríss var í sumum tilfellum ódýrara en sambærileg skinka samkeppnisaðilanna, þrátt fyrir að vera aðeins úr íslensku svínakjöti.

Blanda úr íslensku og innfluttu algengust

Skinka er sívinsælt álegg og allnokkrir framleiða skinku hérlendis. Lesandi sendi fyrirspurn til blaðsins um skinku úr íslensku svínakjöti og ljóst má vera að neytendur velta fyrir sér hvaðan maturinn kemur.


Í fleiri tilfellum en ekki, er skinka gerð úr blöndu af íslensku og innfluttu svínakjöti. Af þeim skinkum sem blaðamaður kynnti sér er Stjörnugrís sá eini sem framleiðir aðeins skinku úr íslensku svínakjöti.

„Við höfum þá skýru stefnu að framleiða allt okkar skinkuálegg úr svínum frá okkar eigin búum. Þannig höfum við góða yfirsýn yfir hráefnið og framleiðsluna alla leið frá búi til fullunninnar vöru. Við leggjum mikinn metnað í íslenska framleiðslu og viljum halda í þá sérstöðu," segir markaðsstjóri Stjörnugríss.

Auk Stjörnugríss og SS skoðaði blaðamaður skinkur frá Ali, Kjarnafæði auk Goða sem Kjarnafæði Norðlenska framleiðir.

Upprunamerking ekki skylda

Í flestum tilvikum er greint um upprunaland kjötsins á umbúðum, þó ekki öllum. Ekki er skylt að merkja upprunaland á unnum kjötvörum, en nokkur einhugur ríkir um að upprunamerkja þær.



Úrval á skinkum er talsvert. Stjörnugrís framleiðir einnig Ódýrt skinku fyrir Krónuna. Mynd / eks

„Við leggjum áherslu á að uppruni kjötsins komi skýrt fram á umbúðum, þannig að neytendur geti tekið upplýsta ákvörðun um kaup sín," segir í svari frá Ali. Þar segir að danska kjötið komi frá Danish Crown og jafnframt að vilji sé til að nýta íslenskt hráefni eins og kostur er.

Í svari frá Kjarnafæði Norðlenska um að merkja ekki uprunaland segir að hráefnið sé að langstærstum hluta íslenskt, „því miður höfum við ekki nægt íslenskt svínakjöt til að anna allri framleiðslunni. En þó að langstærstum hluta er hráefnið íslenskt." Þar segir að flókið sé að merkja uprunaland þegar verið er að skipta um upprunaland hráefnis í vinnslu.

Á heimasíðu Krónunnar, sem er eina matvöruverslunin sem heldur úti netverslun, er upprunaland allra þeirra skinkna sem blaðamaður skoðaði merkt Ísland. Þar er upprunamerking því röng í mörgum tilfellum.

Aðflutningsgjöld of lág

Samkvæmt mælaborði landbúnaðarins er um 32% af heildarsölu svínakjöts í landinu innflutt svínakjöt. „Það er augljós ályktun að aðflutningsgjöld eru of lág til að innlendir svínabændur geti keppt að fullu við innflutt kjöt", segir í svari frá SS við fyrirspurn um hvort framboð af íslensku svínakjöti sé ekki nægt.

„Þess utan er misvægi í eftirspurn. Mikið er flutt inn af svínasíðum vegna þess að meiri eftirspurn er eftir þeim en öðrum skrokkhlutum. Og ef mæta ætti því með innlendri framleiðslu þá yrði allt of mikið af öðrum skrokkhlutum." Í svarinu segir mun á innflutningi afurðastöðva og þeirra sem flytja inn fullbúna vöru, innflutningur þeirra skapi virðisauka innanlands.

„Við náum að anna allri okkar skinkuframleiðslu með grísum frá eigin búum. Við höfum auk þess verið að selja kjöt til annarra aðila", segir í svari frá Stjörnugrís.

Kjötinnihald skinku sem var skoðuð var algengast um 80%, en allt upp í 98% og niður í 70%. Kílóverð var nokkuð breytilegt á milli framleiðenda og tegunda, en kílóverð Stjörnugríss var síst hærra þrátt fyrir að vera aðeins úr íslensku svínakjöti.

Íslenskt staðfest

Upprunamerkið Íslenskt staðfest segir neytendum að kjöt, mjólk, egg og fiskur í viðkomandi vöru sé íslenskt og að vara sé unnin og pökkuð á Íslandi.

Kjarnafæði Norðlenska hefur gert samning um notkun merkisins. „Varðandi Íslenskt staðfest munum við setja það á þær vörur sem við getum alltaf tryggt að sé með rétt upprunaland", segir markaðsstjóri fyrirtækisins, sem selur vörur undir merkjum Kjarnafæðis Norðlenska og Goða.

Markaðsstjóri Stjörnugríss segir fyrirtækið vera opið fyrir því að skoða notkun á upprunamerkinu Íslenskt staðfest. „Okkur finnst mikilvægt að neytendur geti auðveldlega séð hvaðan maturinn þeirra kemur og að íslensk framleiðsla fái þá athygli sem hún á skilið." */eks*



Grugg & Makk:

Bruggar villiöl úr íslensku geri


Kjartan Óli Guðmundsson, kokkur og hönnuður, er stofnandi Grugg & Makk, brugghúss sem sérhæfir sig í að brugga bjór úr íslensku geri. Bjórinn, sem er í raun villiöl, ber heiti þeirrar staðsetningar þar sem gerið á uppruna sinn.

Þegar Kjartan komst að því að hægt væri að safna villtu geri úr andrúmsloftinu fékk hann þá hugmynd að hægt væri að finna sérstakar örverur á sérstökum svæðum á Íslandi sem gætu nýst í matargerð. Bjórinn er súr, minnir í raun frekar á náttúruvín en hefðbundinn bjór.

Ger úr fjöru og af fjalli

„Ég hugsaði með mér að eins og parmaskinka er kennd við ákveðið hérað vildi ég skoða staðbundna matargerð, hvaða ger lifa við hvaða aðstæður og hvernig umhverfið hefur áhrif á örverurnar. Í fyrstu tilraun safnaði ég geri af fjalli, úr fjöru, úr hrauni, úr helli og móa og fór að skoða hvernig ég gæti unnið íslenskt áfengi út frá þessum stöðum," segir Kjartan.

„Ég stofnaði Grugg & Makk árið 2022 og hefur framleiðsla gengið út á að vera mjög staðbundin. Ég nota eins mikið íslenskt hráefni og ég get en sumt er ekki hægt að fá hérlendis. En ég nota íslenskt vatn, íslenskt ger sem ég safna villtu en neyðist til að nota innflutt korn þar sem maltað korn fæst ekki," segir Kjartan.



Kjartan Óli Guðmundsson, stofnandi Grugg & Makk.



Villiger til ræktunar. Myndir / Aðsendar.

Leitar að geri um allt land

„Ég er að einbeita mér að því að finna ger frá ákveðnum svæðum og hver og einn bjór heitir eftir því svæði sem ég finn gerið á." Til þess að sækja gerið fer Kjartan með söfnunarvökva, eins konar fóður fyrir ger, og skilur það eftir á stað í sólarhring. Gerið er síðan ræktað upp á rannsóknarstofu. „Ég finn ekki alltaf ger en oftast samt. Svo er ekkert allt gerið sem ég finn gott á bragðið, ég er að prófa það og smakka og reyna að vinna með náttúrulegu ferlunum og vel síðan hvað er best að nota."

Kjartan leitar að geri um land allt. Hann segir að staðirnir sem hann leiti séu valdir af mismunandi ástæðum. „Ég horfi til dæmis í að hafa umhverfisþætti sem fjölbreyttasta, svo sem hæð frá sjávarmáli eða hvort að fjara mæti hrauni. Út frá markaðssjónarmiðum vel ég staði sem fólk þekkir og staði sem hafa eitthvert sögulegt gildi."

Ger í biðflokki rammaáætlunar

„Svo er Grugg & Makk núna með í verkefni þar sem við erum að skoða staði sem eru í biðflokki rammaáætlunar," segir Kjartan. Verkefnið ber heitið Landslag í biðstöðu og er unnið í samstarfi við hönnuðinn Önnu Diljá Sigurðardóttur. „Við fengum styrk úr Hönnunarsjóði til að gera sýningu um virkjanaframkvæmdir og erum að nýta þessa aðferð, að safna örverum á svæðinu og nota þær til að brugga bjór til að vekja athygli á þessum svæðum. Að einhverju leyti er hugmyndafræðin að þarna séum við að varðveita eitthvað lífríki í flösku sem er verið að fara að umbreyta að einhverju eða öllu leyti fyrir tilstilli mannvirkja," segir Kjartan en tekur fram að hann sé ekki vísindamaður, kjarni verkefnisins sé listrænn þótt það væri tilvalið ef vísindamaður vildi slást í hópinn og rannsaka þetta á þann hátt. „Hugmyndin er að varðveita stað og stund í lífkerfi sem lifir síðan áfram í flösku." Af þeim stöðum sem eru í biðflokki hefur Kjartan safnað geri úr Hamarsdal, Kjalöldu og við Héraðsvötnin. „Við Anna erum enn að safna myndefni, upplýsingum og viðtölum við fólk og stefnum á sýningu á næsta ári."

Hæg en markviss framleiðsla

Grugg & Makk framleiðir um 4.000 lítra á ári. „Ég er í mjög lítilli framleiðslu miðað við þessi hefðbundnu brugghús, og í hægari framleiðslu. Bjórinn er til sölu í Vínbúðinni og Michelin veitingastaðirnir hafa síðan verið að kaupa af mér, bæði ÓX og Dill. Ég hef verið að gera sérstakan bjór fyrir ÓX þar sem ég safnaði geri á Búðum á Snæfellsnesi og svo frá Reykjafossi, hann er í gerjun núna, en veitingastaðurinn hefur tengingar þangað." Þá flytur Grugg & Makk eitthvað út til Danmerkur ár hvert.

Kjartan segist opinn fyrir samstarfi og nýjungum. „Ég er að byrja að þróa birki-, balsamik- og furuedik. Það er í þróun núna en ég er spenntur fyrir því að stækka framleiðsluna. Ég væri líka til í að vinna fleiri listræn verkefni og halda áfram að reyna að láta vöru miðla hugmyndum um líffræðilegan fjölbreytileika og náttúrna."

/kró

YLJUM OKKUR

MEÐ ÍSLENSKRI KJÖTSÚPU – NÁTTÚRULEGA

Íslenska kjötsúpan er í grunninn alltaf eins, en samt einhvern veginn aldrei eins. Allir eiga sína uppáhalds kjötsúpu og hefðirnar, uppskriftirnar og leynihráefnin leynast í hverju eldhúsi. Frá upphafi byggðar hefur hún fært okkur yl í kroppinn og kraftmikla næringu.

Hráefnið er úrval af öllu því besta sem íslenskir bændur bjóða: Nýsprottið grænmeti og hollt íslenskt lambakjöt, framleitt á fjölskyldubúum við einstakar aðstæður og alið á villtri íslenskri náttúru, laust við erfðabreytingar og aukaefni – náttúrulega.

Skoðaðu uppskriftirnar á íslensktlambakjöt.is



Jón Björn Blöndal segir að úti á akrinum líði honum best. Myndir / Magnús Óli Sigurðsson



Sjálftínslan í Bæjarsveit hefur verið mjög farsæl.

Bæjarsveit:

Gríðarlega vinsæl sjálftínsla grænmetis

Það vakti mikla athygli fyrir ári síðan þegar greint var frá því í Bændablaðinu að Jón Björn Blöndal, ungur bóndi í Bæjarsveitinni í Borgarfirði, hefði tekið upp á því að bjóða fólki að koma til sín á akurinn og tína beint upp úr honum kartöflur og gulrætur, gegn vægu gjaldi. Svo vel tókst til á síðasta ári að í sumar tók hann enn stærra land undir ræktunina og fjölgaði tegundum.

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



„Áhuginn fer vaxandi milli ára en ég reikna með að í ár hafi um 300 manns skráð sig og komið út á akurinn til að tína grænmeti ásamt fjölskyldum sínum, á þeim fimm sjálftínsluviðburðum sem ég hef haldið. Ég hef auglýst sjálftínsluviðburði aðra hverja helgi í haust.

Sjálftínslan virkar þannig að fólk fylgist með á Facebook-síðu minni, sem heitir Sjálftínsla Jóns Björns, og þar auglýsi ég sjálftínsluviðburði og fólk þarf að smella þar á going til að skrá sig. Ég sendi þeim sem skrá sig staðsetninguna á akrinum og fólk mætir þangað og tínir í eigin ílát eða poka.

Þegar fólk er búið að tína kemur það til mín og ég vigta uppskeruna og fólk greiðir fyrir það vægt gjald á hvert kíló. Það er heilmikið fjör og stemning í kringum sjálftínsluna en ég býð fólki upp á kaffi og kakó þegar það hefur lokið tínslunni.

Systir mín, Steinunn Bjarnveig, hefur svo selt grænmeti úr gróðurhúsinu sínu, en hún ræktar og selur tómata, gúrkur og paprikur á sumrin en grænmetið hennar hefur alltaf selst upp á viðburðunum," útskýrir Jón Björn.



Jón Björn á Landbúnaðarsýningunni í Laugardalshöll á dögunum þar sem hann seldi um 800 kíló af kartöflum. Mynd / Ástvaldur Lárusson

Sjálftínslan góð helgarafþreying fyrir fjölskyldur

Markmiðið með sjálftínslunni er að hans sögn að selja grænmeti milliliðalaust en jafnframt sé sjálftínslan gott tækifæri fyrir börn að kynnast uppruna matvæla. Sjálftínslan geti verið góð helgarafþreying fyrir fjölskyldur sem ná sér í leiðinni í ódýrt og gott grænmeti.

„Sjálftínslunni er lokið þetta haustið þar sem veturinn nálgast og uppskeran að klárast. Raunar seldist upp allt sem ég ræktaði strax í annarri sjálftínslunni sem ég hélt þann 6. september, nema kartöflurnar, en þá voru 140 manns sem skráðu sig svo reikna má með að um 300 til 400 manns hafi komið út á akur að tína þann daginn þegar allt er talið.

Í ár var ég með um einn hektara undir grænmetisrækt, þó mest í kartöflum. Í fyrra var ég með mun minna af kartöflum. Ég setti niður eitt tonn af útsæði í ár en aðeins 200 kíló í fyrra. Á næsta ári ætla ég að hafa meira af gulrótum og öðrum tegundum og reyna að hafa svipað magn af öllum tegundum. Í ár ræktaði ég einnig gulrófur, rauðrófur, brokkolí, blómkál og sellerí í smáum stíl. Á næsta ári langar mig að rækta meira magn af þessum tegundum, bæði fyrir sjálftínsluna og beina sölu, ásamt fleiri tegundum eins og nípum, grænkáli og fleira. Í ár hef ég verið að selja kartöflur og gulrætur beint til mötuneyta og veitingahúsa en mig langar að bjóða þeim fleiri tegundir.

Á Landbúnaðarsýningunni í Laugardalshöll seldi ég um 800 kíló af kartöflum og fór salan og áhuginn á sjálftínslunni langt fram úr mínum björtustu vonum."

Grænmetisræktin og kornræktin vinna vel saman

Að sögn Jóns Björns er sáðskipti lykillinn að fallegu og heilbrigðu grænmeti. „Ég rækta grænmetið aldrei á sama staðnum tvö ár í röð. Ég er heppinn að hafa aðgang að mjög góðu ræktarlandi sem alla jafna er notað undir kornrækt og túnrækt. Grænmetisræktin mín nýtur mikils stuðnings frá búrekstri föður míns í formi ræktunartækja og aðgengi að frjósömu ræktarlandi."

Hann útskrifaðist í vor úr BS-námi í búvísindum og var ráðinn til starfa sem búfræðikennari í bútækni og jarðrækt við Landbúnaðarháskóla Íslands. „Að kenna er mjög krefjandi og lærdómsríkt en ég stefni þó á áframhaldandi nám og langar að fara í meistaranám í faginu mínu sem er jarðrækt og bútækni.

Ég skrifaði BS-ritgerð mína um rekstrarhagkvæmni kornræktar á Íslandi með þurrkað korn. Í síðasta Bændablaði skrifaði ég grein um niðurstöður mínar. Í stuttu máli voru niðurstöðurnar að í meðalgóðu uppskeruári er hvorki hagnaður né tap af kornræktinni miðað við forsendur verkefnisins en rekstrarumhverfi kornræktarinnar getur fljótt breyst, eins og ég útskýri í blaðagreininni. BS-verkefni mitt hjálpaði mér mikið að skilja kostnaðar- og tekjuliði í kornrækt og hvernig megi hámarka afkomuna. Kornrækt er mjög áhættusamur búrekstur og þess vegna er mikilvægt að vera með fleiri stoðir undir búrekstrinum, en grænmetisræktin og kornræktin vinna vel saman og styðja hvor aðra í formi uppskeruauka og minna plöntusjúkdómaálagi vegna sáðskipta. Á mínu búi erum við einnig með sauðfjárbúskap og lítið ferðaþjónustuhús. Mín framtíðarsýn í búrekstrinum er ávallt að reyna að hámarka gæði og uppskerumagn á hverjum hektara, bæði í kornræktinni og grænmetisræktinni. Ég hef líka mikinn áhuga á lífrænni grænmetisrækt og mögulega mun ég færa mig að hluta eða alfarið yfir í hana."

Í framtíðinni sér Jón Björn fyrir sér búrekstur sem byggir fyrst og fremst á kornrækt og grænmetisrækt. „Sauðfjárræktin er líka mjög mikilvæg til að nýta úthagann og það ræktarland sem hentar síður til korn- og grænmetisræktar. Jarðræktin er mér mjög mikilvæg og úti á akrinum líður mér best. Mér finnst líka ákaflega gott að borða. Hreint, fallegt og bragðgott hráefni er grundvöllur vel heppnaðrar matargerðar."

Vetrarbúnaður
Hilltip
Snjótennur, fjölplógar,
salt- og sanddreifarar
Wendel


Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is

„Við völdum Kreativ Dental í Búdapest því þau tikka í öll boxin sem máli skipta."

Tinna Gunnlaugsdóttir & Egill Ólafsson

Nokkrir góðir punktar:

- Þjónustuborð á vellinum í Búdapest
- Akstur frá velli á samstarfshótelið og til og frá stofunni
- Íslenskumælandi ráðgjafar á staðnum
- Öll gögn á Íslensku
- 28 ára rekstrarsaga
- Fjöldi alþjóðlegra verðlauna og viðurkenninga
- Fullbúið tannsmíða-verkstæði innanhúss og tannsmiðir til taks
- 50-70% lægra verð



Grímur Axelsson
Tengiliðurinn þinn á Íslandi



Attila (Atli) Korsós
Íslenskumælandi þjónustustjóri á stofunni



Þekkingarfyrirtæki í tannlækningum

28 ár frá stofnun og í ***10*** ár höfum við talað íslensku og verið með íslenskumælandi ráðgjafa á Íslandi og í Búdapest, sem þýðir að þú talar millilíðalaust við eina virtustu tannlæknastofu Evrópu.

Kreativ Dental og Semmelweis-háskóli hafa undanfarin ár unnið að því að þróa nýjar aðferðir og lausnir sem stefna að því að gera tannlækningar nákvæmari, sársaukaminni og allan bata hraðari, með áherslu á að gera munnholsskurðaðgerðir inngripsminni.


Við erum stolt af því að vera í þessu samstarfi þar sem yfirtannlæknir Kreativ Dental hann Loui okkar (Dr. Lajos Patonay) læknir, munnholsskurðlæknir og tannplantasérfræðingur gegnir stóru hlutverki.

Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu, og hljóðar styrkurinn upp á vel yfir hálfan milljarð í íslenskum krónum.

Kreativ Dental er þannig ekki einungis fremst meðal jafningja í tannviðgerðum í Evrópu heldur einnig í raun þekkingarfyrirtæki á sviði tannlækninga sem leggur sitt að mörkum til að þróa greinina. Þetta er eitt af mörgum atriðum sem tryggja þér þjónustu án hliðstæðu.



Dr. Lajos Patonay




Við hvetjum alla sem til okkar koma að halda góðu sambandi við sinn tannlækni á Íslandi. Það er gott aðhald og eykur öryggi

Ókeypis tannlæknatími? Skannaðu kóðann!

KREATIV DENTAL®

Sláðu á þráðinn í síma ***859 9403*** eða sendu okkur póst á ***grimur@kreativdentalclinic.eu***
Heimasíða okkar er ***www.kreativdental.is***
Svo getur þú alltaf fundið okkur á Facebook



Uxaeldi í Reykjahlíð

– Heimafengið fóður án eitur- og varnarefna


Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is

Það er ekki algengt að íslenskir nautgriparæktendur státi af því í markaðssetningu sinna afurða að hvorki eitur- né varnarefni séu notuð við öflun eigin fóðurs fyrir gripi sína. Það er þó raunin í Reykjahlíð á Skeiðum, þar sem bændurnir segja stoltir frá hugsjónum sínum um að neytendur verði að geta treyst vörugæðum þeirra – líkt og þau sjálf geri.

Þau heita Ingvar Hersir Sveinsson og Melissa Boehme og tóku alfarið við búrekstrinum í Reykjahlíð á síðasta ári. Ingvar á rætur í Reykjahlíð, sonur Katrínar Helgu Andrésdóttur og Sveins Ingvarssonar.

Mikilvægt að geta treyst gæðunum

Aðalbúgrein þeirra er mjólkurframleiðsla en það er í uxaeldinu, en það eru geld naut, sem þau geta notað þessar staðreyndir til markaðssetningar og hafa gert til að mynda á Matlandi. „Okkar nálgun er aðallega sú að reyna að búa til eins hreina vöru og við getum. Við reynum sjálf að velja okkar eigin matvörur eftir árstíðum og því sem er í boði hverju sinni. Þannig getum við verslað sem mest í nærumhverfi okkar, enda erum við ótrúlega vel staðsett í uppsveitum Suðurlands þar sem nóg úrval er af íslensku grænmeti allt árið um kring.

Við neytum sjálf þeirra matvæla sem við framleiðum, því skiptir okkur miklu máli að geta treyst gæðum þeirra og vita að við getum með góðri samvisku gefið börnunum okkar þau að borða," segir Melissa.

Lítil umræða um eiturefni

Að sögn Melissu fer ekki mikið fyrir umræðu um notkun eitur- og varnarefna í landbúnaði – hún sé umdeild, meðal annars vegna mögulegra umhverfis- og heilsufarsáhrifa. „Okkar afstaða er því sú að nota eins lítið af ólífrænum efnum og við komumst upp með til að ná uppskerumarkmiðum okkar. Eitur- og varnarefni viljum við ekki nota til að auka uppskeruna, við þurfum þau einfaldlega ekki.

Skiptiræktun hefur virkað vel í okkar ræktun, við ræktum bygg að hámarki í þrjú ár samfleytt á sama akri og reynum eftir bestu getu að hafa akurinn opinn eins stutt og mögulegt er frá plægingu að sáningu, til að sporna gegn útskolun á næringarefnum og til að minnka líkur á spírun arfa."


Ingvar Hersir Sveinsson og Melissa Boehme í Reykjahlíð á Skeiðum, með börnin Iðunni Sögu, sjö ára og Diljá Frigg, eins og hálfs árs.
Myndir / Aðsendar

Geðgóðir uxar

Þau eru eingöngu með uxa í eldi til slátrunar. „Fyrir nokkrum árum tókum við ákvörðun um að hætta nautaeldi með graðnautum og gelda öll nautin, að undanskildum einum til tveimur á ári sem eru notuð sem þarfanaut. Ástæður fyrir því eru nokkrar, til að mynda eru uxar mun rólegri í umgengni, við getum látið þá alast upp með kvígunum og þurfa þeir þá ekki sér stíur. Þá getum við tryggt þeim útiveru sem við reynum að hafa sem lengsta á hverju ári. Þeir fara út í apríl eða maí og eru teknir inn í desember eða janúar.

Að vísu verða uxarnir ekki jafn stórir og naut og vaxtarhraðinn er hægari, en á móti er kjötið gjarnan vel fitusprengt og meyrt þó að bitinn sé kannski aðeins minni. Uxunum er slátrað við 24–28 mánaða aldur og er meðalfallþungi um 240 kíló," segir Ingvar og bætir við að útivera þeirra geri þeim líka kleift að halda eldiskostnaðinum í lágmarki og vegi upp á móti þessu „tapi" af minni fallþyngd.

Hann segir að uxarnir fái óerfðabreytt kjarnfóður til um sex mánaða aldurs og eftir það séu þeir úti stærstan part ársins og borði einungis gras og hey. „Fyrir slátrun fá þeir aukalega bygg eða stundum heilfóðurblöndu frá mjólkurkúnum sem er blanda af heyi, grænfóðri og heimaræktuðu byggi í sirka 4–6 vikur fyrir slátrun."

Úrvalsvörur úr héraði

Spurð um markaðssetninguna segir Melissa að þau hafi byrjað á að selja beint frá býli, í gegnum Facebook og Instagram-síðurnar þeirra og fundið mjög fljótlega fyrir mikilli eftirspurn. „Hún var eiginlega orðin það mikil að utanumhaldið var orðið ansi tímafrekt og þar kemur Matland að sjálfsögðu sterkt inn. Þannig þurfum við ekki að sjá um endursöluna sjálf en náum samt að koma vörunum okkar sérmerktum á markaðinn.

Að auki höfum við selt vörurnar okkar í Sólskinsbúðinni á Flúðum í um þrjú ár og fæst kjötið okkar þar allan ársins hring.

Það er algjör lukka enda hefur búðin stækkað og dafnað mikið á síðustu árum og metnaðurinn hjá Sólskinsteyminu að bjóða upp á úrvalsvörur úr héraði algjörlega til fyrirmyndar. Eins og er eru þetta einu leiðirnar okkar til að koma kjötinu okkar sérmerktu á markaðinn en það má að sjálfsögðu alltaf hafa beint samband við okkur ef áhugi er fyrir því að kaupa beint frá okkur," segir hún.

Pálmafitan varasöm

Þegar þau eru spurð hvort ekki væri æskilegt að geta einnig markaðssett mjólkina með svipuðum hætti, segir Melissa að það væri auðvitað frábært að geta merkt hana sem „Non GMO" – eins og algengt sé í mörgum löndum Evrópu. „Eins og staðan er í dag þá hefur neytandinn ekki möguleika á að velja Non GMO-mjólk á Íslandi nema lífrænt vottaða mjólk."


Ingvar segir að pálmafita sé annað sem ekki sé notuð í þeirra kjarnfóðri, mikil notkun á henni skili sér í mjólkinni þar sem hún breyti samsetningu á fitusýrum mjólkurinnar. „Hún eykur hlutfall harðra fitusýra sem getur skilað sér í harðara smjöri og að einhverju leyti óhollari vöru. Auk þess sem pálmafitan sjálf er ekki hollasti kosturinn, er framleiðsla hefðbundinnar pálmafitu mjög umdeild og að okkar mati iðnaður sem við viljum ekki styðja, hvorki umhverfislega né siðferðislega.

Til að auka fituna í mjólkinni erum við að reyna að fara okkar eigin leiðir, en það er að nota grænfóðurblöndu úr einærri fóðurlúpínu og hveiti sem við ræktum sjálf, sláum og gefum í heilfóðurblandarann."

Þau segjast finna fyrir áhuga hjá neytendum, í gegnum kjötsöluna, á að vilja fá mjólkurvörur merktar sem óerfðabreyttar. „Þannig að auðvitað væri frábært að geta selt mjólkina líka þannig. En þangað til fögnum við því bara að hafa möguleikann á að koma allavega kjötinu okkar sem slíkum vörum á markað," segir Melissa.


Uxahjörð í Reykjahlíð.





Kúaburstarnir eru

- Rafknúnir
- Sveiflast og fylgja kúnni
- Snúast í báðar áttir, fyrir lengri endingartíma burstans
- Sjálfvirkir – fara í gang og stöðvast sjálfir
- Með vörn gegn yfirálagi og ef halinn festist

BÚHOLT EHF

AGRICOW

Fyrir betri líðan í fjósinu

Ítölsk gæðavara frá Agricow – kúaburstar og legubásadýnur fyrir hreinni, rólegri og ánægðari kýr.



Kúabursti 100 cm

419.000 kr. + vsk.



Kúabursti 70 cm

383.000 kr. + vsk.



Legubásadýnur

Memory foam dýnur, hannaðar fyrir hámarks þægindi. Fáanlegar 5, 7 og 10 cm þykkar.

Hafðu samband fyrir tilboð

Bjóðum upp á fleiri bursta og einnig aðrar lausnir, svo sem drykkjarkör, flórsköfur, kálfabox, viftur og fleira.

Búholt ehf Sími 793 3344 buholt@buholt.is

NÝSKÖPUNARÞING 2026

Hugvit og tækifæri um allt land

www.rannis/vidburdir

Rannís, Íslandsstofa, Hugverkastofan og Nýsköpunarsjóðurinn Kría bjóða til Nýsköpunarþings 2026 í Grósku þann 29. október kl. 14:00-16:00

Nýsköpunarþing 2026 mun að þessu sinni beina sjónum að nýsköpun á landsbyggðinni, tækifærum, áskorunum og þeim fjölbreyttu hugmyndum sem verða að veruleika um allt land

Á þinginu koma öflug fyrirtæki og frumkvöðlar úr ólíkum atvinnugreinum og landshlutum og segja frá sinni reynslu af því að byggja upp og þróa nýsköpun utan höfuðborgarsvæðisins. Hvað þarf til að góð hugmynd geti vaxið og dafnað á landsbyggðinni? Hvaða tækifæri felast í staðbundinni þekkingu og sérstöðu ólíkra svæða?

Með fjölbreyttum erindum og samtali verður leitast við að varpa ljósi á kraftinn í nýsköpun um land allt og þær aðstæður sem geta stuðlað að frekari vexti og verðmætasköpun.

Í lok þingsins veitir Hanna Katrín Friðriksson, atvinnuvegaráðherra, Nýsköpunarverðlaun Íslands 2026.

Öll velkomin!

rannís · Íslandsstofa · Hugverkastofan · Nýsköpunarsjóðurinn Kría

Velsældarhagkerfi:

Hættulegt að einblína á of einfalda mælikvarða


Edda Kristín Sigurjónsdóttir
edda@bondi.is

„Hagvaxtadrifna efnahagsumgjörðin hefur að hluta til leitt til loftslagsvárinnar. Hún hefur gengið á auðlindir jarðarinnar sem eru ekki óþrjótandi. Hin almenna sýn hagfræðinnar hefur verið að ef eitthvað af hráefnunum klárist taki eitthvað annað við.“ Þetta segir Ásgeir Brynjar Torfason vera dæmi sem gengur ekki upp.

Hann segir innflutta verðbólgu, vegna stríðsreksturs og loftslagsbreytinga, muni að öllu óbreyttu leggjast á heimatilbúna verðbólgu sem okkur hafi ekki tekist að ráða að niðurlögum. „Ég held við gerum okkur ekki alveg grein fyrir verðmætum auðlindanna. Við höfum vanist því að athafnasemi og hagsæld komi úr því að vinna meira, plægja meira og grafa fleiri skurði.“ Hann segir Íslendinga stundum fara offari í athafnasemi en sérhverju sinni sé unnið samkvæmt bestu vitund. Nú sé þörf á að gera breytingar á efnahagsstjórninni. Vöxtur vaxtarins vegna sé ekki alltaf til bóta, gæði vaxtarins skipti máli.

Að pissa ekki í skóinn sinn

„Sum lönd ofveiddu fisk, en við settum á kvótakerfi svo hann kláraðist ekki“, segir Ásgeir Brynjar Torfason. „Eins og önnur rík vestræn ríki þurfum við nú algerlega að endurhugsa efnahagsumgjörðina og horfa til þess hvað sé góður vöxtur, svo hann valdi ekki aukinni loftslagsvá, mengun og hnignun líffræðilegs fjölbreytileika.“ Ásgeir Brynjar er hagfræðingur, ritstjóri Vísbendingar vikurits um efnahagsmál og meðhöfundur Kristínar Völu Ragnarsdóttur, prófessors í jarðvísindum og sjálfbærni, að bókinni Creating a Regenerative Economy for Wellbeing sem kom út hjá fræðibókaforlaginu Edward Elgar í vor.



„Ef maður skoðar hagkerfið hér síðastliðin átta ár, þá hafa verið heilmiklar hagvaxtatölur mörg af þessum árum“, segir Ásgeir Brynjar Torfason, sem er hagfræðingur og ritstjóri Vísbendingar. „Þegar þessum tölum er deilt niður á mannfjölda þá hefur í raun nánast ekki verið neinn hagvöxtur. Mynd/ Heimildin, Davíð Þór

Raddir Nóbelverðlaunahafans Josephs Stiglitz sem skrifaði í The Guardian í sumar í félagi við fleiri hagfræðinga að hagvaxtardrifið efnahagskerfi sé dauðadæmt, enduróma víða. Í nýlegu erindi Johans Rockström á málþingi Sjálfbærnistofnunar Háskóla Íslands fjallaði hann um níu þolmörk jarðar. Hann er einn fremsti vísindamaður heims á sviði sjálfbærni og loftslagsmála og forstöðumaður Potsdam-stofnunarinnar um rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga.

Þolmörk og vendipunktar

Jarðarbúum hefur fjölgað um helming á undanförnum 50 árum. Eins og fram kemur í bók Ásgeirs Brynjars og Kristínar Völu, þá hefur framleiðsla og neysla þrefaldast á sama tíma, stærð hagkerfis heimsins fjórfaldast og alþjóðaviðskipti tífaldast. Samanlögð áhrif þessara þátta eru gjarnan reiknuð með jöfnunni I = P x A x T. Umhverfisáhrif = fólksfjöldi x auðlegð x tækni.

Í erindi sínu sagði Rockström nauðsynlegt að vita innan hvaða marka sé lífvænlegt að búa á jörðinni svo lífskilyrði séu ásættanleg. Níu þolmörk eru skilgreind og er ástand hvers um sig og þróun nú metin. Skilgreiningarnar byggja á vinnu yfir 60 vísindamanna. Þolmörkin sem eru skilgreind eru loftslagsbreytingar, breytingar í lífhvolfinu, landnotkun, ferskvatnsnotkun, breytingar í náttúrulegri efnahringrás, súrnun sjávar, efnamengun, svifryksmengun og þynning ósonlagsins.

Samkvæmt mati á ástandi þolmarkanna eru sjö þeirra nú þegar yfirstigin, þar af er staða og stefna hringrásar köfnunarefnis og fosfórs, hnignun lífhvolsins auk mengunarálags metið langverst. Svifryksmengun og þynning ósonlagsins eru metin innan þolmarka.

Það sem einkennir þolmörkin er að ef of nærri þeim er gengið kemur að vendipunkti hvaðan ekki verður aftur snúið. Hann nefnir ísbreiður sem dæmi, sem við bráðnun hætta að vera kælandi og verða hitagjafar. Vendipunktur verður þegar sú umbreyting á sér stað.

Áhersla á hámarksnyt ríkjandi

„Hér á landi hefur verið drifin áfram efnahagsstjórn byggð á hugmyndafræði nýfrjálshyggju. Nýverið er farið að horfa á hagvöxt á mann, og ekki bara heildina. Við einblínum gjarnan hér á magn frekar en gæði, hvort sem er í fiskveiðum, orkuvinnslu eða öðru. Áhersla hefur alltof mikið verið á hámörkun.“

Ásgeir Brynjar segir sama gilda um uppbyggingu ferðaþjónustunnar, þar sem áhersla hefur um of verið á fjölda ferðamanna og hraðan vöxt. „Náttúran og menningin er það sem við eigum saman og ferðamenn sækjast eftir. Þar er hægt að leggja áherslu á að laða hingað ferðamenn sem til að mynda kunna að ganga um viðkvæma náttúru.“

Enginn raunhagvöxtur

„Ef maður skoðar hagkerfið hér síðastliðin átta ár, þá hafa verið heilmiklar hagvaxtatölur mörg af þessum árum. Þær hafa hinsvegar verið drifnar áfram af umsvifum og mannfjöldavexti með aðflutningi vinnuafls. Þegar þessum tölum er deilt niður á mannfjölda þá hefur í raun nánast ekki verið neinn hagvöxtur“, segir Ásgeir Brynjar. „Raunhagvöxtur hér hefur verið um einn tíundi af því sem hefur verið í Evrópusambandinu á sama tíma.“ Hann segir aðrar þjóðir hafa lengi reiknað hagvöxt niður á einstakling, en sú áhersla hafi ekki verið hér en mannfjöldavöxturinn meiri, „sem geri hagvaxtartölurnar froðukenndar“.

„Þetta er skýrt dæmi um að við þurfum að horfa á hlutina öðruvísi. Annars verðum við skyndilega hissa þegar það verður stöðnun, eða mikil verðbólga. Það hefði verið hægt að sjá það skýrar og fyrr ef það hefði verið horft á þetta með öðru en magn-gleraugunum.“ Hann segir ástæðurnar að hluta vera komnar úr hugmyndafræði og stemningu í stjórnmálunum og hins vegar þörf fyrir uppsveiflu. „Sterk hagsmunaöfl njóta þess líka þegar það er hraður uppgangur, hægari og betri vöxtur geta hins vegar komið betur út fyrir heildina.“

Velsældarvísarnir

„Lönd þurfa að horfa lengra en til landsframleiðslu“, skrifuðu Katrín Jakobsdóttir fyrrverandi forsætisráðherra og Nicola Sturgeon fyrrverandi fyrsti ráðherra Skotlands í nýlegri grein í TIME. Þær vísa til nýs ramma Sameinuðu þjóðanna, Beyond GDP.

Fyrir átta árum voru þær meðal stofnenda Wellbeing Economy Governments Partnership, þar sem Wales, Finnland, Kanada og Nýja Sjáland komu strax að borðinu.

Í kjölfarið hófust á Íslandi mælingar á fjörutíu félagslegum, efnahagslegum og umhverfislegum velsældarvísum hjá Hagstofunni. Sem dæmi má nefna eru þar á meðal mælingar á trausti til samborgara, þátttöku í skipulögðu félagsstarfi, fjölda tilkynninga um heimilisofbeldi, hlutfall þeirra sem neitar sér um læknisþjónustu, brotthvarf af framhaldsskólastigi, skuldastöðu heimilanna, starfsánægju, þróun verðlags, lélegt ástand húsnæðis, árangur í landgræðslu, endurvinnslu úrgangs og svifryk.

Mælingar á velsældarvísunum standa enn yfir, en eru enn sem komið er, ekki markvisst reiknaðar inn í efnahagsstjórn landsins. „Það er hættulegt að einblína um of á of einfalda mælikvarða“, segir Ásgeir Brynjar. „Velsældarmælikvarðarnir bæta fleiri breytum við.“ Stofnanir eins og OECD halda utan um samhæfða svipaða mælikvarða og Sameinuðu þjóðirnar hafa núna hafið baráttu fyrir því að við horfum út fyrir hinn einfalda hagvöxt.

Áhrif þeirra sem græða mikil

Aðspurður um hvernig hægt er að virkja velsældarvísana segir Ásgeir Brynjar nauðsynlegt að rifja upp gömlu markmiðin um hvernig við lifum vel saman í samfélagi. „Ekki einvörðungu hvernig við hámörkum hagnað.“

Hann segir fjársterk hagsmunaöfl þeirra sem hafa verið að græða á núverandi ástandi vera gríðarmikil. „Á heimsvísu er meira fjármagn sett í stuðning við olíuiðnað, niðurgreiðslu á olíuafurðum, heldur en sett er í viðbragð við loftslagsvánni. Markaðurinn hefur líka fengið að vera svo frjáls á Íslandi. Það hefur ríkt ofurtrú á markaðslausnir. Hér hefur smæð markaðarins hins vegar leitt til fákeppni og hærra verðs.“

„Þó svo við höfum haft forskot, til að mynda með græna orku, getum við ekki lifað á fornri frægð 100 ára gamallar hitaveitu. Það þarf að gera skurk í því að við náum öðrum þjóðum í fremstu röð við að draga úr áhrifum okkar á jörðina.“

Innflutt verðbólga

„Sett í samhengi við það sem er að gerast í heiminum þá er verðbólga alþjóðlega nú að hækka vegna stríðsátaka og loftslagsváin er að hafa afleiðingar sem verða dýrar að leysa úr. Og eru það nú þegar, eins og uppskerubrestir, flóð og skógareldar“, segir Ásgeir Brynjar.

„Við höfum í mörg ár verið með heimatilbúna verðbólgu hér sem við höfum ekki náð niður. Við erum nú að fara að fá alþjóðlega óumflýjanlega verðbólgu ofan á það ástand. Hún kemur líklega fram í flest öllu innfluttu, nema gengið fari eitthvað að dempa hana.“

Stríðsátökin hafa beinlínis áhrif inn í matvælaframleiðslu heimsins. „Annars vegar innrásin í Úkraínu þar sem minnkuð landbúnaðarframleiðsla er við að valda hungursneyð í löndum sem voru háð því að fá ódýrt kornmeti þaðan. Hins vegar innrás Bandaríkjanna og Ísraels á Íran, þar sem Hormússundinu var lokað og þar

-Framhald á síðu 30.



SEGWAY

Fjórhjól og buggybílar til afgreiðslu strax!

AT10 Wide 30”

Eitt vinsælasta fjórhjólið í dag

2.549.000 með vsk.

- 1.000cc - 97 hö - 92Nm tog
- 30” dekk á 14” Beadlock felgum
- 149 cm. breitt, 32 cm. veghæð
- Klárt með brettaköntum
- Mismunadrif framan og aftan
- Stillanlegt rafmagnsstýri
- T3b dráttarvélaskráning
- Hvít númer, tveggja manna



Framúrskarandi fyrirtæki 2026

HESJA

Nánari upplýsingar á **hesja.is** | **hesja@hesja.is**


Hafnarfjörður: Selhella 1 - **Sími 546 0415** | **Akureyri:** Frostagata 2 - **Sími 415 6415**

Límtréshús, bogahús og færanlegar byggingar

Hýsi.is



Færanlegar byggingar




Bogahús





Límtréshús


HÝSI

BYGGJUM BETUR









Hagstofan birtir mælingar á 40 velsældarvísum og uppfærir þegar nýjar tölur eru tilbúnar.

með umferð með jarðefnaeldsneyti, endurunna olíu, áburð og fleira sem hækkar verðið og skilar sér beint út í verðlag.“

Ásgeir Brynjar tengir hér aftur við Rockström og segir að það að gera ekki neitt sé sífellt að verða dýrara. Mun hagkvæmara sé að fara núna strax í róttækar aðgerðir sem svo skila efnahagslegum ávinningi til langs tíma.

Stoppuðum í gat ósonlagsins

Staða ósonlagsins er eitt af þolmörkum jarðar og Rockström nefnir það sem gott dæmi um hvað og hvernig er hægt að bregðast við vá eins og geisaði með þynningu ósonlagsins. Þar hafi notkun skaðlegra freon-efna verið hætt. Ásgeir Brynjar segir það „gott dæmi um að með opinberri samhæfðri reglugerð sem umbreytir hegðun viðskiptalífsins og neytendanna er hægt að snúa af hinni hættulegu þróun“. Hann segir heimsfaraldurinn hafa verið annað dæmi þar sem hagkerfum heimsins var breytt.

Ef viðskiptaháttum venju samkvæmt verður haldið áfram óbreyttum öldina á enda, þá verður hlýnun jarðar orðin 3 °C og mannkyn sem ætlar þá að skipta yfir í endurnýjanlega orkugjafa, segir Rockström það verða of seint. Aðstæður verði þá komnar út fyrir þau mörk sem hann kallar Corridor of Life, braut lífs, og meirihluti jarðarbúa muni lifa við óbærilegar aðstæður.

Okkar verkefni er næstu 20 ár

„Græn bylting þarf að eiga sér stað á næstu 20 árum, það er okkar verkefni,“ segir Rockström í erindi sínu. Hann segir línulegar breytingar ekki nægja, við þurfum að finna breytingar sem fela í sér veldisvöxt, leiðir sem magna eigin jákvæðu áhrif upp. Hann nefnir að fjölgun kvenleiðtoga í valdastöðum sé mikilvæg og þar sýni Ísland gott fordæmi.

Kristín Vala og Ásgeir Brynjar fjalla einnig um það og segja í bók sinni víðtækari skilning vanta á flóknum samtengdum kerfum jarðarinnar og virkni þeirra. Í því samhengi nefnir Rockström umbyltingu í matvælaframleiðslu sem mikilvægasta þáttinn, umfangsmikið kerfi með marga snertifleti, þar sem hægt er að ná miklum árangri til breytinga.

Matvælakerfið skaðvaldur og lausn

Í erindi hans kemur fram að matvælaframleiðslukerfið hefur mest að segja um hraðar breytingar. Hann segir það stærsta skaðvaldinn í minnkuðum líffræðilegum fjölbreytileika, losun gróðurhúsalofttegunda og mengunar af völdum köfnunarefnis, fosfórs og þrálátra efna úr plöntuvarnarefnum. Þessi niðurstaða byggi á ítarlegum rannsóknum og þar séu þegar til þekktar lausnir sem henta bæði á litlum og stórum skala.

Rockström segir að með því að breyta neysluvenjum, hvernig við framleiðum mat og minnka matarsóun sé hægt að hafa stórtæk áhrif. Með því að nýta þær aðferðir sem þegar eru þekktar, svo sem í lífrænum og auðgandi landbúnaði sé hægt að færa núverandi stöðu allra þolmarka aftur inn á hina bærilegu braut lífs. „Þá verðum við örugg,“ sagði Rockström.

Búvörusamningar í bígerð

Aðspurður hvort hægt sé að hugsa velsældarvísa og hvatakerfi sem byggir á þolmörkum jarðar inn í komandi samningavinnu um nýja búvörusamninga segir Ásgeir Brynjar svo vera. Hann segir það til að mynda geta aukið velsæld að miða ekki að framleiðslu einfaldlega í sem mestu magni, heldur skuli huga enn betur að framleiðsluháttum og gæðum í kerfinu.

Hann nefnir í því samhengi gæði í smáframleiðslu og staðbundinni framleiðslu. Hann segir hagsmuni milliliða vera of mikla hér á landi, sem bitni í raun á stöðu bænda.

„Við verðum að stökkva á þann vagn og vera með í þeirri umbreytingu sem Rockström talar um, frekar en að líta á hana sem kvöð.“ Ásgeir Brynjar segir „kerfisbundna einokun eða fákeppni og hugmyndafræðilega fjötra gamallar tíðar um áherslu á magn og iðnframleiðslu, þar sem gæði eru talin sjálfgefin, en þau geta tapast í raun með því hvernig ferlinu er háttað“. Hann segir frumframleiðendur frekar eiga að stýra þróuninni heldur en milliliðirnir. „Hér er klárt tækifæri fyrir bændur á Íslandi þar sem hin raunverulegu gæði vaxa.“



Ágústa Rut Haraldsdóttir, meistaranemi í búvísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands. Mynd / Aðsend

Staðsetur liti í erfðamengi kúa

Fagfundur nautgriparæktarinnar fer fram á Hvanneyri í dag, 22. október. Markmið þessara funda, sem fara fram árlega, er að miðla til bænda og áhugafólks um landbúnað nýjustu rannsóknum og þekkingu í íslenskri nautgriparækt.

Eitt þeirra erinda ber heitið „Bröndótt gefur björg í bú“, þar sem Ágústa Rut Haraldsdóttir, meistaranemi í búvísindum við Landbúnaðarháskóla Íslands, kynnir lokaverkefnið sitt. „Í stuttu máli er markmið verkefnisins að geta staðsett liti í erfðamengi íslenskra kúa,“ segir Ágústa í samtali.

„Áður en erfðamengjaúrvalið var innleitt í kynbótastarfinu byggði starfið á afkvæmarannsóknum,“ segir Ágústa. „Ef þú notaðir reynt naut gastu séð að það hafði gefið ákveðna liti í sæðingum. Í dag erum við að nota erfðamengjaúrvalið og þá eru engin reynd naut í notkun þannig að þegar bóndi lætur sæða kýrnar hjá sér veit hann hvernig faðirinn er á litinn en ekki hvort nautið beri einhverja erfðavísa sem gefa aðra liti.

Í ræktunarmarkmiði íslenska kúastofnins er tekið fram að viðhalda skuli litafjölbreytni. Til þess að við getum viðhaldið litum þurfum við að vita hvernig þeir erfast. Markmið þessarar rannsóknar er að geta sagt fyrir fram hvaða liti naut geta gefið þó svo að þau beri ekki svipgerðina. Ég vonast til að geta staðsett litaerfðir í íslenska kúastofninum svo að þau gögn séu til. Svo verður að koma í ljós hvað verður gert við þessar niðurstöður en nautastöðin mun áfram velja til notkunar bestu nautin burtséð frá lit.

Ég er með arfgerðagögn og litaskráningu yfir 20.000 gripi og mun nota aðferð sem kallast GWAS (Genome-Wide Association Study) til þess að bera saman liti til þess að sjá hvar breytileikinn er. Ég er oftast með yfir 100 gripi í hverjum lit og í öðrum kúakynjum eru staðsetningar margra litagena þekkt. Á kynningunni sýni ég meðal annars niðurstöður úr samanburði á erfðamörkum hjá grönóttum og einlitum nautgripum. Þar koma fram sterk tengsl milli svæðis á litningi 29 og grönótts litar. Þetta eru fyrstu niðurstöður og næsta skref er að skoða svæðið nánar,“ segir Ágústa. Aðalleiðbeinandinn hennar í verkefninu er Egill Gautason. Þeir sem geta ekki mætt á Hvanneyri geta fylgst með fundinum í streymi eða horft á upptöku. */ál*





Husqvarna®

Há Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi

- **Eigum jarðvegsþjöppur á lager uppí 500 kg**
- **Þjónustuverkstæði og varahlutir**

ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5



Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K770 14" Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K970 16"
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa
97 kg, 500 mm plata



Husqvarna FS 400 LV gólfsög bensín
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna Rammer Hoppari LT6005 bensín
230mm plata, 69kg



Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, vinnslubreidd 60 cm



Husqvarna K4000 Steinsög, 230v
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600 Steinsög, vökvadrifin
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000 Ring rafmagnssög
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut rafmagnssög
Sögunardýpt 14,5 cm

HÁ VERSLUN


Lynghálsi 5, 110 Reykjavík
Opið mán.- fös. Kl. 9 - 17
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Husqvarna Construction Products

Gólfsagir, jarðvegsþjöppur, kjarnaborvélar, borstandar, hopparar, slípivélar, garðverkfæri, golfbílar, garðsláttuvélar og margt fleira!
Kíktu á úrvalið á haverslun.is eða til okkar að Lynghálsi 5

Heildarlausnir í fráveitu

Málmsteypan





Ásta Kristín Guðmundsdóttir og Óðinn Logi Þórisson, bændur á Vattarnesi. Þegar þau voru búin að búa þar í minna en ár reið yfir hamfaraveður sem olli miklu tjóni á byggingum á bænum. Hérna eru þau í gömlu fjósi á bænum sem hefur verið breytt í aðstöðu til þurrkunar á dúni. Myndir / ál

Breyttust í byggingastjóra á einni nóttu

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Þann 6. febrúar 2024 gekk óveður yfir Austfirði og urðu bændurnir á Vattarnesi sérstaklega illa úti, en á litlum bletti magnaðist vindurinn upp og olli stórtjóni á íbúðarhúsi og fjárhúsum. Þak útihúsanna fauk af í heilu lagi og splundraðist svo í annarri vindhviðu. Eins varð tjón á íbúðarhúsinu þegar hluti af þaki þess rofnaði og úrkoma átti greiða leið inn.

Á Vattarnesi búa bændurnir Óðinn Logi Þórisson og Ásta Kristín Guðmundsdóttir ásamt börnum. Fjölskyldan bjó áður á Fáskrúðsfirði en flutti út á Vattarnes árið 2023. Óðinn er tengdur fyrri ábúendum fjölskylduböndum. Vattarnes er útnes sem skagar út í Reyðarfjörð en er í stuttri akstursfjarlægð frá Fáskrúðsfirði.

„Við breyttumst í byggingastjóra á einni nóttu og þurftum allt í einu að fara að stjórna stórum vettvangi, úthluta verkefnum og forgangsraða hlutum. Verkefnið var mikið umfangsmeira en flestir gera sér grein fyrir og sem betur fer kom hingað fullt af vönu fólki sem gekk í verkin," segir Óðinn í samtali. „Við vorum rétt búin að búa hérna í hálft ár þegar þetta gerist," bætir Ásta við.

Bíllinn lyftist í vindinum

„Þakið sprakk af fjárhúsunum um hádegisbil en ég held að það hafi liðið einhverjir tíu klukkutímar þangað til að við treystum okkur til þess að fara út," segir Óðinn. „Ég tel allar líkur á því að þetta hafi verið hvirfilbylur," segir Ásta, „en það sprungu allar rúður í bílnum mínum og hann sogaðist upp, snerist í hálfhring og lenti á dráttarkúlunni ofan á grjóti þannig að afturdekkin snertu ekki jörðina."

„Vatnsflaumurinn þegar sjórinn gekk hérna yfir var svo mikill að við sáum ekki milli húsa og skurðirnir höfðu ekki undan," segir Óðinn. „Það var farið að myrkva þegar veðrið datt niður, en það var svo merkilegt að þá birti yfir. Vindinn lægði á einhverjum 40 mínútum og gátum við farið upp í fjárhús til þess að tékka á kindunum.

Það var ekkert voðalega mikil stemning að fara upp í fjárhús með skammbyssu með það í huga að mögulega þurfa að skjóta einhverjar kindur," heldur Óðinn áfram. „Það var ein sem drapst strax og önnur sem þurfti að aflífa. Svo voru sjö ær sem drápust dagana í kjölfarið, en þær hafa sjálfsagt verið með innvortis blæðingar þar sem við sáum ekkert á þeim. Af 180 kindum sem við vorum með reyndust þrjátíu geldar, en við reiknum með að þær hafi misst fóstur. Um vorið vantaði því um 50 lömb, sem þýðir að engar umframtekjur voru af búrekstrinum þetta ár."

Hrökkluðust úr íbúðarhúsinu

„Það voru tveir sólarhringar sem enginn komst hingað vegna veðurs, fyrir utan pabba sem er náttúrlega geðbilaður og fer út í hvað sem er," segir Ásta glettin. „Hann vissi af barnabörnum og dóttur sinni hérna, þannig að hann keyrði hingað í biluðu veðri þrátt fyrir að við hefðum beðið alla um að halda sig heima þar sem við treystum okkur ekki einu sinni út fyrir dyr og við vildum ekki leggja líf annarra í hættu. Þarna var þakið farið, skepnurnar berskjaldaðar og sumar særðar á meðan við vorum búin að leita okkur skjóls niðri í kjallara.

Á meðan við vorum hérna ein reyndum við að halda kúlinu fyrir krakkana, meðal annars með því að baka á meðan rafmagnið hélst," heldur Ásta áfram. „Þá var þakið ekki farið af íbúðarhúsinu, þannig að við gátum enn þá verið í eldhúsinu. Sjórinn gekk hérna upp í eldhúsgluggana og við vorum hálf smeyk af því að þessu fylgdi grjótkast. Þegar við misstum rafmagnið gátum við kveikt upp í kamínunni," segir Ásta. „Við erum alveg vön því að missa út rafmagnið," bætir Óðinn við, „en hingað er ekki búið að leggja þriggja fasa rafmagn í jörðu og höfum við misst það út í fjórtán sólarhringa samanlagt á einum vetri.

Eftir veðrið var íbúðarhúsið okkar óíbúðarhæft," heldur Óðinn áfram, „og þurftum við að flýja í hús hérna ofar sem við leigjum annars út til ferðamanna. Það eru ekki allir sem búa svo vel og ég veit ekki hvað við hefðum þurft að gera ef við hefðum ekki átt þetta hús."

Þakklát samfélaginu

„Óveðrið var í febrúar og við þurftum að setja allan kraft í að koma þaki yfir rollurnar fyrir sauðburð í maí," segir Ásta. „Þar sem ærnar voru enn þá í ullinni gátum við hleypt þeim tímabundið niður í fjöru. Húsið var tilbúið í tæka tíð og það er manngæskunni í fólkinu sem hjálpaði okkur að þakka að við gátum staðið okkar plikt í búskapnum.



Vattarnes er útnes mitt á milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar.





Fjárhúsin á Vattarnesi. Í einni öflugri vindhviðu fauk þakið af í heilu lagi og splundraðist svo stuttu síðar. Með mikilli hjálp frá samfélaginu tókst bændunum að endurnýja þakið í tæka tíð fyrir sauðburð.

Við fengum gríðarlega aðstoð frá samfélaginu,“ heldur Ásta áfram. „Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði sendi starfsfólk, tæki og smiði til þess að vinna hérna og rukkuðu okkur ekki fyrir. Bæjarbúar sem treystu sér ekki til að koma hingað til að bjarga byggingunum voru þá að elda og baka og komu með fullt af mat,“ segir hún. „Byggingaverktakinn sem kom hingað var virkilega að vinna fyrir okkur frekar en sig,“ bætir Óðinn við. „Búðir veittu okkur mikinn afslátt á byggingarefni og ég hugsa að við hefðum ekki getað klárað nema einn þriðja af því sem við erum búin með ef samfélagið hefði ekki hjálpað okkur.“

Tryggingafélög miða við fasteignamat

Óðinn og Ásta benda á að eftir hamfaraveðrið hafi þau áttað sig á að Viðlagasjóður bætti ekki tjón sem hlotnast af vindi. „Ég held að Viðlagasjóður ætti kannski að greiða út vegna tjóns sem verður eftir vindhviður sem eru á styrk við fellibyl,“ segir Óðinn. „Sem betur fer vorum við eitthvað tryggð hjá okkar tryggingafélagi. Vandamálið var hins vegar að á þessu svæði hafa menn passað sig á að uppfæra ekki fasteignamat eignanna því að sauðfjárbúskapur stendur ekki undir fasteignagjöldum af raunvirði bygginga. Ég held að það þurfi vitundarvakningu hjá bændum og sveitarfélögum varðandi fasteignagjöld á bújörðum.

Fjárhúsin okkar voru því metin á 32 milljónir þegar þetta gerist og í augum tryggingafélagsins á fasteignamatið að endurspegla hvað kostar að byggja húsið,“ heldur Óðinn áfram. „Svo er gert ráð fyrir 20 prósent sliti á húsunum þannig að tryggingafélagið mat húsið á 28 milljónir. Þá var þetta ekki tjón á nema hluta hússins þannig að við fengum 12,3 milljónir frá tryggingafélaginu til þess að laga þakið og hreinsa upp brakið. Ég held að þegar allt er saman tekið hafi kostað í kringum 20 milljónir að smíða nýtt þak og þurftum við að fjármagna það sem upp á vantaði sjálf. Svo fengum við á bilinu 6–7 milljónir fyrir viðgerðum á íbúðarhúsinu. Við erum að vinna í mörgum vinnum og hver einasta króna hefur farið í að fjármagna uppbyggingu á því sem skemmdist. Við sitjum enn þá uppi með tjón á öllu öðru sem skemmdist í óveðrinu, eins og girðingum og öðrum búnaði á bænum,“ segir Óðinn.

Allar byggingar einhvers virði

„Það var búið að liggja fyrir í nokkurn tíma að við myndum kaupa þessa jörð af Baldri frænda mínum, sem var bóndi hérna áður,“ segir Óðinn. „Ég vissi að hann hafði alltaf verið með góðar tryggingar hjá sínu tryggingafélagi en áður en kaupin gengu í gegn lést Baldur. Ég hafði því samband við tryggingafélagið og sagðist ætla að borga næsta reikning til þess að samningurinn félli ekki úr gildi. Það er trúlegast ástæðan fyrir því að við vorum tryggð, en ég er ekki viss um að nýir samningar séu eins yfirgripsmiklir.

Ég held að það hafi skipt miklu máli að fyrir um áratug skemmdist þak á þessum bæ og þá fór frændi minn með starfsmanni frá tryggingafélaginu um bæinn og benti á allar byggingar sem hann vildi tryggja. Hann var harður á því að þetta væri allt einhvers virði þó svo að húsin væri gömul. Við erum til að mynda núna að útbúa aðstöðu til dúnhreinsunar í fjósi sem hefur ekki verið notað í 30 ár. Þetta er einhvers virði, því að þarna eru steyptir veggir sem er hægt að laga.

Bændur ættu að fara vel yfir tryggingarnar og athuga hvert einasta smáatriði, því að það gerir þetta enginn fyrir þig nema þú sjálfur. Ég hefði viljað að einhver hagsmunafélög bænda gætu leiðbeint okkur í tryggingamálum, en það er gríðarlegt torf að fara í gegnum skilmála tryggingafélaga þannig að maður átti sig á hversu mikið maður er tryggður. Í svona stóru tjóni sem Viðlagasjóður kemur ekki að ætti að vera til einhver ráðgjafi sem hefði getað gripið vettvanginn og svarað því strax fyrir hverju maður er tryggður og hvað er hægt að gera,“ segir Óðinn.

Náðu ekki að hugsa um að bregða búi

„Í dag erum við ekki að lepja dauðann úr skel, en ef við hefðum ekki lent í þessu tjóni þá værum við í mjög góðum málum,“ segir Óðinn. „Við höfum bæði unnið mjög mikið, en planið hefur alltaf verið að gera atvinnu hérna á staðnum. Á ákveðnum tímapunkti vorum við á nippinu að taka þá ákvörðun að byggja ekki upp fjárhúsin aftur. Við hefðum allt eins getað eytt þeim peningi sem við fengum hjá tryggingafélaginu til þess að byggja smáhýsi fyrir ferðamenn. En einhverra hluta vegna hafði maður eiginlega ekki tíma til að taka þá hugsun lengra. Við fórum bara strax í það að bjarga kindunum og koma yfir þær þaki. Þessi bújörð er okkar ævifjárfesting og það sem við ætlum að hafa lífsviðurværi af, hvernig svo sem við spilum úr því,“ segir hann.



Óðinn sýnir ljósmyndara járnstykki úr gömlu landbúnaðartæki sem hafði fokið þaðan sem hann stendur að húsunum sem eru í bakgrunni í hamfaraveðrinu. Fjarlægðin er um 200 metrar.

Vattarnesi breytt í endastöð

Þó svo að Vattarnes beri við Reyðarfjörð hefur þessi bújörð og sveitin í kring sögulega verið í nánari tengslum við Fáskrúðsfjörð og er nesið í daglegu tali kennt við síðarnefnda fjörðinn. Sé ekið fyrir Vattarnesskriður tekur um 20 mínútur að keyra til Fáskrúðsfjarðar og er vegurinn að stærstum hluta mjög góður. Þá er hægt að keyra til Fáskrúðsfjarðar með því að fara inn Reyðarfjörðinn og í gegnum Fáskrúðsfjarðargöngin, en vegurinn í sunnanverðum Reyðarfirði er víða mjög frumstæður.

„Núna erum við orðin að endastöð eftir að hætt var að ryðja veginn fyrir Vattarnesskriður yfir á Fáskrúðsfjörð,“ segir Óðinn. „Í gegnum skriðurnar liggur fjögurra kílómetra kafli sem er flokkaður sem landsvegur, sem þýðir sama þjónustustig og uppi á hálendi og í eyðibyggðum.“ Hann leggur áherslu á að það hafi verið mannanna verk að ákveða að breyta flokkun vegarins og það sé eitthvað sem eigi að vera hægt að breyta aftur. Þjónustustigið hafi verið mun betra fyrir nokkrum árum.

„Að skriðunum frátöldum er vegurinn inn með norðanverðum Fáskrúðsfirði yfirbyggður og góður. Þá er malarvegurinn í gegnum skriðurnar betri en vegurinn inn með Reyðarfirði. Við erum að verða búin að sprengja þrjátíu nýleg dekk á veginum í sunnanverðum Reyðarfirði síðan við fluttum hingað út eftir í apríl 2023. Fram að því held ég að það hafi bara einu sinni sprungið undir bíl hjá mér,“ segir Óðinn.

„Börnin okkar eru í grunnskóla á Fáskrúðsfirði og höfum við séð um skólaaksturinn sjálf. Það var notalegt þegar við þurftum bara að fara nítján kílómetra aðra leið, en þegar önnur leiðin er 45 kílómetrar felur þetta í sér þriggja klukkutíma vinnu á dag ef við keyrum tvisvar fram og til baka. Við höfum ekki verið í vinnu við skólaakstur, heldur fáum við bara aksturspeninga samkvæmt ríkistaxta. Hann stendur ekki undir kostnaði því að við þurfum að vera á stórum og miklum bílum sem eru að eyða talsverðu. Litli jeppinn okkar er á 33 tommu dekkjum og stundum er ekki fært á honum,“ segir Óðinn.

„Vegurinn er ruddur út eftir með Reyðarfirðinum og alveg út að skriðunum með Fáskrúðsfirðinum. Með því að halda skriðunum ekki opnum er verið að færa kostnað af ríkinu yfir á sveitarfélagið. Ef við keyrum styttri leiðina á Fáskrúðsfjörð þá kostar það 700.000 krónur á ári samkvæmt aksturstaxta, en ef við förum alfarið lengri leiðina þá er það gróflega áætlað 2.200.000 krónur. Ef sveitarfélagið fengi verktaka í þann akstur myndi það kosta átta milljónir. Hvað heldurðu að það væri hægt að ryðja skriðurnar oft fyrir átta milljónir? Sennilega daglega,“ segir Óðinn.

„Þetta var gert til að spara, en þetta hefur ekki verið sparnaður fyrir okkur. Við viljum hvergi annars staðar búa, en yfirvöld mega heldur ekki nýta sér það og ætlast til þess að við sjáum um okkur sjálf. Lausnin er kannski að við kaupum gröfu sjálf til þess að ryðja veginn. Við megum það samt ekki því að þá berum við ábyrgð á veginum,“ segir Ásta.

Hrekkjavakan:

Grikk eða gott?

Sigrún Pétursdóttir
sigrunpeturs@bondi.is



Í tilefni hrekkjavökudagins sem nú hefur hægt og sígandi fest sig í sessi hérlendis er rétt að koma hér á blað örlítilli sögu, en upp á hann verður haldið laugardaginn 31. október næstkomandi.

Ekki eru allir á sama máli um ágæti þessa dags og benda með þótta á að við landsmenn eigum hliðstæða hátíð þar sem hefð er fyrir að búningaklædd börn þeytist um götur og betli sælgæti. Þeir þóttafullu mega hins vegar opna hug sinn og horfa á með jákvæðni hvernig hrekkjavakan dregur úr óeirð yfirspenntra barna, þeirra sem bíða óþreyjufullir eftir öskudeginum – og jafnvel jólunum ef því er að skiptaEnda er hrekkavakan einnig, á sinn hátt, hátíð ljósa, en hefð hefur komist á sums staðar að hafa ljósker fyrir utan þau hús sem vilja veita litlum betlurum ásjár með sleikipinnum eða lakkrísrúllum.

Þeir eru svo einhverjir sem skera út grasker, setja í þau ljós og tylla fyrir utan útidyrnar í stað luktanna en graskerin hafa loðað við hrekkjavökuna frá því að elstu menn muna.

Hátíð hinna dauðu

Hátíðin sem slík á rætur að rekja til keltnesku uppskeruhátíðarinnar Samhain sem haldin var á Írlandi, í Bretlandi og í norðurhluta Frakklands til þess að marka endalok sumars og þá upphaf hins oft dimma vetrar (í margþættum skilningi).

Í sögulegu samhengi einkenndist tímatal margra Evrópuþjóða, einkum á Norðurlöndum og á keltneskum svæðum, af tvískiptingu ársins í sumar og vetur. Vetrarbyrjun við mánaðamót október og nóvember markaði nýtt ár þar sem myrkrið mætti ljósinu. Þessum tímamótum var fagnað víða, að minnsta kosti fram að kristnitökunni.



Búningaklædd börn fyrir hundrað árum herjuðu á granna sína.

Á Íslandi voru haldnar Veturnætur, á Norðurlöndunum einnig, til viðbótar við það sem kallað var Dísablót, og meðal Kelta, hin gelíska Samhain-hátíð sem telst vera beinn forveri hrekkjavökunnar eins og við þekkjum hana í dag. Samhain þýðir á frummálinu „Hátíð hinna dauðu“.

Óljós mörk lifenda og látinna

Voru andar taldir vera á kreiki á þessum tíma og ekki síst í heimi Kelta þóttust menn geta skynjað ýmislegt, ekki síst hvað varðaði framtíðina. Þetta tímabil milli sumars og veturs, upphaf nýs árshrings og umskipta, boðaði sem sé það sem áður var hulið, mörkin milli heims lifenda og látinna óljós.

Keltar kveiktu gjarnan bál og færðu matargjafir í von um að vinna hylli anda þeirra sem höfðu látist á síðasta ári. Þeir dulbjuggu sig einnig, báru grímur og búninga svo að andar hinna látnu myndu ekki þekkja þá.

Hræðsla hins óþekkta varð þó til þess að fólk útbjó luktir til að fæla frá illa anda, holaði m.a. að innan og skar út andlit í rótargrænmeti sem í voru sett kerti. Segir sagan,



Útskorin rófa.

gömul írsk þjóðsaga í þessu tilfelli, frá óhræsinu og drykkjusvolanum Stingy Jack sem við endalok lífs síns var meinaður aðgangur að himnaríki, en hafði áður platað djöfulinn til þess að heimta ekki sálu sína. Hann var því dæmdur til þess að reika um jörðina með glóandi kol inni í holri rófu og þar sem hann var í flokki hinna glötuðu sálna hélt hann sig fjarri ef fólk útbjó svipuð ljósker. Þegar innflytjendur hópuðust til Bandaríkjanna hófu þeir að nota grasker í staðinn, enda mun stærri og auðveldari til útskurðar, og þaðan kemur bandarískt nafn ljóskerja úr graskerum ‚Jack-o‘-Lantern.

Grikkur eða gott?

Hrekkjavakan sem slík barst til Bandaríkjanna undir lok 19. aldar og einkenndist reyndar af hrekkjum og eignaspjöllum ungmenna en varð með 20. öldinni smám saman að þeirri hátíð sem við þekkjum í dag.

Sá siður að ganga í hús og spyrja húsráðanda hvort hann kjósi heldur að sér verði gerður grikkur eða gefi gott í poka spyrjanda hófst fyrir að minnsta kosti hundrað árum.

Í kanadíska dagblaðinu The Sault Daily Star, frá árinu 1917, var sagt frá uppáklæddum börnum sem stunduðu það að banka upp á og óska eftir sætindum. Hátíðin varð svo endanlega að þeirri allsherjarhefð sem við þekkjum í dag upp úr 1950, þegar sykurskömmtun eftir seinni heimsstyrjöldina lauk og vinsælar teiknimyndir og myndasögur gerðu orðalagið heimsfrægt. Til viðbótar við sykursætar myndasögur og teiknimyndir var dekkri hlið á málinu. Illir andar og allt þaðan af verra hefur ávallt átt sinn stall á degi hrekkjavökunnar og þykir mikil skemmtun allt sem þykir hrollvekjandi.

Veturnætur

Veturnætur eru forn tímamót, fyrir kristni, sem haldin voru hátíðleg á Norðurlöndunum í október til að fagna upphafi vetrar. Samkvæmt gamla tímatalinu er það fyrsti laugardagur að lokinni 26. viku sumars. Á móti kemur að fyrsti dagur sumars er iðulega á fimmtudegi og fóru hátíðahöld Veturnátta þá fram á milli fimmtudags og laugardags í lok sumarsins.

Veturnáttablót eru í dag haldin af Ásatrúarfélaginu, en segir á vefsíðu þeirra; „Blót þetta er helgað uppskeru haustsins og öllum þeim lifandi verum sem hverfa til hinnar eilífu hringrásar.“

Dísablót

Dísablót var fórnarhátíð haldin til heiðurs kvenlegum öndum eða guðum sem kallaðar voru dísir (og valkyrjur). Þessi hátíð átti sér stað allt frá forsögulegum tíma og fram að kristnitöku Skandinavíu, en tilgangur blótsins var að auka uppskeruna sem fram undan var.



Gunnar Hansen leikari.

Hrella skaltu náungann

Allt sem viðkemur því sem fella má undir hrylling, kynngikraft eða yfirskilvitleg fyrirbæri hafa alla tíð verið eitt aðalsmerki dagsins 31. október. Þykir mörgum gaman að skreyta hús sín í þess háttar stíl bæði að utan og innan. Hryllingsmyndir eru þarna ofarlega á blaði og gaman að hafa eina slíka rúllandi í tækinu svona fyrir stemninguna. Má þar nefna allt frá barnvænu myndunum Koraline og Beetlejuice til Texas Chainsaw Massacre, sem þykir ein umdeildasta hryllingsmynd allra tíma. Var það Íslendingurinn Gunnar Hansen (1947–2015) sem sló þar í gegn, en hann lék aðalhlutverk myndarinnar sem morðinginn og mannætan Leatherface.

Heilt yfir, fyrir þá sem hafa gaman af svona ólátadögum, ættu endilega að njóta sín til hins ýtrasta, hvort sem er að skreyta sjálfan sig og heimilið, gefa gestum og gangandi sælgætismola eða hreinlega stelast sjálfur í grímubúning og slást í hópinn.

Að lokum má svo spyrja sig hvernig best sé að útbúa graskerslukt – en fyrsta skrefið er að láta sér detta í hug hvað á að skera út. Teikna svo með svörtum tússpenna á graskerið og muna að gera ráð fyrir að lok verði að vera á því. Næst er að skera lokið af, hreinsa vel og bíða til þerris. Síðan kemur að því að losa um innvolsið og ná því út sem getur orðið ansi mikið verk. Gott að hafa stóra skál eða jafnvel svartan ruslapoka til þess að skutla því í, ef ætlunin er ekki að nota það til matreiðslu. Svo má snyrta brúnir útskurðarins og setja að síðustu kertaljós eða jafnvel ledseríu í graskerið sem má dást að þegar fer að skyggja.

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir





- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

Gastec Hurðir ehf.

Vagnhöfða 9 Reykjavík - bilskurshurdir.is - netfang: olafur@gastec.is

Green Diamond demantadekk

– raunverulegur **valkostur** í stað umhverfis**skaðlegra** nagladekkja!



Kristinn með sinn besta vin Dexter að afhenda dekk til „hundtryggra" viðskiptavina.

„Ég get fullyrt að Green Diamond eru raunverulega einu umhverfisvænu dekkin sem bjóðast hér á landi þar sem við erum að endurnýta dekkjabelgi. Þau veita mikið grip og eru alltaf örugg við okkar mismunandi aðstæður hér á Íslandi og leysa nagladekkin af hólmi" – segir Kristinn Sigurðsson, forsvarsmaður Green Diamond. Hann bætir við að samkvæmt rannsóknum séu nagladekk stærsti einstaki áhrifavaldur svifryks. „Naglarnir eru ttímaskekkja! Þó að það sé löglegt að fara á nagla vil ég hvetja sem flesta til að velta því fyrir sér að skoða annan kost, bæði fyrir eigið öryggi og það sem ætti að vera sjálfsagt mál, fyrir umhverfið".

Íslensk hönnun og uppfinning

Green Diamond demantadekkin eru íslensk hönnun fyrir íslenskar aðstæður og henta í flestum tilvikum betur en nagladekk, menga margfalt minna og endast einstaklega vel. Framleiðsla dekkjanna er byggð á íslensku einkaleyfi og við notum 100% náttúrulegt gæðagúmmí í slitlagið sem blandað er iðnaðardemanti sem nær í gegn um allt slitlagið. „Það er ekki að finna í neinum öðrum auglýstum kornadekk-jum" segir Kristinn og leggur áherslu á orð sín. Samkvæmt prófunum VTI Institue í Svíþjóð reyndust Green Diamond hafa 36% meiri virkni í bremsuprófi og 32% meiri virkni í beygjuprófi, en það dekk sem kom næst. Hér getur skilið á milli lífs og dauða," bendir Kristinn á.

Demantadekkin eru því augljós kostur fyrir alla sem vilja hætta að nota nagladekk til að vernda umhverfið og auka öryggi sitt. „Þegar naglarnir sverfa göturnar myndast djúp hjólför sem fyllast af vatni og geta skapað slysahættu, auk þess sem tjaran úr malbikinu sest á dekk og minnkar veggrip. Á höfuðborgarsvæðinu og víðar er t.d. oftast keyrt á þurru eða blautu malbiki yfir veturinn. Við slík skilyrði er bremsuvegalengd bifreiða á nagladekkjum almennt lengri. Þá þekkist það við ákveðnar aðstæður að bílar á nöglum geta „skautað" og það skapar hættu. Læknar segja að um 60 Íslendingar deyi ótímabærum dauða árlega vegna svifryksmengunar og mörg hundruð glíma við ýmis heilsufarsvandamál – Ég leyfi mér að orða það þannig að naglar drepa.

Ánægðir og öruggir viðskiptavinir!

Mýtan um endursólningu á ekki við lengur enda hefur tækninni fleygt fram. „Góð staðfesting á því er að flugvélageirinn og Formula 1 eru að endurnýta belgi 2 -3 sinnum. Hér heima höfum við afhent ÍSTAK um 3000 dekk á síðastliðnum árum segir meira en mörg orð. Einnig er alveg ljóst að forgangsbifreið björgunarsveitarinnar á Flúðum væri ekki búin að vera á Green Diamond dekkjum í fjölda ára ef þau væru ekki að skila öryggi og endingu. Ef Green Diamond virkar undir forgangsbíl björgunarsveitar í uppsveitum Árnessýslu, þarf þá nagladekk... ?

„Að lokum vil ég benda á að Green Diamond dekkin halda virkni sinni mun betur en önnur dekk þegar þau slitna, þar sem iðnaðaðardemanturinn nær í gegnum allt slitlagið. Þau halda sínum eiginleikum allan líftímann. Undir þetta taka margir atvinnuökumenn og tala um dekkin sem lang bestu „slitnu" dekkin. Að þessu leiti hafa því Green Diamond demantadekk algjöra sérstöðu.


Í ljósi stöðugt aukinnar umræðu um mikilvægi umhverfisverndar og bættra loftgæða trúum við því að almenningur, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög hljóti að skoða til hlítar þann möguleika að setja bifreiðar sínar á umhverfisvæn Green Diamond demantadekk," segir Kristinn.

Fyrir frekari fróðleik og upplýsingar er áhugasömum bent á heimasíðu okkar ***www.hardkornadekk.is*** o/e fyrir pantanir, sendið tölvupóst á ***panta@hardkornadekk.is***



BÆNDAFUNDIR 2026

LAUSNIN ER LANDBÚNAÐUR



BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS

2. NÓV	12:00 SELFOSS - 15:00 HVOLSVÖLLUR - 20:00 KLAUSTUR
3. NÓV	12:00 HORNAFJÖRÐUR - 20:00 EGILSSTAÐIR
4. NÓV	12:00 ÞÓRSHÖFN - 20:00 ÞINGEYJARSVEIT
5. NÓV	12:00 AKUREYRI - 16:00 SKAGAFJÖRÐUR - 20:00 LAUGARBAKKI
6. NÓV	12:00 HVANNEYRI

Sjá nánar á **bondi.is** og á samfélagsmiðlum @baendasamtokin

Meira prótein í byrjun mjaltaskeiðs gæti aukið afurðasemina



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Þegar rætt er um fóðrun nýbærra kúa snýst umræðan oft um orkuna sem þær innbyrða og er sú áhersla raunar ofur eðlileg, enda eru flestar afurðamiklar kýr í neikvæðu orkujafnvægi í byrjun mjaltaskeiðsins vegna þess að mjólkurframleiðslan eykst hraðar en átgetan ræður við. Þær þurfa því að ganga á eigin líkamsforða, til að mæta mikilli næringarþörf mjólkurframleiðslunnar. Á síðustu árum hafa þó komið fram rannsóknir sem benda til þess að prótein, og þá sérstaklega framboð amínósýra til smáþarmanna, geti verið vanmetinn þáttur í afkastagetu kúa við upphaf mjaltaskeiðsins. Í umfjöllun norska prófessorsins Harald Volden í fagtímaritinu Buskap (7/2025) er vakin athygli á þessu og þar í landi er farið að tala um svokallaða „proteinboosting“ aðferð, sem kalla mætti próteinörvun á íslensku. Þar er hugmyndin sú að auka framboð svokallaðs AAT próteins fyrstu vikurnar eftir burð og beina þannig meiri næringu að júgrinu á því tímabili þegar framleiðslugeta kúnna er hvað mest.



Mjaltaskeiðsdagar 0-21	Hefðbundin gjöf	Með próteinörvun
Þurrefnisát, kg/dag	20,5	20,7
Nyt, kg/dag	38,0	44,7
OLM, kg/dag	45,2	53,6
Líkamsþungabreyting, kg	-42	-46
BHB, mmól/L	0,60	0,90

Mjaltaskeiðsdagar 22-42	Hefðbundin gjöf	Með próteinörvun
Þurrefnisát, kg/dag	25,1	25,6
Nyt, kg/dag	49,3	54,1
OLM, kg/dag	53,1	58,0
Líkamsþungabreyting, kg	-0,1	+2,2
BHB, mmól/L	0,58	0,87

Kýr sem fengu aukið próteinframboð fyrsta 21 dag mjaltaskeiðsins mjólkuðu marktækt meira en samanburðarhópurinn.

Hvað er AAT?

Í norræna fóðurmatskerfinu NorFor er próteingildi fóðurs ekki aðeins metið út frá hrápróteini heldur einnig út frá því hversu mikið af amínósýrum skilar sér í raun til upptöku í smáþörmum. Sá mælikvarði kallast AAT (aminosyrer Absorberet i Tarmen), eða amínósýrur frásogaðar í þörmum. Amínósýrurnar eru gríðarlega mikilvægar enda bæði byggingarefni fyrir vefi líkamans og mjólkurprótein og einnig getur hluti þeirra nýst til að mynda glúkósa, sem er eitt mikilvægasta orkuefnið við mjólkurmyndun.

Nýbærur í sérstökum aðstæðum

Sérstaða jórturdýra er að hluta til sú að vambarörverurnar geta framleitt allar lífsnauðsynlegar amínósýrur. Þær sjá því að stórum hluta um próteinframleiðslu fyrir dýrið sjálft en þrátt fyrir það getur komið upp sú staða að eftirspurnin eftir amínósýrum verður meiri en framboðið, sérstaklega hjá mjög afkastamiklum kúm í byrjun mjaltaskeiðs eins og hér að framan greinir. Fyrstu vikurnar eftir burð stendur kýrin því frammi fyrir gríðarlegri áskorun. Júgrið kallar eftir sífellt meiri næringu til mjólkurmyndunar, en átgeta kúnna nær ekki að fylgja eftir. Kýrin nær einfaldlega ekki að éta nóg en til þess að svara kalli mjólkurframleiðslunnar þá gerist það að kýrin getur gengið á eigin orkuforða. Hún umbreytir líkamsfitunni í orku og nær þannig, a.m.k. að hluta til, að svara þörfinni fyrir orkuna sem ekki næst með því að éta.

Að sama skapi reynir líkaminn að sækja sér byggingarefni próteins úr líkamanum en umbreytigeta á próteini úr líkamanum er hins vegar minni en umbreytigeta úr fitu í orku. Þess vegna kemur upp ákveðið ójafnvægi, þar sem orka úr fituforða er tiltæk en framboð amínósýra getur verið takmarkandi. Samhliða þessu ríkir oft jafnframt glúkósaskortur. Mjólkursykur er megindrifkraftur líkamans til að framleiða mjólk og til að framleiða hann þarf glúkósa. Þegar glúkósaframboðið er aftur á móti takmarkað getur líkaminn farið að nýta amínósýrur til glúkósaframleiðslunnar. Sumir sérfræðingar áætla að allt að 30% af AAT-framboðinu geti í raun farið þessa leið á fyrstu vikum mjaltaskeiðsins. Þá standa aftur á móti færri amínósýrur eftir, til myndunar mjólkurpróteins.

6–7 kg meiri mjólk á dag

Undanfarin ár hafa sést fleiri og fleiri rannsóknir á þessu ferli öllu saman en ein áhugaverðasta rannsóknin á þessu sviði var birt í Journal of Dairy Science árið 2024 af vísindafólki við Cornell-háskólann. Þar voru 96 Holstein-kýr rannsakaðar og fengu mismikið framboð af próteini bæði fyrir og eftir burð. Kýr sem fengu aukið próteinframboð fyrsta 21 dag mjaltaskeiðsins mjólkuðu marktækt meira en samanburðarhópurinn. Eins og sjá má í meðfylgjandi töflu þá var meðalnytin 44,7 kg á dag, fyrstu þrjár vikur tilraunatímabilsins, samanborið við 38,0 kg hjá þeim kúm sem fengu hefðbundna fóðrun. Í síðari töflunni má sjá niðurstöður seinna tilraunatímabilsins, þ.e. frá degi 22 til 42. Þar sést að munurinn hélst áfram og var 54,1 kg á móti 49,3 kg á dag. Það sem þó var einna athyglisverðast var að áhrifin héldu áfram eftir að viðbótarfóðrunartímabilinu lauk. Kýrnar héldu sem sagt áfram að mjólka meira þótt þær væru komnar aftur á sambærilega fóðrun og samanburðarhópurinn.

Oft er aukin mjólkurframleiðsla einfaldlega afleiðing aukins áts, en það átti þó ekki við í þessari rannsókn. Át kúnna, mælt sem kg þurrefnis á dag, var nánast sú sama hjá hópunum tveimur og enginn marktækur munur fannst heldur á þyngdartapi kúnna. Þrátt fyrir það mjólkuðu þær kýr sem fengu meira AAT verulega meira. Vísindafólk Cornell-háskólans mátu það svo að aukið framboð amínósýra hafi einfaldlega gert kúnum kleift að beina stærri hluta næringarefnanna til mjólkurframleiðslunnar. Með öðrum orðum virðist fóðurorkunni í raun hafa verið ráðstafað betur og aukið þannig bæði afurðasemina og fóðurnýtinguna.

Það er sérstaklega áhugaverð niðurstaða fyrir kúabændur, því með þessu má ætla að hægt sé að bæta fóðurnýtingu kúa töluvert og fá þannig meiri mjólk úr hverju gefnu kílói fóðurs.

Gæti aukið súrdoða

Hinn norski prófessor Harald Volden hefur, þrátt fyrir framansagt, bent þarlendum bændum á að ekki sé nú allt bara jákvætt við þessa aðferð. Kýr sem eru á svona próteinbættu fóðri mælast með aukið BHB-blóðgildi en BHB (beta-hýdroxýbútýrat) er eitt af þeim efnum sem mæld eru til þess að meta hættu á súrdoða. Þó svo að meðaltölin hafi ekki farið yfir viðmiðunarmörk, og tíðni klínískra vandamála hafi ekki aukist marktækt, telur vísindafólkið mikilvægt að fylgjast vel með efnaskiptastöðu kúnna ef bændur taka upp þessa aðferð við fóðrun.

Byrja fyrir burð?

Í framangreindri rannsókn var sumum kúnum einnig gefið aukið prótein síðustu fjórar vikurnar fyrir burð og skilaði það sér í því að þær mjólkuðu að meðaltali 3,7 kg meira á dag, á öllu tilraunatímabilinu, en samanburðarhópurinn. Jafnframt fundust engar vísbendingar um að þessar kýr væru að ganga á eigin líkamsforða eða væru með einhver efnaskiptavandamál. Þessar niðurstöður benda til þess að undirbúningur fyrir hvert mjaltaskeið geti byrjað fyrr en margir hafa hingað til talið.

Borgar þetta sig?

Samkvæmt norskum útreikningum kostar svona próteinörvun um það bil 180 norskar krónur á kú, fyrir 30 daga tímabil, eða um 2.300 íslenskar krónur. Á móti sýna samantektir úr mörgum tilraunum afurðaaukningu upp á 150–250 kg mjólkur á fyrstu 50 dögum mjaltaskeiðsins. Sé miðað við hefðbundið afurðastöðvaverð á Íslandi nú um stundir, myndi þetta afurðamagn gefa veltu upp á 22–37.000 íslenskar krónur. Hvort heimfæra megi kostnað og ávinning í mjólkurmagni beint upp á íslenskar aðstæður er nú líklega heldur óvarlegt að ætla. En þessar tölur eru þó svo áhugaverðar að það er harla líklegt að dæmið ætti að geta gengið upp á Íslandi líka, jafnvel þó svo að kostnaðurinn kunni að vera eitthvað hærri en hér er nefnt og ávinningurinn í lítrum talið eitthvað minni.


Langtímaáhrifin vantar

Eins og staðan er í dag þarf frekari rannsóknir enda virðist sem flestar tilraunir, sem hingað til hafa verið gerðar, horfi aðallega til fyrstu 40–50 daganna og því ekki að fullu ljóst hversu lengi áhrifin endast. Það verður þó einkar áhugavert að fylgjast með þessum málum á komandi misserum og árum, enda benda þessar rannsóknaáherslur til þess að við höfum hugsanlega verið aðeins of upptekin af orkufóðrun nýbæra í stað þess að horfa meira á próteinið sem þátttakanda í afurðaseminni sem slíkri. Ef rétt reynist þá er þessi markvissa „próteinörvun“, á fyrstu vikum mjaltaskeiðsins, með merkilegri breytingum síðari ára sem hafa orðið á fóðrunarleiðbeiningum.



TOYO TIRES · PIRELLI · Laufenn Journey in Style · MAXXIS DEKK · Mastercraft TIRES · NANKANG FREE YOUR WAY · GT RADIAL · INTERSTATE TIRES

Nú er Nesdekk í kortunum!



Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.

Réttu dekkin draga fram bestu eiginleika bílsins og veita hámarks öryggi.

Komdu við á Nesdekk og fáðu ráðleggingar fagmanna um val á réttum dekkjum fyrir veturinn.

Veðurkort er ekki byggt á raunverulegri veðurspá.

Bókaðu tíma!



Bókaðu tíma í dekkjaskipti og skoðaðu úrval vetrardekkja á nesdekk.is

Breiðhöfði 13	Skeifan 9	Fiskislóð 41	Lyngás 8	Dalshraun 10	Völuteig 29	Njarðarbraut 9	Austurvegi 54	Dalsbraut 1
110 Reykjavík	108 Reykjavík	101 Reykjavík	210 Garðabæ	220 Hafnarfirði	270 Mosfellsbæ	260 Reykjanesbæ	800 Selfossi	600 Akureyri
590 2080	590 2098	561 4110	565 8600	590 2093	590 2097	420 3333	590 2095	460 4350

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200

Grasagarðurinn í Reykjavík:

Fegurð í sofandi safnkosti



Edda Kristín Sigurjónsdóttir
edda@bondi.is

Grasagarðurinn er þægilegur staður að koma á. Fólk finnur þar andrými, ró og fegurð. Blaðamaður hitti Hjört Þorbjörnsson, forstöðumann Grasagarðsins, á fallegum haustdegi. Hann segir áherslu lagða á að gestir njóti kyrrðar og að gott sé að koma í garðinn á öllum árstíðum, á vetrum sé vel mokað og bekkjum haldið snjólausum.

Í Grasagarðinn koma um 200.000 gestir árlega. Þar fer fram ríkulegt fræðslu- og rannsóknarstarf og ýmis samstarfsverkefni sem teygja anga sína út í móa, upp á hálendi, inn í skólastofur, út í tjörn og langt út fyrir landsteinana. Ræktun gamalla yrkja af sumarblómum og tilraunaræktun á gulstörum, sem prýða munu endurgerðan hólma Tjarnarinnar í miðbæ Reykjavíkur, eru meðal verkefna.

Helgi ríkir í garðinum

„Það að við erum hluti af opnu almenningsrými Reykjavíkurborgar, er eitt af því sem ég er hvað mest heillaður af í fari Grasagarðsins," segir Hjörtur. „Að fólk geti gengið um hann frjálst en það eru auðvitað stífar reglur. Plönturnar hafa forgang. En við leikum þetta hlutverk almenningsgarðs með gleði. Ég tel það vera sóknarfæri til að nálgast fólk og fá fólk í það hugarástand sem það þarf að vera í til að geta lært. Hér er vítt til veggja og hátt til lofts."

„Við leggjum mikla áherslu á að fólk verði ekki fyrir truflun annarra, að hér sé ekki verið að sinna markaðsstarfi eða öðru slíku. Til að vernda þessa ró, sem fólk þarf að eiga einhvers staðar í borginni, höfum við beint slíku annað. Við verðum að hafa stað í Reykjavík sem býður upp á það. Við höfum þurft að standa vörð um þessa helgi."

Hjörtur segir fólk almennt ganga vel um þó starfsfólk þurfi stundum að hafa afskipti af gestum. Hann segir um 200 þúsund manns koma í garðinn á ári hverju. Hjörtur segir marga vera eins og klukkur, alltaf koma á sama tíma en aðrir endurtekið yfir árið.



Mörg tækifæri eru til að tylla sér og njóta alltumlykjandi gróðursins og dýralífsins, hér í faðmi stæðilegra birkitrjáa. Þegar veður geisa veitir gróður gott skjól.

Átta safndeildir

Í Grasagarðinum eru átta safndeildir; Flóra Íslands, fjölærar jurtir, rósir, lyngrósir, skógarbotnsplöntur, trjásafn, steinhæð og nytjajurtagarður. Plöntur eru um 5.000 talsins og heildarfjöldi tegunda, undirtegunda, afbrigða og yrkja rúmlega 3.500. Saman birta þessar plöntur gestum þá miklu fjölbreytni gróðurs sem vex í norðlæga tempraða beltinu. Garðurinn var stofnaður árið 1961.

Viðurkennt safn

Grasagarðurinn er viðurkennt safn af Safnaráði, líkt og önnur söfn, svo sem listasöfn. „Allur safnkosturinn okkar er á sýningarsvæðinu, við erum ekki með neina geymslu svo við vinnum fyrir opnum tjöldum. Þegar það er allt á rúi og stúi í geymslunni, þá sjá það allir," segir Hjörtur og hlær.

Í sumar hefur eins konar forvarsla átt sér stað í safndeild íslensku flórunnar. „Íslenska flóran er aðeins erfið safndeild. Sumar íslensku plantnanna eru illgresið í görðunum okkar, við þurfum að vera dugleg að halda þeim frá. Við ákváðum í vor að taka safngripina úr íslensku flórunni, aðgreina og potta og geyma á uppeldissvæðinu. Við þurftum að byrja upp á nýtt, en ég er viss um að okkur mun takast þetta ætlunarverk. Það verða einhverjar tegundir sem geta ekki farið niður aftur. Nú gefum við okkur árið og hreinsum grasbeðið og útrýmum reyrgresinu, sem fer inn í aðra safngripi og drepur þá. Ár er langur tími í lífi fólks, en ekki fyrir plöntur. Við tökum safndeildina í hlutum og vinnum bug á þessum vanda sem hefur byggst upp."



Hjörtur er grasafræðingur og leiðir faglegt starf Grasagarðsins.

Tengslanet Grasagarðsins

Uppruni grasagarða eins og þeir þekkjast í dag er í háskólum. „Fyrst voru það lækna- og lyfjadeildir sem hófu ræktun grasagarða," segir Hjörtur. „Síðan hafa þeir þróast yfir í að vera tengdir líffræði og grasafræði." Hann segir hinn vestræna heim hafa áttað sig á gildi þess að hafa græn svæði í borgum.

Rekstrarform grasagarða eru með ýmsu móti, ýmist í umsjón eins aðila eða samstarfi fleiri, svo sem ríkis, sveitarfélaga og menntastofnana.

Sumir eru tengdir náttúrufræðisöfnum, eins og Grasagarðurinn í Kaupmannahöfn, garðurinn í Osló er hluti af Náttúruminjasafninu, í Gautaborg er hann rekinn af sveitarfélaginu í samstarfi við háskólann. Í Bandaríkjunum eru grasagarðar gjarnan sjálfseignarstofnanir.

Hjörtur segir Grasagarðinn í Reykjavík hafa fengið að dafna vel í umsjá Reykjavíkurborgar þar sem hann heyrir undir umhverfis- og skipulagssvið. Hann segir þau vera í góðu samstarfi við fjölmarga, svo sem Landbúnaðarháskólann, Háskóla Íslands, Garðyrkjuskólann, Leiðsögumannaskólann og menntaskólana, sem koma mikið í heimsókn. Tengslanetið teygir sig einnig langt út fyrir landsteinana.

Sumarblómvöndurinn

Grasagarðurinn hefur unnið mikið með NordGen, Norrænu erfðaauðlindastofnuninni, sem heyrir undir Norrænu ráðherranefndina og sér meðal annars um rekstur alþjóðlega fræbankans á Svalbarða.

„Í ár höfum við til dæmis verið að rækta gömul yrki af sumarblómum sem voru upphaflega ætluð til afskurðar," segir Hjörtur. „Sumarblóm eru fallegar garðplöntur en eftir því sem fólk kaupir meira af afskornum blómum, hafa sumarblómin breyst í gegnum tíðina. Þau eru minni, henta síður til afskurðar, blómstra meira, en á stuttum leggjum. Þessi gömlu yrki af sumarblómum sem henta til afskurðar hafa orðið sjaldgæfari í ræktun. Þetta er þróun undanfarinna 50 ára."

Hann segir ástæðuna að hluta til vera vegna veðráttunnar á Íslandi, „ný yrki eru oft og tíðum lægri, þau falla ekki í rigningu eða vindi," en að sama skapi væri gott ef fólk gæti líka ræktað sín eigin afskornu blóm, „útbúið sína eigin vendi"

Fjölbreytni og endurnýjun í safnkostinum

„Hlutverk grasagarða er að sýna fjölbreytnina, í tegundum og varðveita hana," segir Hjörtur.

Grasagarðar eru mikilvægir hlekkir í stórri keðju. Hjörtur segir ræktunina byggja á skipulögðum fræskiptum á milli grasagarða. Það þurfi að varðveita tegundir á fleiri stöðum en einum.

„Við söfnum fræi á haustin og deilum því með öðrum grasagörðum erlendis og Lystigarðinum á Akureyri og sendum reglulega lista yfir okkar plöntur í sameiginlegan gagnagrunn grasagarða."

Þegar plöntur sem ræktaðar hafa verið úr fræi úr grasagörðum erlendis ljúka líftíma sínum, er þeim stundum skipt út fyrir aðrar tegundir. „Töluvert af plöntum deyr á hverju ári. Sumar plöntur eru einærar, tvíærar eða skammærar og deyja eftir blómgun og þá þurfum við að rækta eitthvað nýtt. Það eru ákveðnar

Erlend samstarfsverkefni

Á málþingi sem haldið var í Grasagarðinum nýlega voru tvö margra samstarfsverkefna garðsins ofarlega á baugi og fulltrúar frá grasagörðum Norðurlandanna komnir saman auk starfsfólks frá NordGen.

Villtar erfðalindir ræktaðra nytjaplantna
Plöntur í ræktun eiga sér skyldar plöntur sem vaxa villtar. Hægt er að safna þeim villtu og nýta til kynbóta plantna í ræktun. Sem dæmi má nefna að í framtíðinni mætti nota villta jarðarberið til að kynbæta ákjósanlega eiginleika inn í ræktuð jarðarber. Verkefnið Villtar erfðalindir ræktaðra nytjaplantna gengur út á einmitt það.

Ferlið er langt og ekki einfalt, en Hjörtur segir mikilvægt að varðveita þessar plöntur, „sérstaklega til þess að við getum kynbætt plöntur þannig að þær þoli þær breytingar sem við stöndum frammi fyrir, t.d. varðandi loftslag, fæðuöryggi og neytendavenjur."

Fyrsti fræbankinn á Íslandi
Í Grasagarðinum verður fyrsti fræbanki Íslands hýstur. Verkefnið er samstarf Grasagarðsins í Reykjavík, Dublin og Oulu í Finnlandi og unnið með Náttúrufræðistofnun sem sér um stefnumörkun. Fræbankinn er hugsaður til að varðveita fjölbreytileika íslenskra plantna og í fyrstu verður áhersla á plöntur sem eru á válista. Umfang verkefnisins er talsvert en fer vel samhliða öðrum verkefnum Grasagarðsins, að sögn Hjartar.





Lífið í tjörnunum í Grasagarðinum er fjölskrúðugt. Endur sóttu sér æti í rigningu á nýliðnum haustdegi.

plöntur sem við leggjum okkur fram um að varðveita og tökum þá græðlinga eða varðveitum með annarri aðferð ef hann sýnir merki um vanþrif. Svo það er ákveðin hreyfing á safnkostinum," segir Hjörtur.

„Við erum staðsett í miðri borg og samfélagið vill líka geta skoðað ræktuð yrki, eins og eru í garðplöntustöðvunum, svo við sinnum þeim líka. Við erum til dæmis með rósagarð og yrki sem hafa verið sérvalin til ræktunar á Íslandi frá upphafi. Við varðveitum til dæmis brekkuvíði, sigurkvistinn og rósakvistinn Eiríks rauða. Þetta eru yrki sem voru algeng í ræktun, en eru ekki endilega algeng í dag."

Gulstör í Tjörnina

Hólminn í Tjörninni í miðborg Reykjavíkur hefur nú verið endurbyggður. Minni hólmann, sem þó er ekki svo lítill, á eftir að endurgera. Báðir eru nauðsynlegir fuglalífinu í Tjörninni. Verkefnið er hluti af verkefninu Vatnalíf sem Reykjavíkurborg er aðili að ásamt 21 öðrum, sem bæði eru ráðuneyti, sveitarfélög, stofnanir og fleiri.

Vatnalíf miðar að því að hraða og efla innleiðingu vatnaáætlunar á Íslandi og tekur til áranna 2025–2030. Verkefnið hlaut stóran evrópskan styrk, þann stærsta sem íslenskt samstarfsverkefni hefur hlotið, 3,5 milljarða króna. Mörg verkefni heyra undir Vatnalíf, svo sem blágrænar ofanvatnslausnir í Grundarfirði, verkefni tengd fráveitunni í Reykjavík og fyrrnefnd endurgerð á hólmunum í Tjörninni.

En gróðurinn vantar í hólmana. Hann er nú að hluta til í ræktun í Grasagarðinum, þar sem staðið hafa yfir tilraunir á ræktun á gulstör sem Hjörtur telur mögulega góða garðplöntu, tjarnarstör, mýrarstör og fleiri tegundum sem henta öndunum, sem kunna vel við graslendi og stör fremur en stórgerðari plöntur.

Eins og sakir standa bera gulstörin höfuð og herðar yfir aðrar tegundir og virðast munu sóma sér vel í hólmanum. Torf úr mýrum verður líklega einnig sett niður og Hjörtur segir það verða áhugavert að sjá hvernig plöntum í því muni reiða af í samanburði við ræktuðu plönturnar. Hann segir vonir standa til að rækta einnig engjarós og hófsóley til viðbótar.

Kappakstur fræjanna

Fræðslustarf er fyrirferðarmikið í Grasagarðinum og þangað koma árlega um 5.000 manns í markvissa fræðslu og þar af 3.000 skólabörn. Skólaræktunarverkefni geta verið með ýmsu móti, lærdómsrík og nært sköpunarkraft nemenda. Heyrst hefur að nemendur hafi til dæmis stofnað til kappaksturs fræjanna, þar sem spírunarhraði var í brennidepli. Eins fréttist að nemendur í öðrum skóla hefðu safnað græðlingum af pottaplöntum og ræktað upp fyrir vorhátíð með tilheyrandi inngripum við blaðlús og öðrum óvæntum uppákomum þegar á þurfti að halda. Tengsl við moldina, fræið sem spírar, plöntuna sem vex upp og hringrásin í heild sinni er því vettvangur mikils lærdóms.

Garðurinn var samstarfsaðili í verkefninu Sjáðu, sáðu og smakkaðu sem lauk í fyrra og var leitt af NordGen. Verkefnið var samnorrænt fræðslu- og ræktunarverkefni sem fól í sér verklega kennslu og áhersla var á tengsl á milli matvælaræktunar, líffræðilegs fjölbreytileika og loftslagsbreytinga. Hjörtur segir verkefnið hafi verið mjög vel heppnað og að reynslan úr því nýtist vel áfram.

„Ef skólar eru að gera eitthvað sérstakt hjá sér getum við tekið á móti nemendahópum, eða kennurum í fræðslu. Við reynum að gera fólk sjálfstætt og erum til dæmis með tilbúin verkefni sem leiða kennara og nemendur áfram um garðinn. Við höfum sjálf ekki alltaf tök á að fara með fræðslu út úr safninu."

Fegurð í sofandi safnkosti

Viðburðadagskrá er í Grasagarðinum árið um kring og garðskálinn er opinn allan ársins hring þótt kaffihúsið sé aðeins starfandi yfir sumarmánuðina. „Við erum eitt af svæðum Reykjavíkur þar sem er vel mokað og sandað. Þetta á að vera góður staður að koma á fyrir þá sem eru ekki öruggir til gangs til dæmis. Hér er mikið af bekkjum sem við reynum að halda snjólausum. Garðurinn er góður staður að koma á og njóta yfir veturinn, jafnvel á meðan safnkosturinn sefur," segir Hjörtur að endingu, mjúkum rómi og við ljúkum samtali okkar á eilítilli tilhlökkun til vetrarins.

Alltaf opið á netinu!
Skoðaðu fjölbreytt úrval í vefversluninni okkar



Útihúsgögn.is
ÚTSÖLUNNI AÐ LJÚKA!
25% afsláttur af garðbekkjum
20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ÖÐRUM ÚTIHÚSGÖGNUM
info@utihusgogn.is
Sími: 857 6715
Útsalan endar 31. október



Toppurinn í fjórhjólum í dag



1.999.000,-
Án vsk.1.612.096,-

28" dekk.
Hiti í sæti og handföngum.
Mismunadrif að aftan.



2.399.000,-
Án vsk.1.934.677,-

NITRO
Nítró - Urðarhvarfi 4 - 557 4848
Nánari upplýsingar á nitro.is

Umboðsaðilar: ***Kaupfélag Skagfirðinga,*** *Sauðarkróki.* ***Suður England,*** *Selfossi.* ***Bikevik,*** *Reykjanesbæ,* ***Lyngás 5,*** *Hella,* ***Landstólpi*** *-* ***AB varahlutir,*** *Egilsstöðum.*

Áætluð eignamörk 1.150 jarða birt til umsagnar


– Eignarhald kortlagt á yfir 80% af flatarmáli Íslands, Norðausturland og Austurland nú til umsagnar



Friðrik Örn Bjarnason.



Tryggvi Már Ingvarsson.



HMS hefur lokið við að áætla eignamörk um 1.150 jarða á Norðausturlandi og Austurlandi. Jarðirnar ná samanlagt yfir um 20.000 ferkílómetra og með þeim hækkar hlutfall afmarkaðs lands í landeignaskrá yfir 80% af flatarmáli Íslands . Drögin verða birt 22. október og þá fá landeigendur sex vikur til að skoða áætlunina og koma athugasemdum eða frekari upplýsingum á framfæri.

Alls fá um 2.550 landeigendur bréf í pósthólf sitt á Ísland.is. Flestir þeirra eða um 2.200 eru einstaklingar en í hópnum eru einnig 184 fyrirtæki og stofnanir. Einnig 166 dánarbú. Í bréfinu verður vísað á vefsjá landeignaskrár þar sem hver og einn getur skoðað drögin sem varða viðkomandi jörð. Mikilvægt er að landeigendur kynni sér gögnin, hvort sem þeir telja áætlunina rétta eða vilja benda á annað. Þekking landeigenda á staðháttum, eldri merkjum og fyrirliggjandi gögnum getur skipt miklu við lokavinnslu áætlunarinnar.

Nú er boltinn hjá landeigendum

Frá birtingu draganna, 22. október, er athugasemdafresturinn sex vikur. Á þeim tíma geta landeigendur sent HMS ábendingar, leiðréttingar og gögn sem varpa frekara ljósi á legu eignamarka. Verkefnið snýst um að áætla eignamörk á loftmyndum út frá þeim heimildum og upplýsingum sem eru tiltækar, svo sem landamerkjaskjölum, þinglýstum gögnum, kortum, örnefnalýsingum og staðháttum. Ekki er gerð krafa um að landeigendur mæli upp mörkin eða láti gera merkjalýsingu innan frestsins, því áætluð eignamörk breyta hvorki eignarrétti né þinglýstum réttindum. Tilgangur verkefnisins er að draga fram bestu fáanlegu mynd af legu eignamarka og sýna jafnframt hvar óvissa eða ágreiningur er fyrir hendi.

Þegar sex vikna frestinum lýkur fer HMS yfir allar innsendar athugasemdir, metur gögnin og hefur eftir atvikum samband við landeigendur til að fá frekari skýringar. Stefnt er að því að birta niðurstöður áætlunarinnar um eða eftir áramót.



Um 3.500 jarðir á þremur árum

Áður hefur HMS áætlað eignamörk um 2.350 jarða á Vestfjörðum og Norðurlandi. Þær jarðir ná yfir um 23.300 ferkílómetra. Nú með nýju drögunum fyrir Norðausturland og Austurland hefur HMS því á þremur árum áætlað eignamörk um 3.500 jarða á samtals um 43.000 ferkílómetrum. Þegar þessi vinna hefur verið tekin með eru afmarkanir komnar inn í landeignaskrá fyrir um 83% af flatarmáli Íslands.

Mikill árangur hefur náðst á skömmum tíma, þar sem verkefnið bætir úr langvarandi skorti á upplýsingum um eignamörk í dreifbýli. Mörg eignamörk hafa aldrei verið færð á samræmdan kortagrunn og heimildir geta verið gamlar eða vísað til örnefna, kennileita og mannvirkja sem hafa breyst eða horfið. Því er ekki alltaf hægt að draga eina ótvíræða línu. Með áætlun eignamarka er upplýsingum safnað saman, þær túlkaðar með samræmdum hætti og niðurstaðan gerð sýnileg. Þar sem góðar heimildir liggja fyrir getur áætlunin gefið skýra mynd af legu markanna. Þar sem heimildir vantar getur áætlunin á sama hátt bent á hvar stoppa þarf í götin.

Skýrar upplýsingar skapa verðmæti

Skýrari upplýsingar um legu jarða hafa fjölþætt notagildi. Fyrir landeigendur verður auðveldara að átta sig á afmörkun eigna, hvar óvissa er til staðar og hvaða gögn liggja að baki. Verkefnið felur jafnframt í sér mikla forvinnu sem getur nýst eigendum sem vilja síðar staðfesta eignamörk sín með lögformlegum hætti með gerð merkjalýsingar. Betri yfirsýn getur einnig einfaldað alla ráðstöfun eigna, svo sem kaup og sölu, útleigu eða uppskiptingu.

Gögnin geta einnig stutt við stefnumótun, skipulagsgerð og ákvarðanir um nýtingu lands. Þegar ráðist er í innviðauppbyggingu, svo sem vegagerð, orkuframkvæmdir eða fjarskiptaverkefni, skiptir máli að fyrir liggi hverjir eiga það land sem framkvæmd snertir. Sama gildir um leyfisveitingar og samráð við landeigendur. Betri upplýsingar draga úr tíma sem fer í að leita að eigendum, minnkar líkur á misskilningi og gerir stjórnvöldum og framkvæmdaraðilum kleift að undirbúa mál betur.

Gögn sem þegar hafa verið birt eru farin að skila áþreifanlegum ávinningi. Sem dæmi hafa Landsnet og Vegagerðina nýtt áætlun eignamarka við undirbúning framkvæmda sem hefur gefið góða raun. Betri grunnupplýsingar gerir þeim kleift að finna rétta landeigendur fyrr, hefja samráð á traustari grunni og vinna skilvirkar með eignarréttindi.

Fleiri dæmi sýna hagnýtt gildi gagnanna. Á Norðurlandi hafa fyrirtæki í þyrluskíðaferðum notað þau til að finna landeigendur og semja um leyfi til að nýta fjalllendi. Gögnin hafa einnig verið lögð til grundvallar sölu leyfa til rjúpnaveiða. Á Austurlandi má ætla að gögnin geti með sambærilegum hætti stutt við útreikning og skiptingu arðs vegna hreindýraveiða.

Það liggur fyrir að heildstæð landeignaskrá skapar betri grundvöll fyrir stefnumótun og eftirfylgni með eignarhaldi lands. Í jarðalögum eru takmarkanir á því hversu mikið land einn aðili getur átt án samþykkis ráðherra. Meginreglan er að einstaklingur þurfi heimild ráðherra fari eignarhald hans yfir 1.500 hektara og almennt er ekki gert ráð fyrir heimild til eignarhalds umfram 10.000 hektara. Til að unnt sé að fylgja slíkum reglum eftir þarf áreiðanlegt yfirlit yfir eignir, afmörkun þeirra og eignarhald.

Umræða um eignarhald jarða á Norðausturlandi var einmitt ein af kveikjum áðurnefndrar

lagasetningarinnar og verkefnisins um áætlun eignamarka. Með birtingu draganna nú liggja í fyrsta sinn fyrir samræmdar upplýsingar um áætluð eignamörk jarða á þessu svæði.

Landeigendur hafa tekið verkefninu vel

Langflestir bændur og aðrir landeigendur hafa tekið verkefninu vel og margir hafa miðlað gögnum og staðbundinni þekkingu til HMS. Gæði heimilda eru þó mismikil eftir svæðum. Stundum er auðvelt að staðsetja eignamörk á loftmynd, en annars staðar er óvissan meiri. Landamerkjalýsingar geta til dæmis vísað til varða eða landslagseinkenna sem erfitt er að greina á loftmyndum, auk þess sem landslag kann að hafa breyst á þeim rúmu hundrað árum sem liðin eru frá því að margar lýsinganna voru skráðar. Þess vegna er þátttaka landeigenda mikilvæg til að bæta gögnin og gera óvissuna sýnilega.

Landeigendur búa oft yfir staðbundinni þekkingu sem ekki kemur fram í opinberum gögnum. Þeir kunna að hafa undir höndum eldri uppdrætti, samninga, ljósmyndir eða aðrar heimildir. Sem og persónulega þekkingu á örnefnum á sínu landi. Með því að senda athugasemd geta þeir hjálpað til við að bæta gæði áætlunarinnar áður en niðurstaðan er birt. Einnig er það verkefninu mjög gagnlegt að láta vita ef eigandi telur drögin í samræmi við sína vitneskju.

Hægt er að koma athugasemdum á framfæri með formlegum hætti á vef HMS en einnig er hægt að hafa samband við HMS í síma, senda fyrirspurnir með tölvupósti á netfangið jardir@hms.is eða bóka viðtal á starfsstöðvum HMS í Reykjavík eða á Akureyri. Á næstu dögum verða jafnframt undirbúnir fundardagar á Austurlandi þar sem landeigendum gefst kostur á að fara yfir drögin með sérfræðingi og koma athugasemdum á framfæri.

Framhald verkefnis ræðst af fjárheimildum

Árið 2027 stefnir HMS að því að áætla eignamörk jarða á Suðausturlandi og Vesturlandi, að því gefnu að HMS hafi fjárheimildir til áframhaldandi vinnu. Loks er stefnt að því að ljúka verkefninu á árunum 2028 og 2029 með áætlun eignamarka á Suðurlandi og Reykjanesi.

Verkefnið er umfangsmikið en ávinningurinn vex með hverju svæði sem bætist við. Það er því er mikilvægt fyrir landeigendur að samfella í vinnu verði tryggð þannig að þekking tapist ekki með því markmiði að ljúka verkefninu fyrir landið allt á tilætluðum tíma.

Eigendur jarða á Norðausturlandi og Austurlandi eru hvattir til að skoða drögin í vefsjá landeignaskrár og senda athugasemdir innan sex vikna frá 22. október. Nánari upplýsingar um verkefnið, gögnin og leiðir til að senda inn athugasemd má finna á vef HMS, hms.is/eignamork.

Tryggvi Már Ingvarsson er framkvæmdastjóri fasteigna hjá HMS og Friðrik Bjarnason sérfræðingur hjá HMS.



Guðlaug Sigurðardóttir og Jóhannes Eyberg Ragnarsson frá Hraunhálsi með verðlaunahrút. Mynd / Herdís Leifsdóttir

Besti hrútur Snæfellinga

Héraðssýning lambhrúta á Snæfellsnesi var haldin í reiðhöllinni á Ólafsvík 10. október og tóku 63 hrútar þátt.

Heiðursverðlaun fyrir besta hrút sýningarinnar fengu Guðlaug Sigurðardóttir og Jóhannes Eyberg Ragnarsson frá Hraunhálsi. Hrúturinn var jafnframt verðlaunaður fyrir að vera besti kollótti gripur sýningarinnar.

Í samtali segir Guðlaug að móðir umrædds hrúts sé kollótt ær undan heimahrútnum Starflóa. Faðir hrútsins sé hyrndi sæðingahrúturinn Hrókur. Þar sem móðirin er kollótt og faðirinn hyrndur er verðlaunahrúturinn frá Hraunhálsi hnýflóttur, eða með mjög lítil horn. „Það var mjög skemmtilegt að sjá hvað fólk kom með góða hrúta á sýninguna," segir Guðlaug. „Hrútasýningar eru skemmtilegar því að þá gefst færi á að sjá ræktunina hjá öðrum. Eins er þetta mikill félagsskapur og það er gaman að hitta bændur."

Í Hraunhálsi er öflug kynbótarækt á sauðfé, en bændurnir áttu jafnframt hrúta í 4. og 5. sæti í flokki kollóttra á sýningunni. Þau fengu jafnframt verðlaun fyrir besta hrútinn á sömu sýningu fyrir tveimur árum. „Þetta hafa bara verið kollóttir hrútar hjá okkur, en við erum ekki með nema örfáar hyrndar ær. Við erum búin að vera lengi í búskap og í upphafi var erfiðara að fá góða kollótta hrúta og lögðum við því meiri áherslu á það. Með tíð og tíma urðu kollóttu kindurnar alltaf betri þannig að það fækkaði í hyrnda stofninum. Núna erum við með í kringum 80 kindur og höfum mest verið með rúmlega 100. Við vorum með kúabú sem var aðalbúskapurinn," segir hún.

Guðlaug og Jóhannes Eyberg fengu farandskjöld sem er skorinn út af Ríkarði Jónssyni. „Við erum í vandræðum með skjöldinn þar sem við erum eiginlega búin að fylla hann og er sauðfjárræktarfélagið að skoða hvort eigi að gera nýjan," segir Guðlaug. Skjöldurinn hefur verið í notkun frá 1954 og var síðasta pláss fyrir nafn verðlaunahafa fyllt árið 2016. */ál*



Vaðlaborgir B íbúðarsvæði, Svalbarðsstrandarhreppi

Auglýsing deiliskipulagstillögu

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps samþykkti á fundi sínum 18. ágúst 2026 að vísa tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð í Vaðlaborgum B í auglýsingu skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagssvæðið nær yfir um 3,5 ha í landi Vaðlaborga B (L198870) neðan Veigastaðavegar en skipulagssvæðið er á skilgreindu íbúðarsvæði ÍB19 í Aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps og í rammahluta aðalskipulags um þróun byggðar í Vaðlaheiði og verður farið eftir þeim skilmálum sem settir eru fram í rammahlutanum.
Í tillögunni eru afmarkaðar lóðir og byggingarreitir fyrir 6 íbúðarhús og yrði aðkoma að íbúðarsvæðinu frá Veigastaðavegi.

Skipulagstillagan er aðgengileg á skrifstofu SBE, Skólatröð 9, Eyjafjarðarsveit, á heimasíðu sveitarfélagsins, www.svalbardsstrond.is og á vef skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is undir málsnúmeri **1123/2025.**

Hægt er að skila inn athugasemdum um málið til **21. nóvember** nk. á vef Skipulagsgáttar.

Frekari upplýsingar er hægt að nálgast á skrifstofu Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is





Ósýnilegt friðartákn

– Að hugsa sér frið

Friðarsúlan í Viðey, útilistaverk Yoko Uno til heiðurs minningu eiginmanns hennar, Johns Lennon, hefur lýst upp skammdegið fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins í tæp tuttugu ár og yfir árin jafnan glatt þá sem á ferðinni eru eftir sólarlag á vissum tímum yfir árið. Höfund þessarar greinar ekki síst.



Eva Gunnarsdóttir.

Hugmyndin að verkinu kviknaði hjá Ono árið 1967. Friðarsúlan er í grunninn eins konar óskabrunnur úr hvítu grjóti en upp úr honum rís öflugur ljósgeisli sem beint er upp í norðurhimininn. Orðin „hugsa sér frið“ (Imagine Peace) eru grafin á stalli súlunnar á 24 tungumálum. Undir og í kringum mannvirkið eru geymdar hundruð þúsunda friðaróskir sem fólk hvaðanæva að úr heiminum hefur sent listakonunni í gegnum tíðina.

Súlan er tendruð árlega við hátíðlega athöfn á afmæli Lennons og logar til dánardags hans, frá sólarlagi til miðnættis, Hún lýsir einnig 18. febrúar, á afmælisdegi Yoko Ono. Að auki logar ljósið frá vetrarsólstöðum til nýársdags og eina viku að vori. Ljósið frá Viðey er sýnilegt víða um höfuðborgarsvæðið og þjónar sem stöðug áminning um boðskap hjónanna um heimsfrið.

Síðsumars árið 2024 var farið yfir tæknibúnað Friðarsúlunnar og hann endurnýjaður í samstarfi við listakonuna. Nýi ljósabúnaðurinn var hannaður til þess að vera stöðugri, draga úr rekstrarkostnaði og minnka orkunotkun.

Mín upplifun er þó sú að breytingarnar hafi fremur haft öfug áhrif og í raun gert hana nær ósýnilega. Þegar horft er til himins á kvöldin og þegar ég er á ferðinni er mér nær ómögulegt að finna hana á næturhimninum.

Á tímum þar sem óvissa ríkir og ófriður liggur í loftinu eins og nú er, ætti Friðarsúlan að vera öflugt tákn sem veitir styrk. Ljósgeislinn, sem teygir sig hátt upp í myrkan norðurhimininn, ætti að minna okkur á að jafnvel á dimmustu stundum má alltaf finna ljós og leið fram á við.

Jafnvel hér uppi á Íslandinu góða gengur fólk með ónot í maganum yfir því sem gæti gerst án mikils fyrirvara og því er brýnt að þetta tákn friðar fái aftur að lýsa skært og minna okkur á samstöðu.

Friðarsúlan ætti að lýsa veginn.

All you need is love – ást og umburðarlyndi.

Höfundur er íbúi á Kjalarnesi.

Reglubyrði veikir viðnámsþrótt

Það er vart hægt að finna stjórnmálamann á Íslandi sem er ósammála því að einfalda þurfi regluverk og draga úr stjórnsýslubyrði atvinnulífsins. Þrátt fyrir það kemur Ísland verst út meðal Norðurlandanna á mælikvarða OECD um stjórnsýslu- og regluverksbyrði sem birtur er í nýrri skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar. Ísland fær þar 2,7 stig en Danmörk 1,0. Um er að ræða vísitölu en ekki beina mælingu á kostnaði fyrirtækja, en samanburðurinn gefur bersýnilega til kynna umtalsvert svigrúm til að gera betur og skýrt tilefni til aðgerða.



Margrét Gísladóttir.

Fyrir landbúnað og matvælaframleiðslu, líkt og aðrar atvinnugreinar, birtist þessi reglubyrði í töluverðum fjármunum, tíma og fyrirhöfn sem fer í skýrslugerðir og samskipti við opinberar stofnanir, sem annars gæti verið varið í fjárfestingar, nýsköpun og uppbyggingu. Aukin og íþyngjandi reglubyrði getur því haft neikvæð áhrif á getu til að fjárfesta, þróa framleiðsluna og bregðast við áföllum. Með öðrum orðum: viðnámsþrótt fyrirtækjanna og fæðukerfisins í heild.



Mynd / Sigurður Már Harðarson.

Aukin reglubyrði kostar

Síðustu ár hafa sýnt hversu hratt ytri aðstæður geta breyst. Heimsfaraldur, stríð, truflanir á siglingaleiðum og sveiflur í aðfangaverði hafa minnt okkur á að framleiðendur starfa við óvissu sem þeir ráða litlu um. Þá skiptir enn meira máli fyrir viðnámsþrótt fæðukerfisins hvernig við mótum þá þætti sem við stjórnum sjálf.

Fyrirtæki sem þarf að verja sífellt meiri tíma og fjármunum í stjórnsýslu hefur minna svigrúm til annars. Hver ný krafa kann að virðast smávægileg. Hver umsókn og hvert eftirlitsgjald kann að eiga sína skýringu. En bóndinn eða fyrirtækið þarf að standa undir þessu öllu saman. Heildin getur orðið þung þó svo hver einstakur liður virðist viðráðanlegur í augum þeirra sem skrifa reglurnar.

Það er afar mikilvægt – og ætti auðvitað að vera ófrávíkjanleg vinnuregla – að þeir sem semja og innleiða nýjar kröfur horfi á og meti samanlögð áhrif þeirra. Hvað kostar að uppfylla þær? Hversu lengi þarf að bíða eftir afgreiðslu? Er verið að kalla eftir sömu upplýsingum oftar en einu sinni? Og er ávinningurinn í eðlilegu hlutfalli við kostnaðinn?

Einföldum kerfið

Skýrsla Norrænu ráðherranefndarinnar bendir einmitt á að reglubyrði birtist einnig í flóknum og hægum leyfisferlum, óvissu um framkvæmd og viðbótarkröfum við innleiðingu evrópskra reglna. Því skiptir máli hvernig stjórnvöld nýta svigrúmið sem þau hafa. Við eigum að setja okkur skýr markmið um að fyrirtæki skili sömu upplýsingum aðeins einu sinni. Eftirlit þarf að vera samræmt og byggjast á áhættu. Afgreiðslufrestir þurfa að vera fyrirsjáanlegir og nýjum kröfum að fylgja raunhæft kostnaðarmat. Jafnframt þarf að fara yfir eldri skyldur og fella niður þær sem skila litlum eða engum árangri.

Einföldun verður að mælast í daglegum rekstri: færri vinnustundum við umsýslu, minni kostnaði og raunverulega einfaldari framkvæmd. Tilkynningar um áform og umræða um einföldun duga skammt ef reynsla framleiðenda breytist ekki.

Styrkar stoðir

Viðnámsþróttur fæðukerfisins byggist á starfandi búum, vinnslufyrirtækjum, þekkingu og fjárfestingu. Við þurfum að tryggja eftir fremsta megni að framleiðslugeta sé til staðar áður en ytri áföll og atburðir auka álagið á kerfið. Hana verður ekki hægt að kalla fram með skömmum fyrirvara þegar innflutningur tefst eða aðföng hækka.

Við viljum traust fæðuöryggi, ábyrga framleiðslu og vönduð matvæli. Til þess þurfum við öflug fyrirtæki sem hafa bolmagn til að bæta reksturinn og mæta breyttum aðstæðum. Það er sameiginlegt hagsmunamál að starfsumhverfi atvinnulífsins styðji við þá getu. Hófleg gjöld, einfalt regluverk og svigrúm til fjárfestinga og þróunar.

Íslenskur landbúnaður hefur fólk, þekkingu og tækifæri til að skapa meiri verðmæti. Ef við viljum geta treyst á innlenda framleiðslu þegar á reynir þá þurfum við að gera henni kleift að dafna áður en að því kemur.

Höfundur er framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í landbúnaði.





Mynd / Stefán Skafti Steinólfsson.

Bíða sem Hundtyrkir við Hamarsá

Góðir lesendur.



Stefán Skafti Steinólfsson.

Hernaðurinn gegn Hamarsdal í gamla Djúpavogshreppi, nú Múlaþingi, heldur áfram. Dapurleg var ákvörðun orku- og umhverfisráðherra og Alþingis að færa fyrirhugaðar virkjunarhugmyndir í Hamarsdal úr verndarflokki í biðflokk. Eins og kunnugt er skoraði Hamarsdalur hæst til verndar af þeim kostum sem til umfjöllunar voru af faghópum rammaáætlunar eins og víða hefur komið fram. Köld kveðja til allra sem unna náttúrunni og árás á faglega vinnu og sátt um rammaáætlun. Eftir áratuga umsátur hillti undir friðun þessa fallega dals.

Spyrja má hvort ekki verði að vera jafnvægi í ákvörðunum ráðherra, hann hlýtur að stytta alla ferla er lúta að verndun náttúrunnar og friðlýsingum. Jing og Jang hlýtur að gilda í ráðuneytinu, ekki satt? Eftir 20 mánuði í starfi hlýtur hveitibrauðsdögum umhverfisráðherra að vera lokið og alvaran tekin við. Ekki er hægt að benda nokkurs staðar á orkuskort á Austurlandi, frekar er hægt að tala um dreifingarskort og sleifarlag í þrífösun til neytenda. Rarik stendur sig vel en vantar pólitískan stuðning og fjármagn. Nýtt háspennuvirki á Hryggstekk gjörbreytir stöðunni til hins betra. Hvergi í veröldinni er framleitt meira rafmagn pr mann en á Austurlandi.

Nú er hins vegar skaðinn að koma fram af þessari misráðnu ákvörðun ráðherra. Annars vegar þingsályktun 93 sem lögð hefur verið fram á Alþingi og hins vegar frumvarp til laga um flýtiframkvæmdir vatnsaflsvirkjana (þingskjal 19 - 19. mál). Þingsályktun 93 gengur út á að færa fyrirhugaðar virkjanahugmyndir í Hamarsdal úr biðflokki í nýtingarflokk. Yfirgangurinn er alger og ekki í þágu almannahagsmuna þar sem fyrirtæki í erlendri eigu ásælist Hamarsdal. Heggur sá er hlífa skyldi, en flutningsmenn eru: Jens Garðar Helgason, Njáll Trausti Friðbertsson, Ólafur Adolfsson, Ingveldur Anna Sigurðardóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Dilja Mist Einarsdóttir, Jón Pétur Zimsen, Árni Helgason, Rósa Guðbjartsdóttir, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Þorgrímur Sigmundsson, Þórarinn Ingi Pétursson, Ingibjörg Isaksen og Ingvar Þóroddsson. Dapurlegt er að sjá stjórnarþingmann leggja lag sitt við þessa svívirðu.

Í greinargerð með þingsályktuninni er röng fullyrðing svohljóðandi: „Fyrir liggur að enginn ágreiningur er um virkjunina á meðal sveitarfélaga á svæðinu.“ Þetta er rangt og nægir að benda á umræðu og afgreiðslur funda sveitarstjórnar í Múlaþingi þar sem afgreiðslur mála falla oft 60/40 eftir meirihluta eða flokkslínum ekki síst. Ekki síst hafa Náttúruverndarsamtök Austurlands, Náttaust, mótmælt fyrirhugðum virkjunarhugmyndum harðlega og mælt með friðlýsingu Hamarsdals.

Varðandi þingskjal 19. frumvarps til laga um flýtiframkvæmd vatnsaflsvirkjana. Fl. : Jón Gunnarsson, Diljá Mist Einarsdóttir, Guðlaugur Þór Þórðarson, Jens Garðar Helgason, Jón Pétur Zimsen, Njáll Trausti Friðbertsson og Ólafur Adolfsson.

Þarna er mikil hætta á ferðum. Frumvarpið er stórárás á rammaáætlun og tekur náttúruvernd áratugi aftur í tímann. Sérstaklega vekur athygli að eins og oft áður er seilst lengra í viðkvæm svæði og daðrað í tilfelli Hamarsdals við 95 MW eða stærri virkjun með tilheyrandi skaða á Hamarsdal og víðernum Sviðinhornahrauns. Það er blautur draumur virkjunarsinna. Minnt skal á hin djúpu sár er Kárahnúkavirkjun hafði á náttúru Austurlands og loforð um að ekki skyldi gengið svo hart að náttúrunni framar.

Að lokum má minna á gamalt máltæki sem hefur lifað lengi í Hamarsdal og gamla Djúpavogshreppi. Í Tyrkjaráninu 1627 eltu ránsmenn vinnumann inn Hamarsdal, hann skellti sér yfir ána og bjargaði sér, en þeir lögðu ekki í hana á eftir honum. Köstuðu á eftir honum exi en hann slapp og heitir þar síðan Axarhylur. Var þá sagt: „Þeir biðu eins og hundtyrkir við Hamarsá.“ Nú má segja að óvinir náttúru Hamarsdal bíði eins og hundtyrkir við Hamarsá.

Ég ber þá von í brjósti að þessi þingsályktun og lagafrumvarp komi aldrei á dagskrá og Hamarsdalur verði friðaður fyrir harkalegum virkjunaráformum. Náttúran njóti vafans.

Virðingarfyllst. Stefán Skafti Steinólfsson, félagi í Náttaust og ættaður úr Hamarsdal.

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landssamband skógræktarfélaganna
Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík
S. 551-8150 - skog@skog.is - www.skog.is

Framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands

Skógræktarfélag Íslands (SÍ) er landssamband skógræktarfélaga um land allt og vinnur að eflingu skógræktar í þágu almennings.

Félagið leitar nú að framkvæmdastjóra sem getur stutt félagið í að vera leiðandi afl í mótun, vernd og þróun skóga á Íslandi.

Framkvæmdastjóri SÍ ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins, framkvæmd stefnu stjórnar og faglegri forystu í starfsemi tengdri skógrækt, umhverfismálum, útivist og félagastarfi.

Helstu verkefni:
- Yfirumsjón með daglegum rekstri, fjármálum og starfsmannahaldi félagsins.
- Kynningar- og fræðslustarf um skógrækt og gildi hennar fyrir samfélag og náttúru.
- Samskipti við aðildarfélög, stjórnvöld, styrktar- og samstarfsaðila.
- Framkvæmd ákvarðana og stefnu stjórnar.
- Undirbúningur og eftirfylgni funda stjórnar- og aðalfunda.
- Umsjón með verkefnum tengdum skógrækt.
- Öflun rekstrarfjár, umsjón með samningum og styrkumsóknum.
- Gerð ársskýrslna, fjárhagsáætlana og annarra skýrslna um starfsemina.

Nánari upplýsingar um hæfniskröfur og kjör má finna á heimasíðu Skógræktarfélags Íslands – skog.is og á alfred.is

Löggilding, skoðun og ísetningar á **ökuritum og hraðatakmörkurum**



Við erum með nýjustu og fullkomnustu tæki sem boðið er upp á frá VDO til að mæla og stilla allar gerðir af digital og analong ökuritum

Mælar á allar gerðir vagna

Endilega hafið samband og sjáið hvort við getum ekki leyst ykkar mál.
Ágúst Magni, sími 896 1083, agustm@vikverkstaedi.is, vikverkstaedi.is

Vík verkstæði
Einhella 6,221 Hafnarfirði



Þú færð **SagaPro** í öllum helstu matvöruverslunum, apótekum og á saganatura.is

Aldarafmæli Huppu á Kluftum á Flúðum 3. nóvember 2026

Þegar þekktar persónur eiga stórafmæli er því stundum fagnað á einhvern hátt. Huppa á Kluftum var sá einstaklingur sem hefur lagt meira til framþróunar mjólkurframleiðslu á Íslandi en nokkur annar. Búnaðarfélag Íslands í samvinnu við heimamenn í Nautgriparæktarfélagi Hrunamanna hélt strax 1946 upp á tvítugsafmæli hennar með Huppuhorninu, sem enn er veglegasti farandgripur nautgriparæktar í landinu. Við stærri afmæli síðar hafa sömu aðilar boðið til veglegra samkoma.


Jón Viðar Jónmundsson.

Snemma á þessu ári hitti ég Björn Bjarndal, skógarbónda á Kluftum, og kom tal okkar strax að því að ástæða væri til að halda aldarafmæli Huppu hátíðlegt. Í framhaldinu kölluðum við til fundar á Selfossi nokkra aðila sem við töldum að þar hefðu eitthvað fram að færa. Þeir sem rætt var við sýndu málinu mikinn áhuga og allir tilbúnir til þátttöku. Strax var ákveðið að halda upp á afmælið á Flúðum eins og fyrri afmæli Huppu. Þeir sem standa fyrir ráðstefnunni þar núna eru Nautgriparæktarfélag Hrunamanna, Sveitarfélagið Hrunamannahreppur og Búnaðarsamband Suðurlands.

Ráðstefnan verður haldin í Félagsheimilinu á Flúðum og hefst kl. 11 og stendur til 5 síðdegis á afmælisdeginum, 3. nóvember. Ég fullyrði að allt áhugafólk um nautgriparækt hefur þangað mikinn fróðleik að sækja. Þess vegna er ástæða til að hvetja fólk til að sækja ráðstefnuna. Til að fólk renni ekki blint í sjóinn ætla ég hér á eftir að fara aðeins yfir það helsta sem um verður rætt.


Huppa frá Kluftum. Málverk eftir Halldór Pétursson.

Bóndinn á Kluftum mun byrja á að kynna starfsumhverfi Huppu á Kluftum en hann þekkir þetta afskekkta heiðarbýli eins og talað var um á dögum Huppu öðrum betur. Í framhaldi verður afmælisbarnið sjálft kynnt.

Huppa var fædd í Skollagróf og þar elst hún upp þar til 1930 að eigandi hennar, Margrét Andrésdóttir, flytur til dóttur sinnar, Sígríðar Árnadóttur, sem hafði nýverið byrjað búskap með Guðmundi Sigurðssyni á Kluftum. Hann og Sigríður áttu Huppu síðan til æviloka hennar og lifði hún Guðmund sem flúið hafði til heiða að Kluftum sunnan úr Hafnarfirði. Huppa var brandskjöldótt og kollótt. Fyrstu þrep ættartrésins kynnt og rætt hvort ættir lengra rati til hulduheima, mannheima eða Danmerkur. Hún bar fyrsta kálfi áður en hún náði tveggja ára aldri. Huppa varð allra kúa elst, var felld haustið 1943 tæplega 17 ára að aldri. Samtals átti hún 17 kálfa á 15 árum, einu sinni tvo. Hún mjólkaði meira en aðrar kýr á þeim árum sem nam um 40% í magni og feitari mjólk en flestar kýr. Af kálfunum 17 voru 12 settir á 7 naut og 5 kvígur. Nautin sum urðu miklir kynbótagripir víða um land og sá yngsti fór að Bændaskólanum á Hvanneyri, að vísu ekki sem nemandi, og bjó þar samt til æviloka. Tvær dætranna urðu landsþekktar kynbótakýr og önnur móðir Repp, Gullbrá, sem var getin í blóðskömm þar sem faðir Repps var Máni, frægasti sonur Huppu. Faðir Repp var að auki afkomandi Huppu gegnum elsta son hennar, Hupp.

Næst mun upplýsingafulltrúi Huppu kynntur af frænda hans, en fulltrúinn var Helgi Haraldsson, bóndi á Hrafnkelsstöðum, sem engum þótti líkur og trúði á huldufólk. Sagt verður af ýmsum frægðarverkum Helga sem eru landsþekkt og ráðstöfun Helga á þekktustu sonum Huppu.

Í framhaldi þessa verður fjallað um dreifingu Kluftastofnsins um allt land. Allar kýr af íslenskum stofni rekja ættir sínar til Huppu. Hana má finna oftar en 100 sinnum í ættartré margra þeirra.

Næst mun Egill Gautason fræða okkur um hvað erfðatæknin segir okkur um gen Huppu og hvernig þau verði best nýtt á næstu árum.

Marta á Kópsvatni segir okkur þætti úr sögu Huppuhornsins, þessa glæsilega listaverks Ríkharðs Jónssonar.

Sigríður Bjarnadóttir kemur að norðan og segir okkar margt skemmtilegt um litafjölbreytni kúastofnsins og hvaða breytingar á tíðni ólíkra lita í stofninum megi rekja til Huppu en Sigga veit meira um erfðir kúalita hér á landi en nokkur annar.

Guðmundur Jóhannesson fræðir síðan um hve vel Huppunafnið lifir í kúastofninum, auk margs konar annarra skemmtilegra hluta um nafngiftir íslenskra nautgripa, sem er sterkur þáttur íslenskrar búnaðarmenningar.

Síðasta erindið fjallar um nýtt mat á hlut gena Huppu hjá íslensku kúnum í dag. Niðurstöðurnar sýna Huppu sem algerlega einstakan grip í núfjárrækt í heiminum. Hvergi í heiminum mun í dag finnast búfjárstofn í einu landi þar sem hlutur einnar kýr er jafnmikill og hlutur Huppu mælist í dag. Þetta er hin mikla sérstaða hennar.

Okkur þótti léleg nýting á þessu mikla efni að það væri aðeins til umræðu eina dagstund á Flúðum. Var því haft samband við Steingrím Steinþórsson sem rekur SKRUDDU, eitt öflugasta bókaforlag landsins, um að gefa út bók sem er bókin Huppa á Kluftum. Þar kemur á prenti efni allra erindanna, ítarlegra en tími gefst til að kynna á ráðstefnunni. Að auki birtast þar kaflar til viðbótar um íslenska nautgriparækt sem allt sem má tengja Huppu. Bókin er ríkulega myndskreytt, flestar myndir eru af þekktum kynbótagripum úr ræktunarstarfinu. Vonir standa til að bókina megi kynna nánar á ráðstefnunni, auk þess sem hún verður til sölu í flestum betri bókabúðum í framhaldinu. Allir áhugamenn um nautgriparækt, yngri sem eldri, hafa þangað margt að sækja.

Höfundur er sjálfstætt starfandi búvísindamaður.





Endurheimt Landsvirkjunar og Lands og skógar á Norður- og Austurlandi



Salbjörg Matthíasdóttir.



Sigríður Þorvaldsdóttir.



Ingunn Sandra Arnþórsdóttir.

Land og skógur hefur síðastliðin ár komið að ýmsum endurheimtarverkefnum í samstarfi við Landsvirkjun þar sem Land og skógur kemur að ráðgjöf, áætlanagerð, eftirliti með framkvæmd og árangursmati. Hér að neðan verður farið stuttlega yfir hluta af þeim verkefnum sem Land og skógur hefur unnið að fyrir Landsvirkjun undanfarið.

Við Hálslón á Snæfellsöræfum hefur viðamikið endurheimtarverkefni verið í gangi síðan árið 2009. Aðalmarkmið þess er að styrkja gróður næst lóninu í þeim tilgangi að grípa áfoksefni sem óhjákvæmilega fýkur upp úr botni lónsins eftir því sem vatnsstaðan lækkar. Einnig er stunduð almenn endurheimt á lítt- eða ógrónum svæðum í nágrenni lónsins, auk uppgræðslu á blettum sem röskuðust á framkvæmdatíma. Í dag eru endurheimtarsvæði við Hálslón orðin yfir 1.000 ha að stærð samanlagt. Á þessu ári var um 50 tonnum af tilbúnum áburði dreift á um 230 ha, en árlegt umfang hefur minnkað nokkuð undanfarin ár eftir því sem svæðin nálgast sjálfbærni.

Á Eyvindarstaðaheiði, sem liggur norðan Hofsjökuls, hefur Landsvirkjun einnig unnið að stóru endurheimtarverkefni frá árinu 1982, þar sem upphaflegt markmið var að græða upp beitarland í stað þess gróðurlendis sem fór undir vatn við virkjun Blöndu. Á síðustu árum hafa áherslurnar þó breyst og snýst markmiðið nú um að græða upp örfoka land og styrkja staðagróður á svæðinu. Verklag í tengslum við verkefnið hefur þróast á milli þeirra þriggja aðila sem koma að verkefninu, en þeir eru; Landsvirkjun, Land og skógur og fulltrúar beggja sveitarfélaga sem eiga upprekstur á Eyvindarstaðaheiði, Húnabyggðar og Skagafjarðar.

Samkvæmt kortlagningu Lands og skógar frá árinu 2020 var búið að ljúka uppgræðslu á alls 1.108 hekturum á Eyvindarstaðaheiðinni og ætla má að frá þeim tíma hafi aðgerðir klárast á öðrum 350 hekturum. Einnig stendur til að klára aðra 650 ha á næstu árum samkvæmt nýútgefinni aðgerðaáætlun til 2030.

Á Þeistareykjum hefur Landsvirkjun unnið að uppgræðslu lands í samvinnu við Þingeyjarsveit og Land og skóg til mótvægis við það land sem fór undir mannvirki tengd Þeistareykjastöð. Uppgræðslur vegna þessara framkvæmda hófust árið 2010 á vegum Þeistareykja ehf., en Landsvirkjun tók síðan við í framhaldinu og hefur unnið markvisst að uppgræðslum frá árinu 2013. Fyrirkomulagið er þannig að fulltrúar frá Landsvirkjun, Landi og skógi og Þingeyjarsveit mynda uppgræðslunefnd sem sér um útfærslu á markmiðum og uppgræðsluaðgerðum hvers árs.

Árið 2015 hóf Landsvirkjun vinnu með Landi og skógi við að græða upp land á norðurhluta Hólasands í grennd við Þeistareyki. Verkefnið þar er umfangsmikið og er liður í umhverfis- og samfélagsáherslum fyrirtækisins. Alls hefur verið unnið að uppgræðslum á u.þ.b. 350 ha svæði, fyrst og fremst með tilbúnum áburði enda mjög erfitt yfirferðar. Samningur um þetta verkefni milli Landsvirkjunar og Lands og skógar er runninn út og eru viðræður hafnar um framhald verkefna.

Framangreind verkefni eru aðeins hluti þess sem Landsvirkjun og Land og skógur hafa unnið að í áralöngu samstarfi.

Vinna við þessi endurheimtarverkefni hefur bætt mjög í reynslubanka stofnananna og áframhaldandi samstarf mun aðstoða starfsfólk okkar að betrumbæta aðferðafræði og verklag þegar kemur að endurheimt.

Höfundar eru sérfræðingar hjá Landi og skógi.







Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi með eða án rekstrar.

Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur og löggiltur fasteignasali,
s. 510-3500 eða 615-1020, bjorgvin@eignatorg.is

Eignatorg Syðsta-Mörk, 861 Hvolsvöllur




Þátttakendur ráðstefnunnar stilltu sér upp fyrir hópmynd fyrir framan aðalbyggingu Haus Düsse-skólans.



Þjóðverjarnir Uwe Møller (t.h.) og Hermann Josef Schmit (t.v.) fóru yfir stöðu nautgriparæktar í heimalandi sínu.

Íslenskir frjótæknar á Evrópuráðstefnu í Þýskalandi

Menntun frjótækna og aðbúnaður við meðhöndlun gripa voru meðal umræðuefna á ráðstefnu evrópskra frjótækna sem haldin var í Soest í Þýskalandi dagana 10. til 13. september sl. Ísland átti þar tvo fulltrúa.



Andri Már Sigurðsson.

Ráðstefna Permanent Commission of European Insemination and Animal Breeding Technicians, samtaka fag- og stéttarfélaga frjótækna í Evrópu, var haldin í Soest í Þýskalandi. Samtökin voru stofnuð í Strassborg í Frakklandi árið 1981 og eru aðildarlöndin nú tólf talsins. Ísland bættist í hópinn árið 2022.

Ráðstefnan er haldin á tveggja ára fresti og varð Þýskaland fyrir valinu að þessu sinni. Þátttakendur voru alls 32 frá átta löndum. Fulltrúar Íslands voru Andri Már Sigurðsson, formaður Frjótæknafélags Íslands, og Guðmundur Jón Skúlason, ritari félagsins.

Vilja samræma menntun frjótækna

Margt bar á góma á ráðstefnunni. Meðal annars var rætt um menntun frjótækna og lögðu Þjóðverjar og Frakkar fram tillögu um að samræma menntun og menntunarkröfur frjótækna á milli Evrópulanda.

Menntun og þær kröfur sem gerðar eru til frjótækna eru mjög mismunandi eftir löndum og er hugmyndin að stuðla að auknu samræmi á þessu sviði. Slíkar breytingar gætu hugsanlega haft áhrif á menntunarkröfur íslenskra frjótækna í framtíðinni.

Hertar kröfur um aðstöðu í Danmörku

Þá var greint frá reglugerðarbreytingu í Danmörku sem varðar aðstöðu til meðhöndlunar gripa í fjósum. Samkvæmt henni skulu allir gripir sem meðhöndla á vera í sérstíu eða fastir í læsigrind. Jafnframt skulu kýrnar standa á sama gólfi og sá sem meðhöndlar þær, en ekki uppi á legubás og ekki lausar kýr í kring.



Gestir ráðstefnunnar fylgjast með erindi í salarkynnum Haus Düsse-skólans.



Nýtt tilraunafjós rís nú við Haus Düsse-skólann og fengu ráðstefnugestir að skoða bygginguna og kynnast áformum um starfsemina þar.

Aðstaða til meðhöndlunar gripa hér á landi er víðast hvar góð en engu að síður mætti bæta hana á sumum stöðum. Frjótæknar og aðrir sem sinna meðhöndlun gripa hafa lent í alvarlegum slysum við störf sín og því er mikilvægt að huga vel að öryggi og starfsaðstöðu.

Til að bæta enn frekar úr þessum málum hér á landi væri vert að skoða hvort sambærilegar reglur og þær sem teknar hafa verið upp í Danmörku gætu átt við hér á landi.

Heimsókn í Haus Düsse

Þátttakendur fóru einnig í skoðunarferðir um nágrenni Soest. Meðal annars var heimsótt Versuchs- und Bildungszentrum Landwirtschaft Haus Düsse, sem oftast er kallað Haus Düsse. Það er þekkt rannsóknar-, tilrauna- og menntastofnun á sviði landbúnaðar og er til húsa í sögufrægu kastalasetri frá 17. öld. Stofnunin er rekin af Landwirtschaftskammer, samtökum bænda á svæðinu, og fór ráðstefnan sjálf einnig fram þar.

Í lok ráðstefnunnar var ákveðið að sú næsta yrði haldin í Sviss eftir tvö ár.

BSE og BSSL styrktu þátttakendur til fararinnar og eru þeim færðar bestu þakkir fyrir.

Höfundur er deildarstjóri hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar.



Breiðdalsvík við mynni Breiðdals. Mynd / Wikipedia, Christian Bickel

„Tekjurnar af ánni borga áburðinn á túnin“

Arðurinn af veiðihlunnindum skiptir máli og ræður úrslitum um búsetu fólks á mörgum bæjum í sveitum landsins. Bóndi sagði frá því í blaðaviðtali ekki fyrir löngu síðan, að tekjurnar af ánni borgi áburðinn á túnin. Án þeirra tekna yrði hann að hætta búskap.



Gunnlaugur Stefánsson.

Veiðin er snar þáttur í afkomu fjölmargra bænda og fjölskyldna þeirra. Auk þess eru veiðihúsin stórir vinnustaðir í dreifbýlinu þar sem margir starfa á góðum launum. Þá hafa margir bændur dýrmætar viðbótartekjur vegna starfa við veiðina, t.d. leiðsögn og akstur. Þetta þekki ég vel eftir að hafa verið formaður Veiðifélags Breiðdæla í 30 ár og setið í stjórn Landssambands veiðifélaga um árabil.

Samkvæmt úttekt Hagfræðistofnunar HÍ frá 2018 eru verðmæti lax-og silungsveiða talin 260 milljarðar uppfært til núvirðis og 3.400 lögbýli tilheyri veiðifélögum.

Sjókvíaeldið ógnar afkomu bænda

Opna sjókvíaeldið með norskan og frjóan lax hefur verið að færa út kvíarnar síðustu árin. Alls staðar í veröldinni hefur það stórskaðað villta laxastofna og víða hreinlega lagt af veiði á villtum laxi. Það eru vísindalegar staðreyndir.

Opna sjókvíaeldið hér á landi er tiltölulega stutt á veg komið, framleiðslan rétt um 50 þúsund tonn, en heimilt er að ala yfir 100 þúsund tonn í kvíum. En þróunin er nákvæmlega sú sama hér á landi og jafnvel verri en annars staðar.

Eldislax sleppur bæði með slysasleppingum og síleka seiða úr kvíum, áföll dynja á eldinu vegna sjúkdóma, lúsar, kulda og marglyttu. Þá hafa kvíarnar farið illa í aftakaveðrum sem eru þá eins og tifandi tímasprengjur.

Erfðablöndun flæðir nú yfir villta laxastofna í íslenskum ám. Ef áfram heldur sem horfir blasir ekkert annað við en að arðurinn af veiðinni hverfi sem yrði þungt högg fyrir íslenskan landbúnað og búsetuna í sveitum landsins.

Þá vegur opna sjókvíaeldið gróflega að stjórnarskrárbundnum eignarrétti bænda með því að stórskaða dýrmæt verðmæti veiðiréttinda samofin jörðunum.

Mikil þörf er á að stjórnvöld bregðist við með nýrri lagasetningu. Þar verði sett ákvæði um stöðvun á vexti laxeldis í opnum kvíum, en við gætu tekið lokaðar kvíar og ófrjór fiskur. Lögsetja verður friðunarsvæði, m.a. í Eyjafirði, Skjálfanda, Öxarfirði og Seyðisfirði. Atvinnuvegaráðherra hefur tvisvar lagt fyrir Alþingi frumvarp um að kvótavæða sjókvíaeldið eins og gildir um fiskveiðarnar. Það yrði stórslys sem verður að forða.

Bændasamtökin sofa á verðinum

Það vekur athygli, að opna sjókvíaeldið er ekki enn komið á dagskrá Bændasamtakanna. Þar er þagað þunnu hljóði um ógnandi stöðuna gagnvart hagsmunum bænda. Bændasamtökin eru skjöldur og skjól búandi fólks í sveitum landsins. Því er eðlilegt að spurt sé af hverju þögnin stafar.

Bændasamtökin hafa tekið landeldið undir sína arma, en láta sig sjókvíaeldið engu skipta. Samt er opna eldið arfavont fyrir landeldið þar sem lögð er áhersla á umhverfisvæna gæðaframleiðslu af allt öðrum toga en gildir um opnu kvíarnar. Hagsmunir landeldisins felast í því að greina sig rækilega frá opna eldinu.

Því verður vart trúað, að Bændasamtökin haldi áfram að sitja hjá með þögninni á meðan vegið er alvarlega að hagsmunum bænda og grafið er undan búsetu fólksins í sveitum landsins.

Höfundur er fyrrum alþingismaður og sóknarprestur í Heydölum í Breiðdal.

Bændablaðið
www.bbl.is

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:

Skíðbakki 1, Austur-Landeyjar – Nýtt deiliskipulag
Tillagan tekur til tveggja lóða úr Skíðbakka 1, L163892. Á B1 einum verður heimilað að byggja allt að 3.000 m^2 landbúnaðarbyggingar sem útihús, fjós og skemmur með allt að 8 m hámarkshæð. Á byggingarreit fyrir Efri-Mýri verður heimilt að byggja allt að 350 m^2 íbúðarhús með mænishæð allt að 8 m háa, 50 m^2 gestahús með allt að 5 m mænishæð og 400 m^2 skemmu með allt 8 m mænishæð.

Heimaland, breytt að koma – breyting á deiliskipulagi
Breytingin tekur til lokunar á aðkomuleið við Heimaland og samnýta aðkomuleið við Seljalandsskóla.

Miðhús, byggingarreitur fyrir gistihús – Nýtt deiliskipulag
Deiliskipulagstillagan tekur til 3.160 m^2 svæðis úr landi Miðhúsa, L14180.
Með tillögunni verður heimilt að reisa sex 30 m^2 gistihús fyrir allt að 20 gesti.
Hámarkshæð hús er allt að 5,5 m á hæð og byggingar skulu vera í jarðlitum.

Kirkjulækjarkot Bakki, frístundarlóð – Nýtt deiliskipulag
Deiliskipulagstillagan tekur til 2 ha landeignar að Kirkjulækjarkoti Bakki 1,L195401.
Tillagan heimilar eitt frístundarhús, gestahús, geymslu, gróðurhús eða gufubað.

Samkvæmt 31. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er auglýst eftirfarandi tillaga að deiliskipulagi:

Seljaland, hótelbygging og starfsmannaaðstaða – breyting á aðalskipulagi
Með aðalskipulagslýsingunni er gert ráð fyrir að frístundarsvæðið F36 og verði að verslunar- og þjónustusvæði á jörðinni Seljalandssel. Samhliða lagt til að 5 ha svæði úr landi Ytra-Seljalands, verði tekið úr landbúnaðarnotkun og breytt í verslunar- og þjónustusvæði.

Seljaland, hótelbygging og starfsmannaaðstaða – Nýtt deiliskipulag
Deiliskipulagstillagan tekur til tveggja hæða hótelbyggingar ásamt starfsmannaíbúðum úr landi Seljalandssel, L163799. Byggingarmagn hótelsins verður allt að 7.000 m^2 og hámarks byggingarmagn verður allt að 12 m hátt.
Gert er ráð fyrir 120 bílastæðum. Starfsmannahús verða allt að 3.000a m^2 á einni hæð með allt að 80 íbúðum.

Ofangreindar tillögur er hægt að kynna sér á heimasíðu Rangárþings eystra, á Skipulagsgátt HMS og á viðtalstíma hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli.

Umsagnar- og athugasemdarfrestur er frá 16. októberber til og með 27. nóvember 2026.
Umsögnum og athugasemdum skal skila skriflega í gegnum Skipulagsgáttina eða til skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra að Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Rangárþings eystra

VINNUPALLAR EHF

- ÖRUGGAR LAUSNIR -

Taktu sumarhitann með þér í haustið

Mikið úrval af hitablásurum í hæðstu gæðum



Vinnupallar ehf. – Vagnhöfða 7 – s. 557 9933 – vpallar@vpallar.is – www.vpallar.is

Frá hraða til áfallaþols

Ísland hefur náð miklum árangri í uppbyggingu fjarskiptainnviða. Vegferðin hefur tekið nær aldarfjórðung og byggst á skýrri framtíðarsýn, fjárfestingu markaðsaðila, stuðningi stjórnvalda og víðtæku samstarfi með það markmið að landsmenn hafi aðgang að nútímafjarskiptum óháð búsetu.


Eyjólfur Ármannsson.

Uppbyggingin hefur gert fólki kleift að starfa, stunda nám, reka fyrirtæki og sækja þjónustu víðar um land en áður og stutt við byggðir, ferðaþjónustu, sjávarútveg, landbúnað, menntun og opinbera þjónustu svo fátt eitt sé nefnt. Ísland er nú eitt fremsta stafræna samfélag heims.

Skipulagðri ljósleiðaravæðingu heimila og fyrirtækja lýkur á næsta ári og háhraðafarnet ná til sífellt stærri hluta landsins, stofnvegakerfisins og miðanna umhverfis Ísland. Það er mikið samfélagslegt afrek. Þar með lýkur stórum áfanga en annar tekur við. Næsta verkefni er að tryggja að fjarskiptin sem samfélagið reiðir sig á séu ekki aðeins hröð og víðtæk, heldur líka áfallaþolin.

Áfallaþol fjarskipta er forsenda þess að nútímasamfélag virki. Þegar sími, net, neyðarsamskipti, opinber þjónusta, atvinnustarfsemi og orkuinnviðir byggja öll á stafrænum tengingum getur rof á fjarskiptum orðið gríðarlegt samfélagslegt áfall. Fyrir fólk á landsbyggðinni snýst áfallaþol um að ná í 112, halda sambandi við heilbrigðisþjónustu, reka fyrirtæki í óvissuástandi, sinna búrekstri, tryggja öryggi ferðamanna og halda sambandi á sjó.

Staða heimsmála hefur einnig breyst. Netárásir, fjarskiptasvik, skemmdarverk, árásir á sæstrengi og trúverðugri svikatilraunir með aðstoð nýrrar tækni eru áskoranir sem við stöndum frammi fyrir hér á landi. Ísland er gríðarlega vel tengt og tæknivætt samfélag. Það er styrkleiki, en kallar jafnframt á að öryggi og áfallaþol stafrænna innviða sé tekið alvarlega.


Farsímasendir í Hvalfirði.

Myndir / Ástvaldur Lárusson

Áður var eðlilegt að tala um fjarskipti og netöryggi sem aðskilda málaflokka. Fjarskipti snerust um öfluga dreifingu og þjónustugæði en netöryggi um varnir gegn stafrænum ógnum. Í dag eru þessi mörk mun óskýrari. Fjarskiptainnviðir eru grunnur stafræns öryggis og netöryggi er forsenda þess að fjarskiptakerfi geti sinnt hlutverki sínu með áreiðanlegum hætti. Ljósleiðarar, farnet, sæstrengir, gagnaver og stafrænar þjónustur mynda saman grunnkerfi samfélagsins. Veikist einn hluti mun það hafa áhrif á marga aðra.

Á næstu árum hverfa eldri fjarskiptakerfi eða dragast verulega saman. Koparkerfið verður bráðlega tekið úr notkun og eldri 2G og 3G farnet heyra þegar sögunni til. Sjónvarpsdreifing, neyðarsamskipti og önnur þjónusta færast því í auknum mæli yfir á stafræn net.

Þessi þróun felur í sér mikil tækifæri. Nýrri kerfi eru hraðvirkari, hagkvæmari og geta stutt við nýjar lausnir í atvinnulífi, opinberri þjónustu og daglegu lífi fólks. Þau skapa tækifæri fyrir fjarvinnu, fjarnám, fjarlækningar, snjallari samgöngur, sjálfvirkni, gagnadrifna þjónustu og nýsköpun um land allt.

En samþættingin skapar líka nýja áhættu. Þegar mörg samfélagsleg verkefni reiða sig á sömu grunnkerfi verður enn mikilvægara að þau haldist starfhæf þegar mest á reynir. Það þarf að huga að varaleiðum, skýrum viðbrögðum og nægri fjárfestingu í öryggi.

Við þurfum því að spyrja nýrra spurninga. Hvernig tryggjum við að fjarskipti haldist uppi þegar náttúruvá eða stórfelld rekstraráföll verða? Hvernig verndum við sæstrengina? Hvernig tryggjum við að neyðarsímtöl berist, líka þegar tækni breytist? Hvernig tryggjum við fjarskipti á stofnvegum, í dreifðum byggðum, á hálendinu og á miðunum? Hvernig eflum við netöryggi mikilvægra innviða án þess að leggja óraunhæfar byrðar á þá sem eiga að uppfylla nýjar kröfur? Hvernig drögum við úr fjarskiptasvikum og netglæpum sem bitna á almenningi?

Þetta eru ekki spurningar sem stjórnvöld geta svarað ein. Þær kalla á samtal við fjarskiptafyrirtæki, sveitarfélög, atvinnulíf, öryggissérfræðinga, félagasamtök og almenning um land allt.

Með þetta í huga hóf innviðaráðuneytið fyrr í sumar forsamráð á samráðsgátt stjórnvalda um efnistök grænbókar um fjarskipti og netöryggi. Grænbók er opið umræðuskjal stjórnvalda þar sem staða mála, helstu álitaefni og mögulegir valkostir eru sett fram til samráðs áður en endanleg stefna er mótuð. Með forsamráðinu var leitast við að fá fram sjónarmið um hvaða viðfangsefni og álitaefni þurfi að liggja til grundvallar vinnunni fram undan. Málaflokkurinn er of mikilvægur og breytist of hratt til að stjórnvöld skilgreini einhliða í upphafi hvað skipti mestu máli.

Umsagnir sýna að umræðan er gagnleg. Þar koma fram ólík sjónarmið um fjarskiptainnviði, netöryggi, NIS2-regluverkið, neyðarsamskipti, landsbyggð, fjarskiptasvik, gervigreind, sveitarfélög og notendur með ólíkar þarfir. Sum sjónarmið lúta að því sem ríkið þarf að gera betur. Önnur minna á að auknar kröfur þurfa að vera skýrar, málefnalegar, áhættumiðaðar og framkvæmanlegar. Bæði sjónarmiðin skipta máli.

Stjórnvöld bera skýra ábyrgð á að móta stefnu, innleiða nauðsynlegt regluverk, tryggja virkt eftirlit og grípa inn í þar sem almannahagsmunir, markaðsbrestur eða þjóðaröryggi kalla á það. En raunverulegt áfallaþol verður ekki tryggt af stjórnvöldum einum og sér. Það verður til í daglegum ákvörðunum þeirra sem reka kerfin, kaupa þjónustu, hanna lausnir, uppfæra búnað, prófa varaleiðir, fræða notendur og bregðast við þegar atvik verða.

Verkefnið fram undan er því sameiginlegt. Ríkið á að skapa skýran og fyrirsjáanlegan ramma. Markaðsaðilar, sveitarfélög, stofnanir og notendur þurfa jafnframt að leggja sitt af mörkum innan þess ramma. Öryggi fjarskipta og netöryggi samfélagsins verða ekki keypt, fyrirskipuð eða útfærð af einum aðila.

Við stöndum vel að vígi. Ísland hefur byggt upp öfluga stafræna innviði og nýtur þess í atvinnulífi, þjónustu og búsetuskilyrðum um allt land. En góð staða í dag tryggir ekki sjálfkrafa góða stöðu á morgun. Samkeppnishæfni þjóða mun í auknum mæli ráðast af því hvort þær búi yfir öruggum, aðgengilegum og áfallaþolnum stafrænum grunnkerfum. Þar skiptir ekki aðeins máli að tengingarnar séu hraðar. Þær þurfa að virka þegar mest á reynir.

Áfallaþol í fjarskiptum og netöryggi er því byggðamál. Það er atvinnumál. Það er neytendamál. Það er öryggismál. Það er þjóðhagslegt hagsmunamál. Og það er eitt af lykilviðfangsefnum næsta áfanga í stafrænni þróun Íslands.

Við höfum náð miklum árangri með framsýni og samstarfi. Nú þurfum við að byggja á þeim grunni og horfa til framtíðar. Markmiðið er skýrt: að Ísland verði áfram í fremstu röð stafrænna samfélaga, ekki aðeins vegna þess að hér séu hröð fjarskipti, heldur vegna þess að þau séu örugg og áfallaþolin – fyrir fólk, fyrirtæki og byggðir um land allt.

Höfundur er innviðaráðherra.



Fjárlögin enda alltaf á eldhúsborðinu

Fjárlög eru gjarnan rædd í milljörðum. Tekjur ríkissjóðs, útgjaldarammar, fjárheimildir, halli og afgangur skipta vissulega máli. En fyrir heimilin er spurningin einfaldari: Hver er reikningurinn? Fá mál sem Alþingi afgreiðir snerta daglegt líf fólks jafn víða og fjárlög hvers árs. Þeim mun mikilvægara er að venjulegt fólk geti lesið úr þeim.

En hver er reikningurinn?

Það er spurningin sem við höfum lagt til grundvallar Heimilissátt Framsóknar og reiknivélinni á vefslóðinni utreikningur.is. Þar geta heimili sett inn eigin forsendur og séð samanlögð áhrif þeirra helstu breytinga í fjárlagafrumvarpinu sem reiknivélin tekur til.



Þórarinn Ingi Pétursson.

Tilgangurinn er ofureinfaldur: að gera fjárlögin skiljanleg. Umræða um fjármál ríkisins festist of oft í prósentum eða hlutföllum, hækkunum eða lækkunum, sem fæst heimili ná að tengja við eigið líf. Um leið verða til eins konar skotgrafir þar sem tölur verða vopn frekar en upplýsingar. Við viljum lyfta umræðunni á annað plan og láta hana hefjast á sameiginlegum grunni staðreynda, t.a.m. um á hvaða hópum lenda hækkanir og eru auknar byrðar sanngjarnar? Um svörin má deila, sem er eðlilegt í lýðræðisríki, en grunnur og forsendur ákvarðana eiga að liggja fyrir.

Þess vegna sýnir vefurinn utreikningur.is hvert skref í útreikningnum og telur mótvægisaðgerðir ríkisstjórnarinnar að fullu í hverju einasta dæmi. Vefurinn felur í sér þjónustu við fólk, ekki vopn til að beita í kappræðum. Skiljanleg ríkisfjármál eru ekki flokkspólitískt markmið heldur lýðræðismál og betri umræða skilar á endanum betri ákvörðunum um fjármál ríkisins.

Gjaldið sem ratar á endanum heim í hlað

Þetta skiptir sérstaklega miklu máli fyrir heimili og fyrirtæki á landsbyggðinni. Í fjárlagafrumvarpinu er lagt til að kílómetragjald á bíla undir 3.500 kg hækki úr 6,95 krónum í 8,05 krónur á ekinn kílómetra, um 15,8%. Ekki að ósekju hefur sú hækkun verið kölluð sérstakur landsbyggðarskattur, enda er bíllinn víða um land nauðsyn en ekki valkostur. Fólk ekur langar leiðir til vinnu, skóla og heilbrigðisþjónustu og fyrirtæki flytja aðföng og vörur um langan veg.

Og hækkunin kemur tvisvar fram. Hún fer nefnilega einnig inn í vísitölu neysluverðs og hækkar þar með höfuðstól verðtryggðra lána. Sá sem ekur mest borgar því bæði fyrir aksturinn sjálfan og í formi hærri verðbóta á lánið sitt.

Ríkisstjórnin hafnar því að um sérstakan landsbyggðarskatt sé að ræða. Það breytir þó ekki grundvallarspurningunni: er 15,8% hækkun á gjaldi sem leggst beint á akstur skynsamleg þegar fólk á landsbyggðinni hefur takmarkaða möguleika á að draga úr akstri?

Þyngst á þá sem aka mest

Fjárlög þarf að skoða út frá raunverulegu lífi fólks en ekki aðeins einstökum línum eða yfirlitum frumvarpsins um tekjur og gjöld, sjóðsstreymi eða handbært fé. Þess vegna setjum við upp tilbúin dæmi. Þannig birtum við dæmi um ungt par með tvö börn með 45 milljóna króna húsnæðislán. Áætluð viðbótarbyrði frumvarpsins á þetta par er um 342 þúsund krónur árið 2027. Þar leggjast saman hærri gjöld, rýrnun barnabóta, niðurfelling vaxtabóta, bankaskattur, seinkuð vaxtalækkun og verðbætur á verðtryggða lánið.

Sama krónutala leggst heldur ekki jafnt á alla. Í tveimur dæmum okkar er heildarbyrðin svipuð í krónum, en nemur um 28% af einum mánaðarlaunum fyrir skatt hjá tekjulægra heimilinu og um 12% hjá því tekjuhærra. Og hjón á landsbyggðinni bera um tólf þúsund krónum meira á ári en sams konar hjón í Reykjavík, að meginstofni til vegna aksturs.

2,5% hækkun í stað 15,8%

Heimilissáttin leggur því áherslu á hóflegri og fyrirsjáanlegri gjaldtöku. Við viljum að kílómetragjaldið hækki aðeins um 2,5% eins og önnur gjöld, að allar krónutöluhækkanir verði takmarkaðar við 2,5%, að barnabætur haldi verðgildi sínu og að vaxtabætur verði áfram greiddar á meðan vaxtabyrði heimilanna er jafn þung og raun ber vitni.

Þetta snýst líka um atvinnulífið og byggðirnar. Hærri flutningskostnaður hefur áhrif á verð, fjárfestingu og samkeppnishæfni fyrirtækja utan höfuðborgarsvæðisins, þ.m.t. ferðaþjónustu, ekki síst þegar hagkerfið hægir á sér.

Fjárlögin þurfa að vera í samræmi við stöðu ríkissjóðs hverju sinni. En þau þurfa líka að ganga upp fyrir heimilin í landinu.

Vonandi verða Heimilissáttin og reiknivélin á utreikningur.is til þess að bæta umræðuna um fjárlög, áhrif þeirra og sanngirni, og færa hana nær fólkinu sem fjárlögin snúast um. Það væri ávinningur fyrir okkur öll, hvar í flokki sem við stöndum.

Höfundur er þingmaður Framsóknar.

HÖFÐI FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 52
Bláu húsin við Faxafen
S. 533-6050
www.hofdi.is

Þórunnartún 6 er til sölu eða leigu



Eignin er laus til afhendingar strax.
Um er að ræða 190 fm fjölnota eign við Þóruntún sem er einn fjölmennti brottfarar- og áningarstaður ferðamanna á Íslandi. Hugsanlega hentug fasteign litlum eða meðalstórum ferðaþjónustu fyrirtækjum. Eigninni fylgja þrjú góð bílastæði og það fjórða felst í staðsetningu. Fasteignina er einnig hægt að innrétta með ýmsum hætti og laga að mismunandi þörfum viðkomandi aðila. Eignin er á annarri hæð og er 190 fermetrar. Hæðin hefur hýst skrifstofu Skógræktarfélags Íslands undanfarin ár.

Allar nánari upplýsingar veitir
Ásmundur Skeggjason fasteignasali,
asi@hofdi.is - S. 895-3000.

FASTPARTS
ALLT FYRIR LANDBÚNAÐINN
BÚIÐ VÉLARNAR VERKSTÆÐIÐ
MIKIÐ ÚRVAL
BERÐU VERÐIN SAMAN ÁÐUR EN ÞÚ KAUPIR →
fastparts.is | 7888897 | pantanir@fastparts.is | Hafnarfjörður | Akureyri

Öflug lýsing
þegar mest á reynir



Fjölbreyttar lausnir fyrir ólíkar aðstæður

TRIME býður upp á öfluga dísil- og rafhlöðuknúna ljósaturna sem sameina afköst og hagkvæman rekstur. Rafhlöðuknúnu turnarnir eru hljóðlátir og án útblásturs og henta því vel við næturvinnu. Hægt er að tengja saman fleiri turna fyrir stærri vinnusvæði.

Hafðu samband við **Adolf Þ. Andersen** í **590 5135** eða **adolf@klettur.is** og kynntu þér lausnir sem henta þínum rekstri.

KLETTUR
www.klettur.is — 590 5100

OSO HOTWATER
OSO Hitakútar
Vörukaup ehf
Lausnir fyrir iðnað og heimili
516-2600
www.vorukaup.is
vorukaup@vorukaup.is
VK vörukaup

Sagnaþáttur:

Leiðtogar og landbúnaður



Kristján B. Jónasson
kbjonasson@gmail.com



Búrfell í Grímsnesi en þangað fór Raísa Gorbatsjova ásamt fylgdarliði er leiðtogafundurinn fór fram í Höfða árið 1986.
Mynd / Ástvaldur Lárusson

Þegar Ronald Reagan Bandaríkjaforseti og Míkhaíl Gorbatsjov (eða Garbatsjov eins og á vist að segja) hittust á fundi í Reykjavík dagana 11. til 12. október árið 1986 til að ræða hvernig lækka mætti hitann undir vígbúnaðarpotti stórveldanna vakti það ekki síst lukku meðal Íslendinga að í för með aðalritara kommúnistaflokks Sovétríkjanna var eiginkona hans, Raísa Gorbatsjova. Hún hafði komist í alþjóðakastljósið um það bil ári fyrr þegar eiginmaður hennar tók við hinu valdamikla embætti og varð stjórnandi víðlendasta ríkis heims. Það var nýjung í sögu Sovétríkjanna að „konan bak við manninn“ væri svo áberandi. Aðalritararnir höfðu að mestu staðið einir á sviði sögunnar fram að því. Eftir að nokkrir helstu ellismellir kommúnistaflokksins höfðu fengið að spreyta sig á aðalritarastörfum árin á undan, en jafnan látist í embætti, þótti tilkoma þessara geðugu hjóna á besta aldri kærkomin nýjung. Raísa var brosmild og hugguleg og hafði kennt marx-leninísk fræði á háskólastigi og gat því rætt finni blæbrigði díalektískrar efnishyggju ef þannig stóð á. Fyrst og fremst var hún þó útfarinn diplómat sem með lipurð og þekkilegheitum kynnti veraldarsýn sovétkommúnismans fyrir hverjum sem heyra vildi.

Ferð í sveitina

Á meðan leiðtogarnir sátu á rökstólum í Höfða laugardaginn 11. október flakkaði Raísa um Reykjavík í pelsum frá færustu feldskerum Sovétríkjanna. Hring um hana slógu sérinnfluttir öryggisverðir sem bökuðu sér vinsældir meðal íslenskra fjölmiðlamanna fyrir hve léttir og alþýðlegir þeir voru. Gestgjafi Raísu og leiðsögukona var Edda Guðmundsdóttir, eiginkona Steingríms Hermannssonar forsætisráðherra. Raísa leit inn í Alþingishúsið og hitti forseta Alþingis og skrifstofustjóra, Friðrik Ólafsson stórmeistara, sem naut virðingar hinna skákóðu Sovétmanna. Litið var á blessuð handritin og Þjóðminjasafnið skoðað og síðan gefinn gaumur íslenskri æsku og íslenskum listamönnum. Daginn eftir, sunnudaginn 12. október, var síðan ferðinni heitið austur fyrir fjall. Tilhlýðilegt þótti að fara með Raísu á Þingvelli og treysta á að haustlægðirnar myndu þyrma hópnum um stund, sem gekk nú raunar ekki alveg eftir.

Raísa hafði nefnilega óskað þess að fá að heimsækja íslenskt sveitaheimili og þótti einboðið að slá saman Þingvallaferðinni og þeirri heimsókn. Fyrir valinu varð vildarjörðin Búrfell í Grímsnesi. Þar bjuggu hjónin Lísa Thomsen og Böðvar Pétursson ásamt börnum sínum og var með skömmum fyrirvara hnippt í þau og þau fengin til að undirbúa komu hins tigna gests. Böðvar var náfrændi Eddu Guðmundsdóttur, forystumaður í sinni sveit og á jörðinni falleg sveitakirkja. Aðstæður gátu vart verið heppilegri. Komu fulltrúar sovéskra stjórnvalda í snögga heimsókn að Búrfelli og skyggndust um í hlöðu og húsum og mátu hættuna á tilræði af hálfu húsdýra hverfandi.

Á sunnudeginum breyttust hins vegar áætlanir. Ákveðið var að stefna beint í Grímsnesið og kom Raísa þangað því nokkru fyrr en gert hafði verið ráð fyrir. Raísa ók um sveitir í sérinnfluttri skotheldri bifreið og með henni var Edda forsætisráðherrafrú sem rabbaði við Raísu með aðstoð túlks. Á hlaðinu á Búrfelli stóð heimilisfólk prúðbúið og voru yngstu dætur þeirra Böðvars og Lísu á íslenskum búningi. Er til falleg fréttamynd frá þessum degi sem sýnir þá yngstu, Láru, í fangi pelsskrýddrar og brosandi Raísu.

Kirkjan ómar öll

Kirkjan á Búrfelli er í sígildum hlutföllum, með fallegri kirkjum í sveit á Íslandi og elsta timburkirkjan í gamla Skálholtsbiskupsdæmi. Inn í hana bauð Böðvar Raísu og fylgdarliði. Þar lék hann og söng sálminn „Ó, syng þínum Drottni“ eftir fyrrum prófast Árnesprestakalls og stórskáld, Valdimar Briem. Greindi Böðvar frá sögu kirkjunnar og helstu gripum. Lét Raísa þess getið að hún sem fylgjandi marxískrar efnishyggju tryði varlega á tilvist óefnislegra fyrirbæra, en bæri slíka virðingu fyrir þeim sem það gerðu að hún sæi ekki ástæðu til að amast við sérviskunni.

Eins og Böðvar greindi Raísu frá var forsmiður Búrfellskirkju Bjarni Jónsson og lauk hann við byggingu hennar árið 1845. Því til sannindamerkis var vígsluárið steypt í kopar og fest á fjöl yfir kirkjudyrum. Hvatamaður að byggingu kirkjunnar og sá sem kostaði hana að mestu var Jón Halldórsson á Búrfelli, stórauðugur héraðsforkólfur um sína daga. Hann hafði komið í Búrfell fyrir tilstilli Steingríms biskups Jónssonar í Laugarnesi, hafði verið ráðsmaður hans og biskupi þótt hann slíkur dugnaðarmaður að hann mælti með honum sem mannsefni til handa Ragnhildi Jónsdóttur, prestsdóttur frá Klausturhólum, sem þá var orðin ekkja eftir Björn Jónsson á Búrfelli, merkisbónda og hreppstjóra Grímsneshrepps.

Ragnhildur var tuttugu árum yngri en Björn og því kannski ekki að undra að hann hefði farið fyrr en hún. Þau eignuðust þrjú börn, tvo syni, sem báðir hétu Jón, og svo dótturina Margréti.

Þegar Jón Halldórsson kom að Búrfelli tók hann til óspilltra málanna og jók enn á auð búsins. Var sama hvert horft var, alls staðar lét Jón að sér kveða með dugnaði sínum og hagsýni. Hann reisti kirkjuna sem enn stendur en einnig húsaði hann staðinn svo Búrfell var í hópi fegurstu býla. Eitt var þó sem amaði að. Jóni var svo umhugað um Margréti stjúpdóttur sína að hann gat ekki unnt henni að giftast neinum. Margir urðu til að impra á hjúskap en Jón stóð jafnan í vegi. Eftir því sem tíminn leið og Margrét eltist þótti þetta háttalag sífellt annarlegra. Margréti er þannig lýst að hún hafi verið með fallegri konum, en auk þess einkar lundgóð og blíð. Liðu nú árin og bar Jón bóndi hana á höndum sér og þótti aldrei nóg gert til að gera veg hennar sem mestan. Var Margrét orðin þrjátíu og tveggja ára og enn ólofuð þegar að garði bar vaskan og vitran mann sunnan af Vatnsleysuströnd, Guðmund Guðmundsson, elsta son Guðmundar Brandssonar, útvegsbónda í Landakoti og alþingismanns. Segir sagan að frú Ragnhildi hafi ekki þótt lengur hægt að standa í þessari vitleysu og bundist samtökum við Guðmund um að nema Margréti á brott. Giftust þau Guðmundur og Margrét á Kálfatjörn árið 1868 og fóru að búa á Landakoti, en Guðmundur Brandsson alþingismaður hafði drukknað fáeinum árum áður þegar hann sigldi heim í Landakot frá Hafnarfirði. Bjuggu þau Guðmundur og Margrét síðan alla ævi þar suður frá við mikinn orðstír og voru framfarafólk jafnt í útgerð sem landbúnaði. Raunar líktist Guðmundur um margt Jóni, stjúpa Margrétar, því hann hafði forgöngu um ótalmargt í samfélagi sínu til heilla, til að mynda var hann sífellt að gera sóknarkirkju sinni á Kálfatjörn eitthvað gott.

Brotthvarf Margrétar varð stjúpa hennar þungbært. Hann stökk upp á Búrfellið, sem er gamall eldgígur og er þar uppi lítið stöðuvatn eða tjörn og sat hann þar lengi dags en drattaðist svo heim, opnaði skattholið og taldi fram föðurarf Margrétar og bað Ragnhildi konu sína að koma fénu til skila. Það greip hann slíkt óyndi að hann gat ekki hugsað sér að búa áfram á Búrfelli og seldi jörðina. Hann kvaddi sveitunga sína og vini með auglýsingu sem hann birti í Þjóðólfi í júní 1868 og við kveðjumessu í kirkjunni á Búrfelli gaf hann öllum ungmennum og börnum sem þar voru einn ríkisdal, sem þótti fáheyrt örlæti. Þau Ragnhildur fóru síðan vestur í Mýrasýslu til sonar Ragnhildar, Jóns Björnssonar, prests í Hítardalsþingum, en undu þar ekki lengi. Ári síðar keypti Jón Suður-Reyki í Mosfellssveit en þar búnaðist þeim ekki vel. Jón var stöðugt líkt og annars hugar, lenti brátt í kröggum og brasi og þegar Ragnhildur dó 1876 undi hann ekki lengur við búskapinn, seldi jörðina, setti kaupverðið allt í að greiða upp skuldir og fór síðan á vergang, var á flækingi hingað og þangað um Kjalarnes, Mosfellssveit og Kjós næstu árin, rúinn öllu því sem hann eitt sinn hafði átt. Reynt var að koma honum á hans gamla hrepp í Grímsnesi en það gekk lengi ekki vel, uns hann var orðinn svo örvasa að hann lét undan. Hann dó háaldraður á Kiðjabergi í Grímsnesi, þar sem nú er leikið golf, aldamótaárið 1900. Var vel um hann þar hugsað og sagt er að húsfreyja hafi jafnan þérað þennan aldna stórbónda sem eitt sinn bar höfuð og herðar yfir aðra búendur í Grímsnesi. Ekki mun fundum hans og Margrétar hafa borið aftur saman.

Enginn veit fyrr en reynir á

Raísa Gorbatsjova undi sér vel á Búrfelli. Dagskrá hennar var þéttskipuð og brátt fór aðstoðarfólk hennar að reka á eftir henni en hún svaraði með þjósti að hún þyrfti að vera nokkra stund enn hjá þeim Lísu og Böðvari. Þegar bílalestin loksins lagði af stað vildi þó ekki betur til en svo en einn hinna rússnesku öryggisvarða gleymdist. Hann hafði staðið vaktina í útihúsum nokkuð frá íbúðarhúsinu og uggði ekki að sér né tók nokkur eftir að hann vantaði. Sem betur fer voru starfsmenn Ríkisútvarpsins enn í hlaði á Búrfelli og buðu honum far í bæinn. Raísa fór síðan af landi brott með Míkhaíl, manni sínum. Þremur árum síðar brutu íbúar Berlínar gat á múrinn sem skildi að yfirráðasvæði Sovétmanna og Vesturveldanna í borginni og fimm árum síðar liðuðust Sovétríkin í sundur. Raísu varð svo mikið um að hún fékk hjartaáfall. Nokkrum árum síðar veiktist hún svo af hvítblæði. Hún lést í Münster í Þýskalandi árið 1999 þegar hún leitaði sér þar lækninga og er jarðsett í Moskvu.



Vísnahornið

Sigrún Haraldsdóttir lýsir ástkærri fósturjörð okkar í góðri stöku:

Er af grjóti ofgnótt
urt þó fegri svörð,
þú ert hörð og hornótt
háttvirt fósturjörð.

Pétur Stefánsson yrkir þessa stöku, en efast um að hún dugi til að fara í gegnum Gullna hliðið:

Nú er ég kominn nafni minn
nokkuð af syndum kvalinn.
Hleyptu mér nú aumum inn,
inn í himnasalinn.

Óhætt er að segja að **Jón Gnarr** veki stöðugt athygli með sínum uppátækjum, snillingurinn **Jón Jens** gerir atburðum skil að hætti Davíðs:

Er Viðreisn tók að jafna um Jón
fannst Jóni komið nóg
af þrásetu í þingflokknum
og þaðan burt sig dró.
Því allmargt hafði orðið þar
til ama og jafnvel tjóns
og ekki þýddist Þorgerður,
við þrautasögu Jóns,
hann oft um áheyrn bað
samt afréð kerling það,
að hunsa flest þau hugðarmál
og hreyfast ekki úr stað.

Margt hefur verið ort um presta í gegnum tíðina og margir prestar hafa verið hagmæltir. **Margrét Jónsdóttir**, skáldkona í Reykjavík, orti þessa vísu undir messu:

Æ, hættu nú prestur að prédika'um synd
á postuladyggðum að klifa.
En farðu'út á strætin sem fyrirmynd
og fólkinu kenndu að lifa.

Í vísnabók **Káins** má finna þessa vísu:

K. N. prestur enginn er –
og engum meiri
hann er verstur sjálfum sér –
og svo eru fleiri.

Séra **Sigurður Norland**, prestur í Hindisvík, var kunnur á sinni tíð, gerir svona grein fyrir hrossaeign:

100 á ég hrossin góð
hér við 40.
Finnst nú varla fegra stóð
'49.

Um kirkjustaðinn Tjörn á Vatnsnesi yrkir presturinn þennan spádóm:

Bráðum sneiðist byggðin hér
borgin seiðir marga.
Tjörn í eyði eflaust fer.
Engin leið til bjarga.

Þessi vísa **Sigurðar** þarfnast ekki neinna skýringa:

Útlaganna óðal sést
enn hjá fannatindum.
Sekra manna býli best
byggt í Hvannalindum.

Séra **Ögmundur Sívertsen** þjónaði líka Tjörn á Vatnsnesi, hann orti:

Það er það sem að mér er
ég óspart skilding farga.
Herrann vissi hentast mér
að hafa þá ekki marga.

Ögmundur orti líka þessar og kallaði eftirmæli ársins 1840:

Margir hlupu hátt af stað
hugðust sleikja rjóma
prestur á Tjörn sér brúðar það
en bölvun fékk hann tóma.

Það sem helst honum þótti að
að þessi ei veittist píka
of fátækur í allan stað
og óágengur líka.

Séra **Ögmundi** gekk illa að ná sér í konu og var 43 ár þegar það tókst:

Prestinum illa giftast gekk,
gigtar flengdur hrísi,
uns um síðir Ólöfu fékk
fyrir átta merkur af lýsi.

Og klerkur orti þegar konan kom:

Komin Ólöf er að Tjörn,
ein frá Þorkelshóli.
Á hennar malar kærleikskvörn
kargur hempudóli.

Umsjón: Magnús Halldórsson
mhalldorsson0610@gmail.com

CONSENSA

INNKAUPAÞJÓNUSTA

Við veitum viðskiptavinum okkar innkauparáðgjöf og innkaupaþjónustu og tökum að okkur framkvæmd útboða, óháð tegund innkaupa

• • •

www.consensa.is - consensa@consensa.is



Skipulagsauglýsing

Sveitarstjórn Húnabyggðar samþykkti á fundi sínum 11. ágúst 2026 að Deiliskipulag gamla bæjarins og Klifamýrar skyldi auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið nær yfir gamla bæinn og Klifamýri, staðsett sunnan Blöndu og vestan Hringvegar. Um að ræða nýtt deiliskipulag fyrir þennan elsta hluta þéttbýlisins, þar sem nú er að finna íbúða- og atvinnusvæði, opin svæði og minjar um þróun byggðarinnar. Í deiliskipulaginu er að finna verndarákvæði fyrir byggðina og fyrirkomulag gatna og stíga um svæðið.

Tillagan er aðgengilega í Skipulagsgátt undir málsnúmeri 895/2024. Jafnframt er hægt að kynna sér gögn á skrifstofu Húnabyggðar, Húnabraut 5, 540 Blönduósi auk þess sem gögnin eru aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins www.hunabyggd.is. Fyrirspurnir um málið má senda á bygg@hunabyggd.is.


Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir við tillöguna. Ábendingar og athugasemdir þurfa að vera skriflegar og skulu berast í gegnum Skipulagsgátt í síðasta lagi **7. desember 2026.**

Skipulags- og byggingarfulltrúi Húnabyggðar

Fjórar frábærar!









Bækurnar fást að sjálfsögðu í bókabúðunum.

Einnig er hægt að panta bær á: holar@holabok.is

Bókaútgáfan Hólar
holabok.is / holar@holabok.is





Hjalti og Sigurbjörg sem kenna féð sitt við Hreiður, tóku við verðlaunum fyrir bestu fimm vetra á árinu 2025 í Rangárvallasýslu skv. Blup-mati RML. Óskírður erfingi þeirra fékk að koma með í sína fyrstu verðlaunaafhendingu.



Litfegursta lambið kom frá Skíðbakka 1 og komu Alexandra og Birna að taka við verðlaununum.



Albert tók við verðlaunum fyrir besta veturgamla hrút ársins 2025 skv. Blup-mati RML, en hann er frá Skíðbakka , en var keyptur sem lamb frá Hreiðri. Til gamans má geta þess að þessi hrútur sem heitir Darvin er sonur bestu fimm vetra ærinnar sem fékk verðlaun fyrir árið 2025.



Mikið af ungu fólki tók þátt í að sýna lömbin og hér eru bræður frá Teigi í Fljótshlíð með tvær gimbrar ofarlega í röðun.



Það var í nógu að snúast hjá starfsfólki sýningarinnar og dómurunum sem komu frá RML, feðgarnir Pétur og Sigurður Anton.



Aron á Efri-Rauðalæk raðaði inn verðlaunum, en hann sýndi efsta lambið í þremur flokkum. Hér er hann með bestu hyrndu gimbrina og við hlið hans er Garðar í Hólmi með barnabörnin og var sú gimbur annað tveggja lamba sem mældist með 41 mm bakvöðva og fékk verðlaun fyrir þykkasta bakvöðva sýningarinnar. Í þriðja sæti er Sigríkur á Syðri-Úlfsstöðum.

Dagur sauðkindarinnar

Dagur sauðkindarinnar í Rangárvallasýslu fór fram 10. október síðastliðinn. Fjöldi fólks mætti á sýninguna og metfjöldi lamba mætti til dóms.

Dæmt er í fjórum flokkum, hyrndar gimbrar, hyrndir hrútar, kollóttar gimbrar og kollóttir hrútar. Samtals komu 64 hrútar til sýningarinnar og 96 gimbrar og hafa lömbin ekki áður verið fleiri á þessari sýngingu.

Áhorfendur velja litfegursta lamb sýningarinnar, veitt eru verðlaun fyrir þykkasta bakvöðvann í ómmælingum og fær eigandi þess lambs lambalæri í vinning.

Þá eru veitt verðlaun fyrir bestu fimm vetra á ársins 2025 innan Rangárvallasýslu skv. upplýsingum frá RML, besta veturgamla hrút ársins 2025 og ræktunarbú þess sama árs.

Verðlaunagripirnir eru bæði farandgripir og til eignar. Flestir eru handmálaðir plattar af Gunnhildi Jónsdóttur ,listakonu okkar frá Berjanesi. En einnig er veittur farandbikar fyrir ræktunarbúið.

Meðfylgjandi eru töflur sem sýna einkunnir og röðun fimm efstu lamba í hverjum flokki. Upplýsingar um ætterni fylgja því miður ekki.

Fjölmargir aðilar styrktu hátíðina og þökkum við þeim kærlega fyrir stuðninginn. Eins þökkum við öllum þeim sem komu að hátíðinni í sjálfboðavinnu og ekki síst þeim sem komu með lömb til dóms kærlega fyrir daginn og ánægjulega samverustund.

Hulda Brynjólfsdóttir
Smáspunaverksmiðjan Uppspuni / Sveitakarlinn ehf.



Samtals komu 160 lömb til dóms og margar fallegar lopapeysur voru sömuleiðis til sýnis á degi sauðkindarinnar.

Lumar þú á prjónauppskrift?

Okkur hjá Bændablaðinu langar að biðja hannyrðaglaða lesendur, sem áhuga hafa á, að deila með okkur skemmtilegum prjónauppskriftum sem mætti svo birta í blaðinu.

Uppskriftirnar þyrftu að vera nokkuð greinagóðar og með þeim ætti að fylgja mynd og jafnvel munstur.
Endilega heyrið í okkur varðandi frekari upplýsingar.
Bestu kveðjur, sigrun@bondi.is



Smáspunaverksmiðjan Uppspuni spinnur garn úr íslenskri ull.
Langar þig í peysu úr ull af þínum eigin kindum?
Áttu uppáhaldskind?
Viltu selja garn úr ullinni af kindunum þínum?
Við hjálpum þér að láta þann draum verða að veruleika.
Í rúm 9 ár höfum við spunnið garn í ýmsum grófleikum fyrir einstaklinga og lítil fyrirtæki.
Það fylgir því einstök tilfinning að prjóna úr garni af sínum eigin kindum.
Notum ekki kemísk efni og garnið er 100% ull af þínum kindum.
Nánari upplýsingar á heimasíðunni okkar
www.uppspuni.is
eða í síma 846-7199



Vitfirrtur forsetinn

Hrifla | Þröstur Helgason
throstur@bondi.is

Í Digger eftir Iñárritu er Bandaríkjaforseti dreginn upp sem trúður. Hann ásamt veruleikafirrtri ríkisstjórn og öðrum fylgifiskum standa frammi fyrir vanda sem ógnar ekki bara heimsfriði heldur veröldinni eins og við þekkjum hana. Olíuvinnsla á Grænlandi hefur valdið því að risavaxinn borgarísjaki rekur hratt með hafstraumum og vindum suður og austur um höf og stefnir í átt að Evrópu þar sem hann mun valda flóðbylgju með tilheyrandi eyðileggingu og mannfalli. Forsetinn ákveður að vara fólk ekki við heldur bregða upp eldvegg á samfélagsmiðlum sem blokkar allar færslur um ísjaka, flóðbylgjur og önnur fyrirbæri sem hugsanlega gætu upplýst um hamfarirnar sem vofa yfir. Smátt og smátt afhjúpast leikritið sem sett hefur verið á svið en afleiðingarnar verða ekki umflúnar. Veruleikinn hefur tekið óafturkræfum breytingum.



Vitfirringin er alger í grimmilegri ádeilu Iñárritu. Hún hittir beint í mark. Þetta er með sterkari kvikmyndum sem komið hafa úr Hollývúddvélinni árum saman.

Forseti Bandaríkjanna er einnig skotmarkið í fjórðu þáttaröð The Diplomat á Netflix en með allt öðrum hætti, undir allt öðrum formerkjum. Lesendur sem fylgst hafa með fyrri seríum The Diplomat vita að þar er dregin upp raunsæ og satt að segja trúverðug mynd af störfum sendiherra Bandaríkjanna í London. Í hverri seríu færast Bandaríkin nær því að hefja alvarleg stríðsátök. Í nýju þáttaröðinni missir Bandaríkjaforseti trú og traust samstarfsfólks síns í Hvíta húsinu og utanríkisþjónustunni þegar hann hótar að beita hernaðarmætti sínum gegn Rússum rétt undan ströndum Englands. Allt stefnir í að hótunin geti jafnvel komið af stað kjarnorkustríði við Rússa. Þegar forsetinn sendir herskip sín af stað eftir að hans nánasta fólk hefur með öllum ráðum reynt að koma vitinu fyrir hann eru góð ráð dýr.

Þetta er án vafa besta þáttaröðin af þeim fjórum sem eru komnar út af The Diplomat. Handrit Deboru Cahn er einstaklega vel unnið og leiðir áhorfendur í gegnum ótrúlegar sviptingar í bæði milliríkjasamskiptum stórvelda og hjónabandi tveggja aðalpersóna þáttanna, sendiherrans og manns hennar sem nú er orðinn varaforseti Bandaríkjanna. Spennan stigmagnast eftir því sem líður á þáttaröðina og lausnin í síðasta þætti kemur algerlega á óvart og skilur áhorfandann þar að auki eftir á hengifluginu. Það blasir við að fimmtu seríuna verður að framleiða og það sem allra fyrst.

Viðbrögð fólks í innsta hring forsetans við firringu hans og mikilmennskubrjálæði er síðan ákaflega áhugaverð afhjúpun á sinnuleysinu sem bandarísk stjórnmál og stjórnsýsla hefur sýnt þeim valdasjúka og óhæfa manni sem þar hefur setið á æðsta stóli undanfarin ár. Í veruleikanum heldur trúðasýningin áfram án sýnilegra viðbragða úr hringleikahúsinu og afleiðingarnar verða varla umflúnar úr þessu. Veruleikinn hefur vafalítið þegar tekið óafturkræfum breytingum.

2026
Ársfundur RML

RML
Við sérhæfum okkur í þínni starfsemi


Ársfundur RML verður haldinn á **Hótel Stracta á Hellu**, föstudaginn 30. október.

Fundurinn hefst kl 13:30 en boðið er upp á súpu klukkan 13:00

Dagskrá:
- Skýrsla stjórnar
- Kynning á starfsemi RML
- Kynnt verða verkefni á vegum RML
- Almennar umræður um málefni félagsins

Áætluð fundarlok um kl. 15:30

Streymt verður frá fundinum en við hvetjum þá bændur sem hafa tækifæri til að mæta á staðinn.



FAGMENNSKA - LIPURÐ – FRAMSÆKNI - SAMVINNA
Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins | 516-5000 | rml@rml.is | www.rml.is

ÖJE
PÍPULAGNAÞJÓNUSTA
Sími 780 3939
Öll almenn pípulagnaþjónusta
Nýlagnir og viðhald
pipulagniroje.is • pipulagniroje@pipulagniroje.is









Kórinn snýst um fólk sem kemur saman sem samfélag og lærir að segja sögur.

VOX Rangárþing:

ÁST – ástarsaga sögð af kór

Kórinn VOX Rangárþing af Suðurlandi sýnir nýtt íslenskt kórverk, ÁST – ástarsaga sögð af kór, í Tjarnarbíói dagana 24. og 25. október næstkomandi þar sem raunverulegar og sannar sögur kórsins verða settar á svið.

VOX Rangárþing er ekki hefðbundinn kór, heldur frekar fjölmenningarlegur vettvangur skipaður söngvurum frá yfir 10 mismunandi löndum. Ekki er ætlast til þess að meðlimir hafi endilega reynslu af kórsöng eða sviðslistum til þess að komast inn í hópinn, en segir stjórnandinn, Arilíus Marselínuson, VOX snúast fremur um samfélagið í heild sinni.

„VOX snýst í raun um fólk sem kemur saman sem samfélag og lærir að segja sögur saman í gegnum tónlist, leikhús og tilfinningar. Þetta er staður til að vaxa, til að prófa, til að mistakast á öruggan hátt og til að uppgötva hluti um sjálfan sig sem þú vissir kannski ekki að væru til staðar. Annar mikilvægur þáttur í VOX var að skapa stað til að bjóða þá fjölmörgu útlendinga sem búa í Rangárþingi velkomna. Um 20% íbúanna hér koma erlendis frá og við vildum skapa tækifæri til að tengja fólk saman, þau eru hluti af því að móta það sem VOX er og stendur fyrir.“

Við vinnslu kórverksins ÁST voru meðlimir beðnir um að deila persónulegum sögum sem tengdust ákveðnu lagi og festa þannig söguna í tilfinningalegum veruleika. Má nærri geta að útkoman sé stórfengleg enda þegar raunveruleikinn blandast flutningi verða tilfinningarnar allsráðandi.



Listræna teymið, Gábor Tengely, Sandra Rún Jónsdóttir og Arilíus Marselínuson.

Að baki sýningunni stendur fjölþjóðlegt listateymi undir forystu Arilíusar, leikstjórn er í höndum hins ungverska Gábor Tengely, Sandra Rún Jónsdóttir er tónlistarráðgjafi og Harpa Rún Kristjánsdóttir listrænn stjórnandi verksins.

Miðasala er á tix.is en sýningar verða, eins og áður sagði, laugardaginn 24. október kl. 20 og svo aftur á sunnudeginum 25. október klukkan 14. */sp*





Djúpavíkurbúðin litla er umvafin fögru umhverfi. Myndir / khk



Herdís Kolka dugnaðarforkur selur ferðamönnum ámálaða steina.

Herdís Kolka stendur vaktina

– Þriðja kynslóð Djúpavíkurbúðarinnar

Ein er sú búð á landi hér sem er flestum búðum smærri, það er Djúpavíkurbúðin í Reykjarfirði á Ströndum, en hún rúmast inni í litlum skúr sem er rétt rúmur fermetri að stærð. Fyrir innan afgreiðslulúgu stendur keik stúlka og selur steina með ámáluðum alls konar litríkum myndum. Sumir steinarnir eru fígúrur, aðrir skarta íslenska fánanum, fjöllum, blómum, áletrunum eða einhverju öðru.

„Ég mála sjálf á alla þessa steina og það gengur bara vel að selja, enda verða ferðamenn bæði hissa og glaðir að rekast á mig og litlu búðina mína hér í sveitinni,“ segir hin ellefu ára Herdís Kolka Héðinsdóttir, sem á heima í Kópavoginum en dvelur á sumrin og í öllum sínum fríum með pabba sínum í litla þorpinu Djúpavík, þar sem hann starfar við ferðaþjónustuna. Í Djúpavík búa amma og afi Herdísar Kolku, þau Eva Sigurbjörnsdóttir og Ásbjörn Þorgilsson, en þau stofnuðu og eiga Hótel Djúpavík, sem pabbi Herdísar og mágur hans reka í dag.

„Amma og afi fluttu hingað fyrir fjörutíu árum, svo pabbi minn ólst upp hér, en ég er sú sem dvel lengst hér yfir sumarið af barnabörnum ömmu og afa. Systkini mín komu til dæmis bara í heimsókn hingað í sumar, en þar til núna hefur bróðir minn reyndar líka verið hér á sumrin. Við fjölskyldan höfum verið að mála á steina frá því ég var pínulítil stelpa og þetta er þriðja kynslóð Djúpavíkurbúðar hjá okkur fjölskyldunni. Systkini mín voru með búðina fyrst og á undan þessari búð sem er núna, þá var ég með aðeins minni búð, alveg frá því ég var fimm ára. Ég er flesta daga að afgreiða í búðinni, en samt bara þegar ég nenni, því ég er líka að hjálpa til á hótelinu, afgreiða og rétta fólki kökur,“ segir Herdís Kolka, sem hefur skrifað skýr skilaboð á rúðu við hlið afgreiðslulúgunnar, bæði á íslensku og ensku, um að bannað sé að koma inn í búðina og bannað að mála á gluggana. Þegar Herdís Kolka er spurð að því hvað henni finnist best við að verja sumrinu í Djúpavík, er hún fljót til svars: „Að sigla út á haf á báti, fara á fjórhjólið, mála á steina og selja. Þetta er allt mjög gaman og mér finnst mikið frelsi að vera hér í sveitinni.“ */khk*



Þær stöllur, Auður, Elka, Hulda og Feng. Mynd /Aðsend

Áhugaleikhúsin:

Frumsýning á Kvennaráð

Leikfélag Eyrarbakka frumsýnir leikritið Kvennaráð eftir leikskáldið og rithöfundinn Sellu Páls. þann 30. október í Rauða húsinu á Eyrarbakka.



Kvennaráð fjallar um Þorgerði, áttræða ekkju sem stóð í skugga manns síns í fimmtíu ár, stoð hans og stytta – en nú vill hún breyta til og gera það sem hana langar! Ekki eru allir sammála um ágæti þeirrar hugmyndar, en þessi nýfengna frelsisþrá og sjálfstæði fer eitthvað fyrir brjóstið á einkadótturinni Birnu.

Samband þeirra mæðgna var reyndar heldur þvingað fyrir, en Þorgerði grunar tengdason sinn um græsku ... Lítið gengur hjá Birnu að halda móður sinni á mottunni, því heimilishjálpin, hin asíska Mei, reynist Þorgerði óvæntur bandamaður. Birna bregst illa við og ásakanir um samsæri fljúga um loftið auk þess sem beitt og kómískt uppgjör þeirra mæðgna mun án efa kitla hláturtaugar leikhúsgesta.

Verkið var frumkynnt með leiklestri á vegum hópsins Leikhúslistakvenna 50+ í Hannesarholti árið 2018 undir leikstjórn Sveins Einarssonar og hlaut mikið lof gagnrýnenda.

Hulda Ólafsdóttir leikstýrir nú verkinu og leikarar eru Auður Elín Hjálmarsdóttir, Elka Long Rúnarsdóttir og Feng Hannesdóttir, búningahönnuður er Eygerður Þórisdóttir.

Miðasala er á tix.is, miðaverð 3.500 kr. en sýningar verða alls sex talsins. Frumsýningin verður þann 30. okt. kl. 20 og næstu sýningar 1. nóv. kl. 15, 7. nóv. kl. 15, 8. nóv kl. 15, 13. nóv. kl. 20 og loks 15. nóv. kl. 15. Nánari upplýsingar veitir Sesselja Pálsdóttir, kynningarfulltrúi Leikfélags Eyrarbakka, í s.867-3370, eða leikkfelageyrarbakka@gmail.com.

Gaman er að segja frá því að sýndar verða fjölbreyttar hannyrðir eftir konur á Eyrarbakka – fyrir sýningar og í hléi. */sp*



Melsrétt í Hítardal, Mýrum. Skilarétt sem var síðast notuð árið 1991. Mynd / Anna Fjóla Gísladóttir.

Bókaútgáfa:

„Réttir eru mikilvægar minjar“

Nýútkomin bók Önnu Fjólu Gísladóttur, Réttir á Íslandi, hefur að geyma ljósmyndir af um 700 réttum ásamt staðsetningu þeirra og heiti. Verkefnið hófst sem áhugamál en varð að endingu að tæplega 400 blaðsíðna bók.

„Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á réttunum, fundist þessir hlöðnu veggir fallegir og spennandi,“ segir Anna, sem er ljósmyndari. „Þegar ég keypti mér dróna fyrir um fjórum árum ákvað ég að mynda rétt sem er hérna nálægt mér, Dælarétt. Ég setti drónann upp og byrjaði að mynda og þá gerðist eitthvað. Loksins gat ég myndað réttirnar þannig að þær skiluðu sér, sem hafði aldrei gengið vel frá jörðu.“

Mörg hundruð réttir

„Ég hugsaði að það væri gaman að mynda fleiri réttir og ég var í raun svo vitlaus að ég hélt að það væru ekki nema svona 150 réttir í landinu. Ég áttaði mig engan veginn á því hvað þær eru margar í raun,“ segir Anna. „Ég var ekki byrjuð að hugsa um bók á þessum tímapunkti, heldur var ég bara að skrá og mynda af áhuga. Þegar ég var komin með einhverjar 250 réttir þá fór ég að huga að því hvað ég gæti gert. Faðir minn, Gísli B. Björnsson, hefur verið mér mikill stuðningur og hvatti mig til þess að gefa þetta út sem bók.“

Anna notaði veturinn til að leita að réttum, skrá það sem hún fann, skoða kort og lesa byggðasögur. „Fyrst fór maður í bíltúra á Snæfellsnesið, Suðurlandið og Reykjanesið. Svo fór maður að færa sig lengra út á land, norður og vestur og á Austfirði og alltaf bættust við réttir.“

Hefur skráð yfir 1.000 réttir

„Þegar ég var að tala við bændur og heimamenn og spyrja út í réttirnar þá bættust alltaf fleiri við. Fólk sagði: já, það er önnur hér fyrir innan, þessi tók við af þessari, það eru leifar af annarri niður við á. Þannig hélt það áfram þar til ég var búin að skrá yfir 1.000 réttir.“ Auk þeirra 700 sem eru í bókinni er Anna með fleiri sem hún er búin að skrá en ekki finna og aðrar sem hún veit hvar eru en á eftir að mynda. „Ég veit alveg að ég er ekki búin að finna þær allar en ég sé þó ekki endilega fyrir mér að gera aðra bók þó ég ætli að halda áfram að leita.“

Okkar elstu minjar

Anna segir réttirnar með okkar elstu minjum. „Þetta eru mikilvægar minjar, þarna er arfur allt frá 1200, ég held meira að segja að elsta réttin sem er í bókinni sé frá um 1000, eftir því sem ég best veit. Ég get ekki staðfest það, ég er ekki fornleifafræðingur, en út frá heimildum, Íslendingasögum og öðru þá passar staðsetningin. Við eigum kannski enga kastala eða kastalarústir en við eigum allar þessar fallegu réttir. Það er eiginlega ótrúlegt að við séum ekki búin að kveikja á þessu.“

Hún segir að margar réttir séu eflaust alveg horfnar og segir hún að áhuginn hafi einnig legið í því að leita að einhverju sem enginn virtist hafa sinnt. „Það virðist enginn halda utan um þennan arf sem mér fannst alltaf verða merkilegri og merkilegri eftir því sem ég talaði við fleiri,“ segir Anna sem er enn að frétta af réttum.

Vitneskjan hjá fólkinu í landinu

„Þeir sem hjálpuðu mér var fólkið í landinu, það voru bændurnir og heimamennirnir sem gátu vísað mér veginn,“ segir Anna. „Þessi vitneskja er mest munnleg, það er ekkert mikið skrifað um réttir. Yfirleitt er bara tekið fram hvar réttin er staðsett og ekkert meira sagt.“

Það kom Önnu á óvart hversu lítinn áhuga minjastofnanir höfðu á verkefninu og hefur hún áhyggjur af því að réttirnar gleymist sem minjar með þessu viðmóti. Magnús Aðalsteinn Sigurðsson, minjavörður á Snæfellsnesi, var hjálplegur Önnu í verkefninu. „Magnús var eini minjavörðurinn sem svaraði mér. Hann sendi mér lista yfir þær réttir sem hann var með skráðar og ég sendi honum sömuleiðis þær réttir sem ég hafði fundið til viðbótar svo hann gat bætt þeim við hjá sér. Ég var til í samstarf við minjaverði en lítill áhugi var á því og ekkert varð úr samvinnu.“

Samfélagslegt fyrirbæri

„Fólk flettir alltaf strax upp sinni rétt í bókinni,“ segir Anna. „Réttin er svo samfélagslegt fyrirbæri, fólki þykir vænt um réttina sína og kallar hana sína, segir, réttin mín er ...“

Réttirnar segja einnig margar sögur. „Eins og þegar mæðiveikin kom þá þurfti að reisa rétt hvort sínum megin við ána því að svæði máttu ekki ganga saman og þess háttar. Það væri hægt að skoða enn betur hvernig staðsetningar og bygging rétta hefur þróast en kindin hefur skipt okkur alveg gríðarlegu máli hér á landi. Mér finnst dálítið sorglegt hvað það er lítill áhugi á menningartengdu landslagi og menningartengdum landbúnaði og er það ein ástæða þess að mér fannst mikilvægt að að setja saman þessa bók,“ segir Anna að lokum og vonar að fólk fari að sjá réttir sem menningararf.

/kró



MASSÍF HÚS
WOOD HOUSES
www.massifhus.is Sjá 3D 15- 680m2 villa
ATH. Spennandi tækifæri fyrir rétta aðila.

MAST Matvælastofnun
Opnað fyrir skil á **haustskýrslum**

Matvælastofnun hefur opnað fyrir skráningar á haustskýrslum fyrir árið 2026 í Bústofni.

Í samræmi við 10. gr. laga um búfjárhald nr. 38/2013, er öllum umráðamönnum búfjár skylt að skila árlega rafrænni haustskýrslu í Bústofn, eigi síðar en 20. nóvember n.k.

Í haustskýrslunni skal koma fram fjöldi ásetts búfjár af hverri tegund, allt búfé í hagagöngu og á hvaða jörð eða landspildu.

Einnig skal koma fram gróffóðuruppskera af hefðbundnum nytjatúnum og leigutúnum ásamt fyrningum og upplýsingum.

Skila þarf haustskýrslu í Bústofn fyrir 20. nóvember 2026.

MAST Matvælastofnun

GÁMATJÖLD
EINFÖLD LEIÐ TIL AÐ AUKA PLÁSS



- Sterkt tjald sem festist á gáma
- Norsk uppskrift, þykkur dúkur og öflug grind
- CE og brunavottun
- Yfir 15 ára reynsla á Íslandi
- Festist á 20“ eða 40 feta gáma
- Breidd á milli gáma 8, 10 eða 12 metrar
- Engin fasteignagjöld
- Tjöld vítt og breitt um landið
- Hægt að einangra
- Hægt að setja í glugga

Upplýsingar: gamatjold@gmail.com – 660 6707 Gámatjöld

Auglýsum eftir skötuframleiðendum



Hefur þú innsýn í íslenska skötuhefð og reynslu af því að kæsa skötu?
Nú leitum við að framleiðendum um allt land sem verka skötu. Ef þú þekkir vel hvernig kæsing fer fram og/eða hvernig verklagið hefur breyst í tímans rás máttu endilega heyra í okkur! Sömuleiðis ef þú veist hverjir stunda slíka framleiðslu.

Tilgangurinn með rannsókninni er að kortleggja skötuframleiðslu og kæsingu til að fá innsýn í íslenska skötumenningu.

Þau sem hafa áhuga á að taka þátt í rannsókninni eru vinsamlegast beðin um að hafa samband við þjóðfræðinginn Vilborgu Bjarkadóttur með tölvupósti, á netfangið vilborg.bjarka@gmail.com.

Matarkrókurinn:

Rjómaræjupestópasta


Haraldur Jónasson
haradlur@gmail.com

Rækjur eru besta próteinið þegar hakk og spagettí-þreytan leggst yfir mannskapinn við matarborðið. Hitt sjávarpróteinið, fiskurinn, er ekki allra og kjúklingur er svo mikill kjúklingur eitthvað. Sérstaklega með pasta.

Risarækjur eru ekki dýr matur miðað við allt og allt þessa dagana. Lítið fer líka langt í rækjunni. Einn pakki, tæpt hálft kíló yfirleitt, dugir fyrir fjóra á pastabeði. Ef það er góð sósa.

Pasta fer í pott. Gott að nota penne-rör en auðvitað má nota hvað sem er. Yfir það fer sjóðandi vatn. Þannig að rétt fljóti yfir. Þar sem við ætlum að nota slatta af pastavatninu í réttinn þarf að huga að því að salta það ekki um of. Sjóða með lok á pottinum. Hræra reglulega því pastað mun tútna út af vatninu og svo gufar það líka aðeins upp. Ástæðan fyrir því að við fyllum ekki bara pottinn af vatni er til að metta það af sterkju. Hún mun hjálpa til við að þykkja sósuna og gera hana áferðarbetri. Þegar pastað er klárt eða rétt að verða það veiðum við pastað upp úr.

Hita sterkjuríkt pastavatnið aftur upp að suðu og skutla rækjunum út í. Við það kólnar vatnið örlítið og það er gott því við viljum elda rækjurnar við mátulegan hita. Ekki bullsjóða. Tekur bara smá stund.

Rækjur sem eru bláar hráar (hei, þetta rímaði) eru tilbúnar þegar þær eru ekki lengur bláar heldur rauðleitar. Rækjur sem eru rauðleitar hráar, eins og t.d. argentískar rækjur, eru tilbúnar þegar þær eru orðnar sæmilega C-laga. Ef rækjurnar eru alveg orðnar að O-i eru þær kannski fulltilbúnar. En rækjur eru vel ætar þótt þær eldist aðeins of mikið. Pastað og rækjurnar er hægt að elda fyrir fram og kæla. Hita svo bara aftur í sósunni.

Já, og ef þetta er ekki rækjuréttur í matarboð eða til að taka mynd af í Bændablaðið, heldur bara matur á miðvikudegi, þá er ákjósanlegt að saxa rækjurnar í minni bita eftir eldun til að þær dreifist betur í sósunni.


Risarækjurjómapestópennepastapanna. Mynd / Hari

Tómatar og pestó

Smátt saxaður laukur fer, ásamt matskeið eða svo af olíu, á miðlungsheita djúpa pönnu eða í þykkbotna pott. Svita hann í nokkrar mínútur. Þegar laukurinn er orðinn mjúkur og glær, mögulega með örlítið af brúningu í köntunum, fer hvítlaukur, líka saxaður eða rifinn á míkrórifjárni, út í með lauknum. Gott að setja smá olíu með eða smjörklípu. Velta hvítlauknum um þangað til hann byrjar að ilma örlítið. Þá fer tómatpúrra út í og fær sömu meðferð og hvítlaukurinn. Næst fer út í allt þurrkað krydd og piparinn. Leyfa kryddinu að taka sig í nokkrar sekúndur.

Heilir tómatar úr einni dós eru næstir, bara tómatarnir, ekki vökvinn. Ef það eru ekki til heilir tómatar, bara kramdir, þarf bara að sigta mesta vökvann frá og skutla þeim úti í. Þeir kremjast hvort eða er í hamaganginum.

Eldað pastað fer þá út í og svo pestó, kjúklingakraftur og rækjuvatn. Magn af rækjuvatni fer svolítið eftir tilfinningu og sjávarbragðsóskum.

Síðasta fyrir utan rækjurnar sjálfar er rjómi. Það á tæknilega ekki að vera mikil umfram sósa en alls ekki þurrt heldur. Setja rjóma og rækjuvatn þannig að sósan sé rétt rúmlega það sem festist á pastanu. Þegar rjóminn er svo aðeins búinn að taka sig, pastað er orðið heitt og allir sestir við borðið fara rækjurnar út í. Rétt til að ná upp fyrir stofuhita.

Bera fram með gommu af parmesan og stórkostlegu brauði til að svoleiðis skafa sósurestina upp í lokin.

Rækjupasta fyrir 4


450 grömm risarækjur
400 grömm pasta (penne)
1 dós tómatar (heilir)
1 dl rjómi
1 dl rækjuvatn
½ laukur
5 msk. pestó (rautt)
3 hvítlauksrif
1 msk. tómatpúrra
1 msk. steinselja
1 tsk. majoran
1 tsk. salvía
1 tsk. origano
1 tsk. kjúklingakraftur
Pipar eftir smekk og salt ef þarf.

KROSSGÁTA



274 MEÐ-HJÁLPARI	ÍÞRÓTT	STÖÐVUN	Í RÖÐ		HÓL-BUNGA / BEISKUR		ÁVÖXTUR	FJÖL-BREYTNI / KVÍÐA	
HROKA-FULLUR									
SLÉTTUR / ÚT-SMOGINN				BÓNUS / HVAÐ					
			BAUGA / STAMUR						
SLYNGA					HVORT	ÓHLJÓÐ / MÆNIR			
	ÓNÓG / FRÓÐUR		NOTA / HANGA			SJÁLF / KRINGUM			EYJA	TÁL
KULDI / GNAUÐA				ÓHEFT	FLÍK / SKORA			TITILL / BLÆR		
			EIND / ÁVARPAR				TÖFRAORÐ / ÖFUG RÖÐ			
FRERI		TIL TRAFALA / SKÍFA				ÓVARINN / HÉLA				
	LEIKUR / UNDIR-FERLI								KVITTANA	NIBBA
ÞRÓTTUR			ÞEKKIR	KRASS			HALARÓFA / ELDHÚS-ÁHALD			
SLAP				AUSTUR-ÁLFA / LYKT				STILLTUR / BRAUT		
VINNUVÉL					BERGMÁL / TVEIR EINS				TVEIR EINS / Í RÖÐ	
RÍKI / ÓSKAÐI			ÁBREIÐA			SVÍÐA				
	AUÐLINDIN					ERNA				

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



273 HEGÐA	STAFUR	ÓVEÐURS-SKÝ	FUGLINN		LÍTILRÆÐI	ÓVILD	JAFN-FRAMT	
TUNGUMÁL	H	E	B	R	E	S	K	A	ÚTSTÆÐLSI
GÆLUNAFN	A	L	L	I	SKORDÝR	M	A	U	R
LJÓMI / FYRIRGEFA	G	L	I	T	FUGL / SPENDÝR	Á	L	K	A
	T	KVARÐI		ÁTT / SAMSINNI	N	A	GJÓSTUR / MÁLM-BLANDA	K	A	L	D	I	ÍLÁT	N
VARÐ-VEISLA	U	M	S	J	Á	HLJÓÐFÆRI	B	A	N	J	Ó	Í RÖÐ / TORSKILIÐ	B	D
KEMST	N	Æ	FYRR / KRYDD	Á	Ð	U	R	FÝLA	UGGUR / TVEIR EINS	Ó	T	T	I	RÖLEG
TAPA	G	L	A	T	A	NIÐUR / GUTL	O	F	A	N	KÚGA / FORMÆLA	O	K	A
MÝKI	L	I	N	I	VELTA / HYLJA	S	N	Ú	A	MAUS / VIÐ-BURÐUR	B	R	A	S
ÓHEFT	F	R	Í	SVEI / HRUKKA	F	U	S	S	SEIÐA / SMÁ-KVIKINDI	T	Ö	F	R	A
	I	KÆNA / SVIÐ	S	K	E	L	TOGVINDA / LÖGUR	S	P	I	L	ÁLPAST	FÉLL	L
TVEIR EINS	S	S	SLÆMS / Á VÍXL	I	L	L	S	HÆTTA / TVEIR EINS	A	L	V	A	R	A
GARPUR	K	E	M	P	A	GENGINN / ÖFUG RÖÐ	A	N	D	V	A	N	A	U
SÁTTUR	U	N	I	R	HÉLT	E	F	N	D	I	SVAR	A	N	S
HISSA	R	A	S	A	N	D	I	ALDIN	A	K	A	R	N	

www.bbl.is

HUGARÍÞRÓTTIR


Rosaleg blöð að norðan



Björn Þorláksson.

„Það væri afrek að komast í þrjú grönd.“

Þetta sagði Ragnar Hermannsson stórspilari sem var landsliðsmanninum Magnúsi Magnússyni til halds og trausts sem lýsandi í Úrvalsdeildinni í bridds í spili níu í viðureign í Úrvaldeildinni í bridds fyrir skemmstu. Öll fljót lágu að mati þeirra sérfræðinganna í fjóra spaða í suður sem illu heilli eru beint niður með hjartadrottningu út eins og spilið liggur.



En hinir sjóðheitu norðlensku Guðmundur Halldórsson-Stefán Stefánsson í sveit glænýrra bikarmeistara, sem spiluðu sjónvarpsleikinn af snilld ásamt Gunnari Birni Helgasyni og landsliðsmanninum Stefáni Jóhannssyni, gegn Pressuliði, voru mjúkir á bárunni og vel með á nótunum í þessu spili sem öðru.

Á hinu borðinu gengu sagnir 1tígull-1spaði-3tíglar-3-spaðar-4spaðar án þess að andstaðan léti í sér heyra.

Það væri afrek að komast í 3 grönd sagði Ragnar:

Sagnir fóru eins af stað hjá þeim en í stað þess að segja 3 spaða meldaði suður 3 hjörtu og þá var orðið upplagt fyrir norður að melda 3 grönd þar sem góðar líkur voru á laufi út upp í gaffalinn.

„Þetta er rosalegt blað hjá Stefáni og Guðmundi,“ sagði Magnús um frammistöðu Norðlendinganna Guðmundar Tjörnesings og Stefáns frá Akureyri.

Og sömu sögu var að segja um ákvarðanir Stefáns Jó og Gunnars Björns. Enda unnu bikarmeistararnir leikinn stórt.



Meistarar Þriggja Frakka.

Þrír Frakkar meistarar

Sveit Þriggja Frakka varð Íslandsmeistari í sveitakeppni eldri spilara á dögunum. Í sveitinni spiluðu Guðmundur Sv. Hermannsson-Björn Eysteinsson, Þorlákur Jónsson-Guðmundur Páll Arnarson.

Þrjár af þessum fjórum kempum unnu heimsmeistaratitil árið 1991 og raða enn inn titlum! Til hamingju, drengir!

Umsjón: Björn Þorláksson,
bjornthorlaksson@gmail.com

TR trónir á toppnum

Taflfélagi Reykjavíkur gekk vel í þeim sveitakeppnum sem fram fóru síðustu helgar. Íslandsmót skákfélaga var um þarsíðustu helgi í húsnæði MH og vakti staðsetningin almennt mikla lukku. Mótið var haldið þar oft í gamla daga en hefur undanfarið verið í Rimaskóla. Taflfélag Reykjavíkur er á toppnum í úrvalsdeild en félagið tapaði einni viðureign en vann hinar fjórar. Í seinni hlutanum í vor verða haldnar aðrar fimm umferðir gegn sömu liðum. Skákdeild Breiðabliks hefur einu liðsstigi minna en TR, en Blikar hafa innan sinna raða bæði Vigni Vatnar, stigahæsta skákmann landsins, og Hilmi Frey, núverandi Íslandsmeistara. Baráttan við að halda sér í deildinni er á milli Taflfélags Garðabæjar og núverandi Íslandsmeistara Taflfélags Vestmannaeyja, sem stilltu upp innlendri skáksveit í ár.



Gauti Páll Jónsson.




Íslandsmeistarar barna- og unglingasveita TR. Frá vinstri: Haukur Víðis, Pétur Úlfar, Jónatan Leó og Jósef. Á bak við er Daði liðsstjóri.
Mynd / Tómas Tandri.

Skákfélag Akureyrar er í afar sterkri stöðu í 1. deild og mikið þarf að ganga á svo félagið komist ekki upp um deild. Einnig er B sveit félagsins efst í 2. deild. Gömlu félögin SA og TR eru í 1.–2. sæti í báðum deildum og una hag sínum vel. Skákfélag Selfoss og nágrennis ásamt 64 mislyndum biskupum eru í sérflokki í 3. deild, og Haukar hafa unnið allar viðureignir sínar í 4. deild og eru afar líklegir upp um deild.

Helgina eftir Íslandsmót skákfélaga fóru fram tvö önnur Íslandsmót, á sama tíma og fjögur íslensk lið héldu til Svartfjallalands á Evrópumót taflfélaga, þar á meðal greinarhöfundur sem er lánsmaður fyrir SA. Dagskráin er ansi ströng í íslensku skáklífi þetta haustið! Á sunnudaginn tefldu félagslið á Íslandsmóti barna- og unglingasveita, en keppt var í þremur flokkum. Einum opnum og tveimur aldursskiptum, fyrir 4.–7. bekk og 1.–3. bekk. Taflfélag Reykjavíkur, sem stillti upp A-sveit helgina áður sem var mikið til skipuð skákmönnum sem eru komnir yfir miðjan aldur, stendur sig líka vel í yngri flokkum. Félagið vann opna flokkinn, og miðjuflokkinn. Jósef Ómarsson, 1. borð maður TR, hafði einnig teflt eina skák með A-sveit félagsins á Íslandsmóti skákfélaga, og unnið hana. Skákdeild KR vann yngsta flokkinn, rétt eins og í fyrra, og það verður gaman að sjá á næstu árum afrakstur starfsins þar færast upp í eldri aldursflokka.

Ef lesendur Bændablaðsins luma á áhugaverðum skákum geta þeir haft samband.

Umsjón: Gauti Páll Jónsson
gauti.pj@hotmail.com



Erfinginn:
Kolfinna Vísa

Nafn: Kolfinna Vísa Aspar Eiríksdóttir.

Aldur: 11 ára.

Stjörnumerki: Vog.

Búseta: Hólmavík hjá pabba og Kópavogi hjá mömmu.

Skemmtilegast í skólanum: Kór og lotur.

Áhugamál: Að leika við vinkonur og hestamennska.

Tómstundaiðkun: Fimleikar með Gerplu og gönguskíði.

Uppáhaldsdýrið: Kettir, hestar, hlébarði og lömb.

Uppáhaldslitur: Bleikur og ljósgrænn.

Uppáhaldsmatur: Pestókjúklingur og humarsúpa.

Uppáhaldslag: This girl is on fire með Alicia Keys og Beauty and the beat með Justin Bieber.

Uppáhaldsmynd: Mamma Mia og Clueless.



Fyrsta minningin: þegar ég fór í sveitina í berjamó og að veiða.

Hvað ertu ánægð með í fari þínu: Að ég er hjálpsöm.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur gert: Farið í einn af stærstu fallturnum heims.

Hver er fyndnastur sem þú þekkir: Pabbi og vinur minn.

Hvað langar þig að verða þegar þú verður stór: Leikkona, hestamaður og skíðakona.

Áttu þér einhverja fyrirmynd? Klæbo og frænka mín.

Viltu taka þátt? Hafðu samband.
sigrunpeturs@bondi.is

SUDOKUÞRAUTIR

Létt

2	8	5						3
1		3		9			6	4
		6	7			5		1
8				1	2			
	9	1				6	4	2
5	2		3			1		9
	5				4	7	3	
	1			8	3		9	
	3	8	6		9			

Miðlungs

		5		8	1		9	7
					9	1		
			6				8	
	4		2	6	3			
	5		9			2		1
7					8			
		7					3	4
9				4				
	3							

Þung

	4		3	5			1	8
	2		7	4				
							4	
		3		6				1
5	6			3			7	
1			4					
	3		2				6	
		7						9
			6	8				

Þyngst

		5				8	1	
				2				3
4	7				1	2	5	
		1						4
				3				8
7	8		6					
	3				2			
				7			3	
		9			4		7	

Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Stjörnuspá

Ástin verður **vatnsberanum** mikill gleðigjafi þessa vikuna og einhver nýr gæti komið inn í líf hans, þó einungis til að bera honum fallegan boðskap. Andlegt og líkamlegt heilbrigði er í góðu jafnvægi ef hreyfing er höfð í fyrirúmi auk nægrar hvíldar ... Athugaðu það nú vel, vatnsberi! Happatölur 4, 17, 28.

Fiskarnir þurfa að tala opinskátt um tilfinningar sínar og vega og meta það sem þeir sjá fyrir sér í nánustu samskiptum. Fiskarnir verða þó að gæta þess að taka tillit til þeirra sem eru í kringum hann og vera ekki með æsing. Á vinnustaðnum fá fiskarnir tækifæri til að sýna hæfileika sína og vekja athygli yfirmanna. Happatölur 3, 19, 31.

Hrúturinn á von á nokkrum verkefnum sem reyna á leitogahæfileika hans og áræðni. Líkamsrækt er nauðsynleg samhliða verkefnunum enda nauðsynlegt að leyfa haustgolunni að blása inn og út um öll skilningarvit. Hrúturinn þarf ekki að hafa neinar áhyggjur þótt honum þyki liggja þungt á sér því allt fer vel að lokum. Happatölur 7, 12, 45.

Nautið á von á því að málefni hjartans sem hafa legið undir feldi fái nú nýtt líf. Einhver kemur skemmtilega á óvart, einhver sem nautið hefur ekki átt stund með lengi og von er á hlýjum stundum saman í rólegheitum. Á ferlinum gengur allt að óskum og þolinmæði skilar loksins einhverju sem beðið hefur verið eftir. Happatölur 5, 22, 33.

Tvíburarnir upplifa nú spennandi tíma fram undan þegar kemur að ástinni og létt spjall leiðir óvænt til dýpri tengsla við maka eða einhvern sem áður var álitinn vinur. Gott er að reyna að hafa heimil á eyðslunni og ekki síst fylgjast vel með daglegum útgjöldum sem geta verið lúmsk. Í vinnu eða námi hefjast skyndilega margar krefjandi áskoranir, þarft er að gæta þess að streitan taki ekki völdin. Happatölur 9, 14, 27.

Krabbinn finnur hvernig tilfinningalegt öryggi skiptir miklu máli í ástinni og hann má ekki gleyma því að sækja slíkt í faðm fjölskyldu og vina. Peningamálin eru í ágætu horfi en mögulega kemur upp sú staða að hann þarf að styðja einhvern nákominn fjárhagslega. Sú aðstoð mun margborga sig þegar upp er staðið. Happatölur 2, 18, 36.

Ljónið finnur hvernig skapandi orka fyllir líf hans og hann mun að nokkrum tíma liðnum taka skynsamlegar ákvarðanir sem efla hann enn fremur á sköpunarbrautinni. Ljónið má halda áfram að hlúa að sér og íhuga framtíðaráform með það í huga að verða enn betri útkoma af sjálfum sér en nokkru sinni áður. Fjárhagurinn er traustur. Happatölur 15, 5, 65.

Meyjan finnur hvernig andlegur styrkur hennar eflist þegar hún skipuleggur líf sitt í rólegheitunum. Hún er ein þessara mannvera sem hagnast hvað mest á því að skipta verkefnum niður í smærri einingar og vera óhrædd við að fá aðstoð. Ekki síst með það í huga að læra af öðrum, því þannig fara meistararnir að. Happatölur 6, 23, 44.

Vogin upplifir hópverkefni ganga vel og öll samskipti, líka sem viðkoma ástinni en þar mun ríkja sátt og samlyndi. Vogin þarf að minna sig á að heimurinn ferst ekki þó mikið sé um að vera, skipulagning, djúpöndun og það að tala um það sem á henni liggur hjálpar mikið og getur róað óróar tilfinningar. Happatölur 8, 15, 29.

Sporðdrekinn finnur fyrir óþarflega miklu eirðarleysi þessa dagana og ætti að láta það eftir sér að fara í skemmtilegt ferðalag sem fyrst. Helst þar sem mikið verður um hreyfingu eða útiveru. Í kortunum eru stór verkefni sem þarfnast stóískrar einbeitingar og mest um vert að láta þau ekki bíða. Happatölur 10, 21, 38.

Bogmaðurinn þarf að minna sig á að andlegur stöðugleiki kemur með því að sleppa tökum á því sem ekki er hægt að stjórna. Bogmaðurinn er gjarnan í þeirri stöðu að aðrir líta til hans sem fyrirmyndar og þarf að geta staðið keikur í báða fætur. Fjármálin eru á réttri hillu og fara hægt upp á við. Happatölur 3, 25, 49.

Traust og vel úthugsaðar samræður dýpka tengsl **steingeitarinnar** við sína nánustu. Einhverja elda þarf að slökkva og má steingeitin vera óhrædd við að leiðbeina sér yngri með ró, en þó nokkurri festu. Nú er uppskera erfiðis í sjónmáli og andlegt heilbrigði batnar til muna með hverjum haustvindinum sem andað er að sér. Happatölur 4, 16, 35.

Tíska:

Litið inn á við í ljósi sjálfstrausts

Í skjóli þess að vera undir feldi í haustveðrunum má velta ýmsu fyrir sér. Til að mynda hvers vegna sumar manneskjur virðast sífellt í skotlínunni á meðan aðrar svífa nokkra sentimetra ofar öðrum. Hefur tískan eitthvað með þetta að gera?


Að tolla í tískunni hefur löngum þótt eftirsótt og eftir því fólki tekið sem er hvað smartast eða mest áberandi í tauinu. Þó þessar stefnur séu ekki endilega samhliða eiga þær þó að minnsta kosti eitt sameiginlegt. Það er nefnilega vel hægt að vera alveg áberandi smart en að sama skapi, ef sjarminn fylgir ekki með, er útlitið dauðadæmt. Og þarna kom lykilorðið – sjarmi.

Orðið heillandi á sér hliðstæðu í þessu orði og eiga þau bæði víst betur við marga en einskær fegurð eða fullkomnun á einhvern hátt, enda lýsa bæði orðin einhverju eða einhverjum sem hefur aðdráttarafl eða er hrífandi. Þeir sem þykja sem best klæddir hafa til viðbótar nefnilega svolítið annað sem felst ekki í fötunum en eru heillandi á einhvern hátt, fullir sjálfstrausts.

Holdafar eða hugarfar

Að sama skapi, þeir sem eru hvað mest áberandi í klæðaburði hafa oftar en ekki sjálfstraustið sem þarf til að bera fatnað sem tekið er eftir. Hvort téður fatnaður gleðji augað á fagurfræðilega samansettan hátt, eða frekar sem skemmtiefni liggur milli hluta, en niðurstaðan er sú sama – þarna kemur sjarminn við sögu. Nú má jafnvel minnast sögunnar um keisarann sem í yfirlæti sínu stikaði um berrassaður – en með ofurtrú á sitt.





Mynd / Juan Ordonez

Í framhaldinu má velta fyrir sér hvers vegna það er að sumir hafi ríflegra af sjálfstrausti en aðrir. Hvort það byggist á holdafari eða hugarfari eða hvort mikið sé um að fólk sé að leika hlutverk svona dagsdaglega.

Venjulegt fólk með heilbrigt sjálfstraust er líklega eitt besta dæmið, þéttvaxið eða ekki. Þessu til staðfestingar má fara aðeins inn á persónulegu nóturnar og rifja upp þegar fyrsti kærastinn minn tilkynnti að hann hefði fallið fyrir mér því ég væri einmitt svo „sjarmerandi“. Þetta var árið 1994, ég nýorðin sautján ára og datt helst í hug að kasta mér fram af svölunum. Að vera sjarmerandi var ekki eitthvað sem ég tengdi við. Orðið sjálft fannst mér eiga heima hjá fólki sem lá í huggulegheitum með sérríglas í vatnsrúminu sínu og komst ekki fram úr nema að klára veigarnar. Oftar en ekki í símanum þar sem ... Jii ... svo sjarmerandi ... mátti heyra við og við á innsoginu. Enda fékk hann að heyra það að svona hugrenningar væru alls ekki eitthvað sem hann mætti láta út úr sér ef hann ætlaði að halda titlinum.

Ræktum sjarmann

Hins vegar, ef litið er til rannsókna, hafði þessi, þá ungi maður, ýmislegt fyrir sér í málunum. Það er oftar en ekki sem útgeislun fólks ræður úrslitum í samskiptum við aðra, hvernig litið er á viðkomandi sem manneskju og ekki síst hvernig fatasmekkur hennar er ígrundaður af öðrum. Nú gætu einhverjir verið ósammála, en hver þekkir ekki dæmi um áberandi manneskjur, sem heilla alla upp úr skónum en eru í raun afleitir í klæðaburði ef vel er að gáð?

Niðurstaðan er því þannig að hvernig sem á er litið, er rótgróið sjálfstraust alltaf undirstaðan og ofan á það byggir svo útgeislunin og sjarminn. Ræktum því sjálfstraustið og sjarmann með, höfum trú á að eigið ágæti og sjónræn framlenging persónuleikans muni heilla alla upp úr skónum.

Fleyg orð sjónsvarpskonunnar Maríu Sigrúnar Hilmarsdóttur í hlaðvarpsþættinum Marta María býður heim *„... sá sem svíkur sjálfan sig er stærsti svikarinn,“* eiga hér vel við enda eigum við öll að vera söm sjálfum okkur, hafa trú á því sem við höfum að bera, því sem við stöndum fyrir og þar með, enn og aftur, með sjálfstraustið í lagi. Það er hæstmóðins. */sp*

Kvenna athvarf

Opið allan sólarhringinn,
sími 561 1205.
Húsaskjól og aðstoð fyrir konur
sem búa við ofbeldi í nánu sambandi.
Einnig er boðið upp á ráðgjafaviðtöl
fyrir konur.

Vísnagáta

Haldari sem hylur brjóst
hávaxinn þéttur gróður.
Háupunkturinn leynt og ljóst
lykilhólkur góður.

Lausnin er eitt nafnorð með fjórar mismunandi merkingar. Lausnin verður birt á vef Bændablaðsins, www.bbl.is, mánudaginn 26. október.

Lausnarorð síðustu gátu var **vör.**

Umsjón: Guðbjörn Sigurmundsson
Gudbjorn.Sigurmundsson@mk.is

Bændablaðið
kemur næst út
5. nóvember

www.velaval.is - Alltaf opið

VÉLAVAL

- Sendum um land allt -

Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 3.200 m/vsk (innan við 140 slög) og kr. 7.500 m/vsk. - texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.



Góða-
birki
kross
viður
á góðu verði!

Þykkt og verð:

6,5 mm	kr.	8.980-
9 mm	kr.	10.980-
12 mm	kr.	12.980-
15 mm	kr.	15.980-
18 mm	kr.	17.980-
21 mm	kr.	20.980-

Stærð plötu: 125x250

Upplýsingar í síma
8446829
Hjól atvinnulífsins ehf.



Hársnyrtistofan Topphár
Dverghöfða 27, 110 Reykjavík
Bændur og búalið og allir hinir hjartanlega velkomin
Opið 8-17 virkar daga og 10-16 á laugardögum
Engar tímapantanir bara mæta!



Sjötta hjólið óskast! Sækjumst eftir hávöxnum, skemmtilegum og góðhjörtuðum manni (28-35 ára) fyrir vinkonu sem er orðin langþreytt á því að vera fimmta hjólið undir vagninum. Viðkomandi þarf að vera laus helgina 20.–22. nóvember og tilbúinn í bústaðarferð. Áhugasamir sendi fyrirspurnir með mynd á ellenrun96@gmail.com.





Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosf. s. 894-5111 Opið 13-16.30 www.brimco.is



Könnuleiðangur Malt & Appelsín. Okkur langar að kynnast sem flestum af þessum sérstöku könnum sem eru til á mörgum heimilum en aðeins notaðar á jólunum. Sendið okkur mynd af ykkar könnu ásamt smá sögumola á kannanmin.is. Þið gætuð unnið veglegan Malt & Appelsín glaðning.



Er að leita af fóstur-/ jafnvel framtíðarheimili ef allt fer vel, í sveit fyrir vinkonu mína. Mærin er 34 ára ung og væri ég helst til í að maðurinn sem tæki við henni væri á svipuðu reki. Hún er vön því að vera í sveit og umgangast dýr. Aðeins gott heimili þar sem yrði hugsað vel um hana kemur til greina. Tilvonandi vonbiðlar geta sent henni upplýsingar á bevawium@gmail.com. En ég er annars með hvolpa líka gefins.



Smíðum umferðarmerki fyrir landeigendur. Eigum festingar, staura og skiltasteina. Bergnes ehf, Smiðjuvegi 26, 200 Kópavogi, bergnes@bergnes.is s. 567-3305.



Hjólkoppar til sölu, mikið úrval, stórir sem smáir. Sanngjarnt verð. Lítið við. Valdi koppasali, Hólmi v/ Suðurlandsveg, ofan við Rauðhóla. Opið 11-18 S. 865-2717.



Steypustöð. Mótor og færiband í einu efnissílói eru ónýt, sömuleiðis band upp í bíl - selst í því ástandi. Stöðin hrærir 20 m3 á klukkustund. Hafið samband á netfangið: sunna@dvgf.is




Láttu drauminn verða að veruleika! ÁF-Hús smíðar vönduð smáhýsi og sumarhús eftir þínum óskum. gretar@afhus.is



Dísilhitari 5kw 12, 24 og 220v með 4l eldsneytisgeymi. Öll þjónusta. Verð kr. 58.900. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Sólarrafstöð 4.2 kw hleðslustöð, 4st. 600w sólarsellur 200 ampertíma lithium rafhlöður vírar og festingar. Verð kr. 582.500. Orkubóndinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík s. 888-1185.



Til sölu blendingar af border collie og pointer, 3 rakkar og ein tík. Staðsett á Raufarhöfn, þriggja mánaða gamlir. Verð kr. 80.000. Kaupandi sér um skráningu og bólusetningar. Kobbi s. 773-7188.




Fisléttu fjárgrindurnar. Krækt saman án aukahluta. Breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 11.900 til 13.900 +vsk. S. 669-1336 og 899-1776. Aurasel.



Lúxus smáhús, 11 fm með rafmagni til sölu á kr. 3.600.000. Parket, panill, gerefti, kastarar og skrautlistar. Mjög vel og faglega byggt og ekkert nema bestu efnin voru notuð. S. 863-3777 netfang: kriffihr1@gmail.com



Hleðslustöð 12v. 2,5 kw. 230v. hleðsla 100a frá neti. Sólarselluhleðsla 30-400v. 3.000w. Verð kr. 89.900 orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík s. 888-1185



Í framlínu er nýútkomin viðtalsbók þar sem tugir lögreglumanna lýsa reynslu sinni af starfinu. Viðmælendur á öllum aldri, báðum kynjum og hvarvetna af landinu. Raunsönn innsýn í líf og starf. Fæst í bókaverslunum og hjá útgefanda: blakkur.org



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30.



Bændur og búalið ath. Plast í fjárhús, hesthús, fjós og girðingar. Dren- og básamottur, jarðvegsgrindur. Gúmmíhellur, útileiktæki, járnrimlagirðingar, gervigras o.fl. Heildarlausnir á leik- og íþróttasvæðum. Jóhann Helgi & Co jh@johannhelgi.is s. 565-1048.



Lambheldu hliðgrindurnar. 420 x 110. Möskvar 10 x 15. Verð frá kr. 31.900 til 36.300 +vsk. Lamasett kr. 4.400 +vsk. S. 669-1336 og 899-1776, Aurasel.



Segway Villian buggy bíll til sölu vegna notkunarleysis. Árgerð 2022. Ekinn 1.874 km. 27" nagladekk á felgum fylgja. Verð kr. 3.000.000. Skoða að taka nýlegt Can Am sexhjól upp í. Upplýsingar í s. 895-1645.



Hausttilboð. Fjórhjólakerra, verð kr. 519.000. Skjólborð úr áli, 35 cm há, skúffan lengd 2,50 x breidd 1,40 mtr. Flottur heit galv. rampur m. pumpum. 750 kg h.burðargeta. 13“dekk. Flott t.d. fyrir fjórhjólið eða sláttutraktorinn. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosó s. 894-5111.



Til sölu KGM Musso Grand, snorkel, 33“ breyttur, dísil, árgerð 2025, sjálfskiptur, ekinn 27.000 km. Verð kr. 8.990.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.


HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísillvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í s. 527-2600.

VETRARTÆKI

-Mikið úrval á lager-

PRONAR



Fjölplógar PUV „M“ Diagonal

Með stjórnbúnaði. Án festiplötu.
- 2,6 m
- 2,8 m
- 3,3 m

Fjölplógar PUV – Heavy Duty

Með stjórnbúnaði. Án festiplötu.
- 3,6 m
- 4,0 m

Slitblöð
Eigum á lager slitblöð og bolta í flestar gerðir plóga



Salt- og sanddreifari:

EPT15, 1,5 m3, rafstýring, 12V

Tokvam



Fjölplógar VT320 & VT380

Sterkir plógar fáanlegir með flotgrind fyrir mikinn hraða.

Fjöldi aukahluta í boði.



Salt- og sanddreifarar

SMA510 / 150 cm
SMA800 / 200 cm
SMA1100 / 200 cm
SMA1600 / 230 cm

Möguleiki á glussa yfirtengi



Snjóblásarar
241 THS Flex
256 THS Flex

Fjöldi aukahluta í boði.

Nánari upplýsingar og verð má finna á á heimasíðu okkar aflvelar.is

AFLVÉLAR

Vesturhraun 3, 210 Garðabæ
Gagnheiði 35, 800 Selfoss
Njarðarnesi 1, 603 Akureyri
Sími 480 0000 | www.aflvelar.is



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra frá kr. 4.500 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.



Dísilhitari. 5 kw. 12 og 24 volt. Öll þjónusta. Verð kr. 53.900. Orkubóndinn.is Tranavogi 3, 104 Reykjavík. S. 888-1185.



Sólarsella 585w stærð: 238x114x3 cm Verð kr. 39.900.- Orkubondinn.is, Tranavogi 3, 104 Reykjavík S. 888-1185.



Til sölu KGM Rexton Premium, 4x4, dísil, árgerð 2024, sjálfskiptur, ekinn 78.000 km. Verð kr. 8.390.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Land Rover Discovery 5 HSE Lux, dísil, árgerð 2017. Ekinn 119.000 km. Glæsilegur bíll með öllu, klár í veturinn. Verð kr. 4.890.000. S. 822-8086.



Til sölu beinasög, þæileg stærð. Upplýsingar, gudmundur.hlynur@gmail.com S. 892-1031.



Skoda Octavia 2009, dísil, beinskiptur. Keyrður 225.000 km. og á nóg eftir. Reglulegt viðhald. Verð kr. 350.000. Nánari upplýsingar í s. 892-3990.



Tækin fyrir tækifærin í sveitinni. Nýtt blað á www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is - S. 555-6520.



Til sölu Scania P82 árgerð 1986. Verð kr. 500.000 +vsk. Uppl. í s. 895-6866 eða á medalheimur@emax.is



Básamottur. Drenmottur. Gúmmíhellur. Plastgirðingarstaurar. Plastprófílar í fjárhús, fjós og hesthús. Jarðvegsgrindur fyrir plön, gerði og garða. Gervigras. Útileiktæki og heildarlausnir. jh@johannhelgi.is S. 565-1048.



Vélasliskjur úr áli. Margar lengdir og burðargeta á lager. 30% afsláttur. Bjóðum einnig sérpantanir. Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is s. 892-4163.



Útsala á háþrýstidælum fyrir verktaka og bændur! 15 L /min 310 bar með Honda x 4 stk. 16 L / min 250 bar með Honda og rafst. X 1 stk 12 L / min 200 með 3 fasa rafmótor x 3 stk. Búnaðurinn er frá COMET, Ítalíu. Seljast með 40% afslætti. Einnig ýmis fylgibúnaður. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang: jhh@hak.is



Útsala á rafstöðvum með Honda! Margar stærðir, 1 fasa eða 1 og 3 fasa 2,2 kw upp í 6,4 kw. Seljast á 40% afslætti. Búnaður frá ELCOS og GENMAC, Ítalíu. Hákonarson ehf. S. 892-4163, netfang: jhh@hak.is



Hyundai dísilvélar til sölu. Rafstart, hlífðargrind, 3.000 til 3.300 sn/min. Beinn öxull,19,7 mm með fínum gengjum. Ónotaðar. Verð kr. 120.000 +vsk. Hákonarson ehf. S. 892-4163. Netfang: hak@hak.is www.hak.is



Honda bensín, GX 390 vélar til sölu. Nýjar með rafstarti. 1” öxull með kíl og snitti að innan. Verð kr. 80.000 + vsk. stk Hákonarson ehf. Netfang: hak@hak.is - www.hak.is s. 892-4163.



Traktorsdrifnar rafstöðvar (Argo-Watt) Með AVR spennujafnara eða án hans. AVR tryggir örugga keyrslu á öllum rafbúnaði. Mjög mörg, stór kúabú eru með þennan búnað. Hákonarson ehf. hak@hak.is www.hak.is s. 892-4163.




Álsliskjur fyrir fjórhjól o.fl á lager. Samanbrjótanlegar. L: 223 cm, breidd: 28 cm. Stuðningsfætur og strappi. Í pörum eða stakar. Beinar blikksliskjur, L: 180 cm. Einnig burðarmeiri sliskjur fyrir buggy bíla. 30% afsláttur Hákonarson ehf. Netfang: hak@ hak.is - www.hak.is s. 892-4163.



Glussaknúnar vatnsdælur fyrir tankbíla og vinnuvélar. Sjálfsogandi dælur í mörgum stærðum sem dæla allt að 120 tonnum á klst. Einnig dælur með miklum þrýstingi, allt að 10 bar. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, hak@hak.is



Gámarampar á lager. Heitgalvaniserað stál. Burðargeta 8.000 kg. Stærð 130 cm x 210 cm x 16 cm. Lykkjur í dekki fyrir lyftaragaffla. Hákonarson ehf. hak@hak.is s. 892-4163. www.hak.is



Langir gámarampar, fyrir 10 tonn. Heitgalvaniserað stál. Heildarlengd: 2.400 mm. Lengd á láréttum fleti: 1500 mm. Lengd á hallandi fleti: 900 mm. Breidd: 2.200 mm. Passa fyrir venjulega vörugáma. Hákonarson ehf. S. 892-4163 Netfang: jhh@hak.is



Sjálfsogandi neyðardælur (Trash) 2“, 3“, 4“. Öflugur búnaður með mikla dælugetu, fyrir mjög óhreint vatn og einnig skolp, soghæð allt að 8 m, dæluhæð allt að 30 m. Þessar dælur henta mjög vel til að eiga sem neyðardælur ef von er á miklum vatnsveðrum með tiheyrandi flóðum í kjallara o.fl. Tilvalinn búnaður fyrir sveitarfélög, slökkvilið, hjálparsveitir, verktaka o.fl. Getum skaffað dælubarka á góðu verði. Vélarnar eru af gerðinni Honda með smurolíuöryggi. Framleiðandi: Koshin í Japan. Hákonarson ehf. S. 892-4163. hak@hak.is, www.hak.is



Álsliskjur fyrir brettatjakka á lager. Burðargeta 2 tonn. Lengdir: 100 cm eða 150 cm. Breidd: 70 cm Hákonarson ehf. S. 892-4163 hak@hak.is www.hak.is



Kornvalsar frá SIPMA í Póllandi. https://www.sipma.pl/produkt/zgniatacze-ziarna/ Frábærir valsar í mörgum útfærslum. Hákonarson ehf. www.hak.is S. 892-4163, netfang hak@hak.is



Sliskjur úr áli, fyrir lyftara og brettatjakka. Fyrir lyftara: L 100 cm og 150 cm x B 42 cm par. Burðargeta á par: 7.200 kg. Fyrir brettatjakka: L 100 cm og 150 cm. x B 70 cm. 1 stk. Burðargeta: 2.000 kg. Hákonarson ehf. s. 892-4163. Netfang: hak@hak.is www.hak.is



Rampar fyrir frysti/kæligáma á lager. Burðargeta 10 tonn. Dekkplata 10 mm, L- 170 cm x B- 200 cm x hæð- 21 cm. Heitgalvaniserað stál. Lyftaratækur á þrjá vegu. Eigum einnig rampa fyrir hefðbundna sjógáma. Hákonarson ehf. www.hak.is s. 892-4163 hak@hak.is



Til sölu Mercedes Benz C 300,dísil, árgerð 2019, sjálfskiptur, ekinn 54.000 km. AMG pakki, nýkominn úr þjónustuskoðun. Verð kr. 5.490.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



M&B jafnvægisvél með loftloku. Sýningarvél. Neglingargálgi með byssu. Notaðar dekkjavélar. Upplýsingar á kaldasel@islandia.is. S. 820-1071.



Fjórhjólavarahlutir. Vantar þig startara, drifbúnað eða aðra varahluti í fjórhjólið? Útvegum varahluti fljótt og örugglega á góðu verði. Bílar og hjólhýsi ehf. S. 783-8200.



Til sölu: 4 stk. notuð Yokohama dekk stærð: 285/70 R17 . Eftir eru ca 4-5 mm af stlitfleti. Verðhugmynd kr. 28.000. S. 896-3302.



Punktar og hnit - ráðgöf - Hnita jarðir og lóðir, nýjar og gamlar, útbý öll skjöl sem þarf. Starfssvæði er Vestur- og Suðurland, eða hvert á land sem er. s. 693-7992, punktaroghnit.is, adam@punktaroghnit.com



Tækin fyrir tækifærin í sveitinni. Nýtt blað á www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is - S. 555-6520.



Viltu breyta aukahúsum í gistiaðstöðu eða jafnvel veislusal? Arkitekt með sérstakan áhuga á endurnýtingu húsa leitar að spennandi verkefnum, hvort heldur í borginni eða úti á landi. Ráðgjöf og teikningar. Hafið samband við Hauk Hafliða í s. 844-6181 eða á netfangið haukurninuson@gmail.com

Skráið
smáauglýsingar á
www.bbl.is

Einkamál

Hæ, vildi láta alla vita að nokkur laga minna eru komin á Spotify og YouTube. Sigurlaugur Oddur Jónsson.

Langar þig að giftast Halla frænda? Halli er 51 árs, duglegur, í fastri vinnu, smá furðulegur en einstaklega hjarta-hlýr. halligiftist2027@yahoo.com

Bóndi óskast – eða að minnsta kosti álitlegur karlmaður. 32 ára skvísa, spræk og skemmtileg, óskar eftir góðum maka til að deila lífsins gleði og ævintýrum með. Leita að myndarlegum, handlögnum og hressum manni sem kann að meta sveitasæluna, góðan húmor og notalegar kvöldstundir. Kostur ef þú kannt að bakka með kerru, skipta um dekk og ert betri í að sýna tilfinningar en meðaldráttarvél. Ég kem með brosið, gleðina og smá stríðni – þú kemur með heiðarleikann, hlýjuna og helst smá karlmennsku. Ekki verra ef þú átt jörð, en hjartað skiptir meira máli! Áhugasamir mega láta í sér heyra – feimnir bændur líka. Vonbiðlarar sendið á móður mína með frekari upplýsingum: guddreng@gmail.com

Húsnæði

Húsvís - Límtrés-burðarvirki með polyurethan og steinullareinangrun. Hönnun og teikningar. Áralöng reynsla og hagstætt verð. Netfang: skarphedinn@husvis.is

Til leigu 18 hesta hús í Hveragerði frá nóvjúní. Stórt gerði og kaffistofa, ecoraster grindur í stíum. Nánari upplýsingar sendist á vorsabaejarvellir@gmail.com

Matvörur

Kjöt af útiöldum grísum til sölu. Bógar, hamborgarhryggir, úrbeinaðir lærvöðvar, hakk o.fl. Hægt að fá heimkeyrt á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 854-4442.

Óska eftir

Óska eftir að kaupa muni frá flugfélögum! Óska eftir að kaupa gamla hluti merkta Flugfélagi Íslands, Loftleiðum eða öðrum íslenskum flugfélögum, flugrekendum, þyrlufyrirtækjum eða flugskólum. Einkennismerki af búningum/göllum (málm- eða taumerki), prjónmerki, nafnanælur, húfur, kaskeiti, gömul hlutabréf, vimpla, kveikjara, flögg, umboðsskilti, flugáætlanir og annað merkt eða prentað efni. Allt kemur til greina! Sendið fyrirspurnir á netfangið: heimsti@simnet.is Eiríkur L.

Kaupi vinylplötur og CD diska, staðgreiði stór söfn. Einnig sum hljómtæki. Ingvar s. 865-1709 og myrkinn@hotmail.com

Skoða og kaupi: Vínylplötur, frímerki, gömul póstkort, og alls kyns mynt og seðla. Ef þið eigið eitthvað sem er að rykfalla uppi í skáp þá endilega hafið samband í s. 834-5100 eða sendið tölvupóst á gislith@internet.is

Einhleypa Svava (41) (ljóshærð, tönuð og sjúklega sæt) sem elskar bleikan, þrair ekkert heitar en að finna ástina í bleikum október. Ef þú telur þig vera sá rétti fyrir mig, sendu þá svar í næsta blaði! Bíð spennt!

Sumarhús

Sumarbústaður til flutnings. Er í ágætu ástandi. Stærð 46,3 fm. Er á steyptum stólpum. Staðsett á Suðausturlandi. Nánari upplýsingar í s. 868 7820.

Til sölu

Mjaltavél fyrir eina kú, 25 l fata og ýmislegt fleira tilheyrandi. Auðvelt að skipta út fyrir geitur/kindur. Stinga í samband og byrja að mjólka. Óska eftir tilboði. Staðsetning Snæfellsnesi. Hafa samband tölvupósti: smabondi4you@gmail.com Eða í s. 761-4498.

Til sölu bílavagn á tveim hásingum. Upplýsingar í s. 848-8459.

Vel með farinn 20 hp. Suzuki utanborðsmótor með löngum legg, til sölu, í toppstandi og nýkominn úr þjónustuskoðun hjá umboðinu, bensíngjöf og gírskipting ásamt tengibörkum fylgir með, verðhugmynd kr. 350.000. Upplýsingar í s. 661-6967.

Eigum til sölu úrval notaðra Land Rover Defender bíla árgerðir 2004–2015. Allir með reynslu en hafa ávallt verið undir góðu eftirliti og reglubundnu viðhaldi. Hægt að fá í mörgum mismunandi útgáfum með 31", 33", 35" eða 38" breytingum. Allir með snorkel og hægt að fá með ýmsum aukahlutum, s.s. toppgrind, topptjaldi, þakbogum o.fl. Allar nánari upplýsingar í s. 866-4086 eða með því að senda tölvupóst á netfangið info@isak.is

Þjónusta

Þakrennuþrif og stíflulosanir. Ekki gleyma að láta hreinsa þakrennurnar, ef þær stíflast getur það valdið miklum skaða. www.laufgraenn.is

Harmonikuviðgerðir og stillingar. Veiti einnig dauðvona nikkum líknandi meðferð. Er í Kópavogi. S. 864-7050. Netfang: orng05@simnet.is

Vélaskólinn
Talsett Vinnuvélanámskeið á netinu
www.velaskolinn.is

TÖKUM AÐ OKKUR VERKEFNI
OG VINNUM ÚR ÞEIM
LAUSNIR
VHE
VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is

Öll alhliða jarðvinna
frá litlum verkum til stærri verkefna
ÍSREFUR EHF
Ísrefur ehf. Verktakar
Símar: 863-5170 og 840-1592
100 tonna vökvakrani
S. 863-5173
Finnið okkur á Facebook undir: Ísrefur ehf.

Led perur fyrir flúrlampa!
3 stærðir:
60 cm - kr. 1.500
150 cm - kr. 1.500
120 cm - kr. 2.000
SMH Gróðurhús ehf.
Sími: 866-9693
Facebook: Gróðurhús SMH ehf.
Þriggja arma ledljós sem skrúfast í venjuleg perustæði og hentar vel í stærri byggingar og skemmur. 80w - 8000 Lúmen. Verð kr. 8.000 -

ÁSCO
STARTARAR OG ALTERNATORAR Í MIKLU ÚRVALI
RAFGEYMAR OG RAFBÚNAÐUR FYRIR DRÁTTAR- OG VINNUVÉLAR.
ÁSCO
Glerárgata 34b, 600 Akureyri · S4611092 · asco@asco.is
BÍLARAFMAGN



JCB 535-95 IND.
Árgerð 2020. Notkun 4.880 klst.
Vökva hraðtengi.
ELM vökvafærslugafflar.
Verð kr. 9.900.000 +vsk.



Solis 60.
Árgerð 2017. Notkun 1.666 klst.
60 hp. Fjórhjóladrif.
Verð kr. 1.750.000 +vsk.



Pichon B-MIX 50 haughræra.
Galvaniseruð. Lengd 5m.
Aflþörf 90-100hp. Smurbanki.
Verð frá kr. 1.150.000 +vsk.



Claas Celtis 456.
Árgerð 2006. Notkun 14.700 klst.
Ámoksturstæki og skófla.
Verð kr. 2.700.000 +vsk.



Komatsu PW160-11.
Árgerð 2019. Notkun 3.500 klst.
Engcon rótotilt. Smurkerfi.
Dráttarkrókur.
Verð kr. 15.900.000+vsk.



JCB 560-80 AGS.
Árgerð 2018. Notkun 2600 klst.
Vökvalyftikrókur. Gafflar.
Verð kr. 6.500.000 +vsk.



Redrock Super Flow brunndæla.
Galvaniseruð. Lengd 3m.
Afköst 16,300 l/mín.
Verð kr. 1.270.000 +vsk.

VÉLFANG

www.velfang.is
velfang@velfang.is
Gylfaflöt 32, Reykjavík
Óseyri 8, Akureyri
Sími: 580-8200



Skógræktarfélag Reykjavíkur felldi fyrsta jólatré ársins í Heimörk í síðustu viku. Mynd / Sævar Hreiðarsson

Heiðmörk:

Fyrsta jólatréð fellt

Skógræktarfélag Reykjavíkur felldi fyrstu jólatré þessa árs þann 16. október. Einn mesti annatími ársins er þar með hafinn, en í fyrra seldi félagið 1.765 jólatré.

„Við erum rétt nýbúin að ljúka sumrinu áður en við erum farin að undirbúa jólin," segir Hjördís Jónsdóttir, viðburðastjóri og jólamarkaðsstjóri hjá Skógræktarfélagi Reykjavíkur, í samtali. „Við felldum fyrstu þrjú jólatrén í síðustu viku fyrir Orkuna og fara næstu tvær vikur í að finna stór tré sem við útvegum hinum og þessum fyrirtækjum og stofnunum og skreyta borgina. Eitt stærsta verkefni Sævars Hreiðarssonar skógarvarðar þessa dagana er að finna Oslóartréð sem mun prýða Austurvöll og verður tendrað fyrsta sunnudaginn í aðventu. Hefð er fyrir því að borgarstjórinn komi og felli tréð með okkur um miðjan nóvember.

Þann 3. nóvember stendur til að byrja að fella stofutré, sem eru að megninu til fura sem þolir vel að bíða eftir jólunum. Á sama tíma byrjum við að framleiða tröpputré sem eru látin standa utandyra í trjábolum. Þau lifa ótrúlega lengi, en tröpputrén sem við settum fyrir utan skrifstofu Skógræktarfélags Reykjavíkur um síðustu jól voru enn þá lifandi þegar við fjarlægðum þau um vorið.

Við leggjum áherslu á sjálfbæra grisjun skógarins og fellur framleiðsla jólatrjáa vel inn í það. Þeir sem kaupa jólatré eru þar með að styrkja félagið og hjálpa okkur að standa undir grisjun á skóginum. Íslenskir skógar eru orðnir það stórir að þeir gætu annað allt að tveimur þriðju af sölu á lifandi jólatrjám. Núna eru þau flest innflutt, en það er hægt að minnka þennan innflutning ef fólk kaupir jólatré af skógræktarfélagi í sínu nágrenni.

Þessa dagana erum við komin á fullt að skipuleggja viðburði í kringum jólin, en við seljum jólatré á jólamarkaðnum, jólaskóginum og á Lækjartorgi. Aðventuhelgin hittir á sama tíma og Black Friday og fylgir því mikill æsingur þegar fólk fer og kaupir gjafir á góðu verði. Í staðinn fyrir þetta ætlum við að búa til öðruvísi stemningu í skóginum og þeir sem koma á jólamarkaðinn þessa helgi geta tekið þátt í slökun með andlegri hvíld, núvitund og skógarböðum," segir Hjördís. */ál*

eignaland
EIGNAMIÐLUN & RÁÐGJÖF

ÞARFTU AÐ SELJA?

Sérhæfum okkur í:

Sölu á bújörðum

Sölu á öllum öðrum landareignum

Verðmati

Skjalagerð við kynslóðarskipti

547 3900 eignaland@eignaland.is eignaland.is

STYRKUR ORKUSTOFNUNAR · RAFMAGNSPALLBÍLAR

2.500.000

ástæður til að skipta um gír

Nú er rétti tíminn til að láta verða af bílakaupunum



Pantaðu fyrir 31.10.2026

Styrkur Orkustofnunar upp á allt að 2,5 milljónir króna er aðeins í boði í takmarkaðan tíma.

Saga Motors er umboðsaðili GMC, Chevrolet og Cadillac á Íslandi

Allir bílar frá okkur eru í fullri ábyrgð umboðs.

Skoðaðu úrvalið hjá Saga Motors

Við aðstoðum þig
við næstu skref.

454-0700
sala@sagamotors.is

Bugðufljót 11
270 Mosfellsbær

sagamotors.is

SAGA MOTORS

AFLVÉLAR

Nánar á aflvelar.is:















GARÐABÆ | SELFOSSI | AKUREYRI | sími 480-0000 | www.aflvelar.is